Anna Steinunn Valdimarsdóttir
Ingibjörg Sigtryggsdóttir



„Mér er í mun …“

Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla

Námsgagnastofnun

EFNISYFIRLIT



Mér er í mun 4

Inngangur 5

Bókmenntir frá miðöldum til samtímans 6

Kristín Svava Tómasdóttir – ljóð – Kuldakast í mars 10

Guðrún Eva Mínervudóttir – brot úr skáldsögunni *Sagan af sjóreknu píanóunum* 12

Auður Jónsdóttir – brot úr skáldsögunni *Vetrarsól* 20

Sigurbjörg Þrastardóttir – ljóð – Laugavegur, Íhuga, Átta sig 24

Gerður Kristný – ljóð – Rask 27

Didda – ljóð – Í dag 29

Jón Kalman Stefánsson – brot úr skáldsögunni *Harmur englanna* 30

Kristín Ómarsdóttir – örsögur – Barn fæðist, Strákur, Yfirkona 37

Sjón – brot úr skáldsögunni *Skugga-Baldur þjóðsaga* 39

Gyrðir Elíasson – smásaga – Grásteinninn 42

Auður Ava Ólafsdóttir – brot úr skáldsögunni *Afleggjarinn* 45

Einar Kárason – brot úr skáldsögunni *Ofsi* 51

Einar Már Guðmundsson – brot úr skáldsögunum *Fótspor á himnum* og *Draumar á jörðu* 57

Óskar Árni Óskarsson – örsögur – Borðið, Lárviðarlauf, Kamar 65

Kristín Marja Baldursdóttir – brot úr skáldsögunni *Karitas án titils* 67

Sigurður Pálsson – brot úr sögunni *Minnisbók* *75*

Megas – ljóð – Tvær stjörnur 78

Þorsteinn frá Hamri – ljóð – Sumir dagar, Liðsinni, Mér er í mun, Götur 80

Dagur Sigurðarson – ljóð og prósaljóð/örsaga – Haust, Gelgjuskeið, Öskubuska 83

Hannes Pétursson – ljóð – Skeljar, Hamingja, Raddir á daghvörfum – tilbrigði við tíu þjóðsögur (brot) 86

Vilborg Dagbjartsdóttir – ljóð og prósaljóð/örsaga – Við garðstíginn, Reynsla 89
Svava Jakobsdóttir – smásaga – Þegar skrúfað var frá krananum í ógáti 91
Steinn Steinarr – ljóð – Barn, Utan hringsins 96
Snorri Hjartarson – ljóð – Ég heyrði þau nálgast, Ung móðir, ... 98
Guðmundur Böðvarsson – ljóð – Rauði steinninn 100
Halldór Laxness – brot úr skáldsögunni *Íslandsklukkan* 102
Davíð Stefánsson – ljóð – Abba labba lá, Til eru fræ, Kvæðið um fuglana 111
Þórbergur Þórðarson – brot úr sögunni *Steinarnir tala* 115
Gunnar Gunnarsson– brot úr sögunni *Fjallkirkjan* 123
Hulda – ljóð – Ljáðu mér vængi, Upp til heiða, Hver á sér fegra föðurland 130
Gestur Pálsson – smásaga – Skjóni 134
Matthías Jochumsson – ljóð – Lofsöngur 140
Jónas Hallgrímsson – ljóð – Ísland, Ferðalok, ... 143
Úr bréfi Jónasar til Konráðs Gíslasonar 148
Hallgrímur Pétursson – ljóð – Passíusálmar (brot), Steinunn 150
Sturla Þórðarson – brot úr *Íslendingasögu* 153
Snorri Sturluson – brot úr *Skáldskaparmálum* 160
Íslendingaþættir – Ívars þáttur Ingimundarsonar 163
Hávamál (brot) 165
Bókmenntahugtök 168
Textaskrá 171
Ljósmyndir 173
Helstu stuðningsrit og vefslóðir 174

MÉR ER Í MUN –

Mér er í mun að setja heiminn saman
það lukkast aðeins stund og stund

Ég raða upp í augna minna ljós
mörgu sem ég minnist
mörgu sem bezt ég hugði samið og sagt

Byggi svo brýr og himna

Strengi vel þær brýr
set stjörnur á þá himna
kveiki líf á þeim stjörnum:
verur með viðkvæma sál
og sköpunargáfu

Stend um hríð hljóður við vegbrúnina
minningasafnari
grunsmiður skelfinga
vonasonur

Og á sem snöggvast
fáa að

Þorsteinn frá Hamri

Inngangur

Kæru nemendur

Hjartanlega velkomin í heim bókmenntanna. Þið eruð í þann veginn að hefja skemmtilega ferð, ferð um hugarheima fólks á öllum aldri, frá mismunandi tímum og mismunandi stöðum. Þetta ferðalag kostar ykkur ekki annað en svolítinn tíma til að glugga í textabrot, ljóð, í smásögur eða örsögur og það er hægt að lofa ykkur áhugaverðu ferðalagi.

Þegar við völdum textana í þessa bók höfðum við í huga að þið hefðuð bæði gagn og gaman af þeim. Textarnir eru frá ýmsum tímum, allt frá 13. öld og til nútímans, og eru hluti af menningu okkar. Við teljum bókmenntir mjög mikilvæga námsgrein því með lestri á ólíkum textum lærist svo margt. Heimurinn víkkar við lestur bóka. Við þurfum ekki að upplifa allt sjálf því við getum lært og öðlast skilning á lífinu og tilverunni með því að lesa bækur. Í sögum og ljóðum kynnumst við hugsunum, tilfinningum, þrám, vonum og vonbrigðum sögupersónanna og fáum innsýn í lífsreynslu þeirra. Við kynnumst aðstæðum þeirra og sjáum hve mikil áhrif þær geta haft á líf manna. Þannig eykst skilningur okkar og við sjáum heiminn frá nýju sjónarhorni.

Þegar þið flettið bókinni sjáið þið að hverjum texta fylgja verkefni en takið eftir því að fyrirsögnin er Umræður/Verkefni. Það er vegna þess að best er að leysa verkefnin með því að ræða um þau fyrst. Með umræðunni kynnist þið skoðunum og hugrenningum annarra og hún kveikir oft nýjar hugmyndir og e.t.v. annan skilning sem nýtist ykkur við lausn verkefnanna. Bókmenntahugtök eru stjörnumerkt á nokkrum stöðum í umræðu- og verkefnaköflunum. Skýringar á þeim finnið þið á gulu síðunum aftast í bókinni. Gangi ykkur vel og njótið lestrarins.

Anna Steinunn Valdimarsdóttir
Ingibjörg Sigtryggsdóttir

BÓKMENNTIR

frá miðöldum til samtímans

Upphaf ritaldar

Með kristnitökunni árið 1000 bárust hingað bækur á latínu en fyrsta ritið sem við vitum að skrifað hafi verið á íslensku er Íslendingabók Ara fróða Þorgilssonar sem er yfirlit yfir sögu landsins frá landnámi til ritunartíma á 12. öld. Árið 1550 urðu siðaskipti hér á landi en þau höfðu átt sér langan aðdraganda sem verður ekki rakinn hér. Við siðaskiptin sneru Íslendingar baki við kaþólskum sið og tóku upp lúterskan sið sem íslenska þjóðkirkjan fylgir enn í dag. Frá 12. öld til siðaskipta eru varðveitt um 700 handrit en nær allir höfundar þessa tímabils eru óþekktir. Þessi handrit geyma m.a. kveðskap, biskupasögur, konungasögur, Íslendingasögur, samtíðarsögur og fornaldar- og riddarasögur.


Blómatími íslenskrar sagnaritunar

Ritstörf eru fyrst og fremst talin hafa verið stunduð í klaustrum, á kirkjustöðum og á höfðingjasetrum þar sem höfðingjar virðast jafnvel hafa haft menn í vinnu við skriftir. Á 13. og 14. öld er blómatími íslenskrar sagnaritunar. Svo mikið var skrifað að verkin voru flutt út í stórum stíl og notuð sem gjaldmiðill. Á þessum tíma var algengt að höfðingjar í nágrannalöndunum, sérstaklega Noregi, vildu eignast slíka dýrgripi sem handritin voru. Eins og áður kom fram þekkjum við nöfn fárra rithöfunda frá þessu tímabili en vitum þó með vissu að Snorri Sturluson samdi *Heimskringlu* og *Snorra Eddu*. Snorri var í senn valdamikill höfðingi og afkastamikill og merkur rithöfundur en með verkum sínum gerði hann heim fornrar menningar aðgengilegan Íslendingum fyrr og nú. Einnig er vert að nefna bróðurson Snorra, Sturlu Þórðarson, sem ritaði m.a. *Íslendingasögu* sem finna má í safnritinu *Sturlungu* en það er samtíðarsaga sem segir frá átökum og valdabaráttu hér á landi á 13. öld.

Á árabilinu 1262–64 játuðu Íslendingar Noregskonungi hollustu sína og þjóðveldið leið undir lok. Sagnaritun lagðist smám saman niður en fornaldar- og riddarasögur héldu velli og danskvæði og rímur nutu vinsælda auk þýddra evrópskra bókmennta. Skólahald var stopult og fáir hlutu menntun.

Skólar og prentverk

Eftir siðaskiptin 1550 bar biskupsstólunum að Hólum og í Skálholti að reka skóla til að sjá kirkjunni fyrir prestlærðum mönnum. Um sama leyti var fyrsta prentverkið hér á landi stofnað en í byrjun var mest gefið út af guðsorðabókum og skáldskapurinn var trúarlegs eðlis enda þurftu prestar á slíku efni að halda. Fremstur í hópi sálmaskálda var Hallgrímur Pétursson en hann er þekktastur fyrir *Passíusálmana* sem greina frá pínu og dauða Krists. Um miðja 17. öldina var orðið nær algilt að höfundar verka væru nafngreindir en eins og áður hefur komið fram var sjaldgæft fyrr á tímum að höfundar bókmenntaverka væru nefndir með nafni.



Kortið sýnir hvar finna má íslensk miðaldahandrit

Handrita-söfnun

Söfnun íslenskra handrita hófst undir lok 17. aldar en þar fór fremstur í flokki Árni Magnússon. Árni helgaði líf sitt söfnun, varðveislu og rannsóknum á handritum. Hann ferðaðist um landið og tíndi til það sem hann fann, jafnt á stórbýlum sem kotbæjum, af handritum og handritaslitrum og lét flytja til Kaupmannahafnar. Þar voru handritin síðan varðveitt til 1971 þegar um helmingi þeirra var skilað aftur til Íslands. Með starfi sínu lagði Árni grunninn að því safni sem nú er til. Sú ráðstöfun hans að flytja handritin til Kaupmannahafnar og ánafna þau Hafnarháskóla eftir dauða sinn hefur orðið til þess að við höfum aðgang að þeim enn þann dag í dag. Nú eru þau handrit sem skilað hefur verið varðveitt í Árnasafni en það heyrir undir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Upplýsingarstefnan og útgáfa fræðsluefnis

Fram á miðja 18. öld voru aðeins prentuð trúarrit hér á landi en þá var fyrst farið að prenta íslensk fornrit, almúgabækur, þýddar skemmtisögur, ævintýri, sagnakvæði og rímur. Með upplýsingarstefnunni sem barst hingað á seinni hluta 18. aldar var áhersla nær eingöngu lögð á útgáfu fræðsluefnis fyrir almenning. Markmiðið var að efla atvinnulíf og menntun. Ráðist var gegn hjátrú, þjóðtrú og ævintýrasögum en ofurtrú á skynsemi, rökvísi og fræðslu einkenndi tímabilið sem nú fór í hönd. Talið er að á þessum tíma hafi verið lagður grunnur að þeim breytingum sem urðu hér á landi á 19. öld.

Rómantík

Á seinni hluta 18. aldar og fyrri hluta þeirrar 19. bar mjög á nýrri stefnu í bókmenntum í Evrópu, þ.e. rómantísku stefnunni. Þessi stefna barst hingað í upphafi 19. aldar og eru Bjarni Thorarensen og Jónas Hallgrímsson jafnan taldir helstu boðberar hennar hér á landi. Jafnframt skynsemishyggju og nytjastefnu upplýsingarstefnunnar sem verið hafði við lýði á 18. öldinni var nú lögð áhersla á persónulega upplifun og tjáningu. Fortíðarþrá, dulhyggja og áhersla á mátt og mikilvægi einstaklingsins urðu áberandi. Samfara rómantíkinni fór sterk þjóðernishyggja og á þessum tíma hófst þjóðfrelsisbarátta Íslendinga. Í upphafi börðust þeir fyrir því að fá sitt eigið ráðgjafarþing sem starfaði með konungi og fengu það árið 1845. Þetta var mikilvægur áfangi í baráttunni sem þó hélt áfram til 1918 þegar Ísland varð fullveldi.

Lífskjör á 19. öld

Á fyrri hluta 19. aldar varð breyting á högum þjóðarinnar. Lífskjör urðu mun betri sem sést m.a. á því að mikil fólksfjölgun átti sér stað, sauðfjárbúskapur jókst, bátaeign varð meiri og einnig útflutningur. Samfara fólksfjölgun jókst þéttbýli t.d. við sunnanverðan Faxaflóa, á Ísafirði og á Akureyri. Á seinni hluta aldarinnar urðu aftur breytingar í íslensku samfélagi en nú til hins verra. Eldgos, harðir vetur, hafísár og landþrengsli urðu til þess að margir þurftu að bregða búi. Einnig hömluðu ýmis konar lög og reglur, s.s. **vistarband**, þéttbýlismyndun við sjávarsíðuna. Á þessum tíma flutti a.m.k. fimmtungur þjóðarinnar til Ameríku og reyndi að skapa sér nýtt líf í nýju landi.

Raunsæi

Nýjar aðstæður í samfélaginu urðu þess valdandi að ný bókmenntastefna fékk hljómgrunn hér á landi. Þessi stefna, raunsæisstefnan, einkenndist af því að höfundar gagnrýndu þjóðfélagið og bentu á það sem betur mátti fara. Raunsæishöfundar skrifuðu fyrst og fremst sögur og leikrit til að koma boðskap sínum á framfæri en rómantískir höfundar notuðu hins vegar ljóðformið mest. Árið 1882 kom tímaritið *Verðandi* fyrst út en að þeirri útgáfu stóðu meðal annarra Gestur Pálsson og Einar H. Kvaran. Markmið þeirra var að kynna hina nýju stefnu í bókmenntum. Á síðustu áratugum 19. aldar hófst síðan sú atvinnu- og lífskjarabylting sem hélt áfram langt fram eftir 20. öldinni. Nú streymdi fólk til þéttbýlisstaða við ströndina. Atvinnuhættir og stéttaskipting breyttust í kjölfar þessa og verkalýðsbaráttan hófst. Þilskipaútgerð jókst og síðan tók togaraútgerð við, kaupfélög voru stofnuð og skólaskyldu var komið á 1907. Samt sem áður var fjöldi útgefinna bóka mjög takmarkaður. Á fyrsta áratug aldarinnar voru aðeins gefin út 46 frumsamin skáldrit í óbundnu máli en þó fleiri ljóðabækur.

vistarband: lagaskylda til að vera í fastri vist/vinnu með mat og húsnæði

Ný-rómantík

Um aldamótin 1900 er eins og menn séu orðnir þreyttir á raunsæisstefnunni með allri sinni alvöru og áhrif rómantíkurinnar eflast á ný. Nú voru höfundar öllu djarfari, dulúðugri og ofsafyllri en fyrr. Þessir höfundar helguðu sig ljóðlistinni fyrst og fremst en ljóðin urðu **innhverfari** en áður og skáldin notuðu mikið tákn enda hefur þessi stefna einnig verið kölluð táknsæisstefna. Heimsstyrjaldirnar sem háðar voru á 20. öldinni, sú fyrri frá 1914–1918 og sú síðari frá 1939–1945, höfðu margvísleg áhrif á íslenskt mannlíf og menningu þó að Íslendingar væru ekki beinir þátttakendur í stríðsrekstrinum. Einnig virðist fullveldi þjóðarinnar 1918 hafa skipt miklu máli fyrir bókmenntirnar. Lífsviðhorf og lífsskilningur breyttist, menn urðu gagnrýnni í hugsun og beindu spjótum sínum að þeim viðhorfum sem höfðu verið ráðandi í samfélaginu fyrir 1918. Þeir gagnrýndu þjóðskipulagið í hinu nýfrjálsa landi og áhrif og ítök kirkjunnar og kirkjunnar manna minnkuðu.

Bókmenntir á fyrri hluta 20. aldar

Skáldsagnagerð efldist á árunum milli stríða, svo rækilega að talað hefur verið um öld skáldsögunnar. Til marks um þetta má nefna að á þriðja áratug aldarinnar eru þrjú stórskáld sem fyrst og fremst skrifuðu óbundið mál farin að láta til sín taka, það voru Gunnar Gunnarsson, Þórbergur Þórðarson og Halldór Laxness. Margir álíta að með verkum þessara höfunda verði straumhvörf í íslenskri bókmenntasögu og að þau marki upphaf íslenskra nútímabókmennta. Eftir þetta er erfitt að tilgreina eina eða fáar ákveðnar stefnur í bókmenntum, skáldin voru enn undir áhrifum rómantíkur og raunsæis, en segja má að um sé að ræða nýja rómantík og nýtt raunsæi. Um miðja síðustu öld varð einnig eins konar formbylting í ljóðagerð, fríljóð tóku við af háttbundnum ljóðum.

Bókmenntir á síðari hluta 20. aldar og við upphaf 21. aldar

Nú hafa orðið miklar breytingar í skáldsagna- og ljóðagerð; skáldin aðhyllast ýmsar stefnur og skapa nýjan stíl, segja má að allt sé leyfilegt. Á hverjum tíma eru bókmenntir undir áhrifum einhverrar stefnu um leið og þær taka mið af því sem gerist í samfélaginu. Úr þessu verða til verk sem bera einkenni síns tíma. Á seinni hluta 20. aldar urðu enn og aftur gríðarlegar breytingar í íslensku samfélagi; tæknivæðingin hélt innreið sína bæði í atvinnulífinu og inni á heimilunum, lífskjör urðu betri, menntun þjóðarinnar jókst enn frekar og bylting varð í fjölmiðlun sem gerði það að verkum að Ísland varð smám saman hluti af alþjóðasamfélaginu. Skáldsagnagerð og bókaútgáfa blómstruðu og aldrei fyrr hafa jafnmörg verk íslenskra höfunda verið þýdd á erlend tungumál og á þessum tíma. Auk þessa hefur önnur og áhrifamikil frásagnartækni komið til, kvikmyndalistin, og mörg verk íslenskra skálda hafa nú verið kvikmynduð.

innhverfur: dulur, sem lifir í innra hugarheimi



KRISTÍN SVAVA TÓMASDÓTTIR (1985)

„Þetta kemur ekki úr neinni sérstakri átt. Ég hef bara alltaf haft gaman af bókum og ljóðum og þetta fór bara að þróast eftir að ég byrjaði að lesa ljóð."

Stiklur

Kristín Svava lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík árið 2005 og nam síðan sagnfræði við Háskóla Íslands. Hún hefur átt sæti í ritstjórn Stúdentablaðsins sem stúdentaráð Háskóla Íslands gefur út og verið virkur þátttakandi í rithöfundaforlaginu Nýhil frá upphafi. Nýhil hefur það markmið að stuðla að nýsköpun í íslenskum bókmenntum og hefur nokkur undanfarin ár m.a. staðið fyrir alþjóðlegri ljóðahátíð. Kristín Svava var listrænn stjórnandi hátíðarinnar 2009.

Kristín byrjaði snemma að yrkja en fór fyrir alvöru að fást við ljóðagerð 16 eða 17 ára gömul. Hún sendi frá sér fyrstu ljóðabók sína, *Blótgælur*, árið 2007, aðeins 22 ára og sagði í viðtali að bókin væri fyrir alla en þó aðallega ungt fólk. Tómas R. Einarsson hefur samið lög við tvö ljóðanna í bókinni; Klof vega menn og Náungar mínir og komu þau út á geisladisknum *Trúnó* árið 2008. *Blótgælum* var afar vel tekið af gagnrýnendum og er ljóðið Kuldakast í mars sem fer hér á eftir úr þeirri bók.

Kuldakast í mars

stormurinn skellur á eins og hnefahögg
sumardekkin skransa á klakanum
og á börunum drekkja unglingarnir stuttbuxnaklæddum vonum
í gær kól brumið á trjánum
í dag hefnum við fyrir sorgir þess

Kristín Svava Tómasdóttir. 2007. „Blótgælur og feminismi." (Viðtal.) *Morgunblaðið* 21.10.

hingað til höfum við barist í skuggunum við eigin samvisku
en nú er stund hinnar staðföstu baráttu runnin upp
félagar! leitið uppi byltingarfána á skrifstofum nemendafélaga
og saumið ykkur þá spennitreyju sem þið hafið verið sviknir um
safnið saman vopnum
sem bíða í kjöllurum
kallið út skæruliðana
sem iða í skólaleikritum
hleypið kalsærðum ungkommum
út úr búrum rökhyggjunnar
sendið veðurstofunni bréfasprengjur
fyrst tökum við hundrað og einn, svo tökum við Berlín

þegar það er ekki lengur ó - ó að vera óþekkur
verðum við að taka skrefið yfir í næsta veruleika
í gær kól brumið á trjánum
í dag verður hefnt fyrir allt og ekkert

Blótgælur 2007

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Er þetta hefðbundið* ljóð eða óbundið*?*
2. *Hvað er átt við með því að vonirnar séu stuttbuxnaklæddar?*
3. *Í 1. erindi er viðlíking*. Í hverju er hún fólgin?*
4. *Í 2. erindi ávarpar ljóðmælandi félaga sína. Hverjir eru þeir og til hvers hvetur hann þá?*
5. *Hvernig skiljið þið orð ljóðmælanda þegar hann segir að við verðum að taka skrefið yfir í næsta veruleika?*
6. *Hvers vegna haldið þið að ljóðið heiti Kuldakast í mars?*



GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR (1976)

„Sagnalistin er heiminum sannarlega ómissandi – hún gerir fólki erfitt fyrir að sjá annað fólk fyrir sér sem dauða hluti. Hún sáir fræjum samúðar í huga fólks og kennir okkur að skoða tilveruna frá sjónarhorni annarra.“

Stiklur

Guðrún Eva fæddist í Reykjavík 17. mars 1976. Hún ólst upp úti á landi og var í mörg sumur í sveit. Á árunum 1993 til 1996 stundaði Guðrún Eva nám í ýmsum menntaskólum en lauk stúdentsprófi frá MH. Samhliða námi vann hún sem barþjónn og við framreiðslu á veitingahúsum. Hún lauk námi í heimspeki frá Háskóla Íslands árið 2007.

Enginn vissi að Guðrún sæti við skriftir fyrr en fyrsta bók hennar, *Sóley sólu fegri,* kom út í 10 eintökum árið 1998 en þá var hún aðeins 22 ára. Hún hafði ekki viljað tala um þau áform sín að verða rithöfundur fyrr en hún vissi hvort hún hefði þol til þess. Seinna þetta sama ár kom síðan út smásagnasafnið *Á meðan hann horfir á þig ertu María mey*. Guðrún Eva er afar afkastamikill rithöfundur. Hún hefur samið fimm skáldsögur og einnig sent frá sér ljóðabók og heimspekilegar smásögur fyrir börn. Skáldsaga hennar *Skaparinn*, sem kom út 2008, vakti mikla athygli og þykir Guðrún Eva nú með efnilegustu rithöfundum þjóðarinnar. Árið 2006 hlaut hún menningarverðlaun DV fyrir söguna *Yosoy: af líkamslistum og hugarvíli í hryllingsleikhúsinu við Álafoss* en undirbúningur á kvikmynd eftir sögunni stendur nú yfir.

Kaflinn sem hér fer á eftir er úr *Sögunni af sjóreknu píanóunum* sem kom út 2002.

Oft hljóta góðar tennur illt að tyggja

nóvember 1984 – júní 1985

Heimurinn skiptist í tvö horn eins og venjulega. Núna voru það roðinn í austri og neonið í vestri sem toguðust á. Roðinn gegn Guði og áfram um að fjötra hið skítlega manneðli. Neonið gegn Guði og samtaka í slagorðinu Græðgi er góð.

Það káfaði þó ekki mikið upp á Sólveigu sem átti vasadiskó og glansandi íþróttagalla. Og tvær litlar systur sem hún hafði fyrir löngu tekið í sátt, enda voru þær síbreytilegar eins og verðið og veðrið. Sólveig og Jón gerðu á þeim sálfræðilegar tilraunir og glöddust mjög þegar þær loksins hættu að þræta fyrir að jafn mikið

Guðrún Eva Mínervudóttir. 2007. „Með Hilmar Jón bónda á öxlinni.“ *Sköpunarsögur*: 14–31. (Viðtal.) Mál og menning. Reykjavík.

vatn gæti verið í lágu breiðu glasi og háu mjóu.

Þá er rúmfræðiskyn þeirra útsprungið og aldrei að vita nema það beri ávöxt seinna, sagði afinn. Hann sá líklega fyrir sér ótrúlegustu afrek sem þær gætu síðar meir unnið í þágu mannkyns ef hæfileikarnir fengju að njóta sín.

Fólk sem dundar með vatnsglös á þennan hátt hlýtur að lifa fremur kyrrlátu og viðburðasnauðu lífi og það átti einmitt við um Sólveigu. Líf hennar var í föstum skorðum og dramatíkin í algeru lágmarki. Samt voru axlirnar á henni svona eins og þær voru, bognar líkt og undan miklum þunga.

Píanókennarinn var ekki ánægður með það. Þegar þú kemur heim til þín skaltu leggjast á gólfið og ímynda þér að hryggurinn í þér lengist, sagði hann. Reyndu að láta alla hryggjarliðina nema við gólfið.

Í næsta tíma spurði hann hvernig hefði gengið.

Hún svaraði: Vel.

Þá rétti hann henni bók um Alexandertækni og sagði: Þetta lagar á þér axlirnar og þá spilarðu betur og verður þar að auki glæsilegri.

Hún hafði lítinn áhuga á því að verða glæsileg og þótti það heldur gamaldags ambisjón. En það sagði hún ekki upphátt af því að hún vissi að hugsunin sú bar vott um ungæðishroka og hann vildi hún ekki auglýsa.

Við skulum heldur ekki gera of mikið mál úr þessu, sagði hann. Þú spilar alveg nógu vel.

Stundum talaði hann eins og allir vissu hvað hann hugsaði og gætu skemmt sér við að bera það saman við það sem hann sagði.

Sólveig kærði sig ekki um þannig kúnstir. Hún tók skýrleikann fram yfir. Alveg nógu vel til hvers og miðað við hvað? spurði hún.

Þá glampaði eina örskotsstund á ótta í augum kennarans. Síðan sagði hann: Þú getur orðið ágætur píanóleikari en ekki þannig að þú skarir fram úr. Ekki nema kraftaverk komi til.

Hún vissi það og var leið á þessari tilhneigingu heimsins að ákveða fyrir hönd ungra stúlkna að þær létu sig dreyma um frægð og frama. Mér er sama þótt ég skari ekki fram úr. Ég er í píanótímum af því að ég hef ekkert betra að gera í þessum ömurlega bæ, sagði hún.

Síðan fór henni að þykja óþægilegt að umræðan skyldi snúast einvörðungu um hennar hæfileika eða skort á þeim, svo hún spurði hvort hann væri framúrskarandi.

Hann sagðist hafa þótt liðtækur í djassinum hér einu sinni. En það er liðin tíð, sagði hann og beygði fingurna og rétti úr þeim.

Sólveig vissi til hvers hann vísaði, faðir hennar hafði sagt henni það. Hann var með gigt sem gerði hendurnar á honum aumar og stirðar.

En ég get kennt, sagði hann. Eins og amma mín sagði hljóta góðar tennur oft illt að tyggja. Ekki svo að skilja að kennslan sé slæmt hlutskipti. Hún er, eins og nútíminn segir, afskaplega gefandi. En við vorum sumsé að tala um þig. Þú vilt ekki vera framúrskarandi. Hvað viltu þá?

Undir venjulegum kringumstæðum hefði hún yppt öxlum og sagt að hún vissi ekki hvað hún vildi. Það var fljótlegast. En nú var hún full dirfsku af því að **virtúósinn** hafði gefið höggstað á sér með öllu þessu tali um sjálfan sig. Og í stað þess að segjast ekki vita hvað hún vildi tók hún þá áhættu að útlista hugmyndir sínar um viljann. Að allir menn hefðu í sér tvenns konar vilja. Annar væri eins og viljugur en ekki mjög skynsamur hestur sem æðir beint í þá átt sem taumurinn er togaður, jafnvel beint út í skurð. Hinn væri eins og gamall og traustur dráttarklár sem flytur manneskjuna hægt og örugglega í þá átt sem henni er ætlað að fara. Hann haggast ekki þótt hún rykki í tauminn og það er gott því ratvísi hans er óskeikul.

Hrossatal þetta var ekkert svar við spurningunni um það hvað hún vildi. Svo hún bætti við að það eina sem hún héldi að báðir viljarnir ættu sameigin-

virtúós: (hér er aðallega átt við hljóðfæraleikara og söngvara) afburðamaður, snillingur

legt væri löngun í einhvers konar kyrrð.

Hún gat ekki útskýrt hvað hún meinti með þessu. Hún hafði ekki nema óljósa hugmynd um það sjálf.

Til allrar hamingju hló hann ekki eða hæddist að henni, heldur kinkaði kolli og var hugsandi á svipinn. Hún efaðist um heilindi hans en hvernig sem þeim var farið lagði hann sig að minnsta kosti fram um að láta sem hún hefði eitthvað merkilegt fram að færa. Í þeirri viðleitni fólst einhvers konar virðing og viðurkenning á henni sem fullgildri persónu. Hún gladdist yfir því og var létt í spori á leiðinni heim.

Hún fékk bláberjasúpu í kvöldmat en tímdi varla að borða hana af því að panelklæddur veggurinn speglaðist svo fagurlega í henni. Borðfæturnir voru ekki nógu vel festir við plötuna og ef hún ýtti blíðlega við borðinu ruggaði það ofurlítið. Þá reis súpan og hneig uppvið diskbarminn svo að spegilmyndin sveigðist eggjandi til hliðanna.

Gunnhildur og Hildigunnur sötruðu eins og þær ættu lífið að leysa.

Theódór bað þær að borða kurteislega en þær mjálmuðu að súpan væri of heit.

Hafrún potaði með vísifingri ofan í skálarnar þeirra og sagði hvaða vitleysa, hún er hlandvolg.

Theódór hryllti sig.

Þau voru fjölskylda.

Takk fyrir mig, sagði Sólveig og stóð upp frá borðinu.

Verði þér að ræpu, sagði Hafrún og hló.

Sittu kyrr þar til máltíðinni er lokið, sagði Theódór.

Hún hunsaði þau bæði og fór upp í herbergið sitt að lesa bókina um Alexandertækni. Koddinn hennar með hvítu hreinu veri minnti hana á kragalausar skyrtur píanókennarans. Hann fór áreiðanlega í hreina skyrtu á hverjum morgni og þegar hann hreyfði handleggina skrjáfaði í efninu og lyktin af hreinu líni var næstum því ekki til staðar en samt fyllti hún herbergið. Alveg eins og ást hennar sjálfrar var næstum því ekki til staðar en þó var ekki pláss fyrir neitt annað. Hvorki samræmdu prófin framundan né vinkonuna einu, Elísu kennaradóttur. Sólveig gat lært án fyrirhafnar og samtöl hennar við kennaradótturina voru næstum sjálfvirk eftir níu ára átakalítinn kunningsskap.

Samtöl hennar við virtúósann voru hins vegar ekki sjálfvirk. Þau voru óútreiknanleg, hraðskreið og spennuþrungin eins og tveggja vakthafandi lækna á gjörgæslu í ameríkskri stórborg.

Í næsta tíma á eftir hafði hann orð á því að axlastaða hennar væri skárri, leit síðan beint í augun á henni og sagði: Manstu þetta sem þú sagðir um viljann í síðasta tíma?

Hún kinkaði kolli.

Ég held þú hafir rétt fyrir þér, sagði hann.

Þau voru jafningjar.

Hjarta hennar tók mikinn kipp og fingurnir sennilega líka því hún sló eintómar feilnótur.

Hvers vegna láta þær svona? sagði hann og tók um hendur hennar og hún sá að hann hafði ekkert á móti því að kyssa hana. Á fingurna og varirnar. Það fór ekki á milli mála svo hún hallaði sér að honum og kyssti hann.

Hann brást engan veginn við, enda illa undirbúinn fyrir svona uppákomu. Þegar hann var yngri hafði hann sjálfsagt átt sína barnungu aðdáendur en engin hafði leyft sér að láta vel að honum. Hann velti því fyrir sér hvort koss Sólveigar væri til kominn af því að tímarnir væru breyttir eða af því að hún treysti eðlisávísun sinni betur en flestir aðrir.

Ekki svo að skilja að sakleysi hans væri algert. Framkoma tónlistarkennara á að vera fjarlæg og virðuleg. Það er ekki siður þeirra að taka um hendur nemenda sinna og ræða við þá hugmyndir þeirra um heiminn og mannshugann.

En hann hafði tvennt sér til málsbóta.

Í fyrsta lagi stafaði löngun hans ekki af því að hann væri öfuguggi, fullur af bönnuðum hugsunum um börn. Stúlkan leit alls ekki út eins og barn. Hún var barmmikil, jafnvel í samanburði við fullvaxta konur, og í augum hennar var fullorðinslegt alvörublik.

Með sitt ljósa, stuttklippta hár minnti hún á nýbakaða móður sem skorið hefur hár sitt af því að hégóminn hefur vikið fyrir umhyggju.

Í öðru lagi hélt hann að aldur hans einn og sér nægði til að afkynja hann í huga unglingsins Sólveigar. Því varaði hann sig hvorki né lagði sig fram um að leyna löngun sinni.

Kannski hafði hann aldrei leitt hugann að því hvernig yfirburðir á vissum sviðum geta verkað eins og framlenging á aðdráttarafl manna. Hafði kannski ekki lesið um ástir Dostojevskís sem aldraður og heilsuveill vann hug og hjarta tvítugrar hraðritunarstúlku sinnar.

Eða hugsanlega vissi hann allt um ástir Dostojevskís en yfirfærði ekki boðskapinn á sjálfan sig. Af þeirri ástæðu, fyrst og fremst, að hann var óhæfur til holdlegra ásta eftir aðgerð á blöðruhálskirtli sem hann hafði gengist undir skömmu áður en hann flutti til Húsavíkur.

Þetta eru aðeins getgátur. Tilraun hans til að sýna fram á að hann hafði ekki síður verið varnarlaus en hún. En eftir á að hyggja: Af hverju ættum við að hafa fyrir því? Auðvitað eru allir varnarlausir og jafnframt nauðbeygðir til að bera ábyrgð á sjálfum sér. Ástin krefst engra fórnarlamba og kærir sig ekki um þau.

Að lokum hlaut að koma að því að Theódór skólastjóri rifi upp hurðina að kennslustofunni á viðkvæmasta augnabliki. Hann átti líklega eitthvert hversdagslegt erindi en gleymdi því um leið og hann sá það sem við honum blasti. Og ekki aðeins það, heldur líka öll þau ólýsanlegu myndbönd sem ímyndun hans sýndi honum á örskotsstund. Hann leit varla á dótturina en sneri upp á handlegginn á gamla manninum, ef ekki bókstaflega þá í táknrænum skilningi. Fór með honum heim og sá til þess að hann pakkaði niður og færi suður með næstu rútu.

Hafrún vildi vita alla málavöxtu. Voru þau í fötum? Voru þau með hendurnar hvort undir fötum annars? Hvaða líkamshlutar snertust og hvernig og svo framvegis.

Theódór hirti ekki um svoleiðis smáatriði. Hvaða máli skiptir það! Þannig svaraði hann þessum spurningum Hafrúnar. Áhugi hans beindist einkum að tvennu: Hversu lengi þetta helvíti hefði staðið og hverjir gætu mögulega hafa haft veður af því.

Sólveig sór að ekkert hefði gerst, eða sama og ekkert. Það hefði aðeins staðið í skamman tíma og enginn vissi neitt um það.

Faðir hennar trúði ekki orði af því sem hún sagði.

Til hvers ertu þá að spyrja? vældi hún með heimainn á herðunum og blygðaðist sín meir en orð fá lýst. Foreldrar áttu ekki að vera með nefið ofan í fyrstu kossum barna sinna. Allra síst áttu feður að hafa hugmynd um þess háttar athæfi dætra. Feður héldu sig í vissri fjarlægð eins og var við hæfi. Öll nánd við þá var óviðkunnanleg.

Hvaða máli skiptir líka hverjir vita af þessu? Við erum milli tannanna á fólki hvort sem er, sagði Hafrún.

Theódór bað hana að hlífa sér við þessari sjúklegu ímyndun sinni. Það væri alls ekki talað meira um fjölskylduna í auða húsinu en aðrar fjölskyldur í þessum bæ, sagði hann. Theódór réð nýjan píanókennara í snarhasti, góðlega konu sem gekk í ullarpilsum og sveipaði sig sjölum, en aldrei var um það rætt að Sólveig sækti kennslu til hennar. Hins vegar voru heilmiklar vangaveltur um að stúlkan hefði gott af því að komast burt úr bænum. Eins og hún væri ræningi með réttvísina á hælunum.

Það var auðvitað ekkert vit í þessu. Þegar búið var að fjarlægja hættuna var óþarft að forða þeim sem var í hættu. En fólk stjórnast ekki alltaf af skynsemi, og sérstaklega ekki hafi það orðið fyrir áfalli á borð við það sem Theódór þurfti að þola þegar hann óð inn í kennslustofuna. Það var eins og hann hefði ruglast í gömlu gátunni um úlfinn, lambið og heypokann. Eins og hann héldi að heypokinn og árbakkinn væru hættulegir lambinu, ekkert síður en úlfurinn. Sá ruglingur hlaut að kalla á skelfingu og ringulreið, sér í lagi væri manni sérlega annt um lambið.

Þetta var hlutskipti Theódórs. Skelfing og ringulreið.

Hafrún minnti á samræmdu prófin en Theódór hélt nú að stelpan gæti tekið þessi próf hvar sem væri. Það hlyti að vera hægt að semja um það. Síðan settist hann í símann, hringdi í frændur og kunningja í hinum ýmsu byggðarlögum og þreifaði fyrir sér um samastað fyrir Sólveigu.

Um kvöldið birtist amma Hildur á tröppum auða hússins eins og kraftaverk. Eða skratti sem tekið hefði á sig mynd hennar með hvítglærri húð og öllu saman.

Hún hafði að vísu ekki gengið alla leið að heiman, Jón beið eftir henni úti í bíl, en hún hafði gengið frá bílnum og upp tröppurnar sem eftir áratuga rúmlegu átti ekki að vera mögulegt. Hún hlaut reglulega að hafa gert styrkjandi æfingar undir sænginni, en dveljum ekki við það sem engum kemur við.

Eftir langt samtal við Hafrúnu fyrr um daginn vissi hún hvað til stóð og hún kom til að segja þeim að ekkert þýddi að fara þegar svona stæði á. Það gerði aðeins illt verra. Hún vissi það af því að hún hafði reynt það á sjálfri sér.

Þau tóku ekkert mark á henni en það kemur svo sem ekki á óvart. Menn eru ekki þeirrar gerðar að þeir læri af mistökum annarra, ella væri mannkynssagan fegurri og markvissari.

Sólveig lét eins og henni væri sama hvað um hana yrði, líkt og henni þætti gott að láta sig fljóta á vilja annarra.

Hafrúnu fannst að stúlkan ætti að ráða sér sjálf og gaf þannig frá sér móðurvaldið með óbeinum hætti.

Það var því Hildar og Theódórs að bítast um örlög stúlkunnar og Theódór hafði betur. Hann var einfaldlega hærra settur í þeirri stofnun sem var uppeldi Sólveigar.

Henni var gert að velja milli tveggja kosta.

Annars vegar gat hún farið austur á Hérað í vist til frænku sem hún hafði aldrei augum litið. Systurdóttur Theódórs, einstæðrar móður sem vafalítið færi fram á barnapössun og skúringar. Þessum kosti var heldur haldið að henni.

Hins vegar stóð henni til boða herbergi í verbúð og vinna í frystihúsi. Í sjávarplássi sem áreiðanlega var ennþá minna, ómerkilegra og drungalegra en Húsavík.

Hún hafði hvorki verið í vist né unnið í frystihúsi svo hún valdi eftir hljómi orðanna. Vist minnti á hælisvist, fangelsisvist, helvíti og sjóðandi potta. Frystihús vakti hughrif um víðáttu, Norðurpólinn, hættu, svölun og kyrrð. Og enn fremur um gamansögu sem hún hafði eitt sinn heyrt um langafa sinn fyrir vestan, Kristmann í íshúsinu sem var gjarn á að mismæla sig í æsingi. Hann hringdi í birgðamanninn sinn og hreytti út úr sér þessari setningu sem síðar varð fræg um allar sveitir: Þetta er Ísmann í kristihúsinu, viltu gjörasvovel að senda mér ol og kolíu, núna eða strax.

Þegar brottfarardagurinn rann upp pakkaði hún niður fötum, bókinni um Alexandertækni, vasadiskóinu og nokkrum segulbandsspólum og afþakkaði fylgd í rútuna.

Hún kvaddi Hafrúnu og Theódór á tröppum auða hússins.

Þú kemur auðvitað heim ef þér líkar ekki fólkið eða vinnan, sagði Hafrún

Ég trúi því varla hvað þú ert orðin fullorðin, sagði Theódór.

Síðan kom hún við í ömmuhúsi. Hildur var á fótum og alklædd. Við erum öll á tánum vegna þín, sagði hún. Þú ert á svo viðkvæmum aldri.

Hún bað Sólveigu að trufla ekki afann, sem var víst að því kominn að finna nálina í heystakknum í vísindalegum skilningi, en lofaði að bera honum kveðju.

Þannig lauk Húsavíkurkapítula og rútuferðin varð inngangur að skyndilegum, brennivínsblautum harmleik í hversdagslegum frystihúsabæ.

Hún deildi herbergi með Jónínu sem gekk í of litlum brjóstahaldara sem þrýsti barmi hennar

saman og upp svo greinileg skora myndaðist milli brjóstanna. Þetta voru heimatilbúin undrahöld fyrir tíma undrahalda. Stúlkan sú hefði getað efnast hrikalega hefði hún tileinkað sér græðgi til viðbótar við hégómann.

Sólveig lærði að vera andlega meðvitundarlaus í vinnunni af því að þannig leið tíminn hraðar.

Að vinnudegi loknum hófst hinn eiginlegi dagur. Með sturtu sem hún slysaðist eitt sinn til að kalla steypibað, í anda skáldsagna ömmu Hildar, Jónínu til mikillar kátínu. Þá var strikið tekið út á aðalgötu bæjarins undir því yfirskini að nauðsynlegt væri að komast í sjoppu.

Auðvitað var eina nauðsynin sú að ganga meðfram aðalgötunni og finna fyrir augnaráði þeirra sem óku fram og aftur á nýbónuðum bílum.

Stundum var þeim boðið far og um helgar var þeim oftast boðið í hús og þar var þeim boðið í glas. Eða þannig var það áður en þær komust að því hvar landinn var seldur. Eftir það keyptu þær sjálfar sínar veigar, með sprittbragði í notuðum kókflöskum. Þær voru sammála um að aðeins tækifærissinnaðar druslur drykkju á kostnað hálfókunnugs fólks.

Drykkjuþol vinkonunnar var eins og lygasaga. Hún gat innbyrt hálfan lítra af fimmtíu prósent spíra á einu kvöldi og samt sá ekki á henni.

Sólveig var aðeins hálfdrættingur á við hana. Þó hætti hún ekki fyrr en henni varð illt og þá lötraði hún heim, lagðist í rúmið og horfði á herbergið hringsnúast. Það var óþægilegt, en ef hún lokaði augunum var eins og höfuðið hringsnerist á búknum og það var enn óþægilegra. Það var eins og illa gerð hryllingsmynd.

Nóg var nú af þeim samt, hryllingsmyndunum, að kvöldi svokallaðra virkra daga. Þær voru vinsælasta og menningarlegasta afþreyingin. Fáir treystu sér, sökum þreytu eða þynnku, til að lesa annað en brandarablöð sem gengu öll út á framhjáhald og voru full af einkariturum með blöðrubrjóst og kringlótta rassa.

Hrollvekjurnar voru ágætar. Það var ekki við þær að sakast þótt Sólveig gæti ekki fest hugann við efni þeirra. Hún horfði á rotna, sálarlausa líkama brjótast upp úr gröfum sínum og lét sig dreyma um endurfundi við virtúósann. Hún horfði á varúlf rífa í sig lifandi barn og lét sig dreyma um snertingu mjúkra vara og vanga – hann var alltaf vandlega rakaður og notaði andlitskrem af lyktinni af dæma. Hún horfði á vélsagarmorðingja búta niður saklausan vegfaranda og vissi að hún treysti engum öðrum en honum til að fara inn í hana í fyrsta skipti. Standpína er ekki í nokkrum skilningi aðgangseyrir að sköpum kvenna.

Vinkonan veitti því athygli að mikið skorti á skelfingu Sólveigar frammi fyrir þessum fyrsta flokks hryllingi. Hún linnti ekki látum fyrr en sóttar höfðu verið svonefndar splatter-myndir og hvíslaði að Sólveigu að þær væru ólöglegar. Allt sem í þeim sæist væri raunverulegt, engar tæknibrellur hefðu verið notaðar.

Þá fékk Sólveig í fyrsta sinn að sjá stökkvara með flækta fallhlíf klessast við jörðina eins og fluga á framrúðu.

Það dugði. Dagdraumarnir feyktust burt og tilfinningin í skinninu varð eins og það væri samsett úr ótal litlum verum sem skriðu hver um aðra þvera.

Minningin um samræmd próf var nú ekki lengur hrollvekjandi heldur hlutlaus af því að nógu langt var um liðið. Skólagöngunni var formlega lokið þrátt fyrir losarabraginn á síðustu vikum. Það mátti heita að komið væri sumar þótt oftast væri kalt í veðri. Sumar og sá tími vikunnar sem almennilegt fólk kallaði föstudagskvöld, en þeir sem ekki áttu sér Líf myndu kalla snemma laugardagsmorguns.

Hópurinn – ætli þau hafi ekki verið hátt í tuttugu talsins – var á planinu fyrir utan bensínstöðina með flösku, skrílslæti og bílaþvottakústa sem ískalt vatn frussaðist úr.

Sumar stelpurnar virtust vilja láta bleyta sig, Guð má vita hvers vegna. Ein þeirra, í mjög þröngum buxum og hvítum rennblautum stuttermabol, stik-

aði fram hjá Sólveigu með mjaðmir sem kröfðust athygli án þess að þeim væri sveiflað óhóflega. Þær kveiktu í henni. Ekki greddu fyrst og fremst heldur skilning. Raunverulegan skilning. Ekki þennan venjulega daufa þegar við brosum út í annað, segjum að menn séu dýr og ætlumst til að falinn sé í setningunni lítill brandari. Eða þegar við segjum menn vera dýr og meinum að auðvitað séum við ekki dýr nema í ströngum tæknilegum skilningi.

Það rann sem sagt upp fyrir henni að hegðun stóðsins á bílaplaninu var ekkert flóknari en hreindýrahjarðar uppi á heiði. Eða sveims af bitmýi ef út í það var farið.

Hún sá skyndilega allt í svo stóru samhengi að það var eins og holskefla af nýjum vísdómi. Hugljómun heitir það víst. Henni þótti næstum sem hún hefði séð eitthvað sem hún mátti ekki sjá, og það ekki endilega í trúarlegu tilliti. Það átti jafnt við þótt við værum aðeins skipulegir klasar af samloðandi próteinum og ekkert annað en það. Af því að það eru takmörk fyrir því hvað er hollt slíkum próteinklösum að skilja og í hvaða samhengi.

Daginn eftir var hún ekkert þunn, svo heitið gat, heldur meira eins og nýfædd.

Hún kippti sér ekkert upp við aumlegar játningar vinkonunnar um að drykkjuhreystin væri í raun ekkert annað en lygasaga. Hún hefði aldrei bragðað áfengi og væri hrædd við vín og hrædd við sjálfa sig af því að hér um bil allir ættingjar hennar væru alkóhólistar og fyllibyttur sem kærðu sig ekki um börnin sín. Sjálf ætlaði hún að eiga mörg börn og hugsa vel um þau öll. Hún gat ekki tekið áhættuna af því að blanda alkóhóli saman við blóð sitt úr því hún vissi ekki hvort af því hlytist sprenging.

Ég skil, sagði Sólveig.

Þú ert líka besta vinkona mín, sagði vinkonan.

Þær keyptu sér samlokur og kók og settust á gangstéttarkant. Sólveig sagði frá langafanum í Ameríku og hversu litlu munaði að hann gerði hana að vellauðugri Vífilfellsprinsessu. Vinkonan hló með fullan munninn.

Tveir strákar tóku á sig krók yfir götuna til að spyrja af hverju þær væru að hlæja. Þeir héldu á glærum brúsa með glæru innihaldi.

Hvað eruð þið með í brúsanum? spurði Sólveig á móti.

Við vitum það ekki alveg, sögðu þeir. Allavega ekki vatn.

Síðan fóru þeir sína leið í átt að kaupfélaginu en þær slóruðu áfram á gangstéttarbrúninni.

Þær voru þreyttar og þótt það væri laugardagskvöld ætluðu þær að hanga inni og tala og hugsa. En um kvöldið urðu þær þyrstar og af því að þeim þótt kranavatn ómerkilegur drykkur lá leið þeirra aftur út í sjoppu.

Aftur hittu þær drengina með brúsann og að þessu sinni þóttust þeir vísari um innihaldið. Þeir höfðu fundið hann í fjörunni og af því að þeir vissu ekki hvað var í honum leituðu þeir uppi bæjarrónann og gáfu honum sopa. Svo hittum við hann núna áðan og hann var sprækari en við, sögðu þeir.

Af hverju voruð þið að þessu, þið hefðuð getað drepið hann, sögðu stelpurnar. Þær höfðu fyrir löngu lært að konur ættu að vera siðapostular heimsins.

Síðan hlógu þær af því að samkvæmt þeirra sextán ára siðfræði voru það afleiðingarnar sem skiptu máli en ekki hugurinn að baki verkinu. Og afleiðingarnar að þessu sinni voru alls ekkert slæmar. Róninn fékk ókeypis brennvín og drengirnir voru upplýstir um meinleysi vökvans í brúsanum.

Sem var nú eins gott, sögðu þeir. Við vorum búnir að útvega límið til öryggis.

Límið? sagði Jónína.

Vertu ekki svona vitlaus, sagði Sólveig. Hefurðu aldrei sniffað lím?

Sjálf hafði hún aðeins einu sinni lagt það á sig og ekkert gerðist annað en að henni varð óglatt. En viðleitnin ein nægði til að hún gæti gefið sig út fyrir að vera hafsjór af veraldarvisku.

Þau ákváðu að fara heim til rónans. Sögðu að hann ætti það inni hjá þeim að þau deildu með honum gutlinu.

Blessaðir drengirnir, sagði hann þegar hann opnaði og sá þau fyrir utan. Og tvær svona myndarlegar píkur.

Hann var ekki að klæmast við þær, hann var aðeins að sletta norsku og það vissu þær vel. Samt þótti þeim ógeðfellt að svo dónalegt orð væri notað um þær.

Gamli var kátur og sagði þeim óteljandi sögur þar til þau fengu í magann af hlátri. Ekki aðeins vegna innihalds sagnanna heldur út af orðfæri sögumannsins. Hann notaði orð eins og mannleysa og skíthúfulaski um þá sem honum líkaði ekki við og um heimskuleg orð og gjörðir hafði hann orðin álfaskapur og nautska og svo framvegis.

Aðeins einu sinni gerði hann hlé á frásögninni og benti á Jónínu og sagði: Hún fær ekki meira, hún skvettir því á gólfið bakvið sófann.

Hún gerir það ekki neitt, sagði Sólveig.

Þá lét hann málið niður falla en Jónína þáði ekki aftur í glasið.

Síðan heltust þau úr lestinni eitt af öðru eins og fyrr sagði. Sá fyrsti ældi og grét ofan í blómabeð, önnur eyðilagði í sér augun og sá þriðji varð blár um varirnar og dó með krömpum og harmkvælum. Þeirri fjórðu varð ekki meint af og rónanum ekki heldur, af ólíkum ástæðum.

Tréspíri vinnur ekki á þeim sem eru með brennivín í blóðs stað, útskýrði læknirinn seinna fyrir Sólveigu.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hver er sögumaðurinn * og hvert er sjónarhorn hans?*
2. *Hvað merkir málshátturinn – Oft hljóta góðar tennur illt að tyggja? Á hvern hátt geta þessi orð tengst Sólveigu?*
3. *Um hvaða kosti fékk Sólveig að velja þegar hún átti að flytja að heiman? Á hverju byggðist val hennar?*
4. *„Það rann upp fyrir henni að hegðun stóðsins á bílaplaninu var ekkert flóknari en hreindýrahjarðar uppi á heiði.“ Hvað á Sólveig við?*
5. *Í textanum segir: „Þannig lauk Húsavíkurkapítula og rútuferðin varð inngangur að skyndilegum, brennivínsblautum harmleik í hversdagslegum frystihúsabæ.“ Við hvaða harmleik er átt? Hver gæti ástæða hans verið?*
6. *Lesið vel orð Sólveigar um viljann á bls. 13. Hún hefur ákveðna hugmynd um hann en er ekki viss. Eruð þið sammála kenningu hennar? Rökstyðjið svarið. Hvað er vilji í ykkar huga?*
7. *Sólveig er unglingur, píanókennarinn/virtuósinn maður á miðjum aldri. Hvers vegna teljið þið að Sólveig laðist að honum? Hvað í fari hans teljið þið að heilli hana mest?*
8. *Setjið ykkur í spor Sólveigar og skrifið vinkonu eða vini bréf þar sem þið lýsið lífinu í sjávarþorpinu. Látið m.a. koma fram hvernig tíminn líður í vinnunni og eftir að vinnu lýkur á daginn.*
9. *Finnst ykkur Sólveig hafa gert einhver mistök? Rökstyðjið svarið.*



AUÐUR JÓNSDÓTTIR (1973)

„Besta leiðin til að opna augun og sjá heiminn er að lesa bækur."

Stiklur

Auður fæddist 30. mars 1973 og ólst upp í Mosfellsdalnum. Hún fann sig ekki í menntaskólanámi og hætti eftir að hafa prófað þrjá skóla. Auður flutti að heiman 17 ára gömul. Hún hefur komið víða við á starfsferlinum; hefur m.a. verið ráðskona, barnapía, blaðamaður, fiskvinnslukona og aðstoðarmanneskja framkvæmdastjóra í tveimur kvikmyndum en sjálf hefur hún gert tvær stuttmyndir. Hún starfar nú sem rithöfundur og sjálfstæður blaðamaður og skrifar greinar, pistla og viðtöl fyrir tímarit og dagblöð.

Auður byrjaði ung að skrifa og gaf til dæmis út blað í Mosfellsbæ með vinkonu sinni þegar hún var í unglingadeild grunnskóla. Hún er afkastamikill rithöfundur. Þegar þetta er skrifað hafa birst eftir hana sex smásögur, fimm skáldsögur og fjórar barnabækur. Árið 2002 veitti Upplýsing, félag íslenskra bókasafnsfræðinga, Auði viðurkenningu fyrir bestu fræðslubókina fyrir börn. Bókin heitir *Skrýtnastur er maður sjálfur* og fjallar um afa hennar Halldór Laxness. Auður hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2004 fyrir skáldsöguna *Fólkið í kjallaranum* en leikrit eftir sögunni var frumsýnt í Borgarleikhúsinu í október 2010. Hér á eftir fer brot úr skáldsögunni *Vetrarsól* sem kom út 2008. Þar rifjar aðalpersónan Sunna upp kynni sín af gamalli vinkonu, Arndísi.

Auður Jónsdóttir. 2008. „Áskorun um endurnýjun." *Morgunblaðið* 31.12.

VETRARSÓL

…

Hún sat í skólastofunni einn daginn, nokkru fyrir jólafríið. Snaggaraleg með strípur í skollitu hárinu, toppurinn beinklipptur yfir mosaaugum, ástleitnum og ögrandi í senn; þau voru fljótandi fremur en dreymin, í það minnsta ólgandi. Mjó flétta spratt úr drengjakollinum, liðaðist gegnum gullhring í eyra og snerti axlirnar sem stungust upp úr ólífugrænum skokki; á herðunum lafði brún prjónapeysa, reimaðir leðursandalar hringuðust upp að kálfum.

Spænskan skolaðist til í munninum þegar ég heilsaði henni, fullviss um að hún væri frá Skandinavíu eða Þýskalandi þangað til hún bauð góðan daginn á íslensku og brosti sínu kerskna en aðlaðandi brosi, upptekin af að mæla mig út í gallapilsi og laxableikri skyrtu með silfurkross um hálsinn. Ég þóttist of svöl til þess að setjast hjá henni út á þjóðernið eitt, hún reyndist vera svalari og færði sig til mín. Það var óvenjulegt að hitta Íslending í skólanum, þó botnaði ég minna í hvað hún vildi þarna í lok annarinnar, örfáum dögum fyrir lokapróf.

Arndís hafði haft vit á að taka spænskukúrsa í Háskóla Íslands til viðbótar við stúdentsprófið, ólíkt mér sem hafði bara fiktað við íslenskunám áður en löngunin til að læra annað mál lét á sér kræla. Hún afréð samt að mæta í skólann fyrir jól til að finna þokkalegt húsnæði og fékk að sitja þarna síðustu tímana, spennt að smyrja málstöðvarnar. Verður þú hérna um jólin? spurði hún nær samstundis.

Já, sagði ég. Raunar ætlaði ég heim en svo ákvað mamma að koma til mín. Við ætlum að halda jólin hérna saman; það verður pottþétt gaman því hún hefur aldrei komið til Suður-Evrópu.

Er hún af gamla skólanum? flissaði Arndís en sá að sér þegar ég stífnaði, laut að mér og hvíslaði að sömu sögu væri að segja um foreldra sína sem hefðu nánast farið úr hálslið við að keyra hringveginn í fyrsta skipti svo þeir dirfðust ekki út fyrir landsteinana. Þá gat ég flissað líka. Samviskulaust. Áður en ég laumaði út úr mér að mamma hefði bara farið í tvær helgarferðir, til Kaupmannahafnar að sýna mér tívolí og til Glasgow með vinnufélögunum. Já, ég ætti gamla mömmu og fátæka. Þar með var trúnaðurinn kviknaður af minni hálfu. Og ég átti eftir að segja henni meira, næstu daga runnu orðin út úr mér eins og hveiti úr rifnum strigasekk. Léttleiki hennar hreif mig, aldrei hafði mig órað fyrir að önnur eins manneskja væri til. Með henni virtist allt gerlegt, öfugt við Björgu vinkonu mína sem líktist mér svo mikið að hún staðfesti ríkjandi lífsmynd. Arndís kunni að láta skömm fuðra upp í hlátri með einu orði, laumuhúmorinn hrærði í hugsunum mínum, líf mitt umbreyttist þegar ég sagði frá því. Við skríktum viðstöðulaust, dag eftir dag sussaði kennarinn á okkur eins og smábörn. En ég naut þess. Hvort ég gerði, eftir að hafa þvælst ein um Barcelona allt haustið, oftast í tilgangsleysi en stundum til að láta augun reika milli milljón andlita sem gætu verið hann pabbi. Allan tímann feimin að blanda geði við bekkjarfélagana sem bjuggu margir saman: Þýsku krakkarnir deildu leigunni í rúmgóðri íbúð og þeir skandinavísku bjuggu flestir á heimavist sem ég hafði ekki haft ráð á fremur en Arndís.

Þvílíkur léttir að fá hana inn í stéttskipt samfélagið þar sem tvær sænskar pæjusystur réðu lögum og lofum ásamt snoppufríðum brimbrettakappa frá Köln. Neðst í virðingarstiganum var ég ásamt hógværum þverflautuleikara frá Taívan og kínverskri afburðastúdínu sem hló meira en hún talaði.

Hin voru heimsvön að sjá, örugg í áhyggjuleysi sínu báru þau með sér gyllta áru þess sem alltaf hefur átt allt, meira að segja hörund þeirra var bronslitt. Og fötin sem virtust vera kasjúal, gallabuxur og bolir, voru merkjaflíkur úr vönduðum efnum. Á kvöldin fóru þau saman í næturklúbba með sérstök inngangsorð sem þau hvísluðu sín á milli í tímum - þangað til þau mættu hæðnislegu augnaráði Arndísar sem dró fram óvænta stimamýkt hjá brimbrettakappanum svo pæjusysturnar hikuðu, skyndilega rislágar. Því ef þetta fólk hafði eignað sér skólastofuna, þá bar Arndís með sér að eiga heiminn. Á augabragði vissi hún allt um alla, forvitni hennar þræddi silkivef um skólastofuna, hún þekkti skólafélagana betur en þeir sjálfir. Kasjúal merkjafötin bliknuðu í samanburði við úthugsaðan klæðaburð hennar, afrískar slæður í bland við hátískukjóla og 365 pör af skóm. Fasið sannfærði aðra um að það væri hún sem setti reglurnar. Að hún ætti ekkert undir öðrum en allir ættu eitthvað undir henni. Og allir þráðu vinahót, já eða koss og svolítið meira, frá henni. Sem var vinkona mín. Sem spurði hvort ég gæti hýst hana til bráðabirgða. Í fyrsta skipti á ævinni fann ég til mín.

…

Daginn eftir krampann hafði ég fyrst fengið að heyra um Benna í smáatriðum. Við sátum á marokkóskum matsölustað í stingandi köldum vetrargráma, þangað hafði henni tekist að plata mig á skólatíma því líkami hennar kallaði á næringu eftir átökin.

Ófyrirsjáanleg að vanda hafði hún viljað borða á þessum stað og klykkt út með að afgreiðslumennirnir væru sætir. Þegar ég lyfti brúnum, minnug harðvítugra orða sem hún hafði látið falla um kjör múslimakvenna, yppti hún öxlum og sagði að þarna væri ódýr en vel útilátinn matur. Lengra hætti hún sér ekki í skyndibitamat en að borða marokkóska kjötrétti sem báru í sér bragð af matseld mæðra okkar.

Við skiptumst á ævisögum yfir myntutei, steiktri lifur með salati og dísætum smákökum í eftirrétt, hrundum áfjáðar fram á borðið meðan arabískt popp drundi úr gömlu sjónvarpi í horninu. Báðar höfðum við alist upp í hversdegi sem angaði af meiri fiskilykt en okkur langaði að viðurkenna, báðar höfðum við notið góðs atlætis á heimilum þar sem aldrei skorti neitt nema peninga, báðar vorum við einkabörn mæðra í basli og báðar skömmuðumst við okkar fyrir eitthvað sem ég henti ekki reiður á en hún fullvissaði mig um að væri vitneskjan um að vera foreldrabetrungur svo við ættum bara að vera stoltar.

Ég er ekki viss um að ég skilji þig, sagði ég en fann til spennu. Arndís brosti þegar hún hrærði í teinu: Þú veist það víst. Þú verður að þora að vera þú sjálf.

Hik kom á mig. Hvað meinti hún?

Þú verður að slíta böndin, lifa eftir eigin geðþótta. Eins og ég hef gert. Það er ekki alltaf auðvelt – en mottóið er að vera trú sjálfri mér. Mínum gildum. Til þess verðurðu að gleyma uppruna þínum, öllu því sem búið er að mata þig á. Skapa þér þitt líf. Hún hló að hátíðleikanum í orðum sínum en ítrekaði að sér væri fyllsta alvara, saup á teinu og spurði hvort mamma ætlaði pottþétt að koma til mín um jólin.

Já.

Segðu henni að hætta við það.

Ertu vangefin? flissaði ég.

Mér er alvara. Hún laut nær mér, horfði einlæg á mig og sagði: Láttu á það reyna, Sunna. Trúðu mér, það drýpur af þér ósjálfstæðið. Ég skal hjálpa þér að breyta því, ég hef verið í þínum sporum. Og það er sárt að lifa fyrir aðra en sjálfa sig. Ég veit það manna best.

Ég glápti á hana. Sagði að hún væri eitthvað verri. Mamma hefði safnað sér fyrir ferðinni mánuðum saman og keypt flugmiðann fyrir löngu. Þetta yrði í fyrsta skipti sem hún færi í svona langt ferðalag. Við værum báðar búnar að hlakka til þess.

Hún var viðbúin rökunum. Kersknisfullt brosið

lyfti nefinu svo andlitið varð kankvíst þegar hún hvíslaði: Einmitt þess vegna. Gerðu það sem er svo hræðilegt að þér þykir það óhugsandi til að leysa þig úr þessum umbúðum sem aðrir hafa pakkað þér í frá fæðingu. Ég skora á þig.

Það var einlægnin í augum hennar frekar en brosið sem fékk mig til að hlusta, hún bjó yfir reynslu svipaðri minni svo ég þóttist skynja að það væri henni mikilvægt að forða mér frá því sem hún óttaðist mest. Ég vona allavega að það hafi verið einlægnin, já eða angurværðin í rómnum, allt frekar en gylliboðið: Í stað þess að mamma þín komi getum við tvær átt tryllingslegt jólafrí. Pældu í því, við getum verið þær sem við viljum, bara ef þú þorir. Í staðinn banna ég Benna að heimsækja mig í jólafríinu svo við verðum tvær saman. Ég veit að þú vilt það. Gerðu það, plís!

Og ég gerði það.

Fyrst núna dettur mér í hug að hún hafi fundið upp á þessu til að komast hjá því að finna sér nýtt húsnæði. Ef sú var raunin get ég aldrei fyrirgefið henni. Hvað var ég að hugsa? Tilhugsunin fær blóðið til að flæða hraðar, skömm hrískast um æðarnar.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvernig breytti koma Arndísar stöðu Sunnu meðal skólasystkina hennar og hvers vegna?*
2. *Hvað er að vera sjálfstæð í augum Arndísar? Eruð þið sammála henni? Rökstyðjið svarið.*
3. *Hvað fékk Arndís Sunnu til að gera og hvað hefur hún í raun og veru í huga?*
4. *Hvað finnst ykkur um ákvörðun Sunnu? Er hún réttlætanleg? Rökstyðjið svarið.*
5. *Berið saman Sunnu og Arndísi. Eiga þær eitthvað sameiginlegt? Eru þær líkar/ólíkar?*



SIGURBJÖRG ÞRASTARDÓTTIR (1973)

„Menn eru auðvitað meira og minna að skrifa um sjálfan sig. Og það eru nú kannski eðlilegar ástæður fyrir því; til þess að geta skrifað vel um eitthvert efni verður maður að þekkja það vel, hvort sem það eru staðir, fólk, tilfinningar eða reynsla.“

Stiklur

Sigurbjörg fæddist á Akranesi 27. ágúst árið 1973 og bjó þar til tvítugs. Hún lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi árið 1993 og hefur síðan lokið prófi í almennri bókmenntafræði og hagnýtri fjölmiðlun frá Háskóla Íslands. Hún starfar nú sem rithöfundur en var blaðamaður á Morgunblaðinu um árabil.

Sigurbjörg sendi frá sér sitt fyrsta verk árið 1999, ljóðabókina *Blálogaland,* og ári seinna ljóðabókina *Hnattflug.* Skáldsagan *Sólar saga* kom svo út árið 2002. Í þessum verkum fjallar hún um staðina sem hún hefur komið til og búið á. Fyrir bókina *Sólar sögu* fékk Sigurbjörg Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2002. Einnig fékk hún viðurkenningu Leikfélags Akureyrar árið 2003 fyrir uppistandsverkið *Egglos*.

Laugavegur

Ó þá náð að eiga svona land búa með undrum alla daga ákaflega
sem það mótar mig þetta náttúrunávígi ítreka ég yfir súpunni og
nikka til erlendra starfsbræðra jájá blessaðir veriði ég hef farið
hringinn fram og til baka séð heiðagæsir í sárum svifið yfir
gjósandi grímsvötnum skoðað öskju kverkfjöll og blikandi
lónsöræfi allt þetta og miklu fleira í lit og syngjandi víðómi ó
guð varðveiti ómar ragnarsson og svo eru afnotagjöldin alls ekki
há.

Hnattflug 2000

Sigurbjörg Þrastardóttir. 2002.„Ég lít bara á mig sem lesanda.“ (Viðtal.) *Menningarblað/Lesbók*, 9. 11.



UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvernig hefur ljóðmælandinn* kynnst landinu?*
2. *Hver er hugblær* ljóðsins?*
3. *Veltið fyrir ykkur framsetningu ljóðsins. Hvort finnst ykkur þetta vera ljóð eða saga? Hvar eru mörkin dregin? Eru mörk?*
4. *Hvers vegna heitir ljóðið Laugavegur?*
5. *Hver er afstaða ykkar gagnvart landinu og náttúruperlunum? Hverju virðast Íslendingar vera stoltastir af varðandi land og þjóð?*
6. *Teljið þið að nátttúra landsins hafi mótað ykkur á einhvern hátt?*

Íhuga

Stúlkan með kústinn
á strönd
sem hún elskar yfirmáta

fer þangað á morgnana
að sópa sandinn sem skolað hefur á land yfir nóttina
fer þangað á kvöldin
að sópa sandinn sem borist hefur með deginum

engum skal dyljast
hversu ærandi starfi er
að sópa til sjávar
heilli strönd
– kann jafnvel að sýnast óvinnandi

en stúlkan með kústinn
er þolgóð og brosir
finnur
sjálfa sig
og stundum aðrar gersemar í sandinum

íhugar
allt annað
en uppgjöf

túlípanafallhlífar 2003

Átta sig

Á hverjum morgni ákveð ég
að halda þessu
áfram

10.227 sinnum
hef ég vaknað
og látið sem ekkert væri
annað í spilunum
en þetta tiltekna
líf þetta líf

játa þó
að á þúsund daga fresti
flýgur mér í hug að breyta

er með tíguláttu
í erminni enn
herra Olsen

túlípanafallhlífar 2003

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hver er yfirborðsmynd ljóðsins?*
2. *Hvað táknar* ströndin í ljóðinu?*
3. *„En stúlkan með kústinn/er þolgóð og brosir/ finnur/sjálfa sig/og stundum aðrar gersemar í sandinum/ …“ Hvað tákna* gersemarnar?*
4. *Hver er stúlkan með kústinn?*
5. *Hver teljið þið að dýpri merking ljóðsins sé?*

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvað merkir titill ljóðsins? Gæti einhver orðaleikur falist í honum?*
2. *Hvað táknar* áttan í erminni að ykkar mati?*
3. *Hafa allir „áttu“ í erminni? Geta allir sem hana hafa nýtt hana? Eru „áttur“ nauðsynlegar?*

GERÐUR KRISTNÝ

(1970)

„ - enda finnst mér engu máli skipta hvort fólk skrifar bækurnar sínar í hádeginu eða undir morgun, í Hagkaupssloppi eða ullarsokkum einum fata, undir ítalskri aríu eða þvottavélanið bara ef það vandar sig rétt á meðan það er að skrifa.“



Stiklur

Gerður Kristný fæddist í Reykjavík 10. júní 1970 og ólst upp í Háaleitishverfinu. Hún gekk í Álftamýrarskóla en síðan lá leiðin í Menntaskólann við Hamrahlíð og þaðan í Háskóla Íslands. Hún útskrifaðist árið 1992 með BA próf í frönsku og bókmenntafræði. Frá 1998–2004 var hún ritstjóri tímaritsins Mannlífs en síðan hefur hún helgað sig ritstörfum.

Fyrsta útgefna verk Gerðar var ljóðabókin *Ísfrétt* sem kom út 1994 og vakti hún mikla athygli og fékk góða dóma. Gerður er afkastamikill höfundur og hefur skrifað skáldsögur og smásögur en hún skrifar jafnt fyrir fullorðna, börn og unglinga.

Gerður hefur fengið margar viðurkenningar m.a. tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 2007 fyrir ljóðabókina *Höggstaður* og árið 2010 fyrir ljóðabókina *Blóðhófnir*. Fyrir þá bók hlaut hún Íslensku bókmenntaverðlaunin. Ljóðin sem hér fara á eftir eru úr bókinni *Höggstaður*.

Aðför

Birtist úr blánóttinni
á hljóðu flugi
og slæmir í mig
vængnum

Sorgin er komin
að krafsa upp
hrúðrið á bringu mér

Höggstaður 2007

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Í ljóðinu er líking. Finnið hana og skýrið í hverju hún er fólgin.*

Rask

Hér hafa margir farið um
og dvalið mislengi
jarðraskið eftir því

Sumir rifu nöfnin sín
í mjúkan mosann
aðrir fældu fugl af hreiðri

Ég sáði í svörðinn
og girti blettinn af
fyrir lausagöngu skepna

Gleymdi að gera ráð fyrir þér

Nú hef ég ausið upp
ilmandi jörð
og rutt niður hamra
svo hús þitt fái risið

Ef þú lofar að verða um kyrrt
malbika ég líka yfir móana

Höggstaður 2007

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hver er ljóðmælandinn* í þessu ljóði?*
2. *Fljótt á litið fjallar þetta ljóð um jarðrask og gróðureyðingu en er hægt að skilja ljóðið á annan hátt? Hvers konar rask hefur þá verið unnið? Hverjar eru skepnurnar og hverjir eru hamrarnir?*
3. *„Gleymdi að gera ráð fyrir þér“*
   Hvern á ljóðmælandinn við?*
   Hverjum hefur hann gleymt að gera ráð fyrir?

DIDDA (1964)

„Allt er ljóð, gluggatjöld með brunablettum, landslag. Margir eru flinkari en ég að yrkja fallega. Ég þarf að geta klifrað yfir nánustu fortíð til þess að sjá fegurðina eina."



Stiklur

Didda (Sigurlaug Jónsdóttir) fæddist á Selfossi 29. nóvember 1964. Hún ólst upp í Reykjavík en eftir grunnskólann stundaði hún nám í Fjölbrautaskóla Suðurlands og Menntaskólanum við Hamrahlíð. Á pönktímabilinu samdi Didda texta fyrir ýmsar hljómsveitir og árið 2003 fékk hún Edduverðlaunin fyrir hlutverk sitt í kvikmynd Sólveigar Anspach, Stormviðri.

Ljóðið sem hér fer á eftir er úr fyrstu ljóðabók Diddu *Lastafans og lausar skrúfur* sem kom út árið 1995.

Í dag

Nei, í dag ætla ég
ekki að vera hádramatísk
og líkja mér við þurrkaða
rós hangandi öfuga í bandi.
Nei, ég ætla að líkja
mér við stafnmynd á
sjóræningjaskipi að brjótast
í gegnum þetta með
ber sölt brjóstin.

Lastafans og lausar skrúfur 1995

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Veltið fyrir ykkur ákvörðun ljóðmælandans sem ætlar ekki að líkjast hangandi rós í bandi heldur stafnmynd á sjóræningjaskipi. Hvað felst í þessari ákvörðun?*

Didda. 1995. „Ráðvillt stelpa meiðandi sig á hlutum." (Viðtal.) *Morgunblaðið/Lesbók*, 2.9.



JÓN KALMAN STEFÁNSSON (1963)

„Gott skáld er seiðmaður í þeim skilningi að það getur gefið orðunum eiginleika sem þau strangt til tekið búa ekki yfir."

Stiklur

Jón Kalman fæddist í Reykjavík 17. desember 1963 og ólst þar upp til 12 ára aldurs en þá fluttist hann til Keflavíkur þar sem hann bjó næsta áratuginn. Hann lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja en á skólaárunum og eftir stúdentspróf stundaði hann ýmis störf, aðallega úti á landi. Hann las bókmenntir við Háskóla Íslands og kenndi bókmenntir við Framhaldsskóla Vesturlands á Akranesi og einnig við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Jón var einnig bókmenntagagnrýnandi hjá Morgunblaðinu og vann sem bókavörður við Héraðsbókasafnið í Mosfellsbæ. Jafnframt þessu vann hann við skriftir og fyrsta bók hans, ljóðabókin *Með byssuleyfi á eilífðina,* kom út 1988. Síðan hefur Jón gefið út fleiri ljóða-bækur en þekktastur er hann fyrir skáldsögur sínar. Fyrir þær hefur hann þrívegis fengið tilnefningar til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs en árið 2005 hlaut hann Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir skáldsöguna *Sumarljós, og svo kemur nóttin*. Hér á eftir fer kafli úr bók hans *Harmur englanna* sem kom út árið 2009 og er sjálfstætt framhald bókarinnar *Himnaríki og helvíti* sem kom út tveimur árum fyrr. Báðar gerast sögurnar á Vestfjörðum snemma á síðustu öld.

Harmur englanna

Ferðalagið:

HAFI DJÖFULLINN SKAPAÐ EITTHVAÐ Í ÞESSUM

HEIMI, FYRIR UTAN PENINGANA, ÞÁ ER ÞAÐ

SKAFRENNINGUR UPPI Á FJÖLLUM

III

BÆRINN STENDUR UPPI Á HJALLA, kannski er grasbali umhverfis hann, tún væri örugglega of stórt nafn, en nú er allt land undir þykku snjólagi, hefði verið hægt að ganga framhjá bænum og jafnvel yfir hann án þess að finna fyrir neinu, án þess að gruna líf undir fótum. Hér hverfa bæir og útihús týnast undir þessum snjó sem kemur af himni og skefur fram af fjallsbrún.

Jón Kalman Stefánsson. 2009, 24.9. „Ofurvald söguþráðarins." Vefslóð: http://www.hi.is/files/skjol/hugvisindasvid/deildir/islensku_og_menningar/JonKalman.pdf

Þeir verða að skilja pósttöskurnar eftir undir brekkunni, ég … sæ … sæki … þær á … eftir, segir bóndinn lágt og svo hikandi að það er eins og hann sé hræddur við orðin. Það er þó ekkert hik í líkama bóndans sem lætur Jens leggja annan handlegginn yfir axlir sínar og dregur hann upp brekkuna, strákurinn skjögrar á eftir, varla nema tvö hundruð metrar heim að bænum, göngutúr á sumrin þegar allt grænkar og himinninn er bara blár litur, en langt ferðalag núna, tíu kílómetrar, eða tuttugu, bóndinn þarf að stoppa tvisvar til að kasta mæðinni, hundurinn skoppar í kringum þá, annað eyrað niðursigið, skottið hringað og tungan lafandi, það er gaman að fá gesti, þeim fylgir ný lykt, þeim fylgir hreyfing og hann myndi örugglega gelta ef húsbóndi hans væri ekki svona alvarlegur á svip. En það er auðvitað mjög erfitt að fá ekki að gelta, hundurinn stekkur til hliðar og gleypir nokkrar kjaftfyllir af snjó til að hemja sig. Bóndinn nemur staðar hjá hvítri þúst, réttir fram höndina og eins og fyrir töfra opnast dimm göng fyrir framan þá, ertu huldumaður, muldrar Jens, orðin nær óþekkjanleg af frosti og **hrími**.



Göngin eru þröng og Jens verður að ganga óstuddur inn, sem hann gerir en sígur niður á gólfið þegar þeir koma inn í eldhús, og bara liggur. Pósttöskurnar, heyrist frá honum. … Sæki … þær, svarar bóndinn, lítur snöggt á konu sem stendur þarna, hún kinkar kolli og virðist skilja allt. Það er rökkvað í eldhúsinu og fremur þröngt um þau þrjú, einkum þegar konan krýpur hjá **hlóðunum** og byrjar að blása til að **vekja eldinn** aftur til lífsins, hlóðirnar enn volgar eftir kvöldmatinn. Við lentum í svolitlum hrakningum, segir strákurinn og færir sig nær hlóðunum, færir sig nær hitanum, færir sig nær lífinu. Já, segir konan og lítur snöggt upp, annars væruð þið varla hér. Hann lítur ekki vel út, blotnaði hann, spyr hún, horfir á Jens, síðan á strákinn. Bátnum okkar hvolfdi næstum, segir strákurinn, og Jens hraut útbyrðis, þetta er nefnilega Jens, bætir hann við og hneigir höfuðið í átt að póstinum. Konan lítur aftur á Jens, heldur síðan áfram að blása. Strákurinn hallar sér upp að veggnum, greinir óljós hljóð þaðan, sjálfsagt mýs, það eru víða holur á milli steinanna í hleðslunni og sumar þeirra nytsamar til að geyma smáhluti og stinga þangað **mjólkurtönnum** barnanna, það á að tryggja langlífi þeirra. Hallar sér upp að veggnum og fylgist með konunni eiga við eldinn. Hér á heimsenda kunna konurnar að vekja eld af svefni og hafa gert það á hverjum morgni í mörg hundruð ár. Úti í heimi hafa stórmenni hugsað um manneskjuna og himingeiminn, fundið plánetur, ljóðlínur orðið til, keisarar, konungar og hershöfðingjar eyðilagt lífið í kringum sig, og þannig hefur sagan risið og hnigið um alla veröld, ár safnast í aldir

hrím: frosinn snjór
hlóðir: sjá mynd

að vekja eld: að lífga eld, að kveikja eld
mjólkurtennur: barnatennur

og allan tímann hafa konur hér á heimsenda vaknað á undan Guði og mönnum til að krjúpa við hlóðir og blása í **moðið** þar sem þær höfðu **falið eldinn** kvöldið áður. Það getur tekið uppundir klukkustund að vekja eldinn á morgnana, þær blása þar til svitinn sprettur fram, blása en gefast ekki upp því hvað er lífið án elds og frostið allt í kring? Blása, þreytast, súrnar í augum þegar reykurinn stígur loks upp, en slær stundum jafnskjótt niður í augun og þá tárast þær. Reykurinn leyfir þeim að gráta. Það er gott að gráta hérna. Börnin deyja, draumarnir deyja, blikið dofnar og hverfur og þeir sem gráta ekki breytast í stein. Þær blása í neistann og gráta vegna þess að við getum vakið eld frá dauða en ekki manneskju.

Skíman af nývöknuðum eldinum lýsir upp andlit konunnar, það er magurt, varirnar þykkar og sprungnar, brún augu sem hún verður stöðugt að píra vegna reyksins. Eldurinn lýsir líka upp naglana á **sperrunni**, þar hanga á haustin og langt frameftir vetri, í náND við strompinn þar sem reykurinn er mestur, **magálar** í léreftspoka, **sperðlar** og kjöt, en nú er ekkert eftir nema tómir naglar og skinn á innsta bitanum sem úr verða gerðir skór þegar vorar. Jens er byrjaður að skjálfa. Konan lítur, líkt og annarshugar, til hans, hægri vangi hennar í birtu eldsins, sá vinstri í hálfdimmunni, hún er bæði skínandi ung og dökk af elli. Svo er eins og hún átti sig, rís upp, krýpur hjá Jens, fer með höndina inn fyrir frosin fötin, finnur ískuldann, hjálpaðu mér að klæða hann úr fötunum, segir hún og Jens mótmælir ekki neinu þegar þau byrja að draga hálffrosin klæðin af honum. Þrjú barnsandlit birtast, sex augu kringlótt af forvitni, í rúmið aftur, skipar konan og virðist sjá börnin þótt hún hafi bakið í þau.

> *Landpóstar voru embættismenn sem önnuðust póstferðir vítt og breitt um landið. Fyrsta ferðin var farin 1782 en embættið var lagt niður upp úr 1900. Oft var um að ræða miklar svaðilfarir því koma þurfti póstinum til skila á öllum árstímum og í öllum veðrum. Póstarnir fóru fótgangandi milli bæja um vegleysur og óbrúaðar ár, oft með lest klyfjahesta.*
>
> *(Íslenska alfræðiorðabókin. Örn og Örlygur. Reykjavík, 1990)*

Síðan er Jens kominn úr öllu, hann er nakinn, þessi stóri maður, þannig hefur enginn séð hann í mörg ár, nema þá Salvör, í pukri baðstofunnar og þrisvar í birtu sumarnátta. Handleggirnir þykkir, fætur sterklegir, herðarnar breiðar og vöðvamiklar, og núna máttlaus eins og gamalmenni. Þau hjálpast við að koma honum inn í baðstofu, hún er ekki eins hlý og eldhúsið. Bóndinn birtist aftur og Jens umlar eitthvað, nakinn og varnarlaus, barnsandlitin fylgjast með úr einu rúminu og eitt þeirra, það yngsta, byrjar að hósta, fyrst tveir snöggir hóstar, eins og til að losna við óhreinindi í hálsi, en hóstinn eykst og verður svo samfelldur að barnið stendur á öndinni. Mamma, hrópa hin börnin en konan er þegar smogin undan handlegg Jens, sem hefði sigið á gólfið eins og sekkur ef bóndinn hefði ekki gripið í hann. Hún þrífur barnið upp, leggur yfir öxlina, andlit barnsins rautt en blátt í vörunum, hún hvíslar eitthvað, strýkur þétt yfir bakið og hóstinn hjaðnar, það getur andað aftur, lífið fór ekki neitt. Konan leggur barnið varlega frá sér, snýr aftur að gestunum og sex barnsaugu og tvö hundsaugu fylgjast með þegar Jens er lagður í rúmið sem hlýtur að vera rúm hjónanna. Þú verður að leggjast hjá honum, segir hún við strákinn, verð ég? hváir hann, næstum skelfdur. Hann þarf að hafa hita upp við sig, það er eina leiðin til að taka kuldann úr honum, menn hafa dáið af minna tilefni. Konan horfir

moð: heyúrgangur/lélegt eldsneyti
að fela eld: að búa svo um eld í hlóðum að kvöldi að glóðin lifi til morguns

sperra: burðartré í þakrisi
magálar: súrir eða reyktir kviðvöðvar af sauðkind
sperðill: bjúga

útundan sér á strákinn, eins og hún bíði eftir viðbrögðum, hann virðir Jens fyrir sér, skjálfandi undir ábreiðunni, augun lokuð, andlitið náfölt. Svo byrjar strákurinn að klæða sig úr, því kuldinn hefur drepið óþarflega marga í þessu landi. Hjónin fara fram í eldhús, börnin og hundurinn taka ekki augun af strákunum, það yngsta aftur farið að hósta, systkinin rísa upp en leggjast aftur þegar hóstinn hjaðnar, og þá er strákurinn líka kominn úr öllu nema nærbuxum, fer ekki úr þeim, alls ekki, kemur ekki til greina, hann á að liggja þétt upp við Jens, það er aldrei að vita í hvaða átt draumarnir fara, og sumir þeirra hafa sjáanleg áhrif á karlmenn. Hugsaðu þér bara niðurlægginguna ef hann dreymdi Ragnheiði svona þétt upp við póstinn, eins og hann dreymdi hana um nóttina þegar hann varð í kjölfarið að fara niður í kjallara og þvo nærbuxur innan um dauðvona mýs. Honum verður næstum illt við tilhugsunina, smeygir sér í flýti undir hjá Jens, stenst með naumindum freistinguna að skoða nánar bækurnar ofan við höfðagaflinn, þær eru líklega uppundir þrjátíu, en tekur utan um stóran skrokkinn, sýpur hveljur þegar hann finnur fyrir kuldanum, næstum eins og að faðma lík. Hann hreyfir sig ekki, einbeitir sér að því að reka frostið úr þessum stóra líkama, svo einbeittur að hann heyrir tæpast ákaft hvískrið í börnunum og hóstann sem það yngsta reynir sífellt að kæfa, það er ekki dimmt í baðstofunni en heldur ekki bjart. Þrír **grútarlampar** hanga uppi, svo dauf ljós að þau minna á gamlar aðframkomnar manneskjur, gluggaboran á gaflinum dimm af snjó og mest allt húsið undir talsverðu snjófargi. En því meiri snjór sem hleðst að húsinu, því erfiðara á kuldinn með að þrengja sér inn, miskunnarsnautt frostið, hrím dauðans. Á snjóvetrum er gjarnan hlýrra í þessum jarðhúsum en timburbyggingum Plássins þar sem allt frýs nema kvikasilfrið, blóðið og kynhvötin. Strákurinn er með augun aftur, heldur utan um stórvaxna póstinn, nuddar brjóstkassann öðru hvoru því þar undir er hjartað og þú manst að það þolir illa frost.

Kýr baular skammt frá, fjósið líklega innaf eldhúsinu, langt baul, hvar er birtan, spyr kýrin, hvar er vorið, var ekki einu sinni til grænt gras, og nasar síðan áhugalítil af heyinu, heyrusli sem kveikir engar minningar um grös sumarsins. Lítið eftir af heyforðanum, og samt fær kýrin það skásta sem eftir er, kindurnar verða að sætta sig við eitthvað verra. Hún baular aftur og svo verður allt hljótt, nema lágt skarkið í eldhúsinu. Börnin eru varla sofnuð? Hann hlustar, heyrir ekkert og finnur til depurðar því barnsraddir eru ævinlega birta yfir lífinu, heldur niðri í sér andanum til að hlusta betur og heyrir þá kæfðan hóstann, töluvert nær en áður. Strákurinn vindur upp á sig til að geta litið við og þau sitja öll þrjú og hundurinn sá fjórði á gólfinu, rétt hjá rúminu, grafkyrr og horfa þögul á gestina. Átta augu, kringlótt af forvitni, og tunga hundsins lafir breið út úr kjaftinum. Elsta barnið, sjö eða átta ára stúlka með móbrún augu, er með yngri systur sína í fanginu sem skelfur af bældum hóstahviðum. Ætlar stóri maðurinn að deyja, spyr drengurinn, kannski sex ára og líka með brún augu. Vonandi ekki, segir strákurinn. Það er gott, það yrði nefnilega erfitt að halda á honum burt, þú yrðir að hjálpa mömmu og pabba. Þá má enginn deyja, nær yngri stelpan að segja áður en hóstahviður slíta röddina í sundur og í þetta sinn linast hóstinn ekki fyrr en faðir hennar kemur inn, tekur hana upp, leggur yfir öxlina, strýkur þéttingsfast um bakið og þá smáhægist, hún getur opnað augun og virt strákinn vel fyrir sér, varirnar næstum bláar, hún er líka með móbrún augu og þau minna á sumarið.

Strákurinn má ekki sofna strax. Hann á að borða og helst Jens líka, heitan graut, þorskhausar soðnir í mauk með mjöli og mjólk. Strákurinn borðar hratt, líkaminn heimtar það en Jens umlar bara og fæst

grútur, grútarlampi: lýsi, lýsislampi

ekki til þess að borða, hniprar sig saman, sekkur aftur ofan í svefninn og leitar þar eftir einhverju sem hitar, sem er glóandi og getur rekið frostið úr beinunum, þennan kalda koss hafsins. Hann sekkur niður í svefninn, á botni hans ráfa drukknaðir menn og söngla nafn hans látlaust.

Það er kvöld úti í snjókomunni, og nóttin nálgast.

Kýrin baular, ekki hátt en lengi, hvar ertu birta, spyr hún aftur. Það er ekki ýkja margt sem býr í kýrhausnum, bara fáeinar setningar endurteknar í sífellu, en þær spyrja um það sem skiptir máli, og það er yfirleitt róandi að sitja hjá kúm, fábreytnin gerir þær hamingjusamar og hamingjan er sá fjársjóður sem allar manneskjur leita látlaust að. Börnin eru komin upp í rúm, fá að sofa í sama fletinu í nótt, það er okkur að þakka, hugsar strákurinn og ákaft hvísl þeirra þagnar ekki fyrr en móðirin fer að segja þeim sögur frá landi þar sem alltaf er gott veður, jafnvel rigningin er hlý og eiginlega allt gott nema galdranorn og hyski hennar sem vilja ræna börnum og gera eitthvað hræðilegt, hyskið er eldrautt eins og hatrið og augun brenna, hendurnar eru langar, flugbeittar klær. Það má enginn deyja í sögunni, segir yngri stelpan. Lág rödd móðurinnar fyllir baðstofuna og börnin hlusta, hundurinn hlustar, kýrin í fjósinu, bóndinn og líka strákurinn sem andar opnum munni. Svo er sagan búin, það dó enginn, svona geta sögur tekið lífinu fram, ljósin eru slökkt og myrkrið hrifsar allt til sín. Hundurinn hringar sig niður, kjökrar eitthvað með sjálfum sér og hlakkar til að sofna. Hunda dreymir sjaldan erfiða drauma, þá dreymir bara góðan kjötbita, bláan himin, mjúkar hendur og hlaup. Það heyrist hvorki í veðri né fólki en svo hóstar yngri stelpan. Fyrst hálfkæft og lágt, eins og hún reyni að bæla hóstann, halda honum niðri sem er vonlaus barátta, og þá hóstar hún bara og hóstar, merkilegt að svona mikill hósti komist fyrir í jafn litlum líkama. Einhver sest upp í myrkrinu, segir eitthvað, hóstinn smádvínar en er lengi að hverfa alveg. Bóndinn byrjar að raula, röddin er alveg laus við hik, hún er mjúk eins og volgt vatn, feginn vil ég fylgja þér:

Feginn vil ég fylgja þér,
faðir himnum á;
haltu Guð í hönd á mér,
hólpinn verð ég þá.

Svefninn sækir hægt og bítandi að þessum mannverum undir snjónum, inni í jarðhýsinu.

Haltu, Guð í hönd á mér, hendur okkar hafa verið útréttar í áratugi en enginn hefur gripið um þær, hvorki Guð né djöfullinn.

Strákurinn er að sofna. Þarna liggur hann, nær nakinn þétt upp við stórvaxna landpóstinn, og í gærkvöldi höfðu þeir tæpast talast við áður. Hann heldur um kaldan líkamann, kaldan af kossi hafsins, það er kuldi í beinunum og kuldanum fylgir stundum dauði. Þá má enginn deyja í sögum, en í eldhúsveggnum eru samt mjólkurtennur stúlkubarns sem dó fyrir rúmu ári. Strákurinn hugsar um systur sína, hann man hvernig hún hló, svo sofnar hann.

Sefur í baðstofu á Vetrarströndinni.

Í fjarlægð líkist hún samfelldum, lífvana jökli. En hér er hann samt, og það andar hundur á gólfi og fólk í rúmum, það er kýr í fjósi og einhverstaðar undir snjónum eru tvö fjárhús með kindum. Svona er þetta; lífið sést stundum ekki fyrr en þú kemur alveg upp að því, og þessvegna eigum við aldrei að dæma úr fjarlægð.

Hann vaknar við kaffiilm, og er einn í rúminu. Liggur áfram meðan draumarnir gufa upp af honum, stíga til himna þar sem englarnir lesa þá, en vonandi bara sér til skemmtunar, ekki til að skrá þá niður og lesa upp á efsta degi, flestum manneskjum til vansæmdar. Rís síðan upp og lítur í kringum sig. Jens situr í rúminu á móti, hann er þá lifandi, grútarlampinn í brjósti hans lýsir enn. Augu þeirra mætast, en þeir segja ekki neitt, orð geta líka verið svo óviss og óþarflega langt á milli þeirra og þess sem bærist innra með þér, fjarlægðin þarna á milli hefur oft skapað vondan misskilning, jafnvel eyði-

lagt líf. Þessvegna er stundum betra að þegja og treysta augunum. Jens er að yfirfara pósttöskurnar, börnin þrjú sitja eins nálægt honum og þau þora, hundurinn á gólfinu fyrir framan hann og fylgist vel með, augun hvika ekki af póstinum sem rótar í einni töskunni og dregur síðan upp, eins og óframfærinn töframaður, hvítt, autt blað, leggur það í rúmið og segir, þið megið eiga það. Börnin hreyfa sig ekki, stara á blaðið, hafa aldrei séð jafn hvítan og auðan pappír áður, hingað til fengið að teikna eða skrifa á spássíuna á stopulum bréfum, og kannski teiknað lítil dýr í hornin, en þarna er heilt blað, autt blað, það er áreiðanlega hægt að koma öllu lífinu fyrir á svona blaði. Og þá er hin hliðin eftir! Þau hafa samt ekki rænu á að þakka fyrir sig þannig að hundurinn gengur til Jens og stingur trýninu í stóran lófann. Já já, segir pósturinn vandræðalegur, og strákurinn klæðir sig í fötin.

Þeir fá graut og kaffi. Bóndinn segir ekki neitt, horfir mest niðurfyrir sig, lágvaxinn, grannholda. Konan kemur með spenvolga mjólk úr fjósinu, kýrin baular á eftir henni, hvar er birtan, hvar er vorið, var ekki einu sinni til grænt gras? Strákurinn borðar hægt og les titlana á bókunum yfir rúminu, mannkynssögur Páls Melsteðs, *Vídalínspostilla, Passíusálmarnir,* fjórar Íslendingasögur, nokkrar kvæðabækur. Hann leggur skálina frá sér, les í tveimur bókum, sækir sér ljóð, sækir sér það sem getur stækkað heiminn, bærir varirnar þegar hann les, lítur upp og mætir þá augum konunnar sem horfir svo fast og einkennilega að hann verður feiminn, lætur bókina á sinn stað og fer fram í dyr, göngin lág og þröng, opnar út í daginn svo hvítur af snjó að það svíður í augun, þarf að depla þeim dágóða stund til að venja þau við birtuna. Næstum logn, og svalt, skýin hanga þung yfir veröldinni, halda sér tæpast uppi og sitja víða á fjöllunum, hafið blýgrátt og andar þunglega. Snjóar, spyr Jens innan úr göngunum og kemur svo út, réttir úr sér, pírir augun. Nei, ekki ein einasta snjóflygsa, segir strákurinn, jafnvel sigrihrósandi, og um leið svífa fyrstu flygsur dagsins niður úr skýjunum. Mér fer best að þegja, tuldrar strákurinn og stingur sér aftur inn í dimm göngin.

Svo eru þeir ferðbúnir.

Fötin þurr, konan hefur þurrkað þau á kamínunni og hlóðunum, hún heitir María, eins og móðir Jesú sem á að hafa frelsað mannkynið, þótt það virðist að vísu ekki sérlega frjálst núna – hver hneppti okkur aftur í fjötra? En ástkona Jesú hét líka María svo þetta er nokkuð stórt nafn. Hún réttir stráknum velktan pappírsmiða, við erum með reikning í versluninni á Sléttueyri, segir hún, þar eru stundum bækur. Ég veit ekki hvenær ég kemst næst þangað, myndir þú kannski velja fyrir mig þrjár sem þér líst á, og allra helst skáldskap? Heldurðu að ég geti valið rétt, spyr hann. Ég sá hvernig þú last, segir hún bara og vætir varirnar með tungunni, þær eru fleiðraðar eins og tíminn hafi farið yfir þær með grófum sandpappír. Hún tekur ekki brún augun af andliti stráksins, veldu það, segir hún svolítið hás, sem er … öðruvísi, sem … þar sem orðin sitja ekki kyrr á síðunni heldur takast á loft og gefa okkur vængi, jafnvel þótt maður hafi ekki loftið til að fljúga í. Já, María, segir hann, því hann vill segja nafnið hennar, þetta stóra nafn. Bóndinn heitir hinsvegar Jón, ekki er það stórt og svo algengt að það er eiginlega löngu hætt að vera nafn. Þessi Jón er þó feginn að heita ekki meira, nafnið vekur þá ekki athygli á honum og fyrir það er hann ævinlega þakklátur. Stendur með hendur í vösum þegar þeir kveðja og þakka fyrir sig, hallar sér upp að veggnum eins langt frá óvissu grútarljósinu og hann kemst, en þá kveikir María upp í steinolíulampa, vill kannski kveðja með reisn og jafnframt lýsa betur fyrir börnin sem sitja áköf yfir blaðinu, of mikilvæg stund til að láta hana líða í hálfbirtu grútarlampa. Þau eru ósammála um hvernig best sé að nota blaðið, skrifa niður vísur, kvæði, teikna eitthvað, kannski sitt lítið af hverju, stingur móðir þeirra upp á, og þá ætlar yngri stelpan að segja eitthvað en hóstinn grípur enn einu sinni fram í fyrir henni.

Jens leggur pening á rúm hjónanna, fyrir gistingu og mat, segir hann og þau líta bæði undan því það er erfitt að geta ekki boðið. Síðan eru þeir komnir út, en þá þykist strákurinn hafa gleymt einhverju, fer aftur inn, börnin snarþagna þegar hann birtist, sitja yfir blaðinu og hann lætur krónupening ofan á það. **Ekki kasta þessu á glæ,** hafði Helga sagt, og það gerir hann heldur ekki.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvert er sögusvið* kaflans?*
2. *Hver er innri tíminn* í þessum kafla? Vísið í textann máli ykkar til stuðnings.*
3. *„Hér á heimsenda kunna konur að vekja eld … þar sem þær höfðu falið eldinn kvöldið áður.“ Lesið þessar línur vandlega og veltið fyrir ykkur innihaldi textans. Hvað segir hann um hlutverk kvenna og áhrif í gegnum tíðina? Rökstyðjið svar ykkar.*
4. *„ … og þeir sem gráta ekki breytast í stein.“ Hvað er höfundurinn að meina? Eruð þið sammála þessari fullyrðingu? Rökstyðjið svar ykkar.*
5. *„Konan lítur…, hún er bæði skínandi ung og dökk af elli.“ Hvað er átt við með þessum orðum?*
6. *a. Í textanum segir að hamingjan sé sá fjársjóður sem allar manneskjur leiti látlaust að. Eruð þið sammála þessu?*

   b. Leita allir að sama fjársjóði? Rökstyðjið svarið.
7. *Í textanum segir að strákurinn lesi í tveimur bókum, sæki sér ljóð, sæki sér það sem getur stækkað heiminn. Hvernig geta bókmenntir og bókmenntalestur stækkað heiminn? Rökstyðjið svarið.*
8. *Hvað er sagt um börnin og tilveru þeirra í þessum kafla? Vísið í textann máli ykkar til stuðnings.*
9. *Hver teljið þið að framtíð þeirra verði?*
10. *Húsmóðirin á bænum er ein aðalpersóna þessa kafla. Hvað vitum við um hana að lestri loknum? Segið frá henni í stuttu máli og athugið vel orð hennar og athafnir því hér eru lýsingarnar að miklu leyti óbeinar.*
11. *Strákurinn er aðalpersóna bókarinnar. Hvernig persónu teljið þið hann vera eftir lestur kaflans? Hvað segja hugsanir hans, orð og athafnir um hann?*
12. *Setjið ykkur í spor stráksins og skrifið bréf eða dagbókarfærslu þar sem hann greinir frá heimsókninni. Veltið sérstaklega fyrir ykkur tilfinningum hans og því sem vekur þær.*
13. *Hvaða tilfinningu/ar vakti þessi kafli hjá ykkur: samúð, sorg, gleði, væntumþykju eða einhverjar enn aðrar tilfinningar?*

að kasta e-u á glæ: að kasta frá sér, að nýta ekki eins vel og hægt er
glær: sjór

KRISTÍN ÓMARSDÓTTIR (1962)

„Eins og sjampó býr til þau áhrif að hár hreinkast, vín að fólk hressist við. Súkkulaði að fólk róast. Þannig vil ég gera, búa til áhrif með orðum.“



Stiklur

Kristín fæddist í Reykjavík 24. september árið 1962 en ólst upp í Hafnarfirði. Hún lauk stúdentsprófi frá Flensborgarskóla nítján ára gömul og nam síðan bókmenntir og spænsku við Háskóla Íslands og spænsku við háskóla í Barselóna og Kaupmannahöfn. Kristín er fjölhæfur rithöfundur. Hún hefur skrifað skáldsögur, smásögur, örsögur, leikrit og ljóð. Hún vakti fyrst athygli tuttugu og þriggja ára gömul með einþáttungnum *Draumar á hvolfi* sem sýndur var í Þjóðleikhúsinu 1985. Kristín þykir einn sérstæðasti og róttækasti höfundur samtímans og hafa henni hlotnast margs konar viðurkenningar fyrir verk sín. Árið 2009 fékk hún t.d. Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, fyrir ljóðabókina *Sjáðu fegurð þína* og árið 2005 hlaut hún Grímuverðlaunin sem leikskáld ársins fyrir leikritið *Segðu mér allt*.

Barn fæðist

Einu sinni fæddist barn sem átti ekki að fæðast en fæddist samt. Mamma þess gat ekki annað en fætt það og læknarnir og hjúkrunarfólkið gátu ekki annað en tekið á móti því. Og það var heldur ekki hægt annað en lána því rúm og setja það í föt og láta það vera til.

Og það fæddist einsog margir aðrir hafa fæðst. Og það öskraði álíka og hefur verið. Og það var með pínulítið hár og enn minni augu og hendur sem gerðu strik útí loftið. Og mjúka stillta fætur með litlum ávölum tám sem voru einsog punktar oná tíu ium.

En það sem gerðist var að það var aldrei neinn sem horfði á það. Og það var sárt.

Einu sinni sögur 1991

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Frá hvaða reynslu er sagt í þessari örsögu eftir Kristínu Ómarsdóttur?*
2. *Haldið þið að þetta sé algeng reynsla? Hvaða áhrif haldið þið að þessi reynsla hafi á þá sem upplifa hana?*
3. *Hvað er átt við með orðunum: „En það sem gerðist var að það var aldrei neinn sem horfði á það?“*

Bókmenntavefurinn: Frá höfundi. www.bokmenntir.is

Strákur

Einu sinni var strákur. Hann vildi giftast blindri konu. Ekki afþví hann væri með líkamslýti sem enginn mátti sjá heldur afþví hann þurfti svo mikið að vísa einhverjum veginn og fannst gott að leiða og halda undir arm. Og nú var mamma hans dáin og frænka hans líka og systir hans farin burt, örþreytt á leiðbeiningum hans og þörfum. Svo hann gat ekkert annað gert en leitað að blindri konu. Eftir langa leit fann hann blinda konu, afþví náttúrulega gat hún ekki fundið hann, og þau giftust. Núna eru þau búin að eignast mörg börn og hann leiðir þau líka.

Einu sinni sögur 1991

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvernig hugblær er í þessari örsögu? Er hún dapurleg, fyndin, tregafull, háðsk? Hvað er það í sögunni sem skapar hugblæinn?*
2. *Hvers konar persónueinkennum er verið að lýsa?*
3. *Hvers vegna heitir sagan Strákur? Eru þessi persónueinkenni frekar einkennandi fyrir stráka en stelpur, konur eða karla?*

Yfirkona

Einu sinni var kona. Hún hataði engan. Hún sagði.

– Ég hata engan, þoli alla og mér þykir jafn vænt um allt.

Síðan var henni alveg sama þegar bróðir hennar dó. Það sást á því að hún fór ekki að gráta í jarðarförinni. Og hún fór ekki að gráta þegar henni voru sögð tíðindin. Og uppfrá því hringdi hún aldrei í konuna sem var orðin ekkja. Og hún spurði aldrei um börnin sem hún var föðursystir að. Og hún var í rauninni vond kona þótt hún hataði engan en aldrei hafði hún nokkurn tíma öskrað á neinn.

Og þegar hún var jarðsett var kirkjan hennar tóm. En henni var alveg sama. Afþví hún hataði engan, þoldi alla og þótti jafn vænt um allt.

Einu sinni sögur 1991

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvers vegna teljið þið að sagan heiti Yfirkona?*
2. *Örsögur Kristínar segja frá hversdagslegum atburðum en umgjörðin er fengin að láni úr ævintýrunum („Einu sinni var…“) Hvaða áhrif hefur það á lesturinn?*
3. *Skrifið örsögu um manneskju. Lýsið persónueinkennum hennar og þeim áhrifum sem þau hafa á hana sjálfa og aðra í lífi hennar.*
4. *Í tilvitnuninni á bls. 37 segir Kristín að hún vilji hafa áhrif með orðum. Finnst ykkur henni takast það í þessum örsögum? Rökstyðjið svarið.*

SJÓN (SIGURJÓN B. SIGURÐSSON) (1962)

„Bókmenntir eru eitt síðasta vígi hins ómenntaða manns. Við komum öll jafnómenntuð að því að skrifa skáldskap. Það getur enginn tekið próf í því.“



Stiklur

Sjón fæddist í Reykjavík 1962 og ólst þar upp. Allt frá barnæsku las hann gríðarlega mikið og fór mjög ungur að skrifa en fyrstu verkin sem komu út eftir hann voru ljóð. Hann er einn af stofnendum Medúsuhópsins sem var áberandi í menningarlífi Reykjavíkur upp úr 1980. Stofnendur Medúsu kynntust í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti en þar stundaði Sjón nám á listabraut. Í fyrstu samanstóð hópurinn aðallega af ungum ljóðskáldum sem fóru nýjar leiðir í listsköpun sinni og aðhylltust hugmyndafræði pönksins en með pönkurunum opnuðust nýjar gáttir í listalífinu, ekki síst í tónlist og skáldskap. Nú er Sjón talinn einn af virtustu rithöfundum á Norðurlöndum en eftir hann hafa m.a. komið út skáldsögurnar *Augu þín sáu mig* (1995), *Með titrandi tár* (2001) og *Argóar flísin* (2005). Sjón hefur látið að sér kveða sem höfundur söngtexta og unnið mikið með tónlistarkonunni Björk, en samstarf þeirra í kvikmyndinni *Dancer in the Dark* (2000) skilaði þeim tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir lagið I've Seen It All.

Hér á eftir fer brot úr skáldsögunni *Skugga-Baldur* sem kom út 2003 en fyrir hana hlaut Sjón Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2005.

Skugga-Baldur þjóðsaga

Skotið ríður af. Það feykir burt **öræfanna** guðdómlegu kyrrð, eins og hverju öðru bréfsnifsi.

Eldhríðin gýs fram úr byssuhlaupinu.

Púðurhvellurinn öskrar:

„HEYRIÐ MANNINN!“

Tóan kastast upp í loft með dapurlegu ýlfri.

Séra Baldur skreiðist á fætur.

Fyrir augunum hefur hann purpurarauðar sólir og eldglæringar, fyrir eyrunum er öskrandi sónn. Hann er fótstirður eftir leguna í snjónum en lífsvökvinn hleypur um líkamann jafnskjótt og hann fær hreyfingu.

Prestur staulast að steininum, og gáir að rebbunni. Júju, þarna liggur hún, steindauð. Hann lætur sig síga niður á hægra hnéð og grípur um skottið á loðdýrinu; það virðist nokkuð heilt – einhver verðmæti í því.

Hann réttir úr sér, treður tóunni inn á sig.

Sjón. 2007. „Hér er eitt líf. Svona hljómar það. Er merkið sterkt.“ *Sköpunarsögur*: 32–64. (Viðtal.) Mál og menning. Reykjavík.

öræfi: firnindi, óbyggðir, auðnir

Hánibba Ásheimahnjúks kallast Eystri-Hánibba. Framhlið hnjúksins veit nokkurn veginn mót vestri, en þar er og hnífskarpt horn á hnjúknum, og veit þá sú hlið sem kölluð er suðurhliðin í raun til suðvesturs.

Í norðaustanhríðum gerir ógnarstóran skafl sunnan í þessu horni, og nær skaflinn þá alveg ofan frá efsta tindi niður að rótum hnjúksins.

Þar stóð séra Baldur og hélt á skotvopninu í vinstri hendi, en var með hina upp fyrir úlnlið inni í stakknum, líkur Napóleon í eyðimörkinni.

Þá svaraði hnjúkurinn skotinu.

Skaflinn hrekkur í sundur um miðjuna með svo miklum dynk að lausamjöllin þyrlast upp í kringum séra Baldur. Hún hjúpar mynd hans og byrgir honum sýn til allra átta. En neðri hluti skaflsins leggur af stað niður fjallið – og kippir prestinum með sér.

Hann steyptist á endum ofan brattann, stökk af lófum á iljar til skiptist, í sífellu, og týndi við það bæði loðhúfunni og byssunni. Svoleiðis barst hann um langan veg á handahlaupum, þar til hann loks lenti á tveim fótum samtímis. Þá tókst honum að standa gegn flóðinu stutta stund, áður en það slengdi honum flötum – en upp úr því lá hann ýmist ofan á eða niðri í skriðunni; stundum hálfur, oftast allur. Með þessu lagi flaug séra Baldur.

Allan tímann vissi hann vel af sér og var aldrei lengi í kafi í einu.

…

Skugga bar á hjarnið og í einni svipan settist þar hrafn. Sá hallaði undir flatt og virti fyrir sér manninn sem sat fastur í snjógildrunni. Séra Baldur hnykkti til höfði og sveiaði boðflennunni í burtu:

Svei þér, og ljótur ertu, Óðins-snati!

En hrafninn var ekki hlýðinn frekar en fyrri daginn. Hann kallaði á nafna sinn og næst þegar prestur leit við, þá voru fuglarnir orðnir tveir. Þeir vöppuðu fram og aftur, og brýndu gogga, milli þess sem þeir teygðu álku að manninum og brustu í hvimleiðan hræfuglasöng:

– Kras, kras …

Svona smáhoppuðu þeir í átt að honum, og voru veislulegir að sjá. En þegar stærri krumminn náði taki á trefli prests og byrjaði að slíta úr honum prjónaskapinn, þá þótti séra Baldri kominn tími til að koma sér upp úr storkunni. Eftir mikið þjark og þref við fönnina tókst honum að þvæla hægri fótinn lausan, og stuttu síðar lét hún höndina lausa.

Og eftir langa mæðu skreið hann upp úr „inni mjallhvítu gröf", en megnið af tímanum hafði farið í að halda hröfnunum í skefjum með snjókasti og hótunum.

Þótt séra Baldur væri nú ofanjarðar, þá var hann ekki alveg laus við snjóinn. Það hafði skafið inn á hann í bruninu, og lá á milli klæða, var jafnvel inni á honum berum. Og nú byrjaði krapinn að renna um hann í hrollköldum lækjum, undan handarkrikum, niður bringu og bak, og ofan í skó.

Presturinn urraði lágt á meðan vatnið volgnaði á **lemstruðum** kroppnum.

Séra Baldur fór að huga að heimleiðinni; það leit út fyrir að hann yrði að fylgja klettabeltinu í vestur, alla leið að sprungunni … Eða að ganga í þveröfuga átt og freista þess að ganga með Mjaðará … Eða … Prestur hélt ekki heilli hugsun fyrir hungurlátum krummanna. Þeir ráfuðu um kengbognir af sultarspreng, veltu sér á bakið, görguðu, og slógu vængjum í freðna jörðina.

Hann steypti hnefa á móti fuglunum og æpti:

– Þegið, eða ég svíð af ykkur helvítis hausinn!

En heimafólk í Dalbotni kunni þá lækningu við höfuðpínu að brenna **hrafnshnapp** í potti og hræra

lemstraður: meiddur

sterkum **lút** saman við öskuna. Blöndunni var síðan smurt á auma blettinn, og látin vera þar uns verkurinn hjaðnaði.

Og nú brá svo við að hrafnaparið hlýddi. Þau þögnuðu sem eitt, lyftu af sér snjóbreiðunni og svifu létt fram af skálarbrúninni án þess að blaka væng. Þar greip uppstreymið þau og lyfti þeim út í bláinn.

Þá voru þau falleg.

Séra Baldur ræskti sig hressilega og ætlaði að hrækja á eftir fuglunum, en áður en hann náði að spýta hrákanum út úr sér, heyrði hann djúpan hvin fyrir ofan sig. Hann leit um öxl og skimaði Ásheimahnjúkinn; efri hluti skaflsins var horfinn af hánibbunni.

Og í sömu andrá leit snjóskriðan við hjá honum. Hún skellti prestinum á bakið og fleygði honum fram af klettabrúninni. Í leiðinni straukst hann við blábrúnina svo lambhúshettan flettist upp á hvirfil, og tók úr hnakkaspikinu.

Í fallinu datt honum í hug að síður væri hætt við meiðslum ef líkaminn væri máttlaus. Þegar hann kom niður á Kinnarnar, stöðvaðist hann rétt sem snöggvast, en þeyttist svo af stað aftur, hálfu hraðar en áður – og vissi nú höfuðið á undan. Séra Baldur grunaði að þetta væri sitt síðasta og þótti sjálfsagt að sporna á móti örlögunum. Hann reyndi því að hafa höfuðið upp úr flóðinu, lyfti því eftir bestu getu.

Presti fannst sem fárviðri geisaði umhverfis sig, en önnur voru óþægindin ekki uns honum fór að verða örðugt um andardrátt.

Skömmu síðar lauk helreið prestsins niður harðfennið.

Það gerðist þannig að snjóflóðið reisti sig eins og hafalda við grýtta strönd, og þegar hún braut á jökulurðinni skaut hún manninum inn í hellisskúta sem þar var fyrir – einskonar aflanga gjótu sem hafði myndast við lok síðustu ísaldar, þegar skriðjökullinn hjassaðist yfir fjallsrótina og dró úr henni þrjátíu metra langan bergjaxl.

Séra Baldur hafnaði sem sagt í gjótu undir jöklinum.

Og skriðan lokaði henni af fullum þunga.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *„Skotið ríður af. Það feykir burt öræfanna guðdómlegu kyrrð, eins og hverju öðru bréfsnifsi.*

   Eldhríðin gýs fram úr byssuhlaupinu.
   Púðurhvellurinn öskrar:
   „Heyrið manninn!“
   Tóan kastast upp í loft með dapurlegu ýlfri.

   Hvernig túlkið þið þessa lýsingu og þá sérstaklega orðin: „Heyrið manninn!“
   Felst ádeila í þessum orðum? Ádeila á hvað?

2. *„Þá svaraði hnúkurinn skotinu.“*
   Hvernig svaraði hnúkurinn?


3. *Finnið tvö dæmi um persónugervingu*.*

4 *„Presturinn **urraði** lágt á meðan vatnið volgnaði á lemstruðum kroppnum.“ (bls. 40) Hefur þetta orðalag – urraði – áhrif á persónusköpunina? Segir það okkur eitthvað um prestinn?*

5. *Hvers vegna fljúga hrafnarnir skyndilega upp?*

6. *Í textabrotinu koma maðurinn og náttúran fram sem andstæð öfl. Veltið fyrir ykkur hvernig þau styðja hvort annað og líka hvernig þau vinna gegn hvort öðru. Nefnið dæmi máli ykkar til stuðnings.*

hrafnshnappur: höfuð af hrafni
lútur: sterkur lögur, sterkt efni



GYRÐIR ELÍASSON (1961)

„Kannski getur rithöfundur aldrei skrifað í raun um neitt annað en það sem hann þekkir, og það er staðreynd sem flestir sem skrifa hafa rekið sig á að það er nánast útilokað að finna neitt upp alveg frá grunni. Alltaf skjóta upp kollinum rótarangar úr lífi höfundar.“

Stiklur

Gyrðir fæddist í Reykjavík 4. apríl 1961. Hann á ættir að rekja á Borgarfjörð eystri og dvaldi þar flest sumur á æskuárunum. Á veturna var hann á Sauðárkróki svo þessir staðir, þ.e. Skagafjörðurinn og Austurland hafa haft mikil áhrif á verk hans. Gyrðir lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki og las svo bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Það nám líkaði honum ekki svo hann hætti og fór í Kennaraháskólann en eftir eitt ár hætti hann og sneri sér alfarið að ritstörfum.

Fyrsta bók Gyrðis var ljóðabókin *Svarthvít axlabönd* sem kom út 1983. Síðan hefur hann sent frá sér margar ljóðabækur en fyrsta skáldsaga hans *Gangandi íkorni* kom út 1987. Hann skrifar nú bæði ljóð og sögur. Gyrðir hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir verk sín, þar á meðal Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2011 fyrir bókina *Milli trjánna*, Íslensku bókmenntaverðlaunin og Bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness fyrir smásagnasafnið *Gula húsið* (2000). Sagan sem hér fer á eftir er úr því safni.

Grásteinninn

I

Komið fram á kvöld og ég var að fara að stíga út úr ýtunni þegar mér varð litið framfyrir hana, í ljósgeislann sem beindist að steininum. Ég sá koma gangandi út úr steininum hóp af dökkklæddu fólki í einfaldri röð, út úr mosagrónum og hrjúfum fletinum. Þetta var mjög lágvaxið fólk, og börnin voru hreinustu agnir. Fullorðin kona hélt á ungabarni sem var vafið í sjöl og á undan gekk þungbúinn maður með gráan hatt.

Þetta kom illa við mig. Ég tel mig raunsæjan mann, og hef aldrei viljað hlusta á sögur um fólk sem býr í steinum. Það eina sem ég get viðurkennt af svoleiðis er það sem íslenska konan sagði á síðustu öld þegar hún kom til Edinborgar og hafði aldrei séð almennileg hús áður: „Hér býr fólk í steinum.“ Ég hafði hlegið að öllum sögum um fólk í þessum gráa steini hér og var vanur að gefa allt í botn á ýtunni fast við hann án þess að finna til minnsta samviskubits. Félagar mínir í vinnuflokknum voru sama sinnis. Allir nema einn, aldraður maður sem sagði að sig hefði

dreymt eitt og annað og sagði mér að vara mig. Ég hló og sagði honum að vara sig sjálfur. Hann sagðist ætla að gera það.

Og þarna sá ég fólkið koma út úr steininum, og fann um leið að það var af öðrum heimi en ég. Ekki spyrja hvernig ég fann það. Því gæti ég ekki svarað. En ég fann það. Ég var orðinn einn eftir á ýtunni. Vinnufélagarnir farnir heim, bara stórkarlaleg förin eftir vörubílana, og gröfurnar hvíldu hrottalega kjaftana.

Það drundi hátt í ýtunni, en fólkið virtist hvorki sjá né heyra. Það gekk álútt og hélt röðinni, mjakaðist yfir klapparholtið. Ekki var mjög langt niður að hamrabrúnni, og þar fyrir neðan svarraði sjórinn þetta kvöld í haustbyrjun. Ég hafði ætlað að ryðja steininum burt morguninn eftir.

II

Við gengum út úr steininum og komum beint í ljósgeislann frá þessu gula skrímsli. Móðir mín gekk á eftir mér með litla drenginn í fanginu og síðan komu börnin hvert á eftir öðru. Ég hugsaði um konuna mína. Hvað hún hefði sagt við þessum flutningum.

Ég setti í herðarnar og þóttist ekki sjá vinnuvélina, og hafði gefið þeim öllum fyrirmæli um að gera það sama. En ég laumaðist til að líta um öxl, og sá steininn baðaðan ljósi og þekkti á honum hverja einustu mosaskellu. Mig langaði svo mikið til að strjúka honum að ég fann jafnvel hrjúfan mosann undir lófunum. Mannfólkið er löngu hætt að búa í húsum sem það gæti haft gaman af að strjúka. Það er þess ógæfa. Maðurinn þarna á vélinni á bágt. Hann er fangi þessarar gulu ófreskju, og það versta er að hann veit það ekki. Það er hún sem raunverulega skipar fyrir. Það er hún sem heimtar að steinninn fari, og einhversstaðar djúpt í brjóstinu lætur hann undan. Samt hefur hann ekki steinhjarta. Ekki enn, en það harðnar óðfluga.

„Sefur barnið, mamma?“ spurði ég í hálfum hljóðum og nam andartak staðar á göngunni. Við vorum komin langt út fyrir ljósgeislann, og bara tunglið sem lýsti okkur. Ég var feginn að vera laus við rafljósið.

„Steinsefur,“ sagði hún þýðlega. Hún mamma, ekki veit ég hvernig færi fyrir mér og börnunum ef hún væri ekki.

Yngri krakkarnir eru farnir að rífast. Ég hasta á þá og við höldum áfram. Ég heyri í sjónum við klettana háu. Við sveigjum til suðurs og í átt að ásunum sem rísa móti himni einsog beinkambar á fornu skriðdýri.

„Ekki veit ég hvað hann pabbi þinn hefði sagt um þetta ferðalag,“ segir mamma fyrir aftan mig. Ég yppti öxlum og svara engu. Mér er sama hvað kallinn hefði sagt. Ætli hann hefði ekki líka gefist upp, með allan þennan hávaða í kringum sig, skrölt og skruðninga. Á morgun taka þeir steininn. Ég hef heyrt þá tala með æsingi og látum, öskrandi yfir vélargnýinn einsog brjálæðinga. Í þessum steini ólst ég upp, og mér þykir ekki gaman að fara þaðan. En það þýðir ekki að gráta steininn.

Okkur miðar hægt yfir mýrarkeldurnar. Börnin blotna í fæturna, hafa ekki rænu á að stikla á púfum, eða gera þetta viljandi. Svo fara þau að kveina. „Pabbi, ég blotnaði í fæturna!“ Eða: „Amma, ég missti skóinn minn!“ Það er aldrei stundlegur friður.

Við paufumst þetta í myrkrinu. Aftur staðnæmist ég og seilist í pokann sem ég ber á bakinu og dreg þar upp olíulukt. Ég tendra hana. Þetta er engin skjannabirta, en hún dugar okkur. Ég ber luktina í framréttri hendi og held stefnu til ásanna. Allt í einu sé ég kolsvartan ál skjótast við lappirnar á mér í mýrinni og hrekk til baka, en jafna mig fljótt. Ef ég legðist endilangur væri ég kannski sjónarmun styttri en fullvaxinn áll. Ekki þykja mér þetta falleg kvikindi, en þeir gera víst engum neitt.

„Pabbi, ég vil fara aftur heim í steininn okkar,“ kvartar yngsta stelpan, og mig tekur í hjartað að heyra röddina, því þetta er rödd mömmu hennar. Augnablik liggur við að ég segi öllum að snúa við, en svo harka ég af mér.

Ég lyfti olíuluktinni á ný. Við höldum áfram sem

leið liggur yfir holtið undir tunglinu, lítið fólk undir stórum himni. Nýfæddi drengurinn minn hefur vaknað, og hann fer að orga. Amma hans vaggar honum í fanginu og fer svo að syngja vögguvísu mitt í mýrinni. Þetta er ljúflingslag, og það er einsog orðin sytri ofan í mýrarvatnið.

III

Ég slekk á ýtunni og stíg út á moldug beltin og stend þar smástund í tunglsljósinu. Svo stekk ég niður og fer að steininum. Ég strýk yfir fléttur og mosa og skófir, og svo tek ég að þreifa einsog ég sé ósjálfrátt að leita að dyrum á steininum. Og líklega er ég að leita að dyrum. En steinninn er harðlæstur mönnum eins og mér. Ég horfi út yfir mýrarnar, og þarna sé ég ljósglætu bregða fyrir. Gæti verið mýrarljós.

En þá er einsog renni upp fyrir mér innra ljós. Ég sem hef aldrei skilið að neitt geti verið bjartara en rafmagnsljós, varla einusinni sólin, átta mig skyndilega á því hvað þetta ljós táknar í raun og veru. Hinsvegar get ég ekki orðað það fyrir mér. Það býr bara í mér sem orðlaus vitneskja. En áður en ég veit af er ég búinn að taka lyklana að ýtunni upp úr vasanum og þeyta þeim af öllu afli út í myrkrið. Svo rölti ég að bílnum mínum.

Hann fer ekki í gang.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Sögunni er skipt í þrjá hluta. Hvert er sjónarhornið* í hverjum fyrir sig og hvaða áhrif hefur það að skipt er um sjónarhorn? Getið þið nefnt dæmi um aðrar bækur eða kvikmyndir þar sem skipt er um sjónarhorn á þennan hátt?*
2. *Hvert er viðhorf mannsins á ýtunni til þess sem hann sér og hvers vegna breytist það?*
3. *Hvert er viðhorf steinbúans til mannfólksins?*
4. *Greinið frá innbyrðis samskiptum steinbúanna. Er lýsingin á samskiptum þeirra framandleg eða kunnugleg?*
5. *Hvers vegna fór bíllinn ekki í gang?*
6. *„En steinninn er harðlæstur mönnum eins og mér.“ Hvað segir þessi setning um viðhorf mannsins á ýtunni í eigin garð?*
7. *Hvert er meginviðfangsefni sögunnar?*
8. *Hvar skyldi trú á álfa og huldufólk eiga rætur sínar? Af hverju haldið þið að þessi trú sé svona sterk meðal Íslendinga?*
9. *Þekkið þið til atburða eða staða þar sem yfirskilvitlegir atburðir áttu sér stað? Ef svo er segið þá frá því en þið getið einnig samið ykkar eigin sögu sem fjallar um slíkt.*

AUÐUR AVA ÓLAFSDÓTTIR (1958)

„Til að lesandi kannist við persónur og staði úr eigin hugarheimi þurfa þær að vera tilbúningur því athöfnin að lesa er skapandi og það er á ábyrgð lesanda að byggja brú yfir í eigin veruleika.“



Stiklur

Auður Ava fæddist í Reykjavík árið 1958. Millinafnið Ava er kaþólskt skírnarnafn hennar en heilög Ava var blindur miðaldadýrlingur. Auður lauk BA-prófi í sagnfræði og bókmenntum frá Háskóla Íslands og las síðan ítalskar bókmenntir við háskólann í Bologna í einn vetur. Þaðan lá leiðin til Parísar þar sem hún stundaði nám í listasögu við Sorbonne frá 1982– 88. Auður er lektor í listfræði við Háskóla Íslands og hefur verið forstöðumaður Listasafns skólans frá 1997. Hún hefur einnig sett upp myndlistarsýningar og skrifað um myndlist.

Auður hefur skrifað þrjár skáldsögur og fengið verðlaun fyrir tvær þeirra. Fyrir skáldsögunna *Rigning í nóvember* sem kom út 2004 hlaut hún Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar og fyrir *Afleggjarann* sem kom út árið 2007 hlaut hún Menningarverðlaun DV í bókmenntum það ár og Bókmenntaverðlaun kvenna, Fjöruverðlaunin, árið 2008.

Hér á eftir birtast brot úr *Afleggjaranum* en bókin fjallar um ungan mann, Arnljót, og samband hans við barnsmóður sína og leit hans að sjálfum sér og veruleikanum. Á þessum tíma í frásögninni hefur Arnljótur tekið að sér að endurlífga rósagarð í klausturgarði í afskekktu þorpi einhvers staðar í Evrópu. Til Arnljóts (Adda) kemur barnsmóðir hans með dóttur þeirra sem á að dvelja hjá pabba sínum meðan mamman skrifar viðamikla ritgerð en þau þekkjast lítið þar sem aðeins var um stundarkynni að ræða þegar barnið kom undir.

Auður Ava Ólafsdóttir. 2010, 21.1. – „Játning rósaafleggjara.“ Vefslóð:
http://www.hi.is/files/skjol/hugvisindasvid/deildir/islensku_og_menningar/jatningava.pdf

Afleggjarinn

Fimmtíu og fjórir

Á heimleiðinni dettur mér í hug að líta inn í litla barnafatabúð, við hliðina á rakaranum. Ég rek augun í rósóttan kjól í glugganum sem gæti passað á dóttur mína. Innréttingar eru allar fornfálegar og barnafötin svolítið gamaldags. Verslunareigandinn er gömul kona, ekki mikið undir níræðu. Konan er ánægð að fá viðskiptavini í búðina og dregur strax fram tvo blómakjóla, annan með bláum klukkum, hinn með bleikum rósum. Ég set Flóru Sól upp á afgreiðsluborðið og máta blómakjólana lauslega við hana, ég er samt ekki viss um að sniðið passi manneskju sem er mest um sig miðja. Þá man konan eftir einum gulum sem hún á í pússi sínu bakatil, sá er með hvítum liljum, ómótstæðilegum hekluðum blúndukraga og hekluðum, gulum sokkabuxum í stíl. Ég læt slag standa og kaupi gula blómakjólinn og sokkabuxurnar. Þegar ég ætla að borga bendir konan mér á að mig vanti kápu á dóttur mína utan yfir kjólinn og segist muni gefa mér góðan afslátt. Hún kemur að vörmu spori aftur með eina í plasti, agnarsmáa, vínrauða ullarkápu með tvöfaldri töluröð og stungnum kraga og vösum. Ég klæði dóttur mína í kápuna og læt hana standa uppi á afgreiðsluborðinu. Hún er óneitanlega stutt í skósíðri kápunni en ber litinn vel, bísperrt uppi á borðinu og líkist helst postulínsbrúðu á safni, lítilli fullorðinni manneskju. Það hefur fjölgað í búðinni og dóttir mín uppsker aðdáun tveggja aldraðra vinkvenna verslunareigandans sem eiga leið hjá. Ég geng út með vínrauðu kápuna og gula blómakjólinn og sokkabuxurnar.

Um kvöldið elda ég aftur kálfakjöt í rauðvínssósu en í staðinn fyrir að steikja kjötið í sneiðum, sker ég það niður í bita og bý til kálfagúllas handa barnsmóður minni og níu mánaða dóttur. Síðan sýð ég kartöflurnar eins og kvöldið áður, nema í þetta sinn bý ég til stöppu.

Eftir matinn klæði ég dóttur mína í kjólinn og kápuna og sýni mömmu hennar. Barnið endurtekur sýningaratriðið úr búðinni uppi á eldhúsborðinu og klappar saman lófunum af hrifningu.

Anna hlær, klappar líka saman lófunum og dáist að dóttur sinni stutta stund, síðan dettur hún aftur ofan í bókina. Ég hef svolitlar áhyggjur af því hve annars hugar hún er þegar hún er með barnið, hún leikur stutta stund í einu við dóttur sína, þær hnoðast um, hlæja og skríkja, síðan er eins og hún fari að hugsa um annað og missi áhugann og hún réttir mér barnið og sest sjálf við eldhúsborðið og opnar bækurnar. Þótt það hvarfli ekki að mér að hún sé spenntari fyrir rannsóknarverkefninu en barninu þá hef ég engu að síður áhyggjur af því hvað gleði hennar er skammvinn.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvernig birtast kynhlutverkin í þessum texta?*
2. *Hvað finnst ykkur um það? Rökstyðjið svarið.*

Fimmtíu og sex

Það eru þrír sólarhringar síðan mæðgurnar duttu svo að segja fyrirvaralaust inn í líf mitt og í fyrsta skipti förum við saman út með barnið í vagninum. Við eigum sérstakt erindi, ég ætla að sýna barnsmóður minni hvar bókasafnið er. Anna er búin að breyta vagninum í kerru og við skiptumst á að keyra. Dóttir okkar er í gula blómakjólnum og með slaufu í hárinu. Fólk gefur okkur gætur svo mig langar að segja öllum að við séum ekki par, þótt við séum að viðra barnið okkar sé ekki þar með sagt að við sofum saman, þetta sé bara tímabundið ástand.

Bókasafnið er við hliðina á kaffihúsinu og áður en Anna dettur ofan í vísindin setjumst við niður við eitt af þremur borðum sem standa úti á stéttinni, hvort á móti öðru með kerruna á milli okkar. Ég set hana í bremsu og Anna lagar dóttur okkar til, bindur bandið á húfunni sem hafði losnað og réttir henni jarðarber sem barnið stingur strax upp í sig. Á næsta borði við okkur sitja eldri hjón og ég heyri að maðurinn segist ætla að fá það sama og konan. Er það tákn um farsælt samband að panta sér það sama, á ég að segjast ætla fá það sama og Anna, barnsmóðir mín? Ég fer í huganum yfir nokkur tilbrigði við svar á mállýsku innfæddra, það hvílir á mér sú ábyrgð að tala fyrir hönd okkar beggja þar sem ég hef nú búið í tvo mánuði í þorpinu.

– Einn kaffi, segir Anna og brosir til eigandans.

– Það sama handa mér, segi ég.

Dóttir mín klappar saman lófunum af hrifningu og hefur eftir mér atkvæðin í síðasta orðinu.

Ef kaffihússeigandinn spyr mig hreint út hvort þetta sé kærastan mín, þá neita ég því.

– Er þetta kærastan þín?

En það gerir hann ekki.

Áður en eigandinn fer inn til að sækja kaffið, beygir hann sig niður að barninu og kjáir framan í það, síðan klípur hann barnið mjúklega í kinnina og klappar því loks á kollinn. Hér eru menn væntanlega sérlega barngóðir, nánast enginn lætur barnið afskiptalaust. Síðan virða karlmenn líka Önnu fyrir sér, ég kemst ekki hjá því að veita því athygli. Ég verð líka var við að barnið fær minni athygli þegar móðir þess er með það. Það vekur með mér blendnar tilfinningar, þótt ég hafi að vísu fyrir fáeinum mínútum haft af því áhyggjur að fólk kynni að halda að við værum par.

Karlmaðurinn sem húkir á tröppunum hjá bókasafninu horfir svo stíft á Önnu að jaðrar við dónaskap, mig langar til að biðja hann að hætta því. Í staðinn tek ég dóttur mína úr kerrunni og sest með hana í fanginu við borðið. Hún er öll á iði en lætur kaffibollana vera. Ég sting upp í hana snuðinu en hún spýtir því útúr sér jafnóðum. Hún gerir tilraun til að standa upp í fanginu á mér og ég lyfti henni upp svo hún geti horft í kringum sig. Hún vinkar manninum á tröppunum og hann vinkar henni á móti. Síðan prófa ég að setja hana á auða stólinn við hliðina á mér, læt hana sitja á sérstól á móti okkur foreldrunum, kollurinn nemur við borðbrúnina. Við horfum bæði stolt á hana, foreldrarnir, í huganum er ég að breytast í föður lítils barns. Mamma hennar brosir til mín. Ég vona að náunginn á bókasafnströppunum hafi líka tekið eftir brosinu. Þannig verður nýja lífið mitt til, þannig verður raunveruleikinn til.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvaða tilfinningar eru að brjótast um í huga Arnljóts? Takið sérstaklega eftir hugleiðingum hans á kaffihúsinu. Nefnið dæmi máli ykkar til stuðnings.*
2. *„Þannig verður nýja lífið mitt til, þannig verður raunveruleikinn til." Hvað á hann við? Í hverju getur þessi raunveruleiki verið fólginn?*
3. *„… í huganum er ég að breytast í föður lítils barns." Veltu fyrir þér hvaða áhrif foreldrahlutverkið hefur á einstaklinginn. Er það náttúrulegt eða lært?*

Sextíu

Ég er að reyna að átta mig á því hvernig kona hugsar og kemst að því að tilfinningalíf Önnu er mun flóknara og margbreytilegra en strákanna sem ég þekki. Hún virðist stundum áhyggjufull, en það sem veldur mér mestum heilabrotum er hvað hún er oft annars hugar, eins og hún sé ekki almennilega á staðnum, eins og hún sé jafnvel að kljást við mörg vandamál í einu. Jafnvel þótt hún sitji ekki nema fjörutíu sentímetra frá mér, hinum megin við eldhúsborðið, svo nálægt að ef við værum kærustupar þá gæti ég kysst hana án þess að þurfa að færa mig, þá er eins og hún taki ekki eftir mér.

Þess utan er hún hugulsöm og hlý og brosir oft til mín og hrósar mér á hverju kvöldi fyrir matinn, það er heldur ekki svo að hún leggi ekki frá sér bókina ef ég er að tala við hana. Hún virðist líka glöð að sjá okkur feðginin þegar við komum inn úr dyrunum, eftir stutta stund sökkvir hún sér aftur niður í bækurnar.

Hún horfir samt stundum á mig þegar ég leik við barnið en ég er ekki viss um að hún horfi jafn mikið á mig og ég á hana. Hugsanlega er hún að skoða mig í erfðafræðilegu samhengi við dóttur sína. Ég fæ grun minn staðfestan þegar ég sný brauðinu öfugt á brettinu.

– Ertu örvhentur? spyr hún og horfir á mig áhugasömum, grænbláum augum.

Af því að við búum tímabundið undir sama þaki og íbúðin er lítil, er stundum nauðsynlegt að skáskjóta sér hvort framhjá öðru, þá kemur fyrir að við rekumst óvart saman. Síðan hef ég strokist einu sinni eða tvisvar við hana viljandi. Ég hugsa enn jafn mikið um líkama og áður, en reyni að takmarka mig við þær stundir þegar Anna er ekki nálæg eins og þegar ég er að vinna í garðinum. Ég er svo hræddur um að það sjáist utan á mér hvað ég er að hugsa, Anna er vís með að vera ein af þessum næmu manneskjum sem sér myndir af hugsunum inni í blúndulaga gufuskýjum, jafnvel áður en maður væri sjálfur með þær á hreinu. Þannig var mamma, gat sagt mér hvað ég var að hugsa. Ég vil gjarnan eiga Önnu sem vin, en það flækir óneitanlega málin að hún er kvenmaður og við eigum saman barn. Þegar við erum í sama herbergi, ég og barnsmóðir mín, finnst mér ég aftur og aftur missa einbeitinguna í samræðunum. Sérstaklega ef hún er nýkomin úr sturtu, með blautt hárið eða hefur sett spennu í það til að halda toppnum frá andlitinu. Það er þó ekki fyrr en ég er kominn undir sæng, á eintal sálarinnar, og mæðgurnar sofnaðar í næsta herbergi, að mér finnst ég geta leyft mér að hugsa um líkama, það minnir mig enn á ný á það að ég er lifandi. Ég viðurkenni að sá möguleiki hefur hvarflað að mér að eitthvað geti kviknað milli mín og barnsmóður minnar, eitthvað annað en nýtt líf, á ég við. Það sem bjargar mér úr öngstræti líkamlegra hvata, er opinn eldhúsglugginn. Í beinni sjónlínu af koddanum, úti í myrkrinu, er ókleifur klausturmúrinn og bak við hann, þeim megin sem vínviðurinn lúrir, eru rósabeðin mín sem ég þarf nauðsynlega að vökva á morgun. Ég er eini maðurinn sem veit af tiltekinni harðgerðri rósategund úti í myrkrinu undir gulu tungli.

Sextíu og þrír

Mér vex ásmegin með hverri tilraun við gaseldavélina, samt er ég enn frekar lengi að elda. Á stuttum tíma er ég búinn að tileinka mér sjö rétti, ég kann orðið að steikja kjöt, bæði í sneiðum og bitum, búa til tvær gerðir af sósum, sjóða kartöflur og ýmsar tegundir af grænmeti, sjóða hrísgrjón, gera kjötbollur og nýlega að steikja grænmeti í stað þess að sjóða það. Síðan kann ég að búa til ýmsa grauta handa barninu og hef einu sinni prófað að elda hrísgrjónagraut með kanilsykri, sem tókst sæmilega. Ég viðurkenni að það skiptir mig máli að Anna dáist að einlægri

viðleitni minni að elda handa þeim mæðgum.

Ég ræð samt ekki enn við neitt flókið eins og heilan fugl eða slíkt, mamma var ekki mikið fyrir fuglakjöt. Ég hef líka nokkrum sinnum komið við á veitingastofunni hjá konunni þegar ég hef gleymt mér lengur í garðinum og tekið með mér mat heim sem hún eldar fyrir mig. Ég fylgist með Önnu þegar hún borðar mat konunnar og ég játa að mér þykir vænt um það að hún hrósar matnum hennar ekki jafn mikið og mínum.

Síðan kemur að því að ég prófa að matreiða fisk. Ég fer á markaðinn með dóttur mína um morguninn og reyni að velja tegund sem er nokkurn veginn sambærileg í útliti við þá fiska sem ég kannast við að heiman, sem líta hér um bil út eins og ýsa. Þeir eru hins vegar flestir mjög litlir, ég gæti trúað að þeir væru úr vatni en ekki sjó. Það er heldur ekki hægt að kaupa fiskflök, bara fiska í heilu lagi, með haus, sporði, beinum og öllu innvolsinu. Þrátt fyrir reynslu mína í brælunni á sjónum, hef ég satt að segja enga æfingu í því að gera fiskinn svo úr garði að hann líti út eins og fiskflök í raspi sem skella má beint á pönnuna. Ég gefst þó fljótlega upp á því að gera eins og mamma, sumt er einfaldlega ekki hægt að fá í bænum, þótt ég leiti í öllum búðum, eitt af því er til dæmis rasp.

– Hvernig barn varstu?

Spurningin kemur á óvart. Anna er stöðugt að koma mér á óvart. Við erum að ljúka við að borða smáfiskana sem ég steikti á endanum í heilu lagi og þær sitja báðar á móti mér við borðið, mæðgurnar, og bíða eftir svari. Enda þótt hún kunni að vera að velta mér fyrir sér í samhengi við Flóru Sól, þá virðist áhugi hennar engu að síður einlægur. Er ég á réttri leið ef ég segi henni að af því að ég sé rauðhærður hafi ég verið lítið gefinn fyrir sól, ég tók saggafulla kartöflugeymslu eða skuggsælt moldarbeð fram yfir það að vera úti í sól. Ég varð hins vegar gífurlega freknóttur sem barn, andlitið varð eiginlega samfelld frekna. Pabbi er náttúrulega búinn að sýna Önnu myndasafnið, þannig að lýsingin ætti ekki að koma henni á óvart.

– Ég var lítill eftir aldri og þegar ég var fjórtán ára var ég enn minnstur í bekknum, segi ég. Síðan óx ég um sumarið og var orðinn höfðinu hærri en jafnaldrar mínir þegar ég var sextán.

– Þannig að þú breyttist í fullvaxinn karlmann á einu sumri?

– Karlmaður, er full djúpt í árinni tekið, ofvaxinn strákur er nærri lagi.

– En þú, hvenær varðst þú að kvenmanni? Spyr maður konu ekki þannig spurninga?

– Það tók nokkur sumur, gerðist hægt og vandræðalaust, meira án þess að nokkur tæki eftir því. Ég var ein af þeim heppnu.

Síðan spyr hún mig hvort ég hafi alltaf haft áhuga á plöntum.

– Já, eiginlega frá því að ég var lítill. Ekki beinlínis á plöntunum sjálfum, ekki strax, heldur fyrst á því að vera í garðinum með mömmu. Áhuginn á sjálfum plöntunum kom seinna. Ég byrjaði með lítið beð sunnan undir gróðurhúsinu, þar sem ég sáði gulrótum og radísum og setti niður spjöld. Ég var sjö ára og gat séð mömmu fyrir innan glerið að klippa rósirnar. Mamma gerði líka tilraunir með alls kyns innflutt fræ og lauka, í einkabeðinu mínu ox hins vegar mestmegnis arfi. Ég las líka frekar mikið sem barn, lá úti í garði á sumrin eða sat inni í gróðurhúsi á veturna og las útlenskar bækur um börn sem áttu kofa uppi í tré. Ég fór þangað líka seinna til að lesa undir próf inni í rakanum, birtunni og hitanum. Þótt það væru skaflar, frost og myrkur úti, lét mig hafa það að hlaupa á bolnum út í gróðurhús með bækurnar, klofa hnédjúpa skaflana, með blýantinn milli tannanna.

– Var þér aldrei strítt á áhugamálinu?

– Ég íhuga hversu mikið ég á að segja Önnu, hvaða minningu ég eigi að fiska upp úr tímanum,

maður segir ekki endilega frá öllu sem gerist.

Það var eiginlega bara ein slæm uppákoma, ég var tíu ára og líklega var það allt eins vegna háralitarins. Þeir voru búnir að sitja um mig í nokkra daga og ég bruddi mold, með smásallann á milli tannanna, á meðan þeir sneru mig niður í mölina og lúskruðu á mér. Eftir á leið mér ekki illa, þótt það væri blóðbragð í munninum og sandur í jöxlunum. Einn var látinn hringja í mig um kvöldið og biðjast afsökunar. Síðan lagði hann á án þess að kveðja. Ég svaraði, en símtalið var svo stutt að mamma hélt að það væri skakkt númer.

– Nei, segi ég, það bjargaði mér að ég var líka bestur í fótbolta. Þá var maður látinn í friði. Ég var eins og aðrir strákar á mínum aldri, þótt ég nennti ekki að vera í fótbolta allan daginn.


Mæðgurnar hlusta báðar með athygli á það sem ég segi. Á meðan ég tala horfir barnsmóðir mín á mig líkt og ég sé að segja nokkuð sem snertir við dálitlu sem hún getur vel skilið.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. Hver er sögumaðurinn* í Afleggjaranum og hvert er sjónarhorn* hans? Hvaða áhrif hefur þetta á skilning okkar á sögunni?
2. Er tilfinningalíf kvenna og karla á einhvern hátt ólíkt? Rökstyðjið svarið.
3. *„–Nei, segi ég, það bjargaði mér að ég var líka bestur í fótbolta. Þá var maður látinn í friði. Ég var eins og aðrir strákar á mínum aldri, þótt ég nennti ekki að vera í fótbolta allan daginn.“ (bls. 50)* Hvað finnst ykkur um þessa fullyrðingu? Er þetta svona í grunnskólanum? Þarf maður að falla inn í hópinn að mestu eða öllu leyti eða vera sérstaklega góður í einhverju til að fá að vera í friði? Veltið þessu fyrir ykkur og rökstyðjið svarið?
4. Hvernig maður er Arnljótur? Lýsið honum og hugið að sambandi hans og samskiptum við annað fólk, umhyggju hans fyrir barninu, áhugamálum hans og þeim hugmyndum sem hann hefur um sjálfan sig.
5. Hver teljið þið að framtíð Arnljóts verði? Skrifið um 200 orða frásögn sem segir frá lífi hans eftir 10 ár.

EINAR KÁRASON (1955)

„Eins og ég hef sagt, lít ég á mann í mínu fagi sem epíker; einhvern sem segir sögur.“



Stiklur

Einar fæddist í Reykjavík árið 1955 og ólst þar upp. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum við Tjörnina 1975 og las síðan bókmenntasögu við Háskóla Íslands en frá 1978 hefur hann helgað sig ritstörfum. Einar skrifar skáldsögur, smásögur, ljóð, ferðasögur, ævisögur, barnabækur og greinar en hann hefur einnig skrifað kvikmyndahandrit s.s. handritið að kvikmynd sem gerð var eftir skáldsögum hans *Þar sem djöflaeyjan rís* og *Gulleynni* en það skrifaði hann ásamt leikstjóranum Friðriki Þór Friðrikssyni.

Einar er mikill áhugamaður um sögu Sturlunga og hefur sótt efni í Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar sem er í *Sturlungu*. Þar er um að ræða skáldsögurnar *Óvinafögnuð* (2001) sem byggð er á sögu Þórðar kakala og *Ofsa* (2008) sem segir á nýstárlegan hátt frá aðdraganda Flugumýrarbrennu og brennunni sjálfri en fyrir hana hlaut hann Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2008. Hér á eftir fara kaflar úr *Ofsa* en í þeim bregður Einar nýju ljósi á atburðina með því að lýsa þeim og örlögum höfðingjanna frá sjónarhóli hinna smáu; minniháttar persónu úr óvinaliðinu og **griðkonu** á bænum.

Ofsi

Þorsteinn grenja

Mér fannst eiginlega að menn væru að skíta sig óþarflega mikið út á því að reyna að brjótast inn í húsin á Flugumýri því að það er auðvitað einfaldast og fljótlegast ef á að losna við þá sem inni eru að kveikja einfaldlega í húsunum og gæta þess svo að enginn komist lifandi út. Það voru tvennar inngöngudyr á þessum miklu húsum höfðingjanna á Flugumýri og bræðurnir Ásgrímur og Eyjólfur ásamt fleiri mönnum ruddust inn um einar dyrnar en Kolbeinn grön og fleiri inn um aðrar en nokkrir hinna voru við gluggaop að reyna að berjast við þá sem innandyra dvöldu, leggja inn spjótum og skjóta af handbogum með litlum árangri. En menn þurftu verulega að gæta sín líka á spjótalögum sem stóðu út og það var verið að reyna að stinga þá með sverðum sem fyrir utan voru svo að við sumir okkar

Einar Kárason. 2007. „Mér þætti fínt að skrifa á brautarstöð.“ (Viðtal.) *Sköpunarsögur*: 66–90. Mál og menning. Reykjavík.

Sjá umfjöllun um *Sturlungu* í kaflanum um Sturlu Þórðarson á bls.154

griðkona: kona sem er heimilisföst hjá e-m, vinnukona

reyndum fyrst og fremst að hlífa okkur og höfðumst lítið að og sannleikurinn er auðvitað sá að með því að reyna að ryðjast inn í rammgerð hús á þennan hátt er á engan hátt verið að reyna að neyta liðsmunar eða aflsmunar heldur eru vopnin svo að segja lögð upp í hendur þeirra sem inni eru, það er barist í svo þröngu rúmi að meginherinn neyðist til að standa hjá. Og það fór auðvitað svo að þetta gekk allt heldur treglega, ég var að kalla til Eyjólfs og þeirra bræðra að þetta væri þýðingarlaust og að við skyldum hætta þessu og reyna að ljúka málinu með áhrifaríkari aðferðum áður en nágrannahyskið vaknaði og færi að drífa að okkur og liðsinna sínum mönnum, og mér fannst eins og Eyjólfur væri sama sinnis, en þar sem þursinum Kolbeini grön og þeim virtist eitthvað vera að ganga að brjótast inn í húsin við dyrnar þar sem þeir sóttu að þá dróst þetta furðu lengi, allt of lengi fannst mér; margir af okkar mönnum voru að skríða illa sárir og jafnvel banvænir út úr þessum háskaleik á göngum húsanna og er Eyjólfur skipaði loks að menn skyldu koma með **tjörukagga** og kveikja í þeim og hefja að troða logandi heyi og dulum í öll op þá fann ég feginleikann streyma um brjóst mitt. Að vísu voru Kolbeinn og þeir að hrópa og skipa okkur að hætta, þeim fannst þetta óþarft, og seinna heyrði ég skammir um að við hefðum næstum verið búnir að brenna þá sjálfa inni, en menn eiga bara að vera tilbúnir að taka við skipunum sinna yfirmanna og ekki vera með múður eða hrein drottinsvik.

Svo tóku húsin að loga. Og mikið var aumlegt og skerandi að heyra orgin og skelfingarópin að innan. Það var ekki hátt risið á þessum höfðingjum þá! Þá gat maður loksins farið að beita sér, það varð auðvitað að gæta þess að Gissur og synir og það nánasta frændstóð kæmist ekki út úr eldinum; það hefði verið þokkalegt að þurfa að lifa við óðan hefndarhug þess það sem eftir væri ævinnar! Úr hópnum í kringum Kolbein grön, sem stóð verklítill þarna á hlaðinu og var móður og eitthvað **skeindur** sýndist mér, bárust köll og skipanir um að konum og börnum ætti að bjóða útgöngu; einhverjir menn voru að reyna að hlaupa úr logandi húsunum og komast til kirkju og mér fannst að þeim mönnum sem hímdu verklitlir væri nær að reyna að stöðva þannig undanvillinga heldur en að hafa áhyggjur af pakkinu innandyra, ég heyrði kallað að Hallur Gissurarson væri að reyna að skríða út, sjálfur brúðguminn, en sem betur fer stukku einhverjir til og náðu honum og gengu frá honum, og örstuttu síðar sá ég Kolbein grön loksins bærast, því að þar hljóp maður úr húsunum og Kolbeinn stökk til og greip í hnakkadrambið á honum og hóf hann á loft.

Mér hafði fundist eins og Kolbeinn grön væri með hálfan hugann við þessa mikilvægu herför, en það var eins og rynni á hann einhver hamur við að rekast á þennan manngarm. Aðferðirnar voru þannig að manni rann eiginlega kalt vatn á milli skinns og hörunds; tröllið Kolbeinn hjó fyrst af honum annað eyrað og svo hönd og fót og meðan maðurinn var enn organdi og spriklandi þá brá hann sverðinu þannig á framm jótt andlit mannsins að það flettist að mestu af; að lokum fauk búkurinn frá höfðinu og um leið og Kolbeinn kastaði því frá sér eins og sorpi þá æpti hann:

„Man nú enginn lengur Snorra Sturluson?!“

Svo hátt að það bergmálaði eflaust um sveitina.

Seinna frétti ég að þetta hefði verið einhver Árni beiskur, lítilsverður Sunnlendingur …

Það var eitthvert óðagot við aðaldyrnar, griðkonur og þernur og slíkt voru að staulast út rauðeygðar af reyk og gráti en það var gott að ég var þarna því að á milli þeirra reyndi að smeygja sér sjálf maddama Gróa, húsfreyjan á staðnum, en auðvitað kom ekki til greina að leyfa það. Mér tókst að afstýra hennar útgöngu. En svo ruddist þarna að mér Kolbeinn grön, sem af mér ókunnum ástæðum virtist líta á sig sem einhvern foringja í þessum aðgerðum, mann sem

kaggi: lítil tunna
skeindur: lítillega særður

gæti skipað og heimtað að sér væri hlýtt, og hann var kominn hálfur inn í bálið og farinn að hrópa og kalla. Svo reif hann af mér mikið og gott skinnvesti sem ég hafði mér til skjóls; já, reif það hreinlega af mér með ruddaskap og ofbeldi, og stakk sér með það inn í eldhafið!

Ég vissi ekki hvað var að gerast. Hvaðan á mig stóð veðrið.

Og svo kom hann örstuttu síðar æðandi út á nýjan leik, með stúlkubarn á öxlunum, og hár og skegg Kolbeins í ljósum logum sem vonlegt var. Sem var dálítið fyndið eftir á, þegar hann var búinn að þrífa af sér sótið og brunaleifarnar, vegna þess að hann var orðinn svo fáránlega líkur bróður sínum, honum Birni drumbi, sem ég hafði verið í samvistum við undanfarna daga. Þeir eru þá svona næstum alveg eins, ef ekki væri allt skeggið á Kolbeini grön, eða öllu heldur undarlega skeggleysið á Birni; andlit hans er eins og barnsrass – og þannig var Kolbeinn líka eftir eldinn, nema þakinn blöðrum og skurmsli.

Svo féllu húsin og þeir sem inni voru grófust undir og ekki fleira fólks von út úr brakinu. Þarna lá brúðguminn Hallur dauður eða samasem á hlaðinu og við Ásgrímur Þorsteinsson og fleiri brugðum snöru utan um lappirnar á honum og hengdum aftan í hest sem við settum foringjann Eyjólf uppá og svo dró hann Hall í blóðtaumi í svaðinu í kringum húsin að hætti hinna hraustu og sigursælu forfeðra vorra, þegar menn voru menn.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Lýsið Þorsteini grenju eins og hann kemur ykkur fyrir sjónir eftir lestur þessa kafla.*
2. *Þorsteini er mikið í mun að enginn af frændum Gissurar sleppi úr eldinum. Hvers vegna skiptir það svona miklu máli?*
3. *Einar notar mjög langar og flæðandi setningar í þessum textabrotum. Hvaða áhrif hafa þær á lesturinn? Prófaðu að lesa nokkrar þeirra upphátt.*
4. *Hvernig er tónninn í frásögn Þorsteins – formlegur, stífur, frjálslegur, kíminn, háðskur … ?*
5. *Hvað þýðir orðið ofsi?*

Hallfríður garðafylja

Það get ég eingöngu þakkað þeim góða herra Frelsara vorum að mig hafði borið fram að dyrum í villu þeirri sem fylgdi reykjarsvælunni og þeim sáru veinum og guðsbænum sem kváðu við úr öllum áttum þegar ég heyri kallað að konur og börn eigi að koma sér út og ég veit varla fyrr en það er þrifið í mig og mér troðið út á milli vopnaðra manna í gættinni og eftir að hafa farið nokkrar veltur á frosinni hlaðforinni áttaði ég mig á því að ég var úti undir beru lofti og frí úr hættunni og allri þeirri stóru skelfingu sem þessi nótt var annars svo full af. Mér hafði reyndar súrnað svo í augun að ég greindi fátt annað en tunglið á himninum og svo eldinn og vítishitann sem af honum stafaði en mér tókst þó að skreiðast til kirkju eins og aðrir þeir er þó nutu griða í því skelfilega æði.

Ó mig auma að sitja þar skjálfandi af ekka og vita af húsbændum mínum því elskulega fólki Gróu og Gissuri sem ég hef lengi þjónað og fylgdi úr okkar ástkæru heimasveit fyrir sunnan og hingað sem aldrei skyldi verið hafa, á vettvang manndrápa og blóðfórna, vita af þeim hjónum inni í bálinu



og geta ekkert að gert, og þá ekki síður voru mér í hug drengirnir mínir þrír elskulegu, synir Gissurar og Gróu, þessir bjartleitu og yndislegu drengir sem ég hef borið á höndum og bíað frá því þeir komu í heiminn. Oft var það svo að þeir nýfæddir vildu heldur koma í stórt og hlýtt fangið hennar Höllu sinnar en vera hjá sínum nánustu; ég hefði ekki bundist þessum börnum meira þótt ég sjálf hefði þau með þrautum í heiminn borið og marga dimma nóttina hef ég sofnað sæl af tilhugsuninni um brosið bjarta og alla glitrandi elskusemina sem hefur skinið til mín úr augum þessara unaðslegu drengja sem alltaf hafa verið börn í mínum augum þótt þeir eigi víst nú að heita fullorðnir og hann Hallur minn, sjálft eftirlætið, hafi nú verið að kvænast, eða hann Ísleifur sem aldrei hefur hætt að kalla mig fóstru þótt hann sé orðinn fulltíða maður, að maður nefni ekki Ketilbjörn, barn að aldri, ég má ekki einu sinni til hans hugsa; en einhversstaðar inni í víti bálsins voru þeir nú allir þrír. Og ég hélt ég myndi aldrei líta augu þessa fólks framar, aldrei líta glaðan dag …

Það kom ekki fleira fólk hingað til kirkjunnar og þótt mér liði þannig að ég teldi ljós lífs míns hafa slokknað þá varð ég að reyna að liðsinna þeim sem verst voru haldnir; þarna var brúðurin nýbakaða það blessað barn og lá í hnipri hér í kirkjunni og skalf af ótta og ekka og kreisti duluna sína að mér sýndist og jafnvel illmenni einhver úr liði óvinanna voru að reyna að sýna henni samúð, en svo eru einnig þeir farnir heyri ég og einstaka menn úr nágrenninu hafa hætt sér hingað og koma hér inn í kirkjuna hræddir á svip og horfa hundsaugum á okkur sem björguðumst úr eldinum sem mér skilst að sé farinn að réna og hús öll löngu fallin og einskis lífs frekar þaðan að vænta, en ó vei,

berast mér þá ekki að eyrum undarleg hróp fólks sem ýmist segir húsbóndinn! eða Gissur! og svo er studdur hingað inn maður sem er að mestu hulinn rýjum og skinnum sem fólk hefur kastað yfir hann og hann er ekki eins og maður sem hefur bjargast úr eldi því að hann er bláhvítur af kulda og tennurnar glamra svo í munni hans að undir tekur í kirkjunni og yfirgnæfir sáran grát okkar hinna.

Og nú henti mig það sem fólk segir oftast í hugsunarleysi en lítil alvara fylgir að jafnaði; ég trúði ekki eigin augum. Því að þetta var sjálfur húsbóndinn, og þótt hann væri að koma úr vítislogum eldsins fyrir sakir einhverra kraftaverka sem voru ofar mínum skilningi þá var hann samt svo nákaldur að í svip hvarflaði að mér að það væri einmitt kraftaverkið sjálft: hann væri upprisinn úr köldum greipum dauðans. En hann var svo illa haldinn að ég hélt að á hverri stundu myndi líftóran sem hann þó hafði senn kulna eða slokkna á ný, hann kom ekki upp orði fyrir hæsi og þótt augntóttirnar væru holar og svartar eins og í dánum manni, og sömuleiðis nefið, þá var hann hvítari en allt hvítt, skyrhvítur eiginlega og ég fann meira að segja einhverskonar megna skyrlykt af honum þegar ég fór að reyna að stumra yfir honum þar sem hann hafði hnigið á bekk. Og hann var rennblautur. Ég dró af honum fötin og vafði hann í það litla sem var tiltækt af þurrum klæðum og hann hóstaði og hóstaði og upp úr honum gekk reykjarbræla eða hrein tjara og hann skalf svo fast að ég sá mér ekki annan kost en að leggja brjóst hans yfir læri mín, nógu eru þau stór og mjúk eins og það fólk veit sem fékk mér viðurnefnið garðafylja, og ég klemmdi hann svona milli læranna og brjósta minna, búk hans þar sem hjartað slær því að ef hjartað er kalt þá fær ekkert lifað. Seinna fékk ég auðvitað að vita hvers vegna hann var svona kaldur og blautur; hann hafði skreiðst inn í skyrbúrið sem er handan hinna þykku veggja hússins og þar undir stóru ámunni sem við hellum í undanrennunni og skiljum skyrið frá sýrunni er stampur grafinn í jörðina, fullur af sýru eins og ég best veit sem hef haft með skyrbúrið að gera á heimili Gissurar og Gróu bæði sunnan fjalla og hér norðan, alveg frá því börnin þeirra fóru að koma í heiminn; ofan í kalda sýruna hafði honum einhvern veginn tekist að koma sér. Og á meðan aðrir stiknuðu handan veggjarins skalf hann þar af kulda. Aðeins með nefið uppúr sem var svart af þykkri brælunni sem hann dró að sér …

Ég hélt hann væri dáinn; hann var hættur að hósta, það var eins og hann hefði ekki afl til þess lengur og þótt ég reyndi að hnoða hann og strjúka þá drógu hryglurnar smám saman út og skjálftinn fór rénandi og svo loks þegar hann hætti að skjálfa hélt ég að sá kippur hefði verið síðasta lífsmarkið að fjara út – dauðakippurinn – en ég hnoðaði hann samt æ því meir og lagði allt andlitið upp að hjartastaðnum og blés og sló og fann að enn bærðist eitthvað þar innra. Og svo tók hann aftur að skjálfa og ég fann að hann andaði án þess að hrygldi í honum sem fyrr og svo loks vildi hann brjótast á fætur. Reif sig lausan og stóð upp, en féll um leið á ný. Ég reisti hann upp og hann leit í augu mín og andaði: „Hallfríður, ég verð að finna konuna og synina." Og hann er sterkur og fastur fyrir og ég gat ekkert sagt eða gert annað en hjálpa honum að brölta fram í kirkjudyr og er við opnuðum blasti við honum illa leikið lík eins sonarins, brúðgumans Halls, í einhverskonar blóðrennu í aurnum fyrir utan og bæjarhúsin fallin og andlit nokkurra manna sem úti stóðu og horfðu á Gissur með lamandi óttasvip, eins og þeir væru að horfa á lík, og hann breyttist í það á ný í höndum mínum og var án allra lífsmarka er ég dró hann aftur inn í kirkjuna og reyndi enn sem fyrr að ylja hjartastað hans á milli læra minna og brjósta …

– – –

Gissur dó ekki, hann hætti að skjálfa, það hætti að hrygla jafn mikið í honum, loks rann á hann ein-

hverskonar svefn eða mók, hann var enn á lærum mér og ég þorði mig hvergi að hreyfa, þannig leið tíminn, það varð bjart, það hafði drifið að einhverja menn, sveitunga eflaust; sumir voru farnir að róta í rústum húsanna, sumir voru furðu spenntir yfir öllu saman sýndist mér en andlit þeirra stirðnuðu hratt þegar þeir sáu að það var Gissur sem þarna lá á lærum mér; ég mælti svo fyrir að menn útveguðu honum einhver klæði, þurr karlmannsklæði, og þegar þau voru komin til mín þá opnuðust skyndilega augu hans, þau hvörfluðu hring um kirkjuna og loks mættu þau mínum og þá var eins og hann skildi eitthvað, skildi allt …

Hann settist upp og fór í fötin, stóð svo upp og var svo óstyrkur að ég ætlaði strax að grípa hann, hann benti mér að það væri óþarft, en ég studdi hann samt eða leiddi út úr kirkjunni og út á hlaðið þar sem ekkert blasti við, því að þótt hús geti blasað við þá gera brunarústir það aldrei; fólkið sem dreif að hafði grafið leifar nokkurra manna úr rústunum og þótt flestir væru óþekkjanlegir mátti þó strax þekkja tvö sem höfðu verið lögð sér, lögð á skjöld tvö saman, fataleifarnar leyndu sér ekki eða brynjan sem búkur eins sonanna var steiktur inn í, og Gissur horfði á og ætlaði að segja eitthvað en röddin brast, kannski bara af hæsi, því að þegar hann hafði ræskt sig, og svo aftur og mynduglegar, þá sagði hann furðu stillilegum rómi:

„Hallfríður mín. Hér máttu líta Gróu konu mína og Ísleif son minn".


Án klökkva. En um leið og hann leit undan mátti sjá hagl stökkva úr auga hans, og ég vissi að það var úti um allan frið á Íslandi enn um langa hríð.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvers konar persóna virðist ykkur Hallfríður vera samkvæmt þessu textabroti hér að framan?*
2. *„– Hallfríður mín. Hér máttu líta Gróu konu mína og Ísleif son minn-.*
   Án klökkva. En um leið og hann leit undan mátti sjá hagl stökkva úr auga hans, og ég vissi að það var úti um allan frið á Íslandi enn um langa hríð".
   Hvers vegna telur Hallfríður að nú sé úti um allan frið á Íslandi um langa hríð?
3. *Þorsteinn og Hallfríður lýsa atburðum Flugumýrarbrennu á ólíkan hátt.*
   Hvaða tilfinningar skynjið þið í lýsingu Þorsteins annars vegar og Hallfríðar hins vegar?
4. *Skoðaðu frásögn Hallfríðar af Gissuri og skyrinu. Hvaða áhrif hefur hún á viðhorf þín til Gissurar?*
5. *Veltið fyrir ykkur athöfnum brennumanna. Gerist eitthvað sambærilegt í nútímanum?*
   Er hægt að réttlæta gerðir þeirra?

EINAR MÁR GUÐMUNDSSON (1954)

„Þótt þú siglir um samtíðina /og fljúgir inn í framtíðina /er fortíðin alltaf í farangrinum.“



Stiklur

Einar Már fæddist í Reykjavík árið 1954 og ólst þar upp. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum við Tjörnina og lauk BA prófi í bókmenntafræði og sögu frá Háskóla Íslands. Síðar stundaði hann framhaldsnám í bókmenntafræði við Kaupmannahafnarháskóla. Einar Már hóf rithöfundarferil sinn sem ljóðskáld og gaf út tvær bækur samtímis. Það voru bækurnar *Er nokkur í kórónafötum hér inni?* og *Sendisveininn er einmana* sem komu út árið 1980. Hin síðari ár hefur Einar aðallega skrifað skáldsögur og í þeim hefur hann gert lífinu í Reykjavík góð skil. Fyrir bók sína *Riddara hringstigans* hlaut hann fyrstu verðlaun í bókmenntasamkeppni Almenna bókafélagsins árið 1982 og árið 1995 hlaut hann Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir skáldsöguna *Englar alheimsins,* en hún var kvikmynduð árið 2000.

Efnið sem hér fer á eftir er tekið úr bókunum *Fótspor á himnum* og *Draumar á jörðu* en þær gerast í Reykjavík og Grímsnesi á fyrri hluta 20. aldar. Í bókunum fær lesandinn innsýn í lífsbaráttu íslensks alþýðufólks á þessum tíma og kynnist hinni sáru fátækt sem hrjáði mörg heimili, stéttabaráttunni og baráttunni við berklana svo eitthvað sé nefnt.

Fótspor á himnum

Kafli tíu

Þetta var niðurgrafinn kjallari; dimmur og rakur einsog slíkar vistarverur voru.

Hann var ekki hugsaður sem íbúð heldur geymsla, og þannig var hann notaður síðar.

Dyrnar voru lágar. Aðeins börnin gátu gengið upprétt inn, veggirnir kaldir og votir, loftið kæfandi og þungt.

Ef gluggi var opnaður í logni barst göturykið inn og lék um vit barnanna.

Í hláku og rigningu flæddi vatn niður í kjallarann.

Þú gengur niður tröppur.

Þegar inn er komið ertu staddur á litlum gangi. Við enda hans er lítill eldhúskrókur sem í rauninni er ekki neinn krókur heldur veggurinn þar sem gangurinn endar.

Einar Már Guðmundsson.1995. *Í auga óreiðunnar*. Mál og menning. Reykjavík.

Amma eldar á prímus; hún er ekki með olíueldavél. Inn af ganginum eru tvö herbergi: annað er stofa, hitt svefnherbergi.

Þetta eru lítil herbergi. Í öðru þeirra er kolaofn en enginn í hinu.

Börnin sofa í herberginu, foreldrar þeirra í stofunni. Gólfið í herberginu er heilt, en varla er hægt að stíga á gólffjalirnar án þess að þær brotni. Þá kemur í ljós moldargólf og upp úr götunum skjótast rottur. Þær skjótast milli horna og skríða um herbergið, en enginn sem ég tala við man eftir þeim í stofunni.

„Voruð þið hrædd við rotturnar?“ spyr ég Kára löngu síðar.

„Nei, ég man ekki til þess að við værum hrædd við þær, frekar að við værum vond við þær,“ segir Kári.

Kafli fjórtán

1

Seg þú mér drottinn, hver er þín huggun?

Seg þú mér, hvar er þín sál?

…

Hún stendur í kjallaranum og á ekki neitt nema börn. Hún á ekki mat til að gefa þeim að borða. Hún á ekki föt til að klæða þau. Hún á ekki neitt nema örlítil bros og bænir.

Samanlagt er þetta þó nokkuð, en samt ekki neitt. Brosin geyma sólargeisla í skauti sér og lýsa upp dimma vistarveruna. Bænirnar vekja vonir á himnum og drauma á jörð.

Ég á orð. Ég á tungu.

Ég á huga og sál.

Ég á ókomna daga.

Mín bæn er mitt mál.

Svona speki er ekki hægt að bera á borð fyrir Símon fátækrafulltrúa. Hann vill heyra um mann sem er vondur með víni. Uppistaðan í orðaforða Símonar fátækrafulltrúa eru orð einsog drykkjuskapur, eymd og volæði.

Þau eru eins og leikarar sem þungbúnir arka um sviðið. Hann situr í salnum, en án þess að klappa.

„En hann Ólafur minn er samt vænsti piltur,“ segir amma.

„Leggur hann á þig hendur?“ spyr Símon.

„Nei, ertu frá þér?“ segir hún. „Hann Ólafur gerir ekki flugu mein. Hann er sjálfum sér verstur.“

„En góður við þig?“ segir Símon og horfir á hana.

„Já, vænsti piltur, en sérsinna einsog margir í hans ætt.“

„Hvaða ætt er það?“

„Fiskættin.“

„Og þú getur hugsað þér að búa undir sama þaki og hann?“

„Ég hef gefið honum mitt hjúskaparheit og við það stend ég.“

2

Ganga herðar þínar upp og niður, afmyndast andlit og flæða tár?

Ef svo er sér það enginn.

…

Nokkrum dögum síðar þegar Símon fátækrafulltrúi birtist í kjallaranum, einsog postuli af himnum, var honum bersýnilega brugðið.

Undanfarnar vikur hafði snjóað en nú var hláka. Grýlukertin hrundu niður af þakskeggjum og klakahrönglið var að bráðna.

Í slíkum leysingum flæddi vatnið niður í kjallarann. Símon fátækrafulltrúi stóð allt í einu í jökulkrapa upp að ökklum. Sagginn og dimman þyrmdu yfir hann.

Þetta var einsog þegar náttmyrkrið reis upp úr sálardjúpunum og hvolfdist yfir Símon í skammdeginu og hann sat dofinn og máttfarinn með tómleikann í augunum.

Símon fátækrafulltrúi var klæddur í blankskó og Cheviotfrakka, með svartan hatt á höfðinu. Hann tók hattinn ofan um leið og hann skimaði yfir kjallarann og virti hann fyrir sér einsog skyggn maður.

Börnin sváfu í flatsæng í herberginu, en Símon fátækrafulltrúi sá engar rottur. Þó renndi hann grun í hvað þarna leyndist undir gólffjölum og á milli þilja.

Hann þekkti híbýlin sem Bjössi blikk leigði út, en hafði ekki oft staðið í jökulkrapa og horft um leið í barnsaugu. Ef það var eitthvað sem hreyfði við fjöðrum viðkvæmninnar í hjarta Símonar voru það barnsaugu.

Amma stóð í eldhúskróknum og hitaði kaffi. Hún gat ekki verið þekkt fyrir annað en að bjóða fátækrafulltrúanum upp á lífgrös. Hún hafði fengið skrifað kaffi og sykur hjá Árna kaupmanni.

Árni kaupmaður var farinn að kvarta undan Ólafi sem stundum kom drukkinn í búðina og heimtaði tóbak og annan varning sér til handa, „vegna þess" einsog Árni sagði, „að ég hafi gert yður börn að honum fornspurðum?"

„Þau hefðu þá ekki orðið til ef hann hefði veitt sitt leyfi," sagði amma, kvittaði undir, tók kaffið og fór.

En nú stóð hún í eldhúskróknum og horfði á Símon, á sorgmædd augun og tálgað andlitið. Svo sagði hún: „Þær eiga margar bágt núna, ekkjurnar."

Símoni brá. „Ha, ekki eruð þér orðin ekkja, Guðný?" sagði hann.

„Nei," sagði amma. „Ég er að hugsa um skipskaðana."

„Já, þetta er mikil hörmung," sagði Símon.

„Þrjú skip," sagði amma, meira einsog við sjálfa sig, horfði á vatnið í pottinum á prímusnum og beið eftir að suðan kæmi upp.

„En ég er hér til að hugsa um yður," sagði Símon.

„Það er nú óþarfi að þéra mig," sagði amma, „en mér þykir þú voldugur að ætla að hugsa um mig."

„Hver gerir það annars?"

„Drottinn," sagði amma. „Ég bjarga mér ef guð fær að ráða."

„Það er nú spurning hve ráðríkur hann er um þessar mundir," sagði Símon og tók að virða fyrir sér börnin, en þau voru inni af því þau áttu ekki skó á fæturna og komust ekki út þegar kalt var í veðri eða blautt.

Ólafur pabbi minn var kornabarn og lá í rúmi móður sinnar, fölur, kaldur og svangur. Hann hóstaði stanslaust og var skinhoraður.

Amma hafði troðið tuskum og blöðum í rifur, en kuldinn smaug inn.

Símon fátækrafulltrúi hripaði niður á blað og hugsaði, svo yfirvegaður og þungbúinn að amma þorði ekki að yrða á hann.

Halli og Ívar voru farnir, einnig Gummi sem síðar varð lögregluþjónn og sérfræðingur í málefnum Kína; hann var tekinn í fóstur og segir í óprentuðum endurminningum sínum: „Ég fór svolítið aðra leið en systkini mín, en útkoman varð nokkuð svipuð."

Símon hélt áfram að hugsa: Ólafur pabbi minn, Finnur og Sæunn voru ansi ung, en svo voru það hin þrjú: Kári, Ragnar og Sigrún, ansi mannvænleg börn.

Símon kinkaði kolli, hripaði niður og hélt áfram að hugsa.

Kári og Ragnar horfðu á fátækrafulltrúann einsog dularfullt fyrirbæri, sögupersónu frekar en raunverulegan mann, en Sigrún var hrædd við hann og fór að hágráta um leið og hún sá hann.

„Ég fann að hann var kominn til að taka mig frá mömmu," sagði hún síðar.

Svo fór Símon að spyrja Guðnýju um heilsufar barnanna og fleira.

„Nei, þeim verður aldrei misdægurt," sagði Guðný, „nema hann Óli litli, hann virðist vera óttaleg písl, og svo hann Ívar, hann hefur oft verið lasinn, en það er búið að koma honum fyrir."

Þannig spurði Símon fátækrafulltrúi og Guðný svaraði, en þá mundi hún allt í einu eftir kaffinu; lífgrösunum sem voru sérstaklega ætluð fátækrafulltrúanum.

En um leið heyrist dynkur, hröð skref og dynkur. Einhver veltur niður tröppuþrepin. „Tröppubjálfar! Holuræksni!"

Þetta er rödd drukkins manns. Næst er kjallaradyrunum hrundið upp. Og viti menn: Ólafur stendur dauðadrukkinn á gólfinu.

Hann horfir á Símon einsog ranghugmynd eða sjónhverfingu og getur ekki staðsett hann í hugarheimi sínum af því Símon er ekki fiskur sem metinn er til útflutnings.

„Höfum við hist í Grimsby?“ segir Ólafur, því hann rámar í svona snyrtilega klædda menn á götunum þar. „Eruð þér fisksali?“ bætir hann svo við og hikstar.

Skeggbroddarnir spretta út úr andliti Ólafs. Augun eru blóðhlaupin og rauð. Hann hefur misst tönn í áflogum við áflogahunda í miðbænum.

„Nei, ég hef aldrei komið til Grimsby,“ segir Símon, „og ég er heldur ekki fisksali.“

„Þér eruð þá flagari?“

Afbrýðisemin gat orðið slík að hárin risu á höfði Ólafs og hann varð einsog broddgöltur.

„Nei,“ segir Símon. „Ég heiti Símon og starfa sem fátækrafulltrúi.“

Hann snýr sér að afa og þeir horfast í augu.

Skömmu síðar fór Símon.

Kári stóð við dyrnar einsog dyravörður og hleypti fátækrafulltrúanum út. Ragnar stóð fyrir aftan hann, höfðinu hærri, en Sigrún hékk í pilsi móður sinnar og hágrét.

Rauðleitt skýjafar ljósaskiptanna glampaði í krapanum. Þögul dulúð var að færast yfir vesturbæ Reykjavíkurborgar.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Veltið fyrir ykkur lýsingunni á aðstæðum fjölskyldunnar og setjið ykkur í spor Símonar og segið frá heimsókninni í kjallarann. Þið getið t.d. haft textann í dagbókar- eða skýrsluformi.*
2. *Teljið þið að einhverjir búi við sambærilegar aðstæður í dag?*

5

Séra Sigtryggur tók á móti Ragnari með þeim þóttasvip sem aldrei hvarf af andliti hans og var því ekki tákn um neitt sérstakt.

Séra Sigtryggur var hvapholda, munnvikin eins- og beygður teinn og kinnarnar útblásnar.

Hann virti Ragnar fyrir sér. „Sending úr Reykjavík, já, já,“ sagði hann og kyngdi orðunum einsog vondum mat.

„Mamma mín er héðan,“ sagði Ragnar.

„Og hefði betur aldrei farið,“ sagði séra Sigtryggur.

Hann horfði út í loftið en síðan beint framan í Ragnar og sagði: „Og þá hefðir þú heldur aldrei komið.“

Það var einsog að stökkva vatni á gæs að tala niður til Ragnars. Hann horfði á séra Sigtrygg og sagði: „Hvað veist þú um það?“

Séra Sigtryggur ansaði ekki, heldur kallaði á ráðsmanninn: „Friðrik!“ sagði hann. „Sýndu drengnum sinn stað og fáðu honum starfa.“

Ragnar var strax settur til starfa en lestri, skrift og annarri námsiðkun í litlu sinnt. Friðrik ráðsmaður lét hann sofa í sama rúmi og hann. Friðrik hrifsaði til sín sængina. Þegar Ragnar tók til sín sæng sparkaði Friðrik í hann en varð hissa þegar Ragnar sparkaði á móti.

Ragnar var við fjósastörf og gegningar, en þegar sinna átti náminu á kvöldin var hann svo úrvinda og þreyttur eftir erfiði dagsins að hann sofnaði yfir bókunum.

Þá sagði séra Sigtryggur: „Þú ert skussi.“

Við þessi orð varð Ragnar reiður og espaðist, því hann var ekki bara hávaxinn, bráðþroska og sterkur, hann var líka skapbráður.

Þá sagði séra Sigtryggur: „Þú ert ekki bara skussi, þú ert baldinn skussi.“

Þegar menn komu og spurðu hvernig lestrarkunnáttan væri hjá gáfnaljósinu hennar Guðnýjar, hló prestur og sagði að hann sæi ekki mikið ljós í þeim gáfum.

„Hann sofnar í hvert sinn sem ég reyni að berja inn í hann stafina," sagði prestur, „en það er ekkert einsdæmi með þessa Reykjavíkurdrengi."

Á Einarsvöllum voru vinnumenn og vinnukonur og nokkur önnur tökubörn, bara drengir.

Friðrik ráðsmaður sá til þess að þeim félli ekki verk úr hendi en á matmálstímum, þegar ráðskonan setti stóra matarskammta fyrir hann, var oft naumt skammtað handa Ragnari og öðrum tökudrengjum.

Þá sögðu þeir eldri og reyndari: „Og helvítis kvikindin, þeir fá fullt af peningum með okkur frá borginni og tíma svo ekki einu sinni að gefa okkur að éta."

Sín á milli töluðu drengirnir um að kveikja í kirkjunni, jafnvel drepa séra Sigtrygg og Friðrik ráðsmann, en þetta voru aðeins hugarórar vannærðra stráka sem reknir voru áfram með harðri hendi, voru aldrei kallaðir annað en skussar og trassar, stöðugt minntir á hvaðan þeir komu og hverjir þeir voru.

Margir tökudrengjanna áttu eftir að lenda á glapstigum, í afbrotum og óreglu, en sú var skoðun séra Sigtryggs að svona væru þeir að upplagi; forhertir villingar úr forarvilpunni Reykjavík, afkomendur drykkjumanna og aumingja, dæmdir til að ganga sömu leið, því drottinn hefur ekki velþóknun á öllum, jafnvel þó hann taki þá til sín þegar þar að kemur.

Tíminn leið, en hann leið hægt.

Ragnar hafði verið á Einarsvöllum í Reykárhreppi í fjögur ár. Hann hætti að hlýða, var baldinn og erfiður viðureignar, með stöðugan uppsteyt. Ragnar gerði allt til að reita Friðrik ráðsmann til reiði.

Kvöld eitt skipaði Friðrik honum að sækja kýrnar: „Sæktu kýrnar, skussi!" sagði hann, en Ragnar sat grafkyrr og hreyfði sig ekki.

Þegar Friðrik ítrekaði skipun sína sneri Ragnar sér að honum og sagði: „Hvað varðar mig um þessar beljur þínar?"

Nú reis Friðrik upp og ætlaði að berja Ragnar, en Ragnar vatt sér undan honum og hljóp út. Friðrik elti hann og þegar hann náði honum slógust þeir.

Friðrik hafði Ragnar undir, en það kom honum á óvart hve sterkur Ragnar var. Svo fór að Ragnari tókst að fleygja ráðsmanninum ofan af sér og hlaupa burt.

Ragnar hljóp í áttina að hlöðunni og prílaði upp á þak hennar. Friðrik sótti prik og prílaði þangað líka.

Þeir stóðu hvor andspænis öðrum. Friðrik beitti fyrir sig prikinu og pikkaði í Ragnar. Ragnar reyndi að ná taki á prikinu en hörfaði um leið aftur á bak og datt niður af þakinu og rotaðist.

Ragnar var fluttur inn í bæ. Hann fann mikið til í bakinu. Hann lá rúmfastur í þrjá daga, en þá var honum skipað að ganga til sinna starfa. Hann var enn aumur í bakinu en Friðrik ráðsmaður sneri upp á eyrun á honum ef hann kveinkaði sér.

Ragnar var löngu hættur að reyna að læra og séra Sigtryggur gerði enga athugasemd við það.

Ragnar hugsaði aðeins um eitt: að komast burt og einn morguninn var hann horfinn.

Hans var leitað um allan Reykárhrepp en hann fannst hvergi. Skilaboðum var komið í bæinn og boð látin ganga út í næstu hreppi.

Ragnar var eins og farfugl.

Hann hélt út í haustkaldan eyðileikann og hvarf.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

„ Margir tökudrengjanna áttu eftir að lenda á glapstigum, í afbrotum og óreglu, en sú var skoðun séra Sigtryggs að svona væru þeir að upplagi; forhertir villingar úr forarvilpunni í Reykjavík, afkomendur drykkjumanna og aumingja, dæmdir til að ganga sömu leið, því drottinn hefur ekki velþóknun á öllum, jafnvel þó hann taki þá til sín þegar þar að kemur."

1. *Hvað finnst ykkur um afstöðu séra Sigtryggs? Eru aðrar og fleiri ástæður fyrir því að fólk lendir utan garðs eða eru þetta nægilegar skýringar? Getur verið að menn eins og séra Sigtryggur beri einhverja ábyrgð? Rökstyðjið svarið.*

Draumar á jörðu

2

Þeir voru til sem héldu því fram að það rigndi alltaf þegar tökubörn voru flutt burt, en þeir sömu vissu ekki hvort það var þjóðfélagslögmál eða náttúrulögmál.

…

Pabbi var ekki nema fimm ára þegar hann kvaddi kjallaraholuna við Sjómannastíginn og hossaðist í hestvagni yfir Hellisheiðina á leið til vandalausra.

Þá vildi svo til að enginn bíll var tiltækur og því var notast við hestvagn í eigu borgarinnar.

Hestvagn þessi hafði verið notaður við líkflutninga í spönsku veikinni, en nú var tæpur áratugur frá því hún gekk um garða og stráfelldi íbúa höfuðstaðarins.

Það rigndi daginn sem pabbi fór. Skýin tættust um himininn. Regnið buldi á veginum.

Það var vor og hláka, snjórinn á förum, en annars voru engir á ferli nema svipir framliðinna og hrafnar sem krunkuðu í innviðum þokunnar.

Amma var með pabba.

Hún hélt í hönd drengsins síns og horfði út í loftið, áhyggjufull einsog heimurinn, og sá fyrir sér fjarlægar bergsyllur. Einhver grámi umlukti allt og minnti á sorgmædd augu fátækrafulltrúans.

Svona var landið.

Amma þekkti engin önnur lönd nema af frásögnum, en þær voru svo ótrúlegar að þær gátu ekki verið sannar, einsog sögurnar sem afi sagði henni og gerðust flestar í Grimsby.

Pabbi sat með lítinn fatapakka í fanginu og var í tvennum leistum. Skórnir hans voru af Finni, bróður hans, sem var tveimur árum eldri.

Ekilinn hét Jónas og var á vegum hins opinbera. Hann var sjálfur hálfgerður bónbjargamaður með fullt hús af börnum. Þunnt hár hans lagðist blautt yfir ennið. Í kringum augun voru þreytulegar hrukkur og stórskorið andlitið var rjótt. Í huga hans ómuðu dapurleg ljóð, órímuð eins og veruleikinn.

Það var sagt að fátækt fólk liði einsog ský yfir landið og skildi hvergi eftir sig skugga.

Jónas spurði einskis en talaði um tíðina og regnið.

„Hann rignir," sagði hann.

„Mér finnst einsog það rigni í öllum heiminum," sagði amma.

„Nema í eyðimörkunum," sagði Jónas og amma horfði út í þokuna og sá fyrir sér hirðingja úr Biblíunni.

Hún hélt í höndina á drengnum, rjóð af kulda og bleytu. Hann var níunda barnið á leiðinni burt. Sítt svart hár hennar féll niður kinnarnar og lagðist blautt yfir axlirnar, en pabbi horfði út í regnið og þokuna.

Þar var ekkert að sjá.

Enginn mosi, ekkert hraun.

Ekkert framundan nema óvissan.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Lesið textann vel og skrifið síðan u.þ.b. 80–100 orða frásögn í 1. persónu frá sjónarhóli drengsins (pabbans), móðurinnar eða ekilsins.*
2. *„Það var sagt að fátækt fólk liði einsog ský yfir landið og skildi hvergi eftir sig skugga." Hvaða viðhorf gagnvart fátækum birtast í þessari línu? Eru þau jákvæð, neikvæð eða hlutlaus?*

Kafli tólf

1

Uppi á hól, skammt frá læknum sem Sæunn spurði Hönnu húsfreyju hvort væri sjórinn, stóð bærinn Fífl-holt. Vestan við hann risu stuðlabergsstapar, en við lækinn voru brattir ásar með mýrasundum á milli. Þar var líka tjörn sem fraus á vetrum.

Lengra í burtu tóku við tún. Þar var landið sléttara og skiptust á móar og mýrlendi.

Sveinn bóndi var þrekvaxinn maður og rauð-birkinn, nokkuð þungur á að líta og dulur, enda sá Sveinn fram í tímann og dreymdi oft drauma sem hann átti erfitt með að trúa öðrum fyrir.

Það var ekki aðeins vegna þess hve dulur hann var heldur voru draumarnir sjálfir oft ruglingslegir og fullir af táknum og viðvörunum sem í frásögn hefðu hljómað fáránlega og jafnvel flokkast undir tortryggni.

Þó komu draumar þessir oft fram, en þá var jafn-an of seint að nýta visku þeirra, enda hafði Sveinn það stundum á tilfinningunni að á bænum hvíldu álög sem bitnuðu á honum og hans fólki.

Sveinn gekk þögull til verka sinna með kaupa-fólki og vinnumönnum, en sat annars við lestur og skráði stundum eitthvað hjá sér sem hvergi er um getið hvað var.

Þetta var einsog hjá Gumma löggu í Gufudals-hólum: Á vetrarkvöldum var setið við tóvinnu í bað-stofunni. Þá las Sveinn upphátt úr fornsögum og postillum og fór með gömul ljóð. Sæunn hélt lengi vel að Sveinn hefði ort þau sjálfur, en þetta voru gömul og sígild kvæði, og þegar hún heyrði þau seinna minnti þau hana á Svein.

Sveinn bóndi og Hanna húsfreyja áttu tvö börn, Sigrúnu sem hét í höfuðið á systur Hönnu, og Baldur sem var lífsglaður strákur. Hann var rauðhærður einsog Sæunn, en ekki með koparrautt hár einsog hún, heldur eldrautt.

Þá þótt ekki fínt að vera rauðhærður, en svo fóru leikkonurnar að vera rauðhærðar og þá var allt í lagi að vera rauðhærður, enda var alltaf verið að vegsama hárið á Sæunni eftir að hún var komin á **hælið**.

Sigrún var ári yngri en Sæunn en Baldur tveimur. Þetta voru hraust og falleg börn og þóttu greind einsog faðir þeirra, en þótt Sæunn léki við þau skynj-aði hún þau aldrei sem systkini sín.

Hanna húsfreyja talaði öðruvísi við hana en sín eigin börn. Sæunn var oft í vafa um hverjum hún til-heyrði. Hún var ekki systir systkinanna og systkini sín í sveitinni sá hún aldrei, nema Ragnar í þetta eina sinn sem hann kom hjólandi.

Einhverju sinni var hún að leik með systkinunum úti í snjónum. Þegar þau komu inn hlýjuðu þau sér við hlóðasteinana í eldhúsinu.

Um leið gekk Hanna inn. Hún var tíguleg kona, hávaxin með mikið hár sem féll slegið yfir herðarnar.

„Hvað ert þú að glænepjast úti í kuldanum?“ sagði hún við Sæunni með hörkusvip í andlitinu.

Sæunn svaraði engu.

„Þú slítur skónum sem eiga að endast,“ sagði Hanna.

Síðan leit hún á börnin sín, en hafði engin orð um skófatnað þeirra.

Svo var það öðru sinni á haustdögum. Hanna hafði farið í kaupstaðinn þar sem hún keypti sér slæður og klúta og kom heim með sætindi handa börnunum.

Sæunn stóð úti í horni og horfði á Sigrúnu og Baldur gæða sér á sælgætinu, en henni var ekki boðið neitt.

Hún bældi niður grátinn, en tárin runnu samt niður vangana. Á slíkum augnablikum mundi hún göngutúrinn að sjónum og móður sína í bænum. Hún sá mynd hennar flökta fyrir augunum eins og loftanda.

Þegar sætindin voru búin horfði Hanna á Sæunni.

hælið: Berklahælið á Vífilsstöðum

Eitt andartak var einsog hún sæi eftir að hafa ekki boðið henni með þeim, því sætindin voru ekki eins merkileg þegar þau voru búin.

„Farðu fram í eldhús og skafðu pottinn," sagði hún við Sæunni. „Þú mátt eiga skófirnar."

Í eldhúsinu mætti hún Sveini. Sveinn sá að hvarmar hennar voru votir. Hann beygði sig niður að Sæunni og horfði í augu hennar.

„Hvað er að, litla stúlka?" sagði Sveinn.

Sæunn reyndi að segja sem minnst, því hún óttaðist vöndinn, vöndinn í höndunum og vöndinn í augunum, en í gegnum ekkasogin skildi Sveinn atburðarásina. Í huga hans varð hún að ljóslifandi frásögn.

Sveinn stóð upp og gekk yfir í baðstofuna þar sem Hanna og börnin sátu.

Hann stóð lengi kyrr og horfði á þau þungur á brún.

Hanna horfði á móti, en börnin litu niður.

Sveinn stóð kyrr allan tímann og sagði ekki neitt, en það voru stór orð ef marka mátti þögnina.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *„ Sveinn stóð upp og gekk yfir í baðstofuna þar sem Hanna og börnin sátu.*

   Hann stóð lengi kyrr og horfði á þau þungur á brún.

   Hanna horfði á móti, en börnin litu niður.


   Sveinn stóð kyrr allan tímann og sagði ekki neitt, en það voru stór orð ef marka mátti þögnina."

   Hvernig er þeim innanbrjósts, Hönnu og börnunum? Segir háttarlag þeirra eitthvað til um hugsanir þeirra og afstöðu til Sæunnar?

2. *Hvað segja þessi textabrot um stöðu tökubarna á fyrri hluta 20. aldar?*

ÓSKAR ÁRNI ÓSKARSSON (1950)

„Og starfið er ekki slæmt. Að vakna á morgnana og þurfa ekki að mæta á neinn sérstakan stað til að stimpla sig inn af því maður er alltaf í vinnunni: í göngutúrnum, í Hafnarfjarðarstrætó, á kaffihúsinu, í bókabúðinni, í heimsókn hjá frænku.“



Stiklur

Óskar Árni fæddist í Reykjavík árið 1950 og ólst upp í Þingholtunum. Hann gekk í Miðbæjarskólann og stundaði síðar nám við Samvinnuskólann að Bifröst. Á unglingsárunum fékk Óskar Árni áhuga á ljóðlist. Framan af rithöfundarferlinum fékkst hann fyrst og fremst við ljóðagerð og ljóðaþýðingar en síðar tók hann einnig til við að skrifa stutta prósa, svokallaðar örsögur og minningabrot. Árið 2006 hlaut Óskar Árni Ljóðstaf Jóns úr Vör fyrir ljóðið Í bláu myrkri en verðlaunin eru árleg ljóðlistarverðlaun. Textarnir sem hér fara á eftir eru teknir úr bók hans *Skuggamyndir úr ferðalagi* en í henni segir Óskar Árni frá ferðalagi sínu á slóðir forfeðra sinna og fléttar saman við minningabrot og frásagnir sem tilheyra fjölskyldunni.

Borðið

Yfir eldhúsborðið heima á Bergstaðastrætinu var alltaf breiddur köflóttur plastdúkur. Þetta var gamalt tréborð með sterklegum fótum. Á borðplötunni var stór dökkbrúnn blettur. Borðið var komið frá Stefaníu ömmu minni, hún hafði verið með það í síldarbrakkanum á Siglufirði þegar fóturinn var tekinn af Stebba syni hennar. Hann var þá á tólfta ári, hafði fæðst með krepptan vinstri fót sem berklar komust síðar í. Þetta hefur verið veturinn 1920. Hann var orðinn fársjúkur og sent var eftir héraðslækninum, Valdimar Steffensen, sem þá sat á Akureyri. Til að bjarga lífi drengsins varð að taka fótinn af. Stebba litla var gefið morfín í æð, síðan var hann lagður á borðið og læknirinn sagaði fótinn af rétt undir nára. Stefanía hélt drengnum sínum föstum á meðan. Aðgerðin tókst vel miðað við aðstæður en morfínbirgðirnar sem til voru dugðu skammt. Næstu daga bárust ópin í drengnum um plássið. Nágrannarnir vissu hvað gerst hafði og mörgum varð ekki svefnsamt fyrstu næturnar eftir að fóturinn var tekinn. Smám saman varð lengra milli hljóðanna og nýr skammtur af morfíni barst frá Akureyri. Amma náði aldrei að

hreinsa blóðblettinn af borðinu, blóðið úr drengnum hafði sokkið djúpt ofan í viðinn. En Stefanía og börnin hennar héldu samt áfram að leggja diskana sína á þetta trausta tréborð. Stebbi náði sér furðu fljótt og var smíðuð handa honum tréhækja sem hann hoppaði á um bryggjurnar, hann datt margoft í sjóinn en flaut alltaf upp á hækjunni eins og hann glettist með síðar. Hann var snemma knúsaður mikið af kvenfólkinu og bar jafnan glitrandi síldarhreistur í dökkum hárlubbanum eftir faðmlögin.

Lárviðarlauf

Bragðið af lárviðarlaufinu kveikir alltaf blik í augum hans.

„Í gamla daga þegar ég var strákur norður á Siglufirði, hafði mamma Stefanía mig oftast með sér niðrá bryggju þar sem hún stóð liðlangan daginn á kafi í síld og saltaði. Í pakkhúsi upp af bryggjunni var geymdur haugur af lárviðarlaufi sem Svíarnir notuðu í kryddlög. Stundum þegar ég var orðinn lúinn og augnlokin tóku að þyngjast sendi mamma mig til karlanna í pakkhúsinu sem glottu góðlátlega við og slöngvuðu mér upp á hauginn. Síðan sópaði ég laufinu yfir mig og sofnaði alsæll undir grænni lárviðarsæng. Grútarlyktin hvarf úr vitunum og þegar ég vaknaði hljóp ég eins og ilmandi kryddbaukur um bryggjurnar. Ætli séu ekki ein áttatíu ár frá því þetta var," segir pabbi og stingur gafflinum í síldina.

Kamar

Handan við grjótvegginn sem aðskildi bakhúsalóðirnar stóð útikamar, sennilega einn af örfáum sem enn voru í notkun í Reykjavík á sjötta áratugnum. Það var gömul kona, ævaforn fannst okkur krökkunum, sem notaði kamarinn. Hún reykti pípu og reykstrókarnir stóðu út um kringlótt gatið á kamarhurðinni. Á morgnana mátti sjá hana skvetta úr hlandkoppnum yfir rabarbarareitinn undir húsveggnum, og það þurfti kjark til að ræna þessum eldrauða rabarbara og láta sem ekkert væri fyrir framan stelpurnar meðan maður smjattaði á stönglinum.

Skuggamyndir úr ferðalagi 2008

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvaða tilfinningar vekja þessar frásagnir?*
2. *Textarnir þrír eru minningabrot frá höfundi sjálfum eða fjölskyldu hans. Reynið þið nú fyrir ykkur og greinið frá atburði sem þið hafið upplifað eða heyrt af. Athugið að kjarni frásagnarinnar getur einnig verið lýsing, mannlýsing eða staðarlýsing. Látið söguna t.d. byrja og enda á sama stað eða við sömu aðstæður líkt og í sögunni Lárviðarlauf.*

KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR (1949)

„Ég hef velt því fyrir mér hvort auknar vinsældir ævisagna hin síðari ár megi rekja til skorts á stórrómönum. Lífið er skrautlegra en skáldsagan og með manninum býr þörf fyrir að sjá sjálfan sig og líf sitt í skáldverki.“



Stiklur

Kristín Marja fæddist í Hafnarfirði 21. janúar 1949 en býr nú og starfar í Reykjavík. Hún útskrifaðist frá Kennaraskólanum 1970 og lauk BA prófi í þýsku og íslensku frá Háskóla Íslands 1991. Kristín kenndi í 13 ár en sneri sér síðan að blaðamennsku. Árið 1995 hófst rithöfundarferill hennar með útkomu skáldsögunnar *Mávahlátur* en hún hefur nú bæði verið kvikmynduð og sett á svið. Fjórða bók Kristínar, *Karitas án titils,* segir frá lífsbaráttu fátækrar fjölskyldu við upphaf tuttugustu aldar og árið 2007 kom út sjálfstætt framhald sögunnar, *Óreiða á striga*. Hér á eftir fer brot úr *Karitas án titils* en í þessu textabroti er fjölskyldan nýkomin til Akureyrar og Karitas ber ábyrgð á húshaldinu meðan aðrir vinna á síldarplaninu.

Karitas án titils

Miðnætursólin speglaði sig í rúðunum en ísinn sem lónaði við innsiglinguna lét sem árstíðin væri honum óviðkomandi, sýndi ekki á sér fararsnið þótt komið væri fram í júlí. En fiskistúlkunum hafði hitnaði í hamsi, þær voru hættar að vaska og breiða en komnar í **akkorð** með handleggi og stundum höfuð líka ofan í síldartunnum. Sögur fóru af fjörinu á söltunarplaninu en Karitas fékk ekki að salta þótt hún sárbæði móður sína um að lofa sér að vera með. Hennar væri þörf heima við, sagði Steinunn og fannst það ótækt að hafa engan í húsverkunum á svo stóru heimili. Milli þess sem Karitas færði fjölskyldunni kaffi og mat niður á síldarplan stóð hún í stórþvotti og þurfti að auki að seyða rúgbrauð enda þótt tvær fínar brauðbúðir væru í bænum. Spara, sagði móðir hennar oft í viku og lá á hverri krónu eins og ormur á gulli.

Með síldarsöltuninni lifnaði bærinn við svo um munaði og umsvifin voru slík að aðkomumönnum fannst sem þeir væru staddir í stórborg. Á bryggjunni var allt í hers höndum, karlar veltu tunnum, brýndu hnífa og hlupu hrópandi og kallandi á milli síldarstúlknanna sem höfðu ekki undan að salta, sama hversu mjög þær hömuðust, strákar roguðust með

Bókmenntavefurinn: Frá höfundi. www.bokmenntir.is

akkorð: ákvæðisvinna, vinna sem er greidd eftir afköstum ekki tíma.

hjólbörur og köstuðu síldinni upp í stampana og útgerðarmennirnir rigsuðu um með hatt og vindil í öðru munnvikinu. Síldarhaugarnir hlóðust upp og tunnurnar urðu að ókleifum fjöllum. Pollurinn fylltist af síldarbátum og ekki síður af gufuskipum sem gáfu frá sér torkennileg hljóð. Á götum bæjarins var **atgangurinn** ekki minni, verkamenn grófu vatnsveituskurði og kepptust við að keyra möl í göturnar sem voru ein aurleðja eftir hlákur og rigningar, keyrarar fóru hratt yfir með skröltandi hestvagna sína, húsmæður roguðust með vatnsfötur eða voru á þönum milli húsa og verslana og börn voru að leik í hverju porti. Á hlaupum sínum til og frá síldarplaninu taldi Karitas yfir fjörutíu verslanir í bænum. Stundum eftir að hún hafði fært þeim niðri á plani mat og kaffi tók hún í hönd Péturs litla og leyfði honum að berja augum dýrðina í búðargluggunum. Sjálf gat hún staðið endalaust fyrir framan sápuhúsið. Ferskan unaðsilminn lagði út á stétt og í hvert sinn sem einhver fór inn eða kom út stillti hún sér upp fyrir framan dyrnar og teygaði að sér sápulyktina með lokuð augu. Sápurnar og droparnir í gluggunum voru frá öllum heimshornum og í öllum regnbogans litum, hún sá citrondropa og mandel, marseillessápu og meira að segja ítalskt þvottaduft. Hún velti því fyrir sér hvernig væri að þvo upp úr ítölsku þvottadufti og hugurinn fór á flug yfir hafið og suður á bóginn og hún reyndi að ímynda sér hvernig ítalskar konur þvægju þvottinn sinn, notuðu þær þvottabretti og skrúbb eins og hún? En Pétur litli hafði engan áhuga á ítölskum þvotti og togaði hana norður til Íslands aftur, teymdi hana í burtu þegar honum fannst nóg komið af sápunni, hugur hans stefndi í búðina þar sem barngóði kaupmaðurinn átti það til að vigta fíkjur og döðlur fyrir einseyring ef efnalitlir lagsmenn áttu í hlut. Það voru ekki aðeins umsvifin á höfninni og gufuskipin sem gáfu bænum borgarbraginn, nöfn verslananna, sem hétu Hamborg og Edinborg og París, gáfu til kynna að hér byggju heimsborgarar sem gengju á dönskum skóm.

Einn dag í sumarblíðunni þegar hún fann hvergi Pétur og fór að leita hans sá hún heimsborgarana, eins og móðir hennar nefndi **siglda menn** á leðurskóm. Hún heyrði í krökkum nálægt fínu húsi sem stóð undir brekkunni og stefndi á hljóðið, en áður en hún vissi af var hún stödd við grindverk unaðslegs gróðurreits þar sem uppábúið fólk sat við dúkað borð úti í sólskininu og sötraði te og kaffi með litlafingur út í loftið. Hún starði bergnumin á herlegheitin og hvert smáatriði festist í kolli hennar. Hvíti dúkurinn, rósóttu bollarnir, silfurkannan, staupin, vindlakassinn, karlar voru í vestum, konur í hvítum blússum með dökka silkislaufu um hálsinn, hver einasti maður á dönskum skóm. Reimuðum leðurskóm. Fólkið sá hana ekki þar sem hún stóð bak við tré og nuddaði laufblað sem í leiðslu. En á henni hvíldu hins vegar augu úr annarri átt. Fagureygði snáðinn stóð fyrir aftan hana og mændi á hana sem fyrr. Hvað ert þú að gera hér? hvæsti hún lágt og braut grein, svo mjög var henni brugðið. Hann fór ofan í vasa sinn, dró þegjandi upp tindáta sem hann rétti henni og tók svo á rás. Hún geymdi tindátann í svuntuvasa sínum í marga daga, dró hann stöku sinnum upp og velti því þá fyrir sér hver þessi mállausi krakkaormur gæti verið. Svo gleymdi hún honum, en myndunum úr garðinum gleymdi hún ekki. Hún nefndi þó ekki garðveislu fyrirfólksins við þau heima enda þótt hana dauðlangaði að segja frá dúkaða borðinu og leðurskónum, sagði aðeins: þetta var alveg rétt hjá þér mamma mín, það er heilmikill gróður í þessum bæ.

Þegar söltunarstúlkurnar fóru úr olíupilsunum var oft orðið framorðið. Þrátt fyrir verki í öllum liðum gengu systurnar hnarreistar upp á fiskloftið að söltun

atgangur: hamagangur, fyrirgangur

sigldir menn: þeir sem höfðu farið víða, siglt til annarra landa

lokinni, einkum Bjarghildur sem fannst hún vera yfir Karitas hafin, enda vinnandi kona sem færði björg í bú meðan yngri systirin dundaði sér við að sjóða grauta. Í og með fannst henni Karitas hafa það fullgott yfir daginn og til að sýna vandlætingu sína og yfirburði hafði hún það fyrir sið þar sem þær sváfu saman í kojunni að gefa henni gott spark í sköflunginn fyrir svefninn. Bræðurnir, sem mokuðu síldinni upp úr bátunum og höfðu hærri laun en þær því þeir voru karlmenn, eða töldust til þeirra að sumu leyti, voru hins vegar ekki með neitt **stærilæti**, þökkuðu henni með kossi fyrir að skola úr sokkunum þeirra. Þótt systurnar nefndu það ekki voru þær þó fegnar að fá þjónustuna ekki síður en móðir þeirra og bræður, enda var hæpið að þær gætu þvegið af sér sjálfar eins og hendur þeirra voru útlítandi. Þær voru með síldarsár allar þrjár og þótt Steinunn makaði á þær júgursmyrsli náðu þær ekki að jafna sig yfir blánóttina. Húðin á höndum þeirra var soðin eftir **átu**, bleytu og salt sem léreftsvettlingar voru ónýtir gegn og þegar rauðu blettirnir höfðu myndast fór skinnið að étast af svo saltið gat sogið sig inn að beini. Eftir nokkrar saltanir kjökruðu þær af kvölum í kojum sínum. Samt máttu þær ekki heyra annað nefnt en að þrauka og þrátt fyrir sárin skelfilegu og ódauninn sem lagði af flíkum þeirra og hári var ekki beinlínis ólund í þeim. Það gerði fjörið á síldarplaninu og gróðavonin. Síldin þýddi uppgrip sem engin heilvita kona gat sleppt.



Þegar skipin urðu að hætta veiðum í nokkra daga til að sár söltunarstúlkna fengju að jafna sig taldi Steinunn aurana sína. Systkinin höfðu aldrei séð krónu af launum sínum, það var móðirin sem náði í þau á borgunardegi, en það lifnaði yfir þeim þegar hún skýrði frá hvernig aurunum yrði varið. Þau voru komin í koju en hún sat við borðið og raðaði krónum og aurum upp í súlur í kvöldsólinni og systkinin hölluðu kolli sínum fram á bríkina og fylgdust gaumgæfilega með talningunni. Þegar hún hafði talið og tyllt súlunum fyrir ofan stílabók sem hún hafði opna fyrir framan sig horfði hún hugsi út og sagði: við þurfum að safna miklu fyrir haustið. Ég verð að fá betra húsnæði, kaupa rúm og máski borð og stóla og borga stílabækur. Svo verð ég að láta smíða á ykkur leðurskó.

Hjörtu systkinanna tóku kipp, þau umturnuðust innra með sér og sneru sér á alla kanta í kojunum. Ef við verðum dugleg og sparsöm ætti það að takast en við megum engu eyða. Ekki krónu. En ef ykkur vanhagar sáran um eitthvað, sagði hún og beindi orðum sínum til eldri barnanna án þess að líta beint á þau, getið þið reynt að leita til mín. Þá heyrðist úr

stærilæti: , stolt, dramb, að vera stærilátur
áta (í fiski): svif og önnur sjávardýr eða gróður sem fiskafæða, innihald fiskmaga

koju elstu systurinnar sem hafði ekki getað strokið framan úr sér áður en hún gekk til náða vegna sára á höndunum; mig vantar aura fyrir sápu.

Í bítið daginn eftir hélt ekkjan af stað með barnahópinn í halarófu til skósmiðsins. Systkinin gengu hátíðlega eins og gatan væri kirkjugólf og þau í þann veginn að mæta sjálfum guðdóminum, og þau þorðu ekki einu sinni að ræskja sig, svo mjög óttuðust þau að móður þeirra snerist hugur ef eitthvað yrði til að trufla einbeitta göngu hennar. Þetta var ein stærsta stund lífs þeirra. Aldrei hafði þeim til hugar komið að þau ættu eftir að eignast leðurskó og þau sáu í hendi sér hvernig skórnir mundu breyta lífi þeirra og stöðu í þjóðfélaginu. Sauðskinnsskórnir, eins mjúkir og léttir og þeir gátu verið á slegnu túni, tútnuðu út í bleytu en skruppu saman þegar þeir þornuðu og urðu svo óþjálir að sár mynduðust á tánum. Fyrir utan hversu ónotalegt það var að vera sífellt blautur í fæturna ef hann rigndi. Í leðurskóm gætu þau gengið þurrum fótum í snjó og slabbi, kannski léti nefrennslið líka undan, og það sem meira var um vert, þau gætu blygðunarlaust litið framan í kaupstaðarbörnin.

Skósmiðurinn dæsti þunglega þegar hann sá hópinn. Hann hafði ekkert sofið að ráði síðustu mánuði sökum annríkis. Smíðið þér ekki skó? spurði Steinunn kurteislega þegar þau voru komin innfyrir enda þótt það ætti að vera augljóst þar eð hvergi sást í auðan vegg fyrir leðri og sólum. Skósmiðurinn sagðist halda það og hélt önugur áfram vinnu sinni eins og hann ætlaðist til að þau hyrfu á brott þegar þau sæju annir hans. Viljið þér þá gjöra svo vel að taka mál af fótum barnanna, sagði Steinunn og gaf ekki þumlung eftir, þér megið byrja á stúlkunum. Skósmiðurinn **saup hveljur**, snarsnerist á hæli með hendur á lofti og ætlaði að hella sér yfir ekkjuna, en mætti þá augnaráði þriggja ljóshærðra yngismeyja sem mændu á hann eins og væri hann sjálfur skaparinn. **Honum féllust hendur**. Hann náði þegjandi í mælitólin sín og skipaði þeim stuttlega að setjast á kollinn og taka ofan **skæðin.** Svo kraup hann svipbrigðalaus fyrir framan þær, mældi netta meyjafætur af alúð og kunnáttusemi og gaf sér góðan tíma fyrir hvern fót. Hann var snöggtum fljótari að mæla fætur bræðranna og þegar hann hafði lokið mælingum og rétt úr sér leit hann **snúðugur** á ekkjuna um leið og hann gelti: og þér máski líka?! Steinunn hristi bara höfuðið. Hann var þó hinn ljúfmannlegasti þegar þau kvöddu, fölskvalaus aðdáun ungmeyjanna hafði í engu minnkað við mælinguna, og sagði að skópörin sex yrðu tilbúin fyrir haustið. Steinunn ætlaði að borga inn á en þá var það hann sem hristi höfuðið.

Ólofaðar stúlkur með mjúkan limaburð nutu athygli ungra karla enda þótt flíkur þeirra væru í sauðalitunum. Piltar sem áttu erindi í suðurátt sneru sér í hring og héldu í norður væru þær að fara í þá áttina. Það var engin nýlunda fyrir Halldóru að njóta aðdáunar hins kynsins enda þótt hinn útvaldi hefði hunsað vilja hennar, og því lét hún sér fátt um finnast um þessi skrípalæti mannanna, eins og hún orðaði það. Bjarghildur var aftur á móti upprifin og skalf öll innra með sér af spenningi þegar piltar litu hana hýru auga. Þær gættu þess þó báðar að líta niður ef á þær var horft, einkum ef móðir þeirra var á næstu grösum. Bjarghildi langaði til að píska um piltana við eldri systur sína en fékk engan hljómgrunn, og það hefði hún getað sagt sér sjálf. Halldóra var **langrækin**, enginn vissi hvaðan hún hafði það því langrækni lá í hvorugri ættinni, og fólk hennar var farið að venjast margra mánaða stífni í lund yrði hún **fornermuð** á annað borð. Hún hafði í engu gleymt framferði systur sinnar á Seyðisfirði. Bjarghildur fékk því að eiga sig. Við yngri systur sína átti Bjarghildur ekkert vantalað í þessum efnum, enda vakti Karit-

---

í bítið: mjög snemma morguns
að súpa hveljur: að taka andköf
að fallast hendur: að gefast upp
skæði: sauðskinnsskór
snúðugur: stuttur í spuna, afundinn, önugur
langrækinn: e-r sem á erfitt með að gleyma og fyrirgefa mótgerðir
fornermuð: móðguð (sletta)

as enga þrá í brjóstum leitandi pilta, eins barnsleg og mjóslegin og hún var. En þó átti hún aðdáanda engu síður en systurnar þótt stuttur væri til hnésins. Pjakkurinn litli var sífellt að þvælast fyrir henni, skaut upp kollinum hvar sem hún drap niður fæti og bauð henni eitt og annað, upp á síðkastið döðlur. Svei mér, ef drengstaulinn er ekki **að gera hosur sínar grænar** fyrir þér, stríddi Bjarghildur henni og það var ekki laust við að Karitas yrði ergileg. Hann er félagi minn og heitir Dengsi, sagði Pétur litli hróðugur en systrunum þótti ekki taka því að hlusta á hann. Hverra manna er hann? spurði Steinunn hins vegar. Það vissi Pétur ekki en gat þó upplýst að pabbi hans ætti stóra búð þar sem fengjust orgel og tóbakspípur og fullt af döðlum og það lét Steinunn gott heita.

En þótt Halldóra væri treg til að ræða um gjörvuleika piltanna við systur sína stóð ekki á píkskrinu og flissinu hjá fiskistúlkunum á loftinu þegar karlmennskuna bar á góma og var það Bjarghildi nokkur sárabót. Á fiskiloftinu var gantast daginn á enda í sárahvíldinni, eins og stúlkurnar nefndu hléð sem varð á síldveiðinni, og þótt þær væru handlama stóð ekki á andríkinu þegar sögur og vísur voru annars vegar. Bræðrunum þótti gaman að vasast hjá þeim í eldhúsinu og þær báru þá á höndum sér. Snerust í kringum þá, dekruðu við þá, dáðust að höfuðlagi þeirra, klöppuðu þeim og struku, enda voru þeir einu karlmennirnir á heimilinu. Ólafur og Páll voru í sjöunda himni, höfðu hvorki fyrr né síðar notið slíkrar kvenhylli, og svo þegar síldarstúlkurnar áttu vonda daga vegna sára sinna var þeim launað dekrið. Þeir tóku sig til og þvoðu af þeim sokka og treyjur og þær dældu í þá góðgætinu á meðan og sungu svo hátt fyrir þá að Steinunni þótti vissara að sussa niður í þeim fyrir siðasakir. Þær létu ætíð segjast, hún var þeirra elst, þær báru virðingu fyrir henni og þótti hún segja flest af viti. Hún var líka eina konan á hæðinni sem hafði kosningarétt og þegar kom að því að hvíla röddina á söngnum settust þær niður og ræddu af einurð um kvenréttindi. Sitt sýndist hverri þeirra en allar voru þær sammála um að kosningarétturinn, þótt hann að vísu næði aðeins til kvenna sem náð höfðu fertugsaldri, væri mikill sigur fyrir íslenska kvenþjóð.

Nú fáum við að ráða því eins og karlarnir hvað gert verður við landið.

Og fiskinn, manneskja!

Það fer að þykja sjálfsagt að konur fari á þing, ég tala nú ekki um ef þær fara að mennta sig. Við verðum læknar, lögfræðingar og prestar.

Nei nú gengurðu fram af okkur!

Á endanum fáum við sömu laun og þeir.

Já nú dámar okkur!

Þetta var mikill frelsisdagur, nítjándi júní.

Ja, ég veit það nú ekki, svei mér þá. Ég var að lesa blað sem kom að sunnan og þar stendur að nú verði konur að fara að fylgjast með í stjórnmáladeilum landsins, lesa allar stjórnmálagreinar og þess háttar, koma á fundi og halda ræður, og allt þetta verði þær að gera milli þess sem þær mjalti, búverki, matreiði, gæti krakkanna, spinni og saumi.

Hvar lastu þetta, segirðu?

Í blaði sem kom að sunnan.

Stóð þetta þar?

Sem ég sit hér.

En þá var eins og Steinunni væri ekki lengur til setunnar boðið, hún varð hvumpin, spurði hvað tímanum liði og fór að skyggnast um eftir drengjunum. Hún fann þá útivið, skipaði þeim að koma inn og þvo spjarirnar af systrum sínum.

Dordinglar héngu undir þakskeggjum og spunnu eins og þeir ættu lífið að leysa, sumarið kom seint og senn færi að hausta. Karitas spann sína vefi af

að gera hosur sínar grænar: reyna að koma sér í mjúkinn

sömu iðni. Milli eldamennsku og þvotta stímaði hún út um allan bæ í eilífri leit að fæðu fyrir fjölskylduna og þegar á sumarið leið hafði hún komið sér inn á bændur og sjómenn og jafnvel fengið loforð um geymslu fyrir kjöt í íshúsinu á komandi vetri. Það er með ólíkindum hvernig hún kjaftar sig inn á þessa karla, sagði Halldóra gáttuð, og var hún nú annars ekki vön að segja margt. Bjarghildur dró úr spörkum í sköflung systur sinnar. Útsjónarsemi dótturinnar gladdi Steinunni, kannski gerði hún sér best grein fyrir því hversu mikið afrek það var að geta útvegað mjólk í bæ þar sem hinir efnameiri gengu fyrir hjá bændum. Mjólkurskorturinn í bænum var orðinn áhyggjuefni hugsandi manna og konur farnar að hafa börn sín á brjósti á annað ár til að sleppa við að stappa ofan í þau kartöflur og saltmeti sem viðkvæm melting þeirra þoldi illa. En Karitas **var innundir** hjá bónda fyrir ofan brekku. Annan hvern dag fengu þau mjólk. Hún fór út á grauta og ofan í Pétur. Þau glöddust í hvert sinn sem þau báru grautarskeiðina að munni sér og fundu bragðið af mjólkinni, smjöttuðu til að njóta þess betur, og oft á daginn meðan þau puðuðu hugsuðu þau um dreitilinn sem biði þeirra að dagsverki loknu. Gangan upp brekkuna til bóndans var því farin af **einurð** þótt hún útheimti hjartslátt og mæði, einkum ef verkefni dagsins voru mörg og mikið lá á, en á móti kom niðurferðin sem var létt og auðfarin ef gengið var til skiptist á ská til hægri og vinstri. Það fannst Karitas oft vera besta stund dagsins og þá kastaði hún mæðinni á litlum stöllum sem voru hér og hvar í brekkunni.

Það var eins með **soðninguna** og mjólkina. Ekki skorti saltkjötið og pylsurnar en að ná sér í nýjan fisk var annað mál og ekki á allra færi, allt var saltað eða selt, kaupmenn keyptu fiskinn til útflutnings. En Karitas fékk í soðið. Hún þekkti ekki bara bónda fyrir ofan brekku heldur líka barnmargan mótorbátseiganda niðri við bryggju. Hvernig hún hafði malað sig inn á þessa menn mundi hún ekki rétt vel þegar hún var spurð, en minnti þó að hún hefði sagt þeim sögur af fólki og álfum fyrir vestan og lofað þeim vélprjónuðum treyjum á börnin þeirra fyrir veturinn þegar mamma hennar væri hætt í síldarsöltuninni. Steinunn var mát. Hún fann enga skýringu á framtakssemi dótturinnar og áræði aðra en þá að suðræna blóðið sem hafði komið með skútukörlum inn í ættina á öldinni sem leið hefði leitað sér farvegar í æðum yngstu dótturinnar. Þeir væru víst bæði málglaðir og ófeimnir, suðrænu mennirnir, enda alltaf sól hjá þeim og því tilefni til að láta móðan mása. En hvernig í ósköpunum hafði henni dottið í hug að fá loforð um geymslu fyrir kjöt í íshúsinu? Hvaða kjöt, með leyfi? Og hvernig á ég nú að fara að því að prjóna á börnin ef við verðum ekki búin að fá húsnæði? Ekki tek ég upp vélina hér í þrengslunum á loftinu. Þetta sagði hún mest við sjálfa sig en Karitas greip orð hennar á lofti og horfði lengi á prjónavélina sem stóð innpökkuð innan um fiskstaflana á neðri hæðinni.

Hún fór að skima um eftir húsnæði.

Útgerðarmaðurinn hafði hálft í hvoru lofað móður hennar annarri íbúð með haustinu úr því að sú fyrri brást, en vegna fyrri reynslu af loforðum þess heiðursmanns fannst Karitas ekki vert að treysta orðum athafnamannsins og hóf eigin eftirgrennslan. Nærtækast þótti henni að spyrja vinnukonur eða þvottakonur kaupmanna sæi hún þær á förnum vegi, þær fréttu af því sem gerðist innandyra og utan og höfðu góða yfirsýn yfir heimilishald bæjarbúa. En þær ypptu bara öxlum eftir að hafa horft nógu lengi á tær sér. Skortur á húsnæði væri mikill, þær hefðu víst mátt vita það þarna á fiskloftinu. En **ekki var loku fyrir það skotið** að þær gætu komið sér fyrir í einhverjum hjallanna í fjörunni þar sem fátæka fólkið bjó, það var að segja ef einhver hrykki upp af þar neðra. Karitas var stórlega misboðið og ásetti sér að eiga ekki fleiri orðaskipti við vinnukonur, snúa sér heldur að þeim sem einhvers mættu sín. En að

að vera innundir: að vera í náðinni eða í uppáhaldi
einurð: djörfung, ákveðni, að stefna óhikað að ákveðnu marki
soðning: fiskur sem á að sjóða, soðinn fiskur
ekki var loku fyrir það skotið: ekki var útilokað, vonlaust

ganga sisona inn á kontóra fyrirmanna og falast eftir húsnæði var nokkuð langsótt. Í marga daga braut hún heilann.

Meðan hún vatt úr þvottinum einn morguninn sá hún hvernig hún gæti hugsanlega fengið aðgang að einum þeirra. Hún fór að skima eftir þeim fagureygða sem af og til færði henni þegjandi döðlur og einn daginn greip hún í skottið á honum. Á pabbi þinn húsið sem þið búið í? Hann starði á hana, að vissu leyti í angist því hún hafði aldrei talað til hans nema til að spyrja á hvað hann væri að góna eða hvað hann væri að vilja, en svo kinkaði hann kolli óöruggur með sig. Á hann fleiri hús í bænum? hélt hún vægðarlaust áfram án þess að sleppa treyjunni hans og hann horfði lengi flóttalega í kringum sig en benti loks í norðurátt, á lítið hús við götuna upp úr bænum. Akkúrat, sagði Karitas og hafði ekki augun af húsinu sem kúrði neðst í brekkunni. Hún sá að það mundi henta sínu fólki ágætlega, hitt væri svo annað mál hvort íbúar þess eða eigandinn væru sama sinnis. Farðu með mig til pabba þíns, bauð hún og rak hann á undan sér eins og sauðkind að húsi kaupmannsins. Kontórinn var til hliðar við inngang verslunarinnar og þau gengu rakleitt inn. Kaupmaðurinn stóð og talaði hátt í símtól. Karitas gleymdi erindinu um stund, svo hugfangin varð hún af athöfninni, aldrei áður hafði hún séð hvernig talsíminn var notaður. Hún þurfti að kyngja margsinnis og væta varirnar að símtalinu loknu, svo mjög hafði það sett hana út af laginu, en loks þegar kaupmaðurinn hafði ítrekað spurt þau óþolinmóður hvað þau vildu inn á kontór náði hún sér á strik, brosti fagnandi og bunaði út úr sér: mikið eigið þér gott að eiga talsíma, þér getið talað við kónga og presta án þess að fara út af kontórnum og sagt þeim hvaða vörur þeir eigi að kaupa í fínu búðinni yðar! Við skulum láta kóngana liggja milli hluta, rumdi hann og hló lágt í því hann hlammaði sér niður í stólinn við skrifborðið. Hann var ör eftir símtalið og ætlaði aftur að fara að spyrja hvað þau vanhagaði um en Karitas varð fyrri til og sagði honum frá kerlingu á Seyðisfirði sem hefði verið svo skelfing hrædd við talsíma, haldið að hljóðin í honum væru úr sjálfum kölska: þegar við vorum í hringferðinni kringum landið og stoppuðum við á Seyðisfirði til að fá okkur vínarbrauð þá sagði okkur þetta kona sem var okkur samferða og var vel kunnug á staðnum því hún hafði eitt sinn verið vinnukona hjá kaupmanni þar eystra, en hann átti einmitt talsíma og fóstra hans öldruð var svo hrædd við tækið að hún barði það með kústskafti í hvert sinn sem það hljóðaði. Loks braut hún tækið og kaupmaðurinn þorði ekki að fá sér annað fyrr en fóstra hans **var lögst í kör** og gat ekki lengur haldið á kústi!

Feðgarnir hlógu dátt að vandræðum austfirska kaupmannsins og svo ætlaði sá norðlenski að fara að spyrja hana eina ferðina enn hverra erinda þau væru komin því hver stund var dýrmæt yfir háaflatímann, en þá greip Karitas aftur orðið og sagði að þetta hefði nú verið meiri sjóferðin sem þau fóru í þarna um hvítasunnuna: en skipstjórinn lét sjógangginn ekkert á sig fá, bara stímdi í austur og norður á fullri ferð svoleiðis að maginn í manni endastakkst, en mömmu fannst það ágætt því henni lá á að komast hingað norður til að vinna en samt fór nú ekki betur en svo að þegar við stigum í land í þessum líka norðangarra var karlskömmin hjá útgerðinni búin að leigja öðrum húsnæðið sem við áttum að fá af því að við komum svo seint. Og heldurðu að við megum ekki hírast núna sjö í smákytru niðri í fiskhúsi og hvernig fer það svo í haust þegar söltun er búin og mamma þarf að fara að prjóna til að hafa ofan í okkur, ekki getur hún sett prjónavélina upp í þessum þrengslum þarna á fiskloftinu, það er hreint útilokað, en ég var að velta því fyrir mér hvort þú ættir nokkuð húsnæði aflögu undir vélina og okkur, eins og til dæmis þetta þarna í brekkunni, og það ætti að vera alveg vandalaust fyrir mömmu að prjóna á fjölskyldu þína bæði nærföt og treyjur.

að leggjast í kör: að komast ekki úr rúmi vegna elli og eða hrumleika

Kaupmaðurinn horfði agndofa á hana og var löngu hættur að hlæja. Loks þegar hann hafði fullvissað sig um að máli hennar væri lokið sagði hann ja hérna. Sagði svo dálítið viðutan að eiginlega hefði hann hugsað sér að láta kennara að sunnan sem kæmi norður með haustinu fá þetta húsnæði þegar smiðurinn flytti út. Nú, er það að losna! hrópaði Karitas aldeilis glöð. Þetta eru nú ekki nema tvö lítil herbergi og eldhús með risi, varla manngengnu, það býr svo önnur fjölskylda norðanmegin í húsinu, muldraði hann og var ekki enn búinn að ná áttum. Tvö herbergi og eldhús! endurtók Karitas og saup hveljur, það er akkúrat það sem hún mamma mín þarf. Skelfing verður hún glöð, ó mikil gersemi er kaupmaðurinn! Hann strauk sér um augun í fáti, sagði svo snöggt: heldurðu að hún mamma þín sé borgunarmanneskja fyrir leigunni? Ég er nú hrædd um það, hnussaði Karitas, ekkja sem getur rifið sig upp og siglt gegnum ís og storm með sex börn til þess eins að koma þeim til mennta ætti nú að geta rifið upp aura fyrir húsaleigu. Enn var kaupmaðurinn orðlaus. Svo sagði hann eftir dálitla þögn að hún skyldi þá senda mömmu sína til hans í fyrramálið. Bætti svo við og leit styggur á son sinn sem hafði ekki opnað munninn nema til að hlæja: vertu svo ekki alltaf að þvælast hérna inni, drengur.

Karitas greip um pilsið og hneigði sig.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvers konar sögumaður* er hér á ferð?*
2. *Hvernig kemur stéttaskiptingin fram í þessum kafla? Er hún jafnskörp á Íslandi í dag? Rökstyðjið svarið.*
3. *Á bls. 67 segir: „Spara, sagði móðir hennar oft í viku og lá á hverri krónu eins og ormur á gulli." Í hvað er vísað í þessu orðtaki?*
4. *Á sömu blaðsíðu er annað orðtak. Finnið það og skýrið merkinguna.*
5. *Kynnið ykkur hvað sagt er um sjónarhorn* og sögumann á gulu síðunum og lesið síðan vel síðustu blaðsíðurnar í textabrotinu bls. 72–74. Segið svo frá því sem gerist inni á skrifstofu kaupmannsins frá sjónarhorni hans eða hins fagureygða.*
6. *Á bls. 69–70 er sagt frá ferðinni til skósmiðsins og tilhlökkun og gleði systkinanna yfir því að eiga að fá nýja, danska skó. Munið þið eftir einhverri gjöf sem gladdi ykkur sérstaklega? Skrifið stutta frásögn sem greinir frá slíkri gjöf; tilefninu og tilfinningunum sem tengdust henni.*
7. *Hvaða aðferð notar Karitas til að kalla fram velvilja hjá þorpsbúum og til að fá sínu framgengt?*
8. *Lýsið Kartias. Hvers konar persóna er hún? Hvernig haldið þið að henni eigi eftir að vegna í framtíðinni? Af hverju?*
9. *Hvað segir þessi frásögn ykkur um stöðu kvenna á þessum tíma? Hvað hefur áunnist?*

SIGURÐUR PÁLSSON (1948)

„En það má ekki gleyma því að skáldskaparritun er þrátt fyrir allt sköpunarstarf, þar sem einstaklingur miðlar tilfinningu, mótar persónulega veraldarskynjun í hráefni sem er allra eign, tungumálið."



Stiklur

Sigurður fæddist á Skinnastað í Norður-Þingeyjarsýslu 1948 en þar var faðir hans prestur. Síðar settist fjölskyldan að í Reykjavík og Sigurður lauk stúdentsprófi frá MR 1967. Í MR hafði ekki aðeins kviknað hjá Sigurði mikill áhugi á ljóðlist heldur einnig frönsku og franskri menningu svo strax um haustið 1967 hélt hann til Frakklands og hóf nám í frönsku í Toulouse. Eftir hálfan vetur þar fór hann til Parísar þar sem hann bjó næstu árin. Í París lagði Sigurður stund á leikhúsfræði og bókmenntir og síðar lærði hann einnig kvikmyndaleikstjórn.

Fyrsta ljóðabók Sigurðar kom út 1975 undir nafninu *Ljóð vega salt* en ljóðabækur hans eru nú orðnar sextán. Sigurður hefur einnig skrifað skáldsögur og leikrit en leikrit hans *Utan gátta* hlaut fádæma góðar viðtökur og sex Grímuverðlaun þegar það var frumsýnt 2008. Sigurður hefur unnið ýmis störf m.a. við leikhús, sjónvarp og kvikmyndir en síðustu ár hefur hann að mestu helgað sig ritstörfum.

Textabrotin sem hér fara á eftir eru úr endurminningabók Sigurðar frá Frakklandsárunum, *Minnisbók,* en hún var gefin út árið 2007 og fyrir hana hlaut Sigurður Íslensku bókmenntaverðlaunin það sama ár.

Minnisbók

Lítið kaffihús með ljóðum

Skáhallt á móti Dareau-garðinum var lítið gamaldags kaffihús, allir hlutir einfaldir, örfáir stólar, borð, barborð, kaffivél, allt saman alþýðleg klassík. Út um gluggann glitti í hávaxinn stúdentagarðinn, fjórtán hæðir, hörmulegan arkitektúr frá því upp úr nítján hundruð og sextíu.

Kaffihúsið og garðbyggingin voru áhugaverðar andstæður og gott að sitja þar og finna fyrir samhengi hlutanna, finna fyrir einhverju sem kalla mætti jarðsamband, handverk, tímaskyn, saga. Maður fann að það var ekki nýbúið að finna upp stólinn, borðið, gluggann. Andspænis blasti nýbyggingin við.

Bókmenntavefurinn: Frá höfundi. www.bokmenntir.is

Kaldrani og hroki nýjunga sem dreymir um það eitt að hafna hinu gamla.

Á þessu litla kaffihúsi afgreiddi ung kona, ákaflega



elskuleg, brosmild og hafði það sem kallað er þægileg nærvera. Það er skrýtið, núna þegar ég hugsa til þess, þá man ég ekki hvernig hún leit út, hins vegar man ég ofurvel rafmagnið í kringum hana.

Þarna sat ég oft og skyndilega er ég farinn að skrifa eitthvað sem mér fannst geta orðið áhugavert. Það var í því algjör slökun, ný opnun.

Á þessu kaffihúsi skrifaði ég nokkur ljóð sem á endanum komu í *Ljóð vega salt,* fyrstu ljóðabókinni sem kom út sjö árum síðar. Nærvera ungu konunnar spillti ekki fyrir, í raun var hún upptendrandi.

Ég hafði ekki getað komið reynslu undangenginna mánaða í neitt form og af ljóðum ekki getað skrifað nema setningu og setningu, línu og línu.

Máttur og dýrð heimsins var of mikil haustið 1967 en smám saman lærði ég að það er allt í lagi þó maður geti ekki skrifað neitt af viti strax. Það er í lagi að hörfa en til þess þarf maður bakland og baklandið verður maður að rækta. Þangað er hægt að hörfa, þaðan er hægt að sækja fram í fyllingu tímans, þetta lærðist mér.

Ég réð ekki við heiminn, skrifaði undarlega esseyjutexta í Toulouse, hafði ekki trú á þeim og lét gott heita, þróaði þá ekki áfram, því miður. Nýlega fann ég þessa texta aftur fyrir algjöra tilviljun, hélt að þeir væru löngu týndir. Mér til furðu sýndist mér þeir vera stæltari en mig minnti, þeir voru afar sérkennilegir og höfundurinn hefði betur haft vit á að vinna þá áfram en hann hafði það ekki. Skorti sjálfstraust til þess.

En hann var með ljóðaofn sem hann treysti sæmilega. Það eina í eigin tilvist sem hann treysti. Nú var komið að því að láta reyna á það traust. Og þarna hófst ljóðtextabaksturinn á litla kaffihúsinu við Dareau-götu, það byrjaði að seytla fram efni sem endaði með því að þetta unga skáld gat notað það til að hnoða og baka.

Til eru önnur líf sem er lifað
öðrum kveðjum kastað á annað fólk …

Þessi byrjun rann allt í einu af stað að morgunlagi og friðsæld í loftinu en orka dagsins samt mætt til leiks, óþreytt. Þetta er stemningin af Dareau snemma árs 1968.

Fátt eitt verður mér að veruleika …

Horfi á sjálfan mig horfa á húsið …

Þessar setningar komu utan úr nóttinni eða deginum, utan úr borginni, innan úr minninu, beint frá draumkenndum mörkum nætur og dags og enduðu sumar í einföldum ljóðum eins og þessu:

Önnur líf

Til eru önnur líf sem er lifað
öðrum kveðjum kastað á annað fólk

Geisla tungls sem fyrrum sveif um hjarnið
man ég ekki lengur

Ég sit hér yfir heitu kaffi
í morgunkyrrðinni;

annað tungl sem ég hef aldrei séð
nýfölnað

og konan sem kaupir brauð í búðinni
þekkir mig ekki



UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvaða áhrif hafði unga konan á kaffihúsinu á ljóðagerð Sigurðar?*
2. *„Það er í lagi að hörfa en til þess þarf maður bakland og baklandið verður maður að rækta.“ Hvaða merkingu leggið þið í þessa málsgrein? Eruð þið sammála fullyrðingunni? Rökstyðjið svarið.*
3. *Sigurður segir sig hafa skort sjálfstraust til að vinna áfram með textana sem hann samdi í Toulouse. (bls. 76) Hvað er sjálfstraust, hvernig verður það til og hversu mikilvægt er það í lífi og starfi? Rökstyðjið svör ykkar.*
4. *„Nýlega fann ég þessa texta aftur fyrir algjöra tilviljun, hélt að þeir væru löngu týndir. Mér til . . . þeir voru afar sérkennilegir og höfundurinn hefði betur haft vit á að vinna þá áfram . . .“ (bls. 76) Hvernig má skýra það að Sigurður talar um höfund gömlu textanna í 3. persónu en ekki í 1. persónu eins og hann gerir annars?*
5. *„ En hann var með ljóðaofn sem hann treysti sæmilega.“ (bls. 76) Hvað haldið þið að Sigurður eigi við þegar hann talar um ljóðaofn? Hvers konar líkingamál er hér á ferðinni?*
6. *Hvernig túlkið þið ljóðið Önnur líf?*



MEGAS (1945)

„Fólk gerir annars oft þau mistök að rugla mér saman við ljóðmælandann í textunum. Ofbeldið og ógeðið verða að fá að hafa sinn gang í listinni eins og annað. Sú lógík verður víst líka að fá að vera með. En oft hef ég hleypt illsku í fólk fyrir misskilning. Mitt hlutverk er að fjalla um hlutina og fletta ofan af þeim, ekki reka áróður fyrir þeim.“

Stiklur

Magnús Þór Jónsson, öðru nafni Megas, fæddist í Reykjavík 1945. Hann varð stúdent frá MR og las svo þjóðháttafræði við háskólann í Ósló. Á námsárunum var hann byrjaður að semja ljóð og lög en fyrsta hljómplata hans kom út 1972. Næstu ár á eftir sendi hann frá sér fimm plötur en frá 1979–1986 hafði hann hljótt um sig ef svo má segja og stundaði þá myndlistarnám í Myndlistar- og handíðaskóla Íslands. Árið 1986 tók hann svo aftur til við tónlist og kveðskap og hefur sent frá sér margar hljómplötur síðan.

Megas hefur alltaf samið og flutt texta sína á íslensku og árið 2000 hlaut hann Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á Degi íslenskrar tungu fyrir framlag sitt til varðveislu tungunnar.

Tvær stjörnur

Tíminn flýgur áfram og hann teymir mig á eftir sér
og ekki fæ ég miklu ráðið um það hvert hann fer
en ég vona bara hann hugsi soldið hlýlega til mín
og leiði mig á endanum aftur til þín

Ég gaf þér forðum keðju úr gulli um hálsinn þinn
svo gleymdir þú mér ekki í dagsins amstri nokkurt sinn
í augunum þínum svörtu horfði ég á sjálfan mig um hríð
og ég vonaði bara að ég fengi að vera þar alla tíð

Villi Ásgeirsson. 2008. „Megas – viðtal“ frá apríl 1990. (Viðtal.)
Vefslóð: http://vga.blog.is/blog/vga/entry/602470/

Það er margt sem angrar en ekki er það þó biðin
því ég sé það fyrst á rykinu hve langur tími er liðinn
og ég skrifa þar eitthvað með fingrinum sem skiptir öllu máli
því nóttin mín er dimm og ein og dagurinn á báli

Já og andlit þitt málað hve ég man það alltaf skýrt
augnlínur og bleikar varir brosið svo hýrt
jú ég veit vel að ókeypis er allt það sem er best
en svo þarf ég að greiða dýru verði það sem er verst


Ég sakna þín í birtingu að hafa þig ekki við hlið mér
og ég sakna þín á daginn þegar sólin brosir við mér
og ég sakna þín á kvöldin þegar dimman dettur á
en ég sakna þín mest á nóttinni er svipirnir fara á stjá

Svo lít ég upp og sé við erum saman þarna tvær
stjörnur á blárri festingunni sem færast nær og nær
ég man þig þegar augun mín eru opin hverja stund
en þegar ég nú legg þau aftur fer ég á þinn fund

Megas 1991

UMRÆÐUR/VERKEFNI:

1. *Er ljóðið hefðbundið ljóð* eða óbundið*? Rökstyðjið svarið.*
2. *Í 1. erindi ljóðsins er persónugerving*. Finnið hana og skýrið.*
3. *Finnið myndhverfingu* í ljóðinu og skýrið hana.*
4. *„– því að nóttin mín er dimm og ein og dagurinn á báli" (3. erindi) Hvaða skilning leggið þið í þessi orð?*
5. *Hvað haldið þið að ljóðmælandinn* hafi skrifað í rykið?*
6. *„jú ég veit vel að ókeypis er allt það sem er best" (4. erindi). Veltið þessari fullyrðingu fyrir ykkur. Eruð þið sammála ljóðmælanda*? Hvað er gott og þó ókeypis?*
7. *„en svo þarf ég að greiða dýru verði það sem er verst" (4. erindi) Hvað teljið þið að ljóðmælandinn* eigi við? Hvað er verst og hvernig greiðir hann fyrir það?*



Þorsteinn frá Hamri (1938)

„Kveikja að einu kvæði getur verið lítið atvik á afmörkuðu sviði, og auðvitað má í þrengsta skilningi halda því fram að um það sé ort. En hvað mig snertir hefur vinna að ljóði oftast nær tilhneigingu til að vaxa yfir í víðtækari skírskotun, hugsanlega eitthvað sammannlegt. Allt eru þetta einhverjar vangaveltur um manninn, hugsanir hans og tilfinningar. Fyrst mann sjálfan og síðan manninn í víðara skilningi.“

Stiklur

Þorsteinn fæddist 15. mars árið 1938 að Hamri í Þverárhlíð í Borgarfirði. Hann varð snemma læs og bókhneigður; las ungur Íslendingasögur, *Sturlungu*, ***Eddurnar*** og rímur eftir Sigurð Breiðfjörð. Segir hann þetta hafa verið ómetanlegt veganesti. Þorsteinn stundaði nám í Reykholti í Borgarfirði þrjá vetur og lauk þaðan landsprófi. Haustið 1955 hélt hann til Reykjavíkur og hóf nám við Kennaraskólann en hvarf frá námi eftir tvo vetur, sá fljótt að hann færi aldrei í kennslu. Hann var bókavörður við Bókasafn Kópavogs um nokkurra ára skeið en hefur haft ritstörf sem aðalstarf frá árinu 1967.

Þorsteinn byrjaði snemma að yrkja og fyrsta ljóðabók hans kom út þegar hann var tvítugur. Nefndist hún *Í svörtum kufli*. Síðan hefur Þorsteinn sent frá sér 20 ljóðabækur, síðast bókina *Hvert orð er atvik* (2008). Þorsteinn hefur einnig samið skáldsögur og sagnaþætti. Hann hefur fengið margvíslegar viðurkenningar fyrir ritstörf sín t.d. Stílverðlaun Þórbergs Þórðarsonar 1991, Íslensku bókmenntaverðlaunin 1992 fyrir *Sæfarann sofandi* og Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar 2009.

Götur

Fár veit af hvers völdum
sumar götur
virðast sólbjartar ætíð

en sumar endalaust
rökkvaðar regni!

Kynjar, býsn
í göngumanns geði

en fár veit af hvers völdum.

Meira en mynd og grunur 2002

Umræður/verkefni

1. *Hver gæti **göngumaðurinn** verið?*
2. *Hvað á ljóðmælandi við þegar hann talar um „Kynjar, býsn í göngumanns geði“?*
3. *Skýrið merkingu ljóðsins.*

Þorsteinn frá Hamri. 2002. „Form í samræmi við sál ljóðsins.“ (Viðtal.) *Morgunblaðið/bókablað*, 20. 11.

Eddukvæði og **Snorra Edda** sjá bls. 165

Sumir dagar

Sumir dagar eru hús
sem við læsum vandlega
áður en við kveðjum
og hverfum út á vettvang áranna

en ef við síðar förum þar hjá
af tilviljun
sjáum við allar dyr opnar –
börn dvelja þar að leik

og það sem mest er um vert:
sólin skín ótrúlega glatt á húsið

Jórvík 1967

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Í fyrsta erindinu er myndhverfing*. Reynið að finna hana og útskýra.*
2. *Hvernig skiljið þið þetta ljóð? Hvaða viðhorf gagnvart lífinu koma fram í því?*

Líðsinni

Blöð og útvarp flytja okkur fregnir
af þjóðamorðunum
og nú ber öllum skylda til hlutteknings
svo við rífum úr okkur hjörtun,
hengjum þau utan á okkur
eins og heiðursmerki
og reikum úti góða stund

áður en við leggjumst til svefns
á afglöpum okkar
og snúum okkur heilir og óskiptir
að draumlífinu.

Jórvík 1967

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvað á ljóðmælandi* við þegar hann segir: „við rífum úr okkur hjörtun og hengjum þau utan á okkur“?*
2. *Er einhver ádeila í ljóðinu? Rökstyðjið svör ykkar.*
3. *Kannist þið við einhvern atburð sem lýsingin gæti átt við?*
4. *Hvernig skiljið þið titil ljóðsins í samhengi við efni þess? Hverju bætir titillinn við? Myndi það breyta miklu ef ljóðið héti eitthvað annað, t.d. „Heiðursmerki“ eða „Draumlíf“?*

Mér er í mun –

Mér er í mun að setja heiminn saman
Það lukkast aðeins stund og stund

Ég raða upp í augna minna ljós
mörgu sem ég minnist
mörgu sem bezt ég hugði samið og sagt
Byggi svo brýr og himna

Strengi vel þær brýr
set stjörnur á þá himna
kveiki líf á þeim stjörnum:
verur með viðkvæma sál
og sköpunargáfu

Stend um hríð hljóður við vegbrúnina
minningasafnari
grunsmiður skelfinga
vonasonur

Og á sem snöggvast
fáa að

Sæfarinn sofandi 1992




UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvað merkir titill ljóðsins?*
2. *Um hvað fjallar ljóðið? Hvað er það sem ljóðmælandinn vill gera?*
3. *Af hverju á ljóðmælandinn„ fáa að"?*

DAGUR SIGURÐARSON (1937–1994)

„Ég vil skrifa um fólk og fyrir fólk. Ég vil segja lesandanum frá ýmsu sem hann veit hálft í hvoru en vogar ekki að gera sér grein fyrir, gefa honum eitthvað sem hann getur brúkað sér til hjálpræðis hérnamegin.“



Stiklur

Dagur fæddist í Reykjavík 6. ágúst 1937 og ólst þar upp. Fljótt kom í ljós að Dagur vildi fara sínar eigin leiðir. Að eigin sögn tók hann leiðinlega gott landspróf og hóf menntaskólanám í MR en flosnaði úr skóla. Hann las svo undir stúdentspróf á einum vetri og útskrifaðist frá MR árið 1960. Meðan hann var í MR hætti hann að nota ættarnafnið Thoroddsen en tók upp nafn föður síns.

Dagur er þekktastur sem ljóðskáld. Fyrsta bók hans heitir *Hlutabréf í sólarlaginu* og kom út árið 1958. Með ljóðunum kom nýr tónn inn í íslenska ljóðagerð. Dagur vildi ná til alþýðu manna, ljóð hans voru opin og berorð. Hann notaði meira viðlíkingar og persónugervingar heldur en myndhverfingar en íslensk ljóðagerð einkenndist á þessum árum af frekar innhverfum kveðskap með flóknu myndmáli. Frá og með annarri bók hans *Milljónaævintýrinu* skiptast á prósi og ljóð í bókum hans. Prósatextarnir eru margir á mörkum smásagna eða örsagna og prósaljóða. Alls komu 12 ljóða/prósabækur út eftir Dag. Er þá talin með bókin *Venjuleg húsmóðir* sem innihélt eingöngu auðar síður en hún var svar Dags til þeirra fimmtán rithöfunda sem höfðu gagnrýnt að hann skyldi hafa fengið viðbótarritlaun fyrir bókina *Fagurskinnu* sem er einn stuttur prósatexti. Dagur lést í Svíþjóð í febrúar 1994, 56 ára gamall.

Íslensk bókmenntasaga V. 2006. Úr skáldskaparstefnuskrá Dags Sigurðarsonar aftan á hlífðarkápu Milljónaævintýrsins 1960.

Gelgjuskeið

Elskar hún mig?

Ég spurði hnullúngana á götunni grastæurnar
á gángstéttinni skeljasandinn á húsveggnum hún-
inn á útidyrahurðinni

Ég tók ekki í húninn gekk ekki inn ég spurði
ekki hana

Ég spyr hana ekki

Hlutabréf í sólarlaginu 1958



UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvers vegna teljið þið að ljóðið heiti Gelgjuskeið?*
2. *Er orðið gelgjuskeið gildishlaðið að ykkar mati? Rökstyðjið svarið.*

Haust

Gaman er að gánga
í úðanum og rýna
niðurí göturæsið

Í leit að perlum
eða krónkalli
eða bara vindlíngsstúf

Í úðanum, laugaður
tárum guðs

Á vit ástar
sem vafasamar heimildir
telja sterkari en dauðann

Fárast ekki yfir
grátnum í honum guði

Dást að því, hve haglega
götusóparar hafa
sópað föllnum laufum
saman í hrúgur

Hlutabréf í sólarlaginu 1958



UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Skoðið og skýrið myndmálið* í ljóðinu.*
2. *Hver er afstaða ljóðmælandans til tilverunnar? Hver er boðskapur* ljóðsins?*

Öskubuska

Einu sinni var stúlka sem hét Rauðhetta. Eða kanski Bláslæða. Hét hún annars Hvítskupla?

Hún var úti í skógi með egg og vín (Sumir segja aldin og mjólk) sem hún gaf þremur baungsum. Hún lék sér við þá og braut gullin þeirra. Þeir fóru burt skælandi.

Hvítskupla (eða hvaðsemhúnnúannarshét) lagðist þá til svefns og svaf í heila öld. Kríngum hana óx þyrnigerði.

Sætasti bángsinn sem var reyndar úlfur felldi álagahaminn og breyttist í stóran og sterkan skógarhöggsmann sem líka var prins. Hann hjó sér braut gegnum þyrnigerðið og vakti Bláslæðu (Hét hún annars Rauðhetta?) með kossi.

Þá mælti hún:

– Skelfing rekurðu upp stór augu.

– Já, svaraði hann: Ég er að glápa á þig.

– Svaka tennur ertu með, sagði hún þá.

– Já, það er til þess að ég geti bitið þig í brjóstin.

Hér lýkur Mjallhvítar sögu.

Glímuskjálfti 1989

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hver er hugblær* ljóðsins?*
2. *Felur ljóðið í sér ádeilu á ævintýri og þjóðsögur? Eða aðra ádeilu?*
3. *Taktu eftir leik Dags með nöfnin í þessu ljóði. Titillinn segir eina sögu, fyrstu þrjár setningarnar aðra og síðasta setningin enn aðra. Hvað vakir fyrir höfundi? Hvaða áhrif hefur þetta á ljóðið?*
4. *Skrifið örsögu og nýtið ykkur efni úr ævintýrum, þjóðsögum og/eða kvikmyndum líkt og Dagur gerir hér.*



HANNES PÉTURSSON (1931)

„Ég viðurkenni að ég hef aldrei áttað mig til fulls á ritvellinum, þótt ég hafi um áratugi hvergi getað annars staðar verið. Samt finnst mér endilega að þar séu vítateigar, mörk og slíkt.“

Stiklur

Hannes fæddist á Sauðárkróki 14. desember 1931. Hann varð stúdent frá MR 1952 og lagði síðan stund á germönsk fræði við háskóla í Köln og Heidelberg í Þýskalandi. Heim kominn settist hann í Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan með kandídatspróf í íslenskum fræðum 1959.

Fyrsta bók Hannesar kom út árið 1955 en hún kallaðist einfaldlega *Kvæðabók*. Síðan hefur Hannes skrifað og sent frá sér fjölda ljóðabóka, smásögur, fræðirit, greinar og ævisögur en hann hefur einnig lagt stund á þýðingar. Meðfram ritstörfum hefur hann unnið að útgáfustörfum hjá Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Hannes hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir ritstörf og má þar nefna að hann var kjörinn heiðursfélagi Rithöfundasambands Íslands 1991 og hann hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 1993.

Hamingja

Sumarið er komið.
Sonur minn, við skulum ganga
tveir út í hagann og safna
okkur sóleyjum í vendi
glaðir tína í lófann
nokkur gullin blóm.
Svo berum við þau heim
eins og bjart sólskin í hendi.

Innlönd 1968

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Í ljóðinu er viðlíking*. Finnið hana.*
2. *Hvers vegna heitir ljóðið Hamingja?*

Bókmenntavefurinn: Frá höfundi. www.bokmenntir.is

Skeljar

Við skulum ganga
suður með sjá
stiklar þar aldan
steinana blá
skolar hún rauðum
skeljum á land
grefur þær síðan
í gljúpan sand.

Þær geyma þó ekki
neinn glitrandi stein
og perla ei heldur
er hulin þar nein
þær lykjast um annað:
þitt líf og þinn heim
því *augnablikið*
það býr í þeim.

Við skulum ganga
suður með sjá
morgun og kvöld
þegar kyrrð er á
skeljarnar tínum
sem skolast á land
þær hverfa svo fljótt
í fjörunnar sand.

Við skulum ganga
suður með sjá
skeljarnar sindra
sandinum á
göngum og tínum
og gætum þess vel
að njóta er opnast
hin örlitla skel.

Kvæðabók 1955–1976



UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvort er þetta hefðbundið* ljóð eða óbundið*. Rökstyðjið svarið.*
2. *„Við skulum ganga*
   suður með sjá“
   Hvað er átt við með þessum orðum? Hvað gæti gönguferðin táknað?
3. *Hver er boðskapur* ljóðsins að ykkar mati? Rökstyðjið svarið.*
4. *Hvað teljið þið mikilvægt í lífinu?*

Tíunda rödd:

Kynleg ferð. Í kuli og sorta
klakabólgnu, stríðu vatni
ber mig eitthvað burt á hesti.
Blaktir úfið, hrímgað fax.

Stjórnar ferðum myrkur maður.
Mælir hann ei orð af vörum
lútir höfði, hulinn kápu
höttur slútir niðrá brýn.

Bregði fyrir birtu af tungli
blasir við mér fölur hnakki
á mig **glórir** gegnum bjarmann
grá og nakin höfuðskel.

Kynleg ferð. Í vinaveizlu
var mér boðið, jólagleði.
Hvort er ég í höndum vinar?
Hvort er ég í fylgd með draug?

Heldur taumi myrkur maður.
Má ég hvergi stefnu ráða.
Bíður gleði? Bíður veizla?
Bíður okkar tekin gröf?

Stund og staðir 1962

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hver er ljóðmælandinn* í ljóðinu?*
2. *Hver er hugblær* ljóðsins, hvaða tilfinningar vekur það?*
3. *Endursegið efni ljóðsins og lýsið aðstæðum.*
4. *Í hvaða þjóðsögu er vísað*?*

að glóra: rýna

VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR (1930)

„Skáldskapurinn og bókmenntirnar eru lífsnauðsyn og það að kenna börnum að tala, hugsa og njóta hlutanna gerist best gegnum bókmenntirnar."



Stiklur

Vilborg fæddist á Hjalla á Vestdalseyri við Seyðisfjörð 18. júlí árið 1930 og ólst þar upp til tólf ára aldurs en flutti þá til Norðfjarðar vegna skólagöngu. Hún lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands1952. Samhliða námi í Kennaraskólanum stundaði hún einnig nám í leiklist hjá Lárusi Pálssyni í tvo vetur og var í leiklistarnámshring hjá Gunnari Hansen. Vilborg hóf kennsluferil sinn í Landakotsskóla þar sem hún kenndi í eitt ár. Árið 1955 réð hún sig sem kennara við Austurbæjarskóla og kenndi þar til ársins 2000, eða í 45 ár. Vilborg var frumkvöðull að stofnun Rauðsokkahreyfingarinnar hér á landi en markmið hreyfingarinnar var að vinna að jafnréttismálum kvenna og karla.

Vilborg hefur frumsamið og þýtt allmörg verk fyrir börn og unglinga en fyrsta bókin sem kom út eftir hana var barnabókin *Alli Nalli & tunglið.* Ári síðar, eða 1960, kom út fyrsta ljóðabók hennar, *Laufið á trjánum,* en alls hefur hún gefið út fimm ljóðabækur. Vilborg yrkir eingöngu óbundin ljóð. Hún hefur hlotið viðurkenningar fyrir ritstörf sín m.a. Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar sem hún hlaut árið 1996. Vilborg var sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu fyrir ritstörf og fræðslu árið 2000.

Reynsla

Ætli ég hafi ekki orðið átta ára þá um sumarið. Það var um hádegisbilið síðsumars að ég skrapp einsömul niður að á. Venjulega stóð trébali fullur af vatni á árbakkanum, konurnar notuðu hann til þvotta en við krakkarnir geymdum stundum í honum síli sem við veiddum í ánni. Við slepptum þeim fljótt aftur, vorum bara að skoða þau.

Vilborg Dagbjartsdóttir. 2000. „Um bækur og listina að lifa" (Viðtal.) *Börn og menning* 1.tbl., 15. árg:4.

Ég fór úr skónum og óð berfætt út í grunna ána. Vatnið var tært og kalt. Stór síli skutust milli steina. Mér tókst strax að fanga eitt og hljóp með það í lófunum og sleppti því í balann. Um leið uppgötvaði ég að vatnið var sjóðheitt, tilbúið fyrir þvott – silungurinn rak upp skerandi vein og flaut dauður með hvítan kviðinn upp úr vatninu. Hvað eru staðreyndir og skynsemi ef reynslan stangast á við hvorutveggja? Fiskar hafa enga rödd, segir þú, þeir gefa ekki frá sér hljóð. En ég man nístandi óp silungsins meðan ég lifi.

Fiskar hafa enga rödd 2004

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hver er ljóðmælandinn* hér?*
2. *Hvers vegna heyrir hann vein frá silungnum?*
3. *„Hvað eru staðreyndir og skynsemi ef reynslan stangast á við hvorutveggja?" Eruð þið sammála því að staðreyndir og skynsemi skipti litlu máli ef reynslan segir annað? Rökstyðjið svarið.*
4. *Skrifið u.þ.b. 200 orða texta og greinið frá eftirminnilegum atburði eða reynslu sem þið upplifuð þegar þið voruð yngri.*

Við garðstíginn

Vor:

Dvergliljan þurrkar af sér tárin
lyftir bláum kolli
sléttar úr pilsinu græna
hneigir sig og brosir

morgunblærinn hefur boðið henni í dans.

Haust:

Vindarnir hafa leikið á pípur sínar
fyrir trylltum dansi haustlaufanna
nakin tré spenna frostbitnar greipar
um síðasta októberdaginn

reiðubúin að þola vetrarlangt píslarvætti.

Úr Dvergliljum 1968

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Finnið og skýrið persónugervingar* í ljóðinu Við garðstíginn.*
2. *Hvaða áhrif hafa persónugervingarnar á ljóðið?*

SVAVA JAKOBSDÓTTIR (1930–2004)

„En um leið var ég jafnsannfærð um það, að ætti ég að ná lágmarksárangri í listsköpun, yrði ég að fylgja þeirri frumskyldu að vera trú sjálfri mér og minni eigin reynslu – eða í fáum orðum sagt – ég yrði að skrifa um það sem ég þekkti.“



Stiklur

Svava fæddist í Neskaupsstað árið 1930 og ólst þar upp til fimm ára aldurs. Þá flutti fjölskylda hennar til Kanada þar sem faðir Svövu var prestur vestur-íslensks safnaðar. Árið 1940 fluttist fjölskyldan aftur heim og settist að í Reykjavík. Eftir stúdentspróf frá MR hélt Svava til Massachusetts í Bandaríkjunum og lagði þar stund á nám í enskum og bandarískum bókmenntum en að því loknu fór hún til framhaldsnáms í fornískenskum bókmenntum í Oxford á Englandi. Seinna stundaði hún einnig nám í sænskum nútímabókmenntum við Uppsalaháskóla í Svíþjóð. Að námi loknu starfaði Svava m.a. við kennslu, blaðamennsku og dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu en hún gegndi einnig ýmsum trúnaðarstörfum í samfélaginu. Má þar nefna að hún var fulltrúi Íslendinga í Norðurlandaráði og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og þingmaður Alþýðubandalagsins í Reykjavík frá 1971–1979.

Fyrsta bók Svövu, *Tólf konur,* kom út árið 1965. Þetta er smásagnasafn en sögurnar þóttu bregða nýju ljósi á stöðu kvenna í samfélaginu. Síðar komu út smásagnasöfnin *Veizla undir grjótvegg, Gefið hvort öðru* og *Undir eldfjalli* en hún skrifaði einnig skáldsögur og leikrit. Verk hennar hafa verið þýdd á fjölda tungumála og leikritin sviðsett víða. Sagan sem hér fer á eftir birtist fyrst í smásagnasafninu *Veisla undir grjótvegg* sem kom út árið 1967.

Þegar skrúfað var frá krananum í ógáti

Það byrjaði allt daginn sem einhver skrúfaði í ógáti frá krananum í baðherberginu. Kannski það hafi verið Vaggi, en það hefði ekkert þýtt að spyrja hann því hann mundi aldrei neitt stundinni lengur. Það er alls ekki af því hann var fáviti sem mér dettur hann fyrst í hug. Það gæti alveg eins hafa verið einhver smákrakkinn. Eða pabbi. Eða mamma sjálf. En Vaggi var sá fyrsti sem fór. Maður setur hann einmitt þess vegna meira í samband við kranann en alla hina. En auðvitað skiptir heldur engu máli hver gerði það, en mér fannst leiðinlegt þegar Vaggi var ekki lengur hjá okkur. Hann var búinn að vera svo lengi

Svava Jakobsdóttir. 1980.„Reynsla og raunveruleiki.“ *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur*:226. Ritnefnd: Valborg Bentsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Svanlaug Baldursdóttir. Sögufélag Reykjavíkur.

hjá mömmu og pabba, meira að segja lengur en ég og er ég þó elzt af krökkunum. Fyrst hafði hann verið hjá ömmu sem nokkurs konar tökubarn eins og oft var gert í gamla daga og svo þegar mamma gifti sig og þau fluttust til Reykjavíkur þá gat amma ekki haft hann lengur svo Vaggi fór með mömmu og pabba. Mamma vildi aldrei neitt meðlag með honum frá bænum eða styrk því hún sagði alltaf að vinstri höndin ætti ekki að vita hvað sú hægri gerði. Eiginlega hét hann Vagn, en það er afskaplega óþægilegt nafn fyrir mann sem man ekkert stundinni lengur svo hann var aldrei kallaður annað en Vaggi. Algjör aumingi var hann nú ekki, hann gat unnið svolítið þó hann ætti svona erfitt með að muna. Pabbi tók hann stundum með sér í skurðgröftinn og svo hjálpaði hann til heima, bónaði gólf og skolaði þvott og ýmislegt.

En svo skrúfaði sem sagt einhver frá krananum. Vatnið bara rann. Fyrst tók enginn eftir því því það sá enginn þegar skrúfað var frá og baðherbergið er niðri. Samt er ekki alveg rétt að segja að það sé niðri. Eiginlega munar bara hálfri hæð. Pabbi var nefnilega einn af þeim fyrstu að byggja hús á hálfri annarri hæð þegar þau fluttu til Reykjavíkur. Húsið stendur efst uppi í brekku og pabbi sagði að hús ættu að laga sig eftir landslagi. Hann var ansi sniðugur hann pabbi í mörgu svona þótt hann hefði ekkert lært. Hann hafði ekkert próf eða neitt svoleiðis, meina ég. Svo þess vegna eru baðherbergið og svefnherbergin niðri ef maður horfir innan frá en í jarðhæð og sumt í kjallara ef maður horfir utan frá. Úr svefnherbergjunum og baðinu sá maður Reykjanesið og líka Bessastaði og Álftanesið, en uppi sér maður Esjuna. Eldhúsið er uppi sem var heppilegt eins og hefur nú sýnt sig. Mamma var farin að tala um að húsið væri orðið of lítið fyrir okkur með öll þessi börn. En ég var alltaf á móti því að flytja því ég vildi ekki skipta um skóla og satt að segja fannst mér nóg komið af börnum þó það sé kannski ljótt að segja það. En það var eins og mömmu fyndist það aldrei því þegar það fæddust tvíburar eða þríburar í staðinn fyrir bara eitt eins og við áttum von á sagði hún bara margur er ríkari en hann hyggur. Hún er svona mikið fyrir börn hún mamma og það er ég svo sem líka. Það var bara það að ég stóð alltaf á löppunum við að snúast í kringum þau af því ég var elzt, en mamma gat þó legið og hvílt sig þegar hún lá á sæng. Ég held við höfum verið uppundir tuttugu systkinin þegar mest var.

Fyrst gerði þetta ekki svo mikið til með kranann af því tappinn var ekki í vaskinum og vatnið rann bara niður. En svo varð vatnið allt í einu svo óhreint. Það var eins og mold hefði komizt í það. Pabbi sagði að líklega hefði vatnsbólið spillzt og það væri þá ástæðulaust að hrósa þessu Gvendarbrunnavatni öllu lengur. Fyrst kom ljót brún rönd í vaskinn þar sem vatnið streymdi niður en svo fór vaskurinn að stíflast af allri drullunni. Mamma sagði að við skyldum vera vongóð því það gæti vel verið að það stíflaðist líka hinum megin við kranann, ég meina í leiðslunum sem vatnið rann inn um eða þá í sjálfum krananum, en það varð nú aldeilis ekki. Vatnið bara streymdi og streymdi. Fyrst fylltist vaskurinn og þegar fór að renna út á gólfið sagði mamma að við yrðum að fara að halda ráðstefnu. Hún var alltaf svolítið lýðræðisleg í sér hún mamma og mikið fyrir nýtízkuuppeldi og þegar eitthvað kom fyrir heima héldum við alltaf ráðstefnu. Ég verð að segja eins og er að það var ekki mikið gagn að til dæmis Vagga eða litlu krökkunum á þessum ráðstefnum og það sagði ég líka við hana mömmu, en það var auðvitað rétt hjá henni að betra var að safna þeim öllum saman og láta þau þegja á meðan en reyna að hugsa sjálfur í öllum þessum hávaða sem alltaf var heima.

Og núna héldum við sem sagt ráðstefnu við kvöldmatinn eins og venjulega því að það var eina skipti sem allir voru heima í einu. Þetta gekk alltaf vel því að mamma lagði mikið upp úr því að við værum kurteis við matborðið þó hún væri annars svona frjálsleg í sér. Hún sagðist sjálf vilja hafa frið til

að borða. Það gat maður svo sem vel skilið, sérstaklega með hana mömmu, því ef ég ætti að lýsa henni mömmu mundi ég segja að hún væri búsældarleg. Það er kannski ekki hægt að segja um manneskju að hún sé búsældarleg, ég hef víst bara heyrt það sagt um sveit, en þeir sem hafa séð búsældarlega sveit, þeir vita hvernig mamma er, svona stór og feit og alltaf í góðu skapi. Og þó hún væri aldrei neitt ströng þá tókst henni samt að kenna okkur borðsiði þó ég segi sjálf frá. Við máttum til dæmis aldrei hrifsa heldur bara biðja um og þá rétti hún okkur. Og við máttum aldrei setjast á undan pabba. Ef við gerðum það samt sagði hún alltaf að hann væri húsbóndinn á heimilinu og við ættum að sýna honum virðingu og það væri honum að þakka að við þyrftum ekki að svelta. Það var ekki það að okkur þætti ekki vænt um hann pabba. Við bara gleymdum honum stundum. Hann var svo lítill, svo miklu minni en mamma og svo sagði hann aldrei mikið. Ég held honum hafi alltaf þótt dálítið leiðinlegt að hafa ekki próf í neinu, en þá sagði mamma að ekki kæmust nú allir áfram í lífinu sem hefðu próf. Þá fór pabbi að gera að gamni sínu og sagði að við værum öll ein stór verkamannafjölskylda en mamma sagði að málið væri ekki svo einfalt því hún ætti okkur líka og hún væri ekki verkamaður. En hún sagði pabba að taka það ekki nærri sér því á misjöfnu þrifust börnin bezt. En þetta gekk sem sagt allt vel á ráðstefnunni sérstaklega af því ég sat núorðið milli Óla og Dóra því að þeim kom ekki of vel saman síðan þetta kom fyrir með blýantana og stílabækurnar. Dóri safnaði nefnilega blýöntum og það hefði svo sem ekki gert til ef hann hefði ekki krotað út alla veggi. Mér fannst það leiðinlegt en mamma sagði að þetta væri sköpunarþörfin, það mætti aldrei þvinga börn og þess vegna ættum við til dæmis að láta Sjólu í friði þó hún hefði fengið Maríu mey á heilann og ekki þagga niður í Nonna þegar hann var að syngja þó manni fyndist stundum hljóðhimnurnar vera að rifna í öllum þessum hávaða. Nonni var í kvartett í skólanum og var afskaplega hrifinn af öllum þjóðlögum svo hann söng alltaf enginn grætur íslending og svoleiðis sorgleg lög. Ég held ég hafi verið sú eina sem var ekki með dellu. Þegar maður þarf alltaf að standa á löppunum og snúast kringum alla hina þá má maður ekki vera að því að hafa dellu. Þegar ég hugsa mig um þá held ég að Ási hafi ekki heldur haft neina dellu. Hann var eitthvað svo inn í sig. Maður vissi aldrei hvað Ási var að hugsa. En sem sagt, Dóri komst að því að Óli hnuplaði blýöntunum og lét krakkana í skólanum hafa þá í skiptum fyrir stílabækur. Ég skildi nú aldrei hvaða ánægju hann hafði af þessum gömlu stílabókum, þær voru allar útþvældar og óhreinar og sumt af þessu hrafnasparki ekki einu sinni læsilegt. Ég veit ekki heldur hvort Óli las þær nokkurn tíma. Hann hafði bara svona gaman af að safna þessu og krakkarnir létu hann sem sagt hafa gömlu stílabækurnar sínar í staðinn fyrir blýantana hans Dóra. Dóri varð alveg vitlaus og krotaði svoleiðis þvers og kruss í eina stílabókina að hún varð alveg ónýt. Að minnsta kosti sagði Óli það.

Svo ég sat á milli þeirra og svo Vaggi og hinir krakkarnir og pabbi og svo var vaggan við hliðina á mömmu svo hún þyrfti ekki að standa upp í miðri máltíð ef krakkinn færi að grenja og mamma var að segja að það yrði kannski erfiðast að enginn kæmist á klósettið úr því farið væri að flæða út á gólfið. En hún sagði að það þýddi ekki að deyja ráðalaus og ekki að renna þegar á hólminn væri komið og hún ætlaði að kaupa kopp. En þá kom upp úr kafinu að það fengust hvergi koppar fyrir fullorðna nema í einhverju kaupfélagi úti á landi og það tæki minnst þrjár vikur að fá hann þaðan. Og það var náttúrlega of seint. En þá fékk mamma lánað bekken á elliheimilinu sem þeir sögðu að þeir mættu missa. Þá neitar Vaggi bara alveg að nota bekkenið því hann hafði aldrei séð svona áður. Mamma sagði blessaður fáráðlingurinn og hann mundi áreiðanlega sætta sig við þetta með tímanum. Hún þóttist ekki sjá þegar Vaggi fór út á lóð, sagði að það ætti ekki að þvinga

neinn. Ég spurði hana hvort henni þætti betra að nágrannarnir sæju þetta og kærðu, en þá sagði mamma bara koma dagar koma ráð og við lifðum í frjálsu landi, Vaggi líka.

En nú heyrðist ekki lengur hviss hviss innan úr baðherberginu og ekki dripp dropp dropp. Það heyrðist fossandi vatnshljóð eins og í læk. Við fluttum rúmin okkar upp og bjuggum um okkur í stofunum. Mest sátum við í eldhúsinu sem var beint uppi yfir baðinu og nú heyrðist eins og sífelldur drunandi árniður. Sem var nú ekki svo skrítið því það var einmitt það sem það var. Stórt og gruggugt fljót ruddist gegnum húsið okkar. Þegar við litum niður sáum við það streyma kolbrúnt af mold fram ganginn, flæða inn í svefnherbergin og sleikja veggina eins og þeir væru árbakkar. Málningin á veggjunum var farin að flagna af. Við gerðum okkur auðvitað engar grillur með það að húsgögnin voru öll ónýt. Hvað þá teppin á gólfunum. Vatnið slettist stundum upp í efstu tröppurnar en mamma sagði að við værum óhult uppi því gluggarnir niðri hefðu áreiðanlega verið opnir. Hún sagði líka að neyðin kenndi naktri konu að spinna og það verð ég að segja að hún gerði sitt bezta til að láta okkur líða vel. Verst var kannski að komast aldrei í bað. Það verður náttúrulega aldrei annað en kisuþvottur að bleyta þvottapoka í eldhúsvaskinum. Það kom okkur mömmu saman um. Önnur óþægindi get ég varla sagt að við höfum haft af þessu nema kannski þetta með kennslukonuna hans Gunna. Hún sagði að það væri svo einkennileg fúkkalykt af honum. Aldrei fundum við neina fúkkalykt af honum en hann lá alltaf á maganum á stigapallinum og glápti niður í vatnið svo það getur svo sem vel verið. Hann þóttist sjá myndir í vatninu. Hann hafði ofan af fyrir litlu krökkunum með því að lýsa þessu fyrir þeim svo mér fannst þetta ekki gera svo mikið til. En kennslukonan kvartaði við skólastjórann svo Gunni var bara heima eftir það. Suma daga held ég meira að segja að við höfum alveg gleymt flóðinu þarna niðri.

En svo hvarf Vaggi allt í einu. Hann kom ekki að borða sem var skrítið. Hann hafði alltaf passað sig svo vel í mat. Mamma varð strax svo undarleg og sagði að það væri satt, illt væri að kenna gömlum hundi að sitja. Fyrst skildi ég ekki hvað hún átti við en svo vissi ég það. Ég laumaðist út og læddist að baðherbergisglugganum. Hjartað í mér sló ógurlega. Ég hafði aldrei séð dauðan mann. En svo sat hann þarna svona friðsæll og rólegur með galopin augu. Næstum eins og hann væri lifandi og væri að horfa á eitthvað. Samt fannst mér skrítið að hann skyldi hafa opin augun. Ég hafði alltaf ímyndað mér að fólk lokaði augunum um leið og það dæi svipað og þegar maður sofnar. Og það skrítna var að ég varð ekkert sorgmædd þegar ég sá hann þarna. Ég varð bara sorgmædd þegar ég kom upp aftur og sá hann ekki. Hann var þó búinn að vera svo lengi hjá okkur, meira að segja lengur en ég þó ég væri elzt og það er reglulega sorglegt þegar svoleiðis fólk bara hverfur allt í einu.

Næstur fór Ási. Hann stóð bara allt í einu upp og gekk beint að stiganum. Mamma flýtti sér á eftir honum. Þá sneri hann sér við og sagði beint framan í hana hefur maður ekki persónufrelsi? Já, bara sisona: hefur maður ekki persónufrelsi? Það var þá þetta sem hann var að hugsa allan tímann. Mamma stóð alveg dolfallin og gat ekkert sagt því hún gat náttúrlega sjálfri sér um kennt. Hún var alltaf að hamra á þessu frjálsræði. Það var ekki fyrr en löngu seinna sem hún sagði nú detta mér allar og sjaldan er ein báran stök. Og þá var Ási löngu horfinn í vatnsflauminn þarna niðri.

Svo tók bara einn við af öðrum. Það var engu líkara en allir yrðu taugaveiklaðir af þessum sífellda vatnsnið í húsinu. Eða hefðu smitazt af vatnssýki. Ég skil þetta ekki. Ég get ómögulega kennt Vagga um þetta allt því þau voru ekki vön að taka hann sér til fyrirmyndar meðan hann lifði. Kannski hafa þau minnstu bara álpazt í ógáti, en svona hurfu þau eitt af öðru, hvert einasta, hugsuðu ekki lengur um

blýantana eða stílabækurnar eða enginn grætur íslending eða maríu mey. Þetta var ef ég á að segja eins og er alveg voðalegur tími. En það verð ég að segja mömmu til hróss að hún lét engan bilbug á sér finna fyrr en daginn sem pabbi fór. Þá settist hún niður og skókst öll í herðunum af gráti. Ég reyndi að taka utan um hana, en hún bara grét og sagði að nú væru sér allar bjargir bannaðar. Ég skildi nú hvað hún átti við þó hún færi svona fínt í þetta og ég kenndi afskaplega í brjósti um hana. Og það kemur kökkur í hálsinn á mér þegar ég lít á þann litla í vöggunni. Það er ekki svo langt þangað til hann fer að skríða.

Það er tómlegt kringum okkur mömmu núna. Og það er satt sem mamma segir að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Hérna þar sem við sitjum við eldhúsborðið niðar vatnshljóðið í eyrunum á okkur eins og við værum úti á rúmsjó. En við ruggum ekki. Það er afskaplega óhuggulegt að vera úti á rúmsjó án þess að rugga. Það er eins og að vera á draugaskipi. En verst á ég samt með að þola þessa voðalegu lykt sem kemur að neðan.

Tólf konur og Veisla undir grjótvegg 1987

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvað er sérstakt við málfar móðurinnar? Nefnið fimm dæmi máli ykkar til stuðnings.*
2. *Í upphafi sögunnar er haft eftir móðurinni að vinstri höndin eigi ekki að vita hvað sú hægri gerir. Hér er vísað* í Biblíuna og þetta er fremur algengt orðalag. Hvaða merkingu hefur það?*
3. *Hver er sögumaðurinn* og hvert er sjónarhorn* hans?*
4. *Hvað einkennir frásagnarstíl sögumannsins?*
5. *Hvaða mynd dregur sögumaður upp af uppeldisaðferðum móðurinnar?*
6. *Hvernig má túlka það að allir hverfi úr sögunni nema móðirin og sögumaður?*
7. *Hvaða saga er sögð á yfirborðinu? Hver gæti dýpri merking sögunnar/boðskapur* verið?*



STEINN STEINARR (1908–1958)

„Þín visna hönd, sem vann þér ei til matar,

skal velta þungum steini úr annars braut.“

Stiklur

Aðalsteinn Kristmundsson öðru nafni Steinn Steinarr fæddist að Laugalandi í Nauteyrarhreppi við Ísafjarðardjúp árið 1908 en ólst upp í Saurbæ í Dölum. Hann fékk ákaflega litla skólagöngu; gekk aðeins í barnaskóla og einn vetur í gagnfræðaskóla og flutti til Reykjavíkur 18 ára. Steinn átti erfitt uppdráttar því vegna vöðvarýrnunar í handlegg gat hann tæplega unnið nokkra erfiðisvinnu en önnur vinna krafðist almennt einhverrar lágmarksmenntunar. Hann hafði þó mikla skáldagáfu og árið 1934 kom fyrsta ljóðabókin hans út en hana kallaði hann *Rauður loginn brann*. Þetta var mjög viðeigandi heiti því Steinn var á þessum tíma róttækur byltingarsinni enda óróleikatímar; samfélagið í sárum í kreppunni miklu og atvinnuleysi og örbirgð almenn. Ljóðin í bókinni bera þess merki, þar skiptast á róttæk baráttukvæði þar sem hart er deilt á misskiptinguna í samfélaginu og persónulegri ljóð sem beina sjónum lesandans að ljóðmælandanum, einmanaleika hans og vonleysi. Steinn orti mikið í hefðbundnum stíl með ljóðstöfum, rími og reglulegri hrynjandi en hann ruddi hinu frjálsa ljóðformi einnig braut og er þess vegna talinn með upphafsmönnum hinnar svokölluðu formbyltingar í ljóðagerð á 20. öldinni. Eitt þekktasta verk hans er ljóðabókin *Tíminn og vatnið* sem kom út 1948.

Steinn Steinarr. 1964. *Kvæðasafn og greinar*. Helgafell. Reykjavík.

Barn

Ég var lítið barn
og ég lék mér við ströndina.
Tveir dökkklæddir menn
gengu fram hjá
og heilsuðu:
Góðan dag, litla barn,
góðan dag!

Ég var lítið barn
og ég lék mér við ströndina.
Tvær ljóshærðar stúlkur
gengu fram hjá
og hvísluðu:
Komdu með, ungi maður,
komdu með!

Ég var lítið barn
og ég lék mér við ströndina.
Tvö hlæjandi börn
gengu fram hjá
og kölluðu:
Gott kvöld, gamli maður,
gott kvöld!

Ljóð 1938

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvaða stílbragði* er beitt í ljóðinu?*
2. *Hver er munurinn á því hvernig ljóðmælandinn sér sjálfan sig og hvernig vegfarendur sjá hann?*
3. *Hvers vegna heitir ljóðið Barn?*

Utan hringsins


Ég geng í hring
í kringum allt, sem er.
Og innan þessa hrings
er veröld þín.
Minn skuggi féll um stund
á gluggans gler.

Ég geng í hring
í kringum allt, sem er.
Og utan þessa hrings
er veröld mín.

Ferð án fyrirheits 1956

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Teiknið mynd sem sýnir stöðu ljóðmælandans*.*
2. *Hvaða merkingu lesið þið út úr þessum línum? „Minn skuggi féll um stund / á gluggans gler.“*
3. *Hvaða sögu segir ljóðið? Er merking þess augljós? Er hægt að túlka það á fleiri en einn veg? Nefnið dæmi.*



SNORRI HJARTARSON (1906–1986)

„Er þá ekkert til bjargar, ríkir vonleysið eitt um framtíð lífs og jarðar. Nei svo getur ekki verið, vissulega ölum vér með oss von um fegri heim og betri, án vonar ekkert líf.“

Stiklur

Snorri fæddist á Hvanneyri árið 1906. Hann stundaði nám við Flensborgarskóla í Hafnarfirði á árunum 1920–22 og síðan í MR en varð að hætta námi í 5. bekk vegna veikinda. Hann fór til útlanda til að leita sér lækninga en stundaði síðan nám í málaralist í Kaupmannahöfn í eitt ár og við Listaskólann í Ósló frá 1931–1932. Hann hélt aftur til Íslands árið 1936. Snorri hóf störf við Borgarbókasafn Reykjavíkur árið 1939 og vann þar til ársins 1966, lengst af sem yfirbókavörður.

Snorri birti fyrstu kvæði sín í íslenskum tímaritum á árunum 1930 og 1931 en fyrsta bók sem gefin var út eftir hann kom út á norsku í Ósló árið 1934. Var það skáldsagan *Høit flyver ravnen*. Sú bók kom aldrei út á íslensku en hlaut góðar viðtökur bæði erlendis og á Íslandi. Eftir það sneri Snorri sér alfarið að ljóðagerð og er hann af mörgum talinn eitthvert listfengasta ljóðskáld okkar. Snorri sendi frá sér fyrstu ljóðabók sína lýðveldisárið 1944. Bar hún heitið *Kvæði*. Alls gaf hann út fjórar ljóðabækur en hann fékk Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1981 fyrir síðustu ljóðabók sína *Hauströkkrið yfir mér*. Þann 4. október 1986 sæmdi heimspekideild Háskóla Íslands Snorra heiðursdoktorsnafnbót en hann lést í desember sama ár.

Snorri Hjartarson. 1981. „Án vonar ekkert líf.“ *Tímarit Máls og menningar* 2.hefti: 127–128.

Ég heyrði þau nálgast

Ég heyrði þau nálgast
í húminu, beið
á veginum rykgráum veginum.

Hann gengur með hestinum
höndin kreppt
um tauminn gróin við tauminn.

Hún hlúir að barninu
horfir föl
fram á nóttina stjarnlausa nóttina.

Og ég sagði: þið eruð
þá enn sem fyr
á veginum flóttamannsveginum,

en hvar er nú friðland
hvar fáið þið leynzt
með von ykkar von okkar allra?

Þau horfðu á mig þögul
og hurfu mér sýn
inn í nóttina myrkrið og nóttina.

Lauf og stjörnur 1966

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Er þetta óbundið eða hefðbundið* ljóð? Rökstyðjið svarið.*
2. *Um hverja er ort?*
3. *Í hvað er vísað* í ljóðinu?*
4. *Hvaða stílbragði er beitt í ljóðinu og hvaða áhrif hefur það?*
5. *Eruð þið sammála fullyrðingu Snorra í tilvitnuninni hér að framan „... án vonar ekkert líf."? Rökstyðjið svarið.*



Madonna de Orleans, málverk eftir Raphael

Ung móðir

Í yndisleik vorsins
milli blóma og runna
situr ung móðir
með barnið á hnjám sér
andlit hennar sól
bros hennar ylhlýir geislar

Rafael í allri sinni dýrð

Fegurð og góðvild
þetta tvennt og eitt
hvað er umkomulausara
í rangsnúnum heimi

Og þó mest af öllu
og mun lifa allt

Lauf og stjörnur 1966

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvað er mikilvægast í heiminum samkvæmt ljóðmælanda*? Eruð þið sammála? Rökstyðjið svarið.*
2. *Finnið myndhverfingar* í fyrsta erindi.*



GUÐMUNDUR BÖÐVARSSON (1904–1974)

„En þú átt að muna,

alla tilveruna

að þetta land á þig.“

Stiklur

Guðmundur fæddist 1. september 1904 á Kirkjubóli í Hvítársíðu í Borgarfirði og þar bjó hann nær allt sitt líf. Móðir hans dó þegar hann var tíu ára og þá leystist heimilið upp. Þegar Guðmundur var sextán ára var hann í vinnumennsku hjá prestinum á Gilsbakka á Hvítársíðu. Á bænum var gott bókasafn sem Guðmundur fékk aðgang að og kynntist hann þar norrænum bókmenntum og las nýjar bækur ungra íslenskra skálda. Guðmund langaði mikið að komast í skóla en af því varð ekki. Líklega hefur það verið of kostnaðarsamt fyrir fátækan ungling. Guðmundur dvaldi samt eitt ár í Reykjavík við lestur og sjálfsnám. Sumarið 1926 flutti hann aftur að Kirkjubóli og hóf búskap þar með föður sínum og bjó þar að mestu upp frá því. Hann var hagur á tré og járn og mikið leitað til hans ef gera þurfti við tæki eða tól.

Samhliða bústörfum skrifaði Guðmundur smásögur og skáldsögur en mest liggur eftir hann af ljóðum, alls tíu bækur. Fyrsta ljóðabókin *Kyssti mig sól* kom út árið 1936 og sú síðasta *Hríðarspor* 1965. Fyrsta ljóðið sem kom út á prenti eftir hann birtist hins vegar í Lesbók Morgunblaðsins 1926. Flest ljóða Guðmundar eru í hefðbundnu formi. Hann losar þó um formið í all nokkrum kvæðum þar sem hann heldur í rímið en notar ekki fasta ljóðstafasetningu.

Guðmundur Böðvarsson. 2004. *Ljóðöld – 100 ljóð á aldarafmæli*. Hörpuútgáfa. Akranes.

Rauði steinninn

Í vegarins ryki lá rauður steinn
– við riðum þar hjá, eins og gengur,
með háværum þys í þeysandi hóp.
Þá var ég ungur drengur.
Og röðull skein þá
hverri rós á brá.
Við riðum þar hjá.

En ljósið féll á hann um örskamma stund
með ósegjanlegu bliki.
Við hvarflandi jóreyk og hófaslátt
hann hvarf mér, – í vegarins ryki.
Eins og rúbínsteinn
var hann rauður og hreinn.
Eins og rúbínsteinn.

Ég leitaði hans seinna hinn sama dag,
einn sveinstauli lítill og hljóður,
en degi var hallað, dimman í hönd,
– það var döggfall og hásumargróður.
Og ég fann hann ei þar,
sem að fyrr hann var,
– hann fannst ekki þar.

Ég leitaði hans seinna dag eftir dag.
Mig dreymdi hann löngum um nætur:
Hann væntir þín, hulinn við hófsporsins grunn
og hljóðlega í dimmunni grætur.
En ég fann hann ei þar,
sem að fyrr hann var.
Hann fannst ekki þar.


Oss verður svo oft, síðan vorið leið,
að vakna við sárasta drauminn:
um æskunnar kallandi ævintýr,
sem ósnortin hverfðust í strauminn.
En röðull skein þá
hverri rós á brá.
– Og við riðum þar hjá.

Minn glitrandi steinn, hví greip ég þig ei
úr götunni höndum tveimur?
Hví bar mig þar fram um? Þar beið mín þó
heill blikandi unaðarheimur.
Eins og rúbínsteinn
varst þú rauður og hreinn,
eins og rúbínsteinn – – –

Hin hvítu skip 1939

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvað teljið þið að rauði steinninn tákni* í þessu ljóði? Rökstyðjið svarið.*
2. *Hver er hugblær* ljóðsins?*
3. *Hver er boðskapur* ljóðsins?*
4. *Í lífinu þurfum við stundum að velja milli tveggja eða fleiri kosta en þetta val getur falið í sér ónýtta möguleika eða glötuð tækifæri. Veltið þessu fyrir ykkur og skrifið síðan stutta hugleiðingu um efnið.*



HALLDÓR LAXNESS (1902–1998)

„Skáldskapurinn er mál sem lífsandi samtíðarinnar skrifar í mannleg hjörtu. Skáldið og ekki aðeins skáldið, heldur allir góðir höfundar og snillingar og listamenn eru rödd samtíðar sinnar."

Stiklur

Halldór fæddist í Reykjavík 1902 og bjó þar með foreldrum sínum til þriggja ára aldurs en þá fluttist fjölskyldan að Laxnesi í Mosfellsdal. Halldór ólst síðan upp þar og var kennt heima þar til hann fór í Menntaskólann í Reykjavík. Hann var aðeins 17 ára gamall þegar fyrsta bók hans, *Barn náttúrunnar,* kom út. Um þetta leyti ákvað hann að hætta námi og halda út í heim. Fyrst lá leiðin til Kaupmannahafnar en síðan fór hann víða um Evrópu og Ameríku næstu áratugina og dvaldi um lengri eða skemmri tíma á hverjum stað. Halldór dvaldi í klaustri Benediktsmunka í Lúxemborg árið 1922 og ári síðar fékk hann kaþólska skírn og tók upp millinafnið Kiljan sem er írskt dýrlingsnafn.

Fyrsta skáldsaga Halldórs sem verulega kvað að var *Vefarinn mikli frá Kasmír* en hún kom út árið 1927. Sagan varð strax mjög umdeild og skiptust lesendur að mestu í tvo hópa, þ.e. þá sem fordæmdu söguna sem klúran samtíning heimspeki, kristinnar trúar og eins konar lífsnautnastefnu og hina sem álitu að um væri að ræða tímamótaverk og að nú væri fram komið nýtt stórskáld. Það voru hinir síðarnefndu sem hittu naglann á höfuðið því á næstu árum og áratugum skrifaði Halldór bækur sem taldar eru með því besta sem skrifað hefur verið á íslensku en einna þekktastar af bókum hans eru *Salka Valka* (1931), *Sjálfstætt fólk* (1934), *Heimsljós* (1937–1940) og *Íslandsklukkan* (1943–1946).

Bækur Halldórs hafa verið þýddar á yfir 40 tungumál og honum hafa verið veittar margvíslegar viðurkenningar fyrir skáldverk sín en árið 1955 hlotnaðist honum mesti heiður sem nokkur rithöfundur getur hlotið þ.e. Bókmenntaverðlaun Nóbels. Árið 1945 létu Halldór og Auður kona hans reisa sér íbúðarhús að Gljúfrasteini í Mosfellsdal en þar er nú safn til minningar um Halldór.

Kaflinn sem hér fer á eftir er úr fyrsta hluta *Íslandsklukkunnar* sem er bókaþrenna, þ.e. *Íslandsklukkan, Hið ljósa man* og *Eldur í Kaupinhafn.*

Halldór Kiljan Laxness. 1962. *Vettvangur dagsins*. Ritgerðir. 2. útgáfa. Helgafell. Reykjavík.

Íslandsklukkan

– ÞRIÐJI KAFLI

Daginn eftir var bjart veður og kyrt, og menn voru að ýmsu starfi á landi og sjó, en Jón Hreggviðsson lá á grúfu uppí bæli, **formælti** konu sinni og bað Drottin með sárum stunum að gefa sér tóbak og brennivín og þrjár **frillur**. Bjáninn táði ull á gólfinu og hló ákaft. Hinn áleitni **daunn líkþrárinnar** ríkti í baðstofunni ofar öðrum daun.

Þá verður það jafnsnemma að hundurinn hefst uppá bæarhúsin með miklu **upploki** og úti dynur undir af hófum margra hesta. Senn heyrist glamur af beislisstaungum og ómur af mannamáli fyrir dyrum; valdsmannsleg rödd skipar hestasveinum fyrir verkum. Jón Hreggviðsson rótaði sér hvergi. Konan kom hlaupandi í baðstofuna með andköfum svo mælandi:

Drottinn Jesú vertu mér líknsamur, það eru komnir höfðíngjar.

Höfðíngjar, sagði Jón Hreggviðsson. Eru þeir ekki búnir að flá af mér húðina? Hvað vilja þeir meir?

En hér varð ekki tóm fyrir lángar skrafræður; klæðaþytur, fótatak og mannamál barst innareftir gaungum. Gestirnir buðu sér inn.

Fyrstur sté yfir þröskuld Jóns Hreggviðssonar þrekvaxinn tignarmaður rjóður, í víðri kápu, með hatt bundinn undir kverk, þúngt fíngurgull, silfurkross í festi og dýra svipu. Honum næst gekk kona með gulan stromphatt, í sortulitaðri reiðhempu skósíðri, og rauðan silkiklút, innanvið miðjan aldur og blómleg á vánga þótt spenníng æskunnar væri slaknandi í **fasinu**, vöxturinn gildnandi, svipurinn tekinn að mótast af veraldleik. Í spor hennar gekk önnur kona mjög úng. Hún var að því leyti ljóðræn ímynd hinnar fyrri sem hún hafði færra reynt þeirra hluta sem gera konu, berhöfðuð og lýsti af slegnu hárinu. Sveigjan í grönnum líkamanum var barnslega mjúk, augun jafn óveraldleg og himinbláminn. Hún hafði enn aðeins þegið fegurð hlutanna en ekki gagn, og því var bros hennar óskylt mensku lífi sem hún **trað** inní þetta hús. Hempan hennar var **indígóblá** með silfurspaung í hálsmálið og tekin saman ofarlega í mittið, og hún hélt henni uppum sig nettfíngruð, í rauðum brugðnum sokkum utanyfir skónum.

Síðastur í þessu göfuga föruneyti gekk tignarmaður einn kyr í fasi, **hugall** og **sjálfumnægur**. Þessi maður var vel á sig kominn og erfitt að segja aldur hans, slétt farinn í andliti og réttnefjaður, munnsvipurinn í senn mjúkur og dapur, altaðþví kvenlegur og þó án **hviklyndis**. Hinar settu hreyfíngar vitnuðu um lánga tamníngu. En þótt augnaráð hans væri fast og kyrt voru augun full **viðkensla**, stór og skýr og því líkust sem sjónflöturinn væri víðari en annarra manna svo færra leyndist fyrir þeim. Þessi augu sem alt námu, og þó einsog kyrt vatn meira af eðli en forvitni, gáfu en áreynslu, voru aðal mannsins. Í raun og veru líktist gesturinn meir í framkomu vitrum alþýðumanni en höfðíngja sem á alt sitt undir manna-

---

að formæla: að bölva
frilla: hjákona
daunn: ólykt
líkþrá: holdsveiki
upplok: gjamm, gelt
fas: líkamsburður, látæði, framkoma
að troða (trað inn): að ganga inn
indigó: dimmblár litur
hugall: athugull
sjálfumnægur: öruggur í fasi/framkomu
hviklyndi: óstöðug lund
viðkennsli: samúð, vorkunn

forræði, hefði ekki klæðaburðurinn gert mismuninn. Venjulegur höfðingi þekkist af fasi sínu, þessi tjáði sig með faslausum nákvæmum smekk. **Fagurkerinn** talaði útúr hverjum saumi, hverri fellingu, hverju hlutfalli í klæðskurði hans; stígvélin voru úr fínu ensku leðri. Hárkollan, sem hann bar undir barðahattinum jafnvel meðal **búra** og betlara, var af vandaðri gerð og snyrtilega greidd einsog hann væri að gánga á konúngsfund.

Í humátt á eftir hinu fríða föruneyti gekk sálusorgari Jóns Hreggviðssonar, sóknarpresturinn í Görðum, ásamt fjárhundi sínum með hríngaða rófu, þefandi. Það var þraungt um svo margt stórmenni í baðstofunni og kona Jóns Hreggviðssonar dró fíflið uppí rúm svo höfðíngjarnir kæmust fyrir.

Jæja Jón minn Hreggviðsson á Rein, svo þetta átti fyrir þér að liggja, sagði presturinn: hér er kominn sjálfur Skálholtsbiskup og maddama hans Jórunn og hennar systir meyablóminn jómfrú Snæfríður, dætur lögmanns Eydalíns; og að lokum sjálfur handgeinginn maður vors allranáðugasta herra og arfakóngs **assessor** Arnas Arnæus prófessor til Kaupinhafnarháskóla – kominn hér inná gólf til þín.

Það rétt **snuggaði** í Jóni Hreggviðssyni en ekki meir.

Er bóndi sjúkur? spurði biskup, sem einn gesta rétti honum hönd sína með hinu þúnga fíngurgulli.

Og varla get ég talið það, sagði Jón Hreggviðsson. Ég var hýddur í gær.

Og því lýgur hann, hýddur var hann í fyrradag. Afturámóti drap hann mann í gær aumínginn, sagði konan snögt og hvelt og smeygði sér hið skjótasta útum dyrnar að baki gestanna.

Þá sagði Jón Hreggviðsson: Ég bið mína **velbyrðugu** herradóma að taka ekki mark á þessari konuskepnu, því hver hún er má best sjá af þessum **ælíngja** hennar þarna uppí bælinu, og snautaðu út fífl og láttu ekki alminlegt fólk sjá þig. Gunna litla, Gunna! Hvar er hún Gunna mín sem hefur þó augun mín?

En stúlkan kom ekki þótt hann kallaði og biskup sneri sér að presti og spurði hvort nokkurt **beneficium** hefði tilfallið aumíngjanum og fékk þau svör að um slíkt hefði ekki verið beðið. Biskupsfrúin greip um arm biskupsins og hallaði sér að honum. Snæfríður Eydalín leit á hinn kyrláta förunaut sinn, hið ósjálfráða bros hennar smádvínaði uns það hafði breyst í **felmtran**.

Biskupinn bað séra Þorstein að segja erindi assessorsins og kalla síðan á allt heimafólk, því hann vildi veita því blessun sína.

Séra Þorsteinn hóf þá máls og endurtók alveg sérstaklega að hér væri kominn sá hálærði maður þess stóra staðar Kaupinhafn. Arnas Arnæus konúngsins vin, starfsbróðir greifa og barúna og réttur sómi þessa vors fátæka lands meðal þjóðanna. Vildi hann kaupa öll skrifuð rifrildi frá fornri tíð svo úr skinni sem pappír, skræður, druslur og hvaðeina bréfkyns eða í bókarlíki sem grotnaði nú sem óðast niður í fórum fátækra og volaðra innbyggjara þessa auma lands, meðþví þeir hefðu ekki leingur þará neitt **beskyn** fyrir húngurs sakir og annars þess guðlegs **straffs** sem áfellur iðrunarlaust fólk og þá sem vanþakka Kristi. Þessum bókagreyum kvað prestur hann síðan finna samastað í sinni stórri höll útí þeim stað Kaupinhafn, til geymslu um eilífa tíð svo lærðir menn heimsins gætu sannfærst um að á Íslandi hefði eitt sinn lifað fólk í mannatölu svosem Gunnar

---

fagurkeri: maður sem ann fögrum hlutum, listunnandi
búri: ruddi, dóni
assessor: dómari í rétti þar sem dómarar eru fleiri en einn
að snugga í e-m: einhver umlar ónuglega
velbyrðugur: æruverður, virðulegur, háttvirtur
ælingi: horgemlingur, ræfilslegur maður
beneficium: (lat.) aðstoð, meðlag
felmtran: skelfing
beskyn: skynbragð
straff: hegning, refsing

á Hlíðarenda, Njáll bóndi og synir hans. Þessu næst greindi séra Þorsteinn frá því að sínum herra hefði komið sú **vitra**, sakir þeirrar spásagnarnáttúru sem hálærð vitni guðlegrar gáfu hafa ein feingið, að hinn fáfróði Jón Hreggviðsson á Rein mundi luma á nokkrum fornum skinnpjötlum með lesmáli frá **páp-iskri tíð**, og því hefði nú þetta háa föruneyti, sem var á leið til Skálholts úr Eyadal vestan, lagt lykkju á leið sína hingað á Akranes til að hafa tal af þeim auma kristsbónda sem hér lúrði ferskhýddur á bæli sínu. Léki assessor mjög hugur á að sjá þetta rifrildi ef það væri enn til, fá það léð ef það væri til láns og keypt ef það væri falt.

Jón Hreggviðsson kannaðist ekki við að eiga í fórum sínum neinar skinnpjötlur, rifrildi né druslur sem héldu uppi minningu fornmanna, því miður, og þótti hryggilegt að jafn tigið föruneyti skyldi hafa farið svo lánga fýluför. Á þessu heimili var ekki bók til utan slitur af **Gradúale** ásamt þeim **skothentu** Krossskólasálmum séra Halldórs á Presthólum og mundi Gunnar á Hlíðarenda seint hafa ort þvílíka sálma. Fluglæs var einginn á bænum utan móðir Jóns Hreggviðssonar, sem helgaðist af því að faðir hennar hafði verið bókbindari hjá séra Guðmundi heitnum í Holti vestra og haft skruddur með höndum frammí andlátið. Sjálfur kvaðst Jón Hreggviðsson ekki lesa nema tilneyddur, en kunna eftir móður sinni allar nauðsynlegar sögur og rímur auk fornra ætta, taldi sig kominn af Haraldi hilditönn danakonúngi að lángfeðgatali. Hann sagði að sér liði aldrei úr minni jafn ágætir fornmenn og Gunnar á Hlíðarenda, Pontus kóngur og Örvaroddur, sem voru tólf álnir á hæð og urðu þrjú hundruð vetra gamlir ef ekki kom neitt fyrir þá, og ætti hann slíka bók mundi hann óðar senda hana kónginum og greifunum gefins til sannindamerkis að hér á Íslandi hafi þó einusinni verið til fólk. Hinsvegar taldi hann það ekki vera fyrir iðrunarleysi sem íslendíngar voru nú fallnir í volæði, því hvenær iðraðist Gunnar á Hlíðarenda? Aldrei. Hann kvað móður sína aldrei hafa þreyst á að sýngja lðrunarsálma séra Halldórs á Presthólum og kom fyrir lítið. Afturámóti kvað hann veiðarfæraleysið hafa orðið íslendíngum allmiklu skæðara en iðrunarleysið og kvað upphaf síns óláns að hafa látið freistast af snærisspotta. Þó mátti einginn halda, og allra síst minn herra biskupinn, að hann væri vanþakklátur Kristi eða mundi nokkrusinni uppéta hans kvígildi, öðru nær, kvað jarðeiganda þennan og himinbónda jafnan hafa verið linan og fyrirlátssaman við sinn fátækan leigumann, enda ævinlega fallið vel á með þeim.

Meðan húsbóndinn var að tala kom fólkið inn til að þiggja blessun Skálholtsbiskups, frænkan, hin hnýtta, með berar kjúkurnar, systirin, hin sára, með burtétið andlitið, þær voru ekki í rónni fyren þær höfðu tranað sér uppí fasið á gestunum, augliti til auglitis við **frakt heimsins**. Örkumlamenn, og fáir einsog líkþráir, **hyllast til** að ota fram **kaunum** sínum, sérstaklega við þá sem einhvers mega sín, oft með ögrunarstolti sem afvopnar jafnvel hinn fræknasta mann og gerir hinn fríðasta hlægilegan í augum sjálfs sín: Sjá þetta hefur Drottinn af **náð** sinni veitt mér, hér er mín verðskuldun fyrir Drotni, segja þessar mannsmyndir og spyrja um leið: Hver er þín verðskuldun, hvers virti Drottinn þig? Eða jafnvel: Drottinn hefur slegið mig þessum kaunum fyrir þig.

Bjáninn var ævinlega afbrýðissamur gegn báðum hinum líkþráu og kunni því illa að þær væru þar nærri sem stórtíðindi voru á ferðum, hrekti þær og

---

vitra: vitneskja
pápísk tíð: tími kaþólskrar trúar á Íslandi
Gradúale: (lat.) messusöngsbók
skothentu: hálfrímuðu
frakt heimsins: glys heimsins, glæsileiki
að hyllast til e-s: sæta lagi, grípa tækifæri
kaun: sár
náð: miskunnsemi



„Vinur því dregur þú mig inn í þetta skelfilega hús?“

hvekti á alla lund með sparki, klípum og skyrpíngum, og Jón Hreggviðsson varð aftur og aftur að skipa honum að snauta burt. Hundur séra Þorsteins lagði skottið milli fóta sér og gekk út. Biskupsfrúin reyndi að brosa alþýðlega við hinum tveim líkþráu sem lyftu mót henni svörtum andlitum sínum, en jómfrú Snæfríður sneri sér með ópi undan sýn þessari, lagði ósjálfrátt armana á axlir Arnæusi, sem stóð við hlið hennar, grúfði sig í snöggum svip skjálfandi uppað brjósti hans, sleit sig frá honum aftur og reyndi að harka af sér, sagði síðan í **tempruðum rómi** dálítið myrkum:

Vinur hví dregurðu mig inní þetta skelfilega hús?

Afgángurinn af fólkinu hafði nú bæst í hópinn til að þiggja blessun, móðirin, dóttirin og konan. Móðirin gamla féll á knébeð fyrir framan biskupinn og kysti hríng hans að fornum sið, og hans herradómur hjálpaði henni að standa á fætur. Hin dökku, hræddu augu telpunnar, kúpt og tindrandi, voru skart hússins. Konan stóð aftur í dyrunum hvassnefjuð og hvellróma, reiðubúin að hverfa ef eitthvað skyldi koma uppá.

Það mun láta nærri, sem ég var búinn að margítreka við minn herra, að hér væri ekki stórra fjársjóða að leita, sagði séra Þorsteinn. Jafnvel miskunn Drottins er öllu fjær þessu húsi en öðrum í prestakallinu.

Einn var sá í hinu prúða föruneyti sem eingin óhugnan fékk áorkað og ekkert kom á óvart, hvorki í þessum stað né öðrum, eða fékk hnikað hinni **hofmannlegu** stillíngu hans. Ekkert í svip Arnae Arnæi bar annars vott en hann yndi sér hið besta í þessu húsi. Hann hafði nú tekið gömlu konuna tali, seinmæltur, lítillátur og **faslaus** einsog dalamaður sem hefur hugsað margt einn saman. Mýkt hinnar djúpu raddar hans var meira í ætt flauels en dúns. Og svo kynlega brá við, að hann, málvinur konúngsins, borðnautur greifanna og sómi vor meðal þjóðanna, þessi fjarlægi heimsmaður sem varla gat talist íslendíngur nema samkvæmt draumi og æfintýri, hann **vissi útí hörgul** ætt og uppruna þessarar lítilmótlegu gömlu konu, kunni skil á frændliði hennar vestanlands, sagði með kyrru brosi að hann hefði oftar en einu sinni handleikið kver sem faðir hennar hafði bundið fyrir einhvern séra Guðmund dáinn fyrir hundrað árum.

Því miður, bætti hann við, og leit til biskups, – því miður hafði séra Guðmundur heitinn í Holti þann sið að láta rífa niður fornar **pergamentsbækur** með frægar sögur, sem hvert þeirra blað og þó ekki væri nema hálfblað eða **ríngasta** rifrildi var **auro carior,** en sum hefðu ekki verið ofborguð með höfuðbóli hvert um sig. Síðan lét hann hafa þessi pergamentsblöð í kver og **involucra** utanum bænabækur og sálma, sem hann fékk óbundið frá Hólaprentverki og seldi sóknarbörnum sínum fyrir fiska.

Því næst sneri hann máli sínu aftur til gömlu konunnar:

Nú þætti mér gaman að spyrja hvort þessi mín gamla móðir kynni ekki að vísa mér á einhvern stað undir rúmi, frammí eldhúsi, útí skemmu eða uppá skemmulofti þarsem stundum verða innlyksa kagbætt skinnbrókarslitur eða skógarmar í hornum, ellegar á **vegglægju** í útikofa þar sem stundum er á veturna troðið ónýtum pjötlum í rifu svo ekki **hjúfri inn**, ég tala nú ekki um ef til er gömul skjóða eða ruslaskrína sem ég mætti **rósna** svolítið í ef vera kynni ég fyndi þó ekki væri nema vesalt rifrildi utanaf kveri frá tíð séra Guðmundar í Holti.

---

tempraður rómur: stillilegur rómur
hofmannlegur: kurteis
faslaus: látlaus, hreinn og beinn
að vita e-ð út í hörgul: að vita e-ð nákvæmlega
pergamentsbók: skinnbók
ringur: lélegur
auro carior: (lat.) gulli dýrara
involucra: (lat.) umbúðir
vegglægja: veggjarpallur
að hjúfra inn: (um snjó) að skafa inn
að rósna í e-u: að róta í e-u

En í þessu búi var eingin skjóða né ruslaskrína og ekki heldur skemmuloft. En assessorinn gerði sig ekki líklegan að snúa burt fyrir því, og þótt biskupinn væri orðinn dálítið órólegur, og lángaði að fara að koma blessuninni af, hélt vinur konúngsins áfram að brosa viðkunnanlega framaní fólkið.

Það er þá ekki nema ef vera skyldi rúmbotninn hennar móður minnar, sagði Jón Hreggviðsson.

Æ mikið rétt, á hverju liggja ekki vorar göfugu kellíngar, sagði assessorinn og tók upp **snuff** úr **pússi** sínum og gaf öllum í nefið, einnig fíflinu og báðum hinum líkþráu.

Þegar Jón Hreggviðsson var búinn að fá í nefið af þessu ágæta tóbaki rann það upp fyrir honum að eitthvað hlyti að hafa orðið af gömlu skinnpjötlunum sem þau höfðu gefist upp við að hafa í bót á brókina hans hér um árið.

Það gaus upp ryk og ólyfjan þegar farið var að róta í bæli kellíngar, því hey var gamalt og margmyglað í bálkinum. En innanum heyið ægði saman alskonar drasli svo sem botnlausum skóræflum, skóbótum, gömlum **sokkbolum**, fúnum vaðmálspjötlum, snærisspottum, **þinum**, skeifubrotum, hornum, beinum, tálknum, glerhörðum **fiskstirtlum**, ónýtum **klúrum** og öðru spýtnarusli, **kljásteinum**, skeljum, **kufúngum** og krossfiskum. Þó var ekki **örgrant** að innanum mætti finna nýta hluti og jafnvel merkilega svo sem gjarðahríngjur úr kopar, **lausnarsteina**, svipuhólka, eldforna eirpeníng a.

Jón Hreggviðsson var sjálfur skriðinn frammúr til að hjálpa professor **antiquitatum** til að róta í bæli kellíngar. Hinar fögru voru geingnar undir bert loft, en þær líkþráu urðu eftir hjá biskupinum. Gamla konan stóð áleingdar og það hljóp roði frammí **korpnaðar** kinnar hennar þegar þeir fóru að róta, og sjáöldrin þöndust út, og eftirþví sem þeir rótuðu leingur og snertu við fleiri hlutum þeim mun fleiri taugar voru snertar í henni sjálfri, uns hún var farin að titra. Seinast lyfti hún pilsinu uppað augunum og grét í hljóði.

Skálholtsbiskup hafði staðið hjá og gefið aðförum assessors auga vantrúarfullur, en þegar hann sá gamla konan var farin að gráta strauk hann með kristilegri linkind um votan **eltiskinnsvánga** hennar og reyndi að fullvissa hana um að þeir mundu ekki taka neitt frá henni sem hana munaði um.

Eftir lánga og nákvæma leit kom þar að hinn tigni gestur dró frammúr **heyruddanum** nokkur samanvöðluð **skinnarækslu** svo bögluð, skorpin og gamalhörðnuð að ógerlegt var að slétta úr þeim.

Hæverska afsökunarbrosið í augum hins kyrláta tignarmanns meðan hann var að leita í sorpi þessu var altíeinu snúið í sjálfgleymna embættisalvöru um leið og hann hélt fundi sínum uppað mjúkri birtu **skjásins**, en brosið horfið. Hann ýmist blés af skinninu eða rýndi í það, dró upp **silkihandlínu** úr brjóstvasa sínum og strauk með henni af því eða dustaði.

Membrana, sagði hann að lokum og leit sem snöggvast á vin sinn biskupinn, og þeir skoðuðu það báðir: nokkur kálfskinnsblöð brotin og kjölþrædd, en þráðurinn laungu slitinn eða fúinn; en þótt ytraborð **bjórsins** væri svart og **grómtekið** mátti auðveldlega greina þar lesmál með **múnkaletri**. Áhugi þeirra var altaðþví lotníngarfullur, þeir fóru höndum um

---

snuff: neftóbak
að taka e-ð úr pússi sínum: að ná í e-ð í litla pyngju eða poka
sokkbolur: efri hluti sokks
þinur: netateinn
fiskstirtla: sporður
klúra: tréloka
kljásteinn: lóð í vefstól
kufungur: kuðungur
það var ekki örgrannt um: ekki alveg laust við
lausnarsteinn: fræ af plöntu er stundum rak á fjörur og átti samkvæmt þjóðtrú að auðvelda konum fæðingu
antiquitatum: (lat.) fornfræði
korpnaður: skorpinn
eltiskinn: skinn sem hefur verið nuddað þar til það verður hvítt og mjúkt
heyruddi: lélegt hey
skinnarækslu: lélegt skinn
skjár: (hér) gegnsæ himna í glugga notuð stað glers
silkihandlína: silkivasaklútur
membranum: (lat.) skinnhandrit
bjór: skinn
grómtekið: með gömlum og grónum óhreinindum
munkaletur: gotneskt lágstafaletur frá því um 1200–1400

þessar skorpnu druslur jafnvarlega og um **óskinngað fóstur** og tautuðu fyrir munni sér latnesk orð svo sem **pretiosissima, thesaurus** og **cimelium**.

Skriftin er frá því um þrettánhundruð, sagði Arnas Arnæus. Ég fæ ekki betur séð en þetta séu blöð úr sjálfri Skáldu.

Síðan sneri hann sér að gömlu konunni, sagði að hér væru sex blöð úr fornu handriti, spurði hve mörg þau mundu hafa verið í upphafi?

Gamla konan hætti að gráta þegar hún sá þeir mundu ekki sækjast eftir neinu verðmætara úr rúmbotni hennar, og svaraði að þau mundu aldrei hafa verið nema einu fleira en nú, hana dreymdi til að hafa einu sinni fyrir laungu bleytt upp þessa skinndræsu og slitið úr henni blað til að bæta með brókina hans Jóns síns, en það var þá vitaónýtt og hélt ekki þræði; og þegar gesturinn spurði hvað mundi hafa orðið af því blaði svaraði konan fyrst að það hefði enn aldrei verið siður sinn að fleygja neinu nýtilegu, allrasíst nokkru skinnkyns í öllu því **skæðaleysi** sem hún hafði orðið að þola um ævina með þessa mörgu fætur: það var vond skinnpjatla sem ekki var til einhvers nýt í hörðu ári, þegar margir verða að borða skóna sína, og þó það sé ekki nema **þveingspotti** er honum stúngið uppí börn til að taungla. Mínir herrar máttu ekki halda það kæmi til af góðu að henni hafði ekki orðið neitt úr þessu rifrildi.

Þeir horfðu báðir á gömlu konuna hvernig hún þurkaði af sér tárin með ekka. Síðan sagði Arnas Arnæus hljóðlega við biskup:

Ég hef nú í sjö ár leitað og haldið spurnum fyrir um alt land hvort hvergi fyndist slitur og þó ekki væri nema **minutissima particula** úr þeim fjórtán blöðum sem mig vantar í Skáldu, en á þetta einstæða handrit hafa verið skráð fegurst kvæði á norðurhveli heims. Hér eru sex fundin, að vísu samanbögluð og illlæs, en þó **sine exemplo**.

Biskup samfagnaði vin sínum með handabandi.

Nú hækkaði Arnas Arnæus róminn og sneri sér að gömlu konunni: Ég tek þá þetta ólukkans rifrildi með mér, sagði hann. Það er ekki hægt að bæta með því brók hvorteð er né hafa það undir skó; og svotil útséð um að slíkt hallæri komi yfir Ísland að það verði talið ætt. En **silfurpesíu** skaltu hafa af mér fyrir ónæðið kona góð.

Hann vafði skinnræksninu inní silkidúkinn og stakk þessu í barm sér og sagði um leið við séra Þorstein í þesskonar glaðlegu kæríngarleysi sem títt er þegar menn vilja halda uppi kumpánlegum samræðum við greiðasaman samfylgdarmann, sem manni er annars óvandabundinn:

Það er nú einu sinni svo komið, séra Þorsteinn minn, að það fólk sem átt hefur merkilegastar **literas** í norðurálfu heims **síðan antiqui** kýs nú heldur að ganga á kálfskinni og éta kálfskinn en lesa á kálfskinn gamalt letur.

Þvínæst veitti biskup heimafólki blessun sína.

Tignarkonurnar höfðu beðið **kavaléra** sinna útí kvöldroðanum og geingu nú móti þeim brosandi. Tugir lausra hesta nöguðu **túnskækilinn** ákafir og **frýsandi**. Hestasveinarnir leiddu fjóra þeirra í hlað. Síðan steig hefðarfólkið á bak og spretti úr spori út grýttar **traðirnar** og hraut eldur undan hófunum.

óskinngað fóstur: fóstur sem ekki hefur enn fengið húð
pretiosissima: (lat.) est. af pretiosus sem þýðir verðmætur
thesaurus: (lat.) fjársjóður, gersemi
cimelium: (lat.) fjársjóður, gersemi
skæði: (hér) skinn í klæði
þvengspotti: reim úr skinni
minutissima particula: (lat.) hin smæsta ögn
sine exemplo: (lat.) einstæður, makalaus
silfurspesía: silfurpeningur
literas: (lat.) bókmenntir
síðan antiqui: (lat.) síðan í forneskju
kavaler: herramaður
túnskækill: lítill túnblettur
að frýsa: (um hross) blása úr nösum, fnæsa
traðir: troðningur, stígur

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Í hvaða erindagjörðum komu höfðingjarnir að Rein?*
2. *Hver er munurinn á framkomu og afstöðu Jóns og konu hans til höfðingjanna?*
3. *Hvaða skýringu gefa Jón Hreggviðsson annars vegar og presturinn hins vegar á bágu ástandi þjóðarinnar?*
4. *Hvað á séra Þorsteinn við þegar hann segir: „Jafnvel miskunn Drottins er öllu fjær þessu húsi en öðrum í prestakallinu?“ (bls. 107)*
5. *Lýsið Snæfríði eins og hún kemur fyrir sjónir í þessum kafla. Gefa útlitslýsingar og látbragð eitthvað uppi um persónugerð hennar? Hvað finnst ykkur vera eftirtektarverðast í fari hennar?*
6. *Á hvaða hátt var framkoma Arnasar ólík því sem vænta mátti? Hvað var það í fari hans sem kom mest á óvart?*
7. *Hvað segir þessi kafli um aðstæður fólksins á Rein, t.d híbýli, mataræði, heilsufar og líðan?*
8. *Hvaða ályktanir má draga um ástand þjóðarinnar á 17. öld af þessum kafla? Athugið sérstaklega næstsíðustu efnisgreinina.*
9. *Hvernig var meðferð fornra handrita hér á landi samkvæmt þessum kafla?*
10. *Teljið þið að það skipti máli fyrir Íslendinga að eiga forn handrit? Hefur það haft einhver áhrif á íslensku þjóðina? Rökstyðjið svarið.*
11. *Hvernig finnst ykkur þessi texti Halldórs? Er hann skemmtilegur/leiðinlegur/auðveldur eða erfiður aflestrar? Rökstyðjið svarið. Er hann líkur/ólíkur því sem þið lesið í dag? Á hvaða hátt?*

DAVÍÐ STEFÁNSSON FRÁ FAGRASKÓGI (1895–1964)

„Oft skapast ljóð á svo ótrúlega skömmum tíma, að vel má nefna innblástur. En hver honum veldur, skal ég láta ósagt. Stundum verða til fleiri en eitt og fleiri en tvö ljóð í sömu lotunni. Þá er náðarstund. En sú stund kemur aldrei án starfs og einveru, þrauta og auðmýktar. Það er sjaldgæft að akrar grói ósánir.“



Stiklur

Davíð fæddist og ólst upp í Fagraskógi við Eyjafjörð. Ungur sýktist hann af berklum sem töfðu hann frá námi svo hann var orðinn 24 ára gamall þegar hann útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík. Sama ár sendi hann frá sér sína fyrstu ljóðabók, *Svartar fjaðrir*, sem skapaði honum miklar vinsældir meðal ungs fólks. Hann þótti djarfur í kveðskap sínum; vogaði sér að túlka tilfinningar og ástríður sem eldri skáld höfðu látið vera. Næst á eftir *Svörtum fjöðrum* komu ljóðabækurnar *Kvæði* (1922) og *Kveðjur* (1924). Mörg kvæðanna í þessum ljóðabókum fjalla um fjarlæga og framandi staði sem líklega hafa verið sem draumaheimar fyrir flesta Íslendinga á þessum tíma.

Davíð var afkastamikill höfundur en á 4. áratugnum sneri hann sér að ritun lausamálsbókmennta og skrifaði m.a. skáldsöguna *Sólon Íslandus* og leikritið *Gullna hliðið* sem naut lengi mikilla vinsælda. Eftir 11 ára hvíld frá ljóðagerð sneri hann sér aftur að kveðskapnum og orti þá fremur um öryggisleysi listamannsins, hverfulleika lífsins og dauðann en ástina og ástríðurnar. Ljóðabækur Davíðs urðu alls tíu. Heimili Davíðs á Akureyri hefur verið gert að safni sem kallast Davíðshús.

Til eru fræ –

Til eru fræ, sem fengu þennan dóm:
að falla í jörð, en verða aldrei blóm.
Eins eru skip, sem aldrei landi ná,
og iðgræn lönd, er sökkva í djúpin blá,
og von, sem hefur vængi sína misst,
og varir, sem að aldrei geta kysst,
og elskendur, sem aldrei geta mætzt,
og aldrei geta sumir draumar rætzt.

Til eru ljóð, sem lifna og deyja í senn,
og lítil börn, sem aldrei verða menn.

Kveðjur 1924

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Veltið fyrir ykkur þessari línu: „Til eru ljóð, sem lifna og deyja í senn.“ Hvernig skiljið þið þetta? Hvað á skáldið við?*

Friðrik G. Olgeirsson. 2007. *Snert hörpu mína – Ævisaga Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi*. JPV útgáfa. Reykjavík.

Kvæðið um fuglana

I

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Eg heyri í fjarska villtan vængjaþyt.
Um **varpann** leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Pardís.

II

Sá einn er skáld, sem skilur fuglamál,
og skærast hljómar það í barnsins sál.
Hann saurgar aldrei söngsins helgu **vé**.
Hann syngur líf í smiðjumó og tré.

Sá einn er skáld, sem skilur það og fann,
að skaparinn á leikföng eins og hann
og safnar þeim í gamalt gullaskrín
og gleður með þeim litlu börnin sín.

Sá einn er skáld, sem elskar jörð og sól,
þótt eigi hvorki björg né húsaskjól.
Hann veit, að lífið sjálft er guðagjöf
og gæti búið einn við nyrstu höf.

Sá einn er skáld, sem þögull getur þráð
og þakkað guði augnabliksins **náð**.

III

Svo gæt mín þá, mín góða heilladís,
sem gleður skáldin meðan dagur rís.
Þú gafst mér þrá, svo gat ég telgt með hníf.
Ó, gefðu mínum dauðu fuglum líf.

Á náðarstund ég návist þína finn.
Leyf nöktu barni að snerta faldinn þinn,
og dreyp á mínar varir þeirri veig,
sem vekur líf og gerir orðin fleyg.

Ef fuglar mínir fengju vængjamátt,
þá fljúga þeir um loftið draumablátt,
og þér, sem hæst í himinsölum býrð,
skal helgað þeirra flug og söngvadýrð.

varpi: hlaðvarpi; svæði fyrir framan sveitabæ
vé: helgidómur
náð: gæska, góðmennska

Og glæðir nokkur gleði meiri yl
en gleðin yfir því að vera til
og vita alla vængi hvíta fá,
sem víðsýnið – og eilífðina þrá?

Með fjaðraþyt skal fagna sálum þeim,
sem fæðast seinna inn í þennan heim.
Þær hræðast síður hríð og reiðan sjó,
fyrst hér er nóg um tré og smiðjumó.

Hver fugl skal þreyta flugið móti sól,
að fótskör guðs, að lambsins dýrðarstól,
og setjast loks á silfurbláa tjörn
og syngja fyrir lítil englabörn.

IV

Og eins og barnið rís frá svefnsins sæng,
eins sigrar lífið fuglsins mjúka væng.
Er tungan kennir töfra söngs og máls,
þá teygir hann sinn hvíta svanaháls.

Nú fljúga mínir fuglar, góða dís.
Nú fagna englar guðs í Paradís.

Ný kvæðabók 1947

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hver er hin himinborna dís og hvað er hún beðin um?*
2. *Hvað tákna* fuglarnir?*
3. *„– og sumir verða alltaf lítil börn." Hvað er átt við með þessu?*
4. *„ Sá einn er skáld …" Svona hefjast öll erindin í öðrum hluta ljóðsins. Gæti orðið skáld haft aðra merkingu hér en hina hefðbundnu?*
5. *Kvæðinu er skipt í fjóra hluta. Gerið grein fyrir inntaki hvers hluta fyrir sig.*

ABBA-LABBA-LÁ

Hún hét Abba-labba-lá.
Hún var svört og brún á brá
og átti kofa í skóginum
á milli grænna greina
og trúði á stokka og steina.

En enginn vissi, hvaðan
hún kom í þennan skóg;
enginn vissi, hvers vegna
hún ærslaðist og hló,
og enginn vissi, hvers vegna
hún bæði beit og sló. –

Hún hét Abba-labba-lá.
Hún var svört og brún á brá
og gerði alla vitlausa,
sem vildu í hana ná.
Á villidýrablóði,
á villidýrablóði
lifði Abba-labba-lá.

… Einu sinni sá ég
Abba-labba-lá.
Hún dansaði í skóginum,
svört á brún og brá.
Mér hlýnaði um hjartað
og hrópaði hana á:
Abba-labba,
Abba-labba,
Abba-labba-lá!

Þá kom hún til mín hlaupandi
og kyssti mig og hló,
beit mig og saug úr mér
blóðið, – svo ég dó.

– Og afturgenginn hrópa ég
út yfir land og sjá:
Varið ykkur, veslingar,
varið ykkur, veslingar,
á Abba-labba-lá.

Svartar fjaðrir 1919

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Veltið fyrir ykkur stílbrögðunum* í ljóðinu. Hvaða tilfinningar vakna hjá ykkur við lestur ljóðsins og hvaða orð vekja þær tilfinningar?*
2. *Hvers konar vera er Abba-labba-lá? Er hún af þessum heimi?*
3. *Hvað þýðir að trúa á stokka og steina?*
4. *Semjið sögu eða gerið teiknimyndasögu eftir efni kvæðisins og reynið að magna upp dulúð, jafnvel ótta.*

Þórbergur Þórðarson (1889–1974)

„Sá sem veitir mannkyninu fegurð er mikill velgerðarmaður þess. Sá sem veitir því speki, er meiri velgerðarmaður þess. En sá sem veitir því hlátur, er mestur velgerðarmaður þess.“



Stiklur

Þórbergur fæddist á Hala í Suðursveit 12. mars árið 1889 og bjó þar til sautján ára aldurs. Hann hélt þá til Reykjavíkur og vann fyrir sér m.a. sem kokkur og háseti á skútu. Eftir það afréð hann að fara í Kennaraskólann en entist þar ekki nema eitt ár þar sem honum fannst námið vera eintómur utanbókarlærdómur. Hann stundaði nám við Háskóla Íslands á árunum 1913–1918 en fékk ekki að taka lokapróf af því að hann hafði ekki lokið stúdentsprófi.

Þórbergur Þórðarson er einn af sérstæðustu rithöfundum tuttugustu aldar og eitt af höfuðskáldum hennar. Hann skrifaði bækur sem að formi líkjast skáldsögum en sendi hvorki frá sér eiginlegar smásögur né skáldsögur. Hann hóf rithöfundarferilinn árið 1915 með ljóðabókinni *Hálfir skósólar* sem hann gaf út undir dulnefninu Styr stofuglamm. Nafn bókarinnar á að benda til þess að verð hennar jafngilti andvirði hálfra skósóla. Það var svo ekki fyrr en 1924 þegar *Bréf til Láru* kom út að nafn Þórbergs varð á allra vörum. Bókin er safn ritgerða, þátta og frásagna um ýmislegt efni. Í henni deildi hann m.a. hart á peningahyggju samtímans, kirkjuna og hvers konar ranglæti. Bókin varð feikilega umdeild og var Þórbergur rekinn úr kennarastarfi vegna hennar. Af öðrum bókum hans má nefna sjálfsævisögulegu bækurnar *Íslenskur aðall* (1938), *Ofvitinn I-II* (1940–1941) og *Sálmurinn um blómið* I-II (1954–1955).

Þórbergur var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót Háskóla Íslands 12. mars 1974 en hann lést í nóvember sama ár. Í tilefni af aldarafmæli Þórbergs var stofnað til sérstakra stílverðlauna í hans nafni, Stílverðlaun Þórbergs Þórðarsonar, og skulu verðlaunin veitt þeim sem þykir sýna óvenjulega stílgáfu og frumleik í meðferð íslensks máls. Gyrðir Elíasson og Þorsteinn frá Hamri hafa meðal annarra hlotið þessi verðlaun. Þórbergssetur var opnað árið 2006 á fæðingarstað Þórbergs og þar er m.a. hægt að kynnast ævi og verkum skáldsins.

Hér á eftir fer hluti úr kaflanum Húsdýrin á Hala sem fyrst birtist í bernskuminningabók Þórbergs, *Steinarnir tala* en hún kom út árið 1956.

Þórbergur Þórðarson. 1974. *Bréf til Láru*. Mál og menning. Reykjavík.

Húsdýrin á Hala

Kýrnar voru hafðar undir baðstofuloftinu. Það var hægt að sjá rassinn á þeim, þegar maður gekk inn göngin að stiganum upp í baðstofuna, því að það var engin hurð fyrir austurhelmingnum á göngunum innst. En fyrir þetta gap voru strengdir pokar eða franskur seglstrigi í aftaka kuldum og rokum á vetrin, til þess að ekki næddi inn á kýrnar. En það kom mjög sjaldan fyrir, að þess þyrfti með.

Það skammaðist sín enginn í Suðursveit fyrir sambúð við kýrnar. Þær voru partur af fjölskyldunni, ennþá nákomnari henni andlega og líkamlega en hestarnir og kindurnar. Þær voru góðar við fólkið að gefa því mjólk úr sér, hollasta matinn á heimilinu. Þær áttu Guð yfir sér eins og fólkið, og það voru sumir í Suðursveit farnir að halda, að þær hefðu ódauðlega sál. Þær voru bara svolítið öðruvísi í laginu en fólkið.

Það voru tvær kýr á Hala. Önnur hét Huppa, en hin Skjalda. Huppa var stór og með falleg horn og stillt og virðuleg í útliti og framkomu og gaf fólkinu mikla mjólk. Skjalda var **kollótt**, með flóttalegt augnaráð og geðvonzkuleg í framan. Hún var líka minni en Huppa og mjólkaði ekki eins mikið. Hún var biluð á geðsmunum. Hún rauk stundum upp um miðjar nætur og fór að bölva óskaplega og sparka klaufunum niður í básinn. Þá vöknuðu allir í baðstofunni, og enginn gat sofnað aftur, fyrr en Skjalda hætti þessum skelfilegu látum. Það var óútmálanlega hræðilegt að hlusta á þetta í næturmyrkrinu. Það var eins og verstu læti í **blótneyti**. Ég togaði sængina upp fyrir höfuð og stóð á öndinni við að þylja vers og bænir til að deyfa þessi djöfulslæti ofurlítið fyrir mér.

Mér datt í hug, að Skjalda hefði bilazt út af því, að Huppa hafði stór og falleg horn, en hún var sjálf kollótt og **snauddleg** í framan. Ég sá löngu seinna, þegar ég fór að skilja mannlífið, að þetta hefði getað verið rétt hjá mér. Bilanir út af svipuðu hafa oft komið fyrir í fólki. En nú heyrði ég einhverja segja, að Skjalda mundi sjá eitthvað óhreint í básnum sínum, þegar köstin kæmu yfir hana. Þá missti ég trú á skýringu minni. Eitthvað óhreint! Þarna kom það. Og rúmið mitt var beint uppi yfir Skjöldu. Var þetta óhreina þá orsök í geðbilun Skjöldu? Eða sá hún þetta óhreina, af því að hún var geðbiluð?

En hvað var þetta óhreina? Ég hafði oft heyrt talað um óhreint og óhreina anda, og mér skildist, að þetta hvortveggja væri það sama. En hvað var það? Það var ekki afturganga, ekki huldukona, ekki jólasveinn, ekki **taðkallinn**, tæplega loftandi. Það var eitthvað mjög dularfullt og hræðilegt, eitthvað, sem fólk vissi þó hvað var, en enginn vildi orða skýrar. Og ég var farinn að komast á þá skoðun, að það væri púki, djöfull. Þó var ég ekki viss um það. Þessi grunur gerði bölvið í Skjöldu ennþá hryllilegra. Nú stendur hann í myrkrinu beint fyrir neðan rúmbotninn minn og afskræmir sig framan í hana. Og ég herti á versunum og bænaþulunni, allur í svitakófi undir sænginni. Þessi ólæti stóðu stundum lengi nætur. Það var oft talað um, að það yrði að fara að lóga Skjöldu. En þá kenndi ég alltaf sárt í brjósti um hana. Ég vildi heldur eiga þessar voðalegu nætur yfir höfði mér en að sjá veslings Skjöldu leidda út á blóðvöll og drepna. Og þetta óhreina gat haldið áfram að hafast við í básnum, þó að hún hyrfi úr heiminum.

Skjöldubás var austanmegin í fjósinu, Huppubás vestanmegin. Það var **trébálki** á milli þeirra. Þær snöru höfði inn að stafni, en rössum fram að göngunum. Huppubás var bjartari, af því að hann var beint á móti birtunni, sem kom inn úr göngunum, en Skjöldubás var skáhallt til hliðar við göngin og þess vegna skuggalegri. Fyrir aftan básana var flórinn. Hann var steinlagður, en ekki rennisléttur í

---

kollótt (um búfénað): án horna
blótneyti: mannýgt naut
snauddlegur/snautlegur: sviplaus
tað: saur hrossa eða sauðfjár
taðkarl: vættur; yfirnáttúruleg vera í taðhlöðu
trébálkur: skilveggur úr timbri sem nær ekki alveg upp til lofts

botninn. Hann var mokaður á hverjum degi með herðablaði úr nautgrip.

Þriðji básinn var frammi við **gaflhlaðið**, þvers fyrir aftan Skjöldubás, hægramegin við göngin, þegar inn var komið. Hann var dimmur. Á honum var haft naut eða kálfur og snöri höfði að austurvegg fjóssins.

Við hliðina á þessum bás, milli hans og flórsins, fyrir aftan Skjöldubás, var lítill sætur bás. Þar var hafður kálfur, þegar nautgripur var á hinum básnum. En ef ekkert naut var og ekki kvíga og enginn kálfur var látinn lifa, þá stóðu þessir básar auðir, og þá var tómlegt í fjósinu.

Það lagði þægilegan yl frá kúnum um alla baðstofuna. Ég man ekki til, að þar væri nokkurntíma kalt, og aldrei tók maður eftir, að flórlykt legði upp á loftið. Ég fann hana stundum fram í göngin, þegar nýbúið var að moka. Mér fannst hún viðkunnanleg. Mig minnir það vera stráð svolítið af ösku yfir flórinn, þegar lokið var við að moka hann. Það hefur líklega verið gert til að gera hann penari og kannski til að taka af honum lykt. Flóinn var þó alltaf mokaður vandlega á Hala.

Kýrnar fengu líka hlýju frá fólkinu. Þetta var samhjálp í baráttunni við vetrarkuldana. Þessir fjósbúar voru ein fjölskylda, sem bjó á tveimur hæðum. Og ylurinn frá kúnum var svo náttúrlegur í lífi fólksins, að maður hugsaði aldrei út í það, hvílík vörn þessar blessaðar skepnur voru gegn kuldasjúkdómum og illri líðan. Kannski er það Huppu og Skjöldu að þakka, að ég drapst ekki úr **draghóstanum**.

En maður á að vera hreinskilinn í bókum, og þess vegna get ég ekki sloppið við að játa, að kýrnar voru á ýmsar lundir erfiðar í sambúð, sérstaklega þegar þær voru ekki á básunum. Þær veltu um **drýli** og sátum á túnum og engjum, þegar þær komust í færi, og þá var auðséð á þeim, að þær voru ánægðar með sig. Þær settu hausana fokvondar í garða og veggi og brutu í þá holur og skörð. Þær stálust í heyflekki og átu úr þeim og óðu yfir þá og tróðu þá niður og skitu í þá. Þær laumuðust inn í kartöflugarða og tróðu niður kartöflugrasið og úðuðu það ofan í sig. Þær neituðu sér aldrei um þá skemmtun að leggja lykkju á leið sína til þess að gera óskunda í þvotti, sem breiddur var út eða hengdur á snúrur. Stundum fundu þær upp á þeim fjanda, þegar þær voru reknar heim á kvöldin, að taka undir sig stökk á fjósabalanum og æða eins og bandvitlausar til og frá um túnin með rassana hátt upp í loftið, og maður var nær dauða en lífi að eltast við þær. Og þegar fór að líða á sumarið, gat maður átt það vofandi yfir sér, að þær kæmu ekki heim að á kvöldin, heldur létu rökkrið detta á sig einhvers staðar í langt burtu og legðust þar fyrir í mestu makindum og létu menn leita að sér í myrkrinu, og ég gat aldrei fundið nokkra ástæðu að þessu háttalagi þeirra aðra en þá, að þær væru að stríða manni og gera manni erfitt fyrir.

Þær voru óskaplega forvitnar. Þær tóku stundum á sig langa króka til að vita, hvað eitthvað væri, og þegar þær voru komnar nálægt því, þá stönzuðu þær og góndu á það, eins og þær botnuðu ekki alminlega í því. Það var álitið ljótt í Suðursveit að vera forvitinn. Það var ekki álitið þar, að forvitni væri upphaf vizkunnar. Og mér fannst Suðursveit hafa rétt fyrir sér í þessu, þegar ég hugsaði um forvitnina í kúnum. Það var eitthvað á bak við hana, sem var ekki fallegt.

Aldrei voru kýrnar skemmtilegar. Þær virtust vera alveg húmorslausar. Það var eins og það lægi alltaf illa á þeim, væru jafnvel oft í vondu skapi. Þegar þær brugðu sér á leik, þá var eins og þær gerðu það í illu. Maður sá aldrei lífsgleði eða spaugsemi í hreyfingum þeirra og heyrði aldrei þessa skemmtilegu **blessbresti** aftan í þeim eins og hestunum, þegar þær ruku á sprett frá manni. Það var ekkert flott við

gaflhlað: efsti hluti húsgafls, oftast þríhyrndur
draghósti: kuldahósti
drýli: hrúga af hálfþurru heyi
blessbrestur: frethljóð

þær eins og hestana og **moratnefðóttu** forustuána. Þær voru stirðar og klunnalegar í hreyfingum. Þó heyrði ég sagt, að nautin undan þeim væru fljótari að hlaupa en frískustu hestar. Það fannst mér óttaleg saga.

Og það var meira af hugsun í andlitinu á kúnum en í andlitinu á hestunum og kindunum. Þegar þær horfðu á mann, þá hugsuðu þær meira ***um*** mann. Það var eins og þær sæju mann út. Mér var helvíti illa við það. Það var engin hugsun í andlitinu á hestunum, þá sjaldan þeir horfðu á mann, og þeir sýndust ekki hafa neinn áhuga á manni. Kindurnar horfðu á mann með miklum áhuga, en það var auðséð á andlitinu á þeim, að þær botnuðu ekkert í manni. Það var eins og þær væru að reyna að skilja, en gætu það ekki.

- - -

Það var margt í háttalagi kúnna, sem enginn botnaði í. Stundum löbbuðu þær sig niður að Lóni og héngu þar langalengi niðri í leirdrullunni, hreyfingarlausar eins og myndastyttur. Það var einkennileg sjón.

Þær sýndust vera nýjungagjarnar í náttúrumálum. Þær urðu ákaflega upp veðraðar, þegar þær sáu ókunnugt naut eða bara heyrðu í því. Það var eins og þær heyrðu, að tuddi talaði útlent mál, þó að hann væri hinumegin við leiti. Þær komust allar á flug og hljóðuðu og góndu. Þær urðu eins og stúlkur, sem sjá tilvonandi ríkismorðingja í herforingjagalla. Og þetta var alveg eins, þó að nautið bæri að í smástraum eða á þeim tíma árs, sem þær voru vanar að halda sér frá heiminum. En þær gerðu aldrei meira en lofa bola að kyssa sig. Það mega kýrnar eiga.


Ég heyrði móður mína segja átakanlega sögu, sem mér skildist, að væri dæmisaga um nýjungagirni kúa í naut. Það bar einhverntíma við, eftir að hún var komin að Hala, að fólkið á Breiðabólsstaðarbæjunum heyrði nauthveli orga fyrir utan fjöruna stutt fyrir austan bæina. Kýrnar voru niðursokknar í að bíta á svo kallaðri Borgarskriðu austur með fjallinu. Undireins og þær heyra hljóðin, fara þær að sperra upp hausana og hvima til hafs. Þetta hlýtur að vera nýtt naut, hugsuðu þær, og taka allar á sprett niður að Lóninu og setja sig út í það, þar sem þær komu að því, austan við svo nefndan Gerðistanga, og vaða áfram síhljóðandi á móti orgum þessa ókunna bola, allar á glóðum, eins og þær séu bráðþurfandi fyrir naut. Svona tryllandi seiðmagn fylgdi hljóðunum í baulhvelinu. Og kýrnar héldu áfram, og vatnið hækkaði meira og meira upp eftir þeim og var komið upp á miðjar síður. Fólkið hópaðist út á túnin og horfði á þessi ósköp með öndina í hálsinum, en gat ekkert að gert. Þetta verður langt sund, óvíst þær hafi það af lifandi, og ef þær hafa það, þá er þessi djöfull vís til að heilla þær til sín út í sjóinn. En áður en kýrnar tóku sund í Lóninu, vildi til það Guðs lán, að nauthvelið hætti að öskra. Þá námu kýrnar staðar með vatn upp fyrir miðjar síður og góndu til hafs og hlustuðu, en snöru svo til lands og sýndust vera vonsviknar og skömmustulegar og fóru að hnubba hver aðra uppi á Lónabakkanum, eins og þær væru að kenna hver annarri um þennan prett í nautinu.

Þessi atburður var fólki mjög minnisstæður, og það var litið á nauthvelið eins og seiðskratta, sem sæti um að heilla til sín kýr.

Þó að margt mætti að kúnum finna, þá höfðu þær talsverða þýðingu fyrir andlega lífið í baðstofunni. Það gerði lífið eins og stærra um sig að vita af þessum lifandi verum nálægt sér. Þær börðu bálkann, þegar þær voru svangar. Það minnti fólkið á þarfir hungraðra. Þær ráku stundum upp þunga stunu með djúpum andardrætti. Það víkkaði lífið, leiddi hugann að tilfinningu fyrir einhverjum stærri andardrætti í tilverunni. Þegar mál var að mjólka þær á kvöldin, fóru þær að baula. Þá vissi maður hér um bil, hvað stjarnan var komin langt, þó að þykkt væri

moratnefðótt ær: (líklega) ljósmórrauð ær með hvíta eða ljósa blesu í „andliti"

í lofti. Stundum heyrði maður þær pissa í flórinn, ef maður var ekki niðursokkinn í nein viðfangsefni. Það var tilbreyting í hreyfingu kvöldvökunnar. Það bar líka við, að maður heyrði einhverja óljósa hreyfingu undir pallinum, stundum þrusk eða eitthvað, sem líktist þruski, stundum eitthvað skrýtið hljóð. Hvað var þetta? Eitthvað í kúnum? Það gat verið. Það gat líka verið eitthvað annað. Það vissi maður oft ekki. Þessi óvissa gerði kitlandi spennu í hugskotsholinu. Það var tilbreyting í því.



Þegar liðið var svo og svo langt frá því, að kýrnar báru, fór fólkið að tala um það, hvenær þær mundu fara að **beiða**. Það var helzt búizt við, að það yrði í stórstrauminn, með næstu tunglkomu, og ef það varð ekki, þá var talið víst að það yrði í næstu tunglfyllingu. Og við krakkarnir á bæjunum vorum að spyrja hvert annað: „Fer ekki að beiða hjá ykkur?“ Og við vorum að horfa upp í tunglið og gizka á, hvað nú væri langt, þangað til fyllingin kæmi, en um nýtt tungl gátum við ekki komið við neinum ágizkunum. Það vissi hvert mannsbarn í Suðursveit, þó að vísindin vissu það ekki, að tunglið hafði áhrif á náttúru gripa og margt fleira í jarðlífinu.

Svo kom náttúran yfir þær með einhverri tunglkomunni eða fyllingunni, hægt í fyrstu, en með sístígandi stemmningu. Þá var ónæðissamt í baðstofunni. Þær öskruðu óskaplega. mörg öskur í sífellu í langri lotu, börðu bálkann, hristu hausinn og spörkuðu niður í básinn. Þessi öskur voru allt öðruvísi en þegar þær voru að baula eftir mjöltum eða ábætinum sínum á vökunni. Það var eins og það væri bruni í þessum og kýrnar stæðu á glóðum. Þær sýndust vera friðlausar. Þeim leið áreiðanlega mjög illa. Það var auðséð, að þær gátu ekki hugsað sig frá náttúrunni eins og fólkið.

Þetta voru dagar mikilla viðburða fyrir krakkana á Breiðabólsstaðarbæjunum. Það fréttist á hina bæina, að nú væri hún Huppa á Hala orðin **yxna**, og daginn eftir fréttist, að hún væri orðin mikið yxna. Það voru hafðar nákvæmar gætur á, hvort hún væri ekki leidd til bola eða boli sóttur handa henni: „Ætli eigi ekki að fara að leiða á Hala?“ „Ósköp dregst þetta.“

Seint og síðar meir sást karlmaður ganga frá Hala niður að Breiðabólsstað. „Ætli hann sé ekki að sækja nautið?“ Eftir litla stund sáust tveir karlmenn fara með Breiðabólsstaðarnautið upp að Hala, og strákur trítlaði á eftir, og nú komu Gerðiskrakkarnir hlaupandi upp eftir, og krakkarnir á Hala stilltu sér upp á stéttina hjá fjósdyrunum.

Huppa var leyst af básnum sínum og leidd út úr fjósinu og fram af stéttinni út í kálgarðinn. Hún heilsaði upp á bola með andríkum hljóðum, og hann tók undir með drynjandi bassa, svo með ástríðuþrungnum öskrum, sem ekki einkenndust af djúpri ást. Nú var Huppa sett í stellingar. Rassinn á henni var látinn snúa upp að stéttinni. Karlmaður hélt við **múl** eða

að beiða (um kú): að vera viljug til eðlunar
að vera yxna: (um kú) að vera viljug til eðlunar

múll: n.k. beisli, venjulega úr kaðli

eitthvað þess háttar, sem hafði verið settur á höfuðið á henni, og annar karlmaður stóð við hliðina á henni sem meðhjálpari og sjónarvitni, en bolanum var valinn leikpallur uppi á stéttinni. Ef tuddi var ekki nógu hár, var lögð undir hann reiðingstorfa á stéttina.

Við krakkarnir deildum á milli okkar áhorfendasvæðinu. Við skildum vel, að alla langaði að sjá. Sum okkar stóðu austanmegin á stéttinni, önnur vestanmegin, svo að við skyggðum ekki á hvert fyrir öðru. Ég man fyrir víst, að ég stóð einu sinni austanmegin, þegar kýr var leidd á Hala. Huppa var virðuleg, eins og hún átti vanda til, og lét ekki þessi glápandi augu trufla skemmtun sína, og tarfinum stóð nú alveg á sama. Við þurftum sjaldan að bíða lengi eftir sýningunni. Bolinn var oftast fljótur að skilja, til hvers hann var kominn á þessa ókunnu stétt. Hann lyfti sér faglega, þó svolítið **geigandi**, en hann var afarstinnur. Huppu var farið að líða vel. Við horfðum. Stundum lauk hann verki sínu í einum rikk. Þá var lítið gaman. Stundum gerði hann nokkra rikki, áður en hann gat lokið því. Þá var meira gaman. En mest var gamanið, ef hlutverkið vafðist fyrir honum. Þá strauk meðhjálparinn á honum kviðinn. Og þá varð hann stinnur. Við horfðum fast og skildum vel. Það þýddi ekki að segja okkur, að fugl hefði komið með börn ofan af himnum. Það þurfti aldrei að strjúka hann, þegar Huppa átti í hlut, því að hún var falleg kýr. En þetta stóð allt of stutt. Áður en við vissum af var allt búið, og hann var hættur að vera stinnur, og lífið var aftur orðið hversdagslegt. Meðhjálparinn beit eitt bit hvorumegin við hrygginn á Huppu. Þá sveigði hún svolítið niður hrygginn. Þá voru meiri líkur á að hún héldi. Stundum lamdi meðhjálparinn tvö eða þrjú högg niður í hrygginn á kúnni og sagði kannski um leið: „Kálfur í kú, og haltu nú!" En Björn á Reynivöllum sagði „Hananú! Kálfur í kú, og haltu nú í fjögur árin þrjú!" Hann hafði líka þann sið að fiðra við kýrnar að aftan með viðarhríslu, ef hann grunaði, að þær ætluðu ekki að **respektera** stórstraumana. Hann var töfrakarl eins og Sigurður bróðir hans í Grænatanga.

Huppa var nú aftur leidd á básinn sinn og bolinn niður að Breiðabólsstað. Engar kveðjur. Bæði þögðu. Boli hljóp við fót, eins og hann vildi komast sem fyrst úr augsýn. Og nú komst aftur friður á í baðstofunni á Hala.

Þetta var stutt og þurrt ástalíf, aumasta ástalíf í Suðursveit, fyrir utan ástalíf fólksins, enda fann ég aldrei til neinnar náttúru, þegar ég horfði á þetta. Það var bara sport. Það var miklu meira í kringum þetta hjá hundunum og hestunum og köttunum og kindunum. Það var líkara og hjá fólkinu, eftir að ég kom til Reykjavíkur.

Seppi gamli heyrði eiginlega til íbúum baðstofunnar. Hann svaf í baðstofugaflhlaðinu á kvöldin og næturnar, rétt hjá glugganum, og fékk að vera í hlýjunni í baðstofugöngunum í vondum veðrum. Það var vitur hundur og líka skemmtilegur, og hann var áreiðanlega skyggn. Mér þótti afar vænt um hann. Ég hef alltaf verið að hlakka til að hitta hann hinumegin.

Seppi var sú vera á heimilinu, sem kom huga mínum á mesta hreyfingu. Hann var sjáandinn mikli í myrkri næturinnar. Stundum rauk hann upp á kvöldin og fór að gelta og gelti ákaflega. Hvað er nú? Er einhver að koma? Ég þaut fram í gluggann og horfði út. En ég sá engan vera að koma. Það voru sár vonbrigði, ef enginn sást koma, þegar maður hafði haldið, að einhver væri að koma. Það var skemmtilegt að fá gesti. Þeir sögðu manni fréttir og stundum sögur, og það var gaman að horfa á þá. Þeir voru öðruvísi en fólkið á Hala. En maður mátti ekki góna á þá, þó að þeir væru öðruvísi. Móðir mín var næm á mannasiði. Það var henni í blóð borið, og hún tók mér vara fyrir að góna á gesti. Þessi þurfti ekki. Ég góndi aldrei á gesti, svo að þeir sæju. Mér var það meðfætt. Allt, sem ég kann í mannasiðum, er mér meðfætt. Þess vegna hef ég alltaf verið svo helvíti náttúrlegur. Ég góndi allt of lítið á gesti. Ég sé eftir

geiga: bregða út af beinni stefnu
respektera: virða

því núna. Ef ég hefði gónt meira, þá myndi ég nú betur, hvernig þeir litu út. Ég horfði bara á vangann á þeim, sitjandi langt frá þeim, en ég hlustaði vel. Ef gestir lentu, fengu þeir góðan mat, og mamma gaf mér stundum svolítið af leifum þeirra. Það gerði gestakomur ennþá meiri hátíð.

En af hverju er hundspottið að gelta? Ég sá engan vera að koma. En eitthvað hlýtur hann að sjá. Seppi geltir ekki að engu. Og hann horfir ekki niður að Breiðabólsstað og ekki niður að Gerði. Það mundi hann gera, ef hann væri að gelta að hundunum þar. Og þá mundi hann spangóla. En hann spangólar ekki. Hann einblínir niður í Aur. En þar sést ekkert á hreyfingu og allar skepnur inni. Samt sýnist hann horfa á eitthvað, geltir eitt og eitt gelt á stangli, svo langar og ákafar geltrunur, eins og eitthvað fari í hann. Mikil lifandis ósköp er veðrið fallegt, tindrandi stjörnur um allt loftið, tunglið komið vestur á Jarpshesthús og glitrandi geislar á sjónum. Það vildi ég væri kominn út á sjó, þar sem geislarnir eru.

„Hvern fjandann ertu að teygja þig út í gluggann til þess að tiksa hann heim!" segir Benedikt afi minn á rúminu sínu fyrir aftan mig.

„Ég er ekki að tiksa neinn heim. Það er enginn að koma."

Boff – boff – boff – boffboffboffboffboffboffboffboff.

„Að einhverju er rakkafjandinn að gelta."

„Það hlýtur að vera eitthvað yfirnáttúrlegt."

„Djöfulinn atl ann sjái nokkuð yfirnáttúrlegt!"

Boffboffboffboffboff – boff – boff – boff – boff.

„Stundum hefur nú Seppi látið illa á undan Reynvellingum," segir Guðný amma mín.

Sko sko! Nú einblínir hann og þegir, er hættur að sitja og stendur. Það er alveg víst, að hann sér eitthvað. Nú tekur hann aftur til og geltir af ennþá meira móði, eins og þetta sé að koma nær bænum. Nú horfir hann eins og það sé hjá Stjarnahesthúsinu. Nú lækkar hann horfið, eins og það sé komið heim undir kálgarðinn. Ég horfi af öllum kröftum út í tunglsljósið, en ég get ekkert séð. Það hlýtur að vera eitthvað óhreint. Nú sendist hann fremst fram á gaflhlaðið og hvessir augun niður á stéttina og urrar illilega, hleypur svo austur eftir gaflhlaðinu, urrandi og geltandi óskaplega, alveg eins og hann sé að elta einhvern, sem gangi austur stéttina, snarstanzar svo austast á eldhúsgaflhlaðinu, steinþagnar, snýr við og labbar í hægðum sínum vestur á baðstofugaflhlaðið, lúpulegur, með skottið lafandi niður á milli fóta, eins og hann sé hræddur eða skammist sín fyrir að hafa allt í einu misst af einhverju, leggst niður vestan við baðstofugluggann, hringar sig og fer að sofa.

Hvaða ósköp voru þetta? Eitthvað hefur Seppi séð. En hvað sá hann? Það var einn af leyndardómum lífsins. Samt var þetta mikil kennslustund í tilveru einhvers, sem mér var hvorki gefið að sjá né heyra.

Það var eitthvað þægilega spennandi við hundgá á kvöldin. Þá var alltaf *einhver* á ferð, og geltið vakti eftirtekt manns á hinu mikla djúpi í kvöldkyrrðinni. Mest var það spennandi í svartamykri. Þá hafði ímyndunaraflið fleiri möguleika til að gizka á en í tunglsljósi. Maður horfði út í myrkrið og sá ekkert, hlustaði út í mykrið og heyrði ekkert. En það var samt eitthvað.

Á Gerði var hundur, sem hét Spori. Hann **var alspora**, sem kallað var, og af því bar hann nafnið. Ég heyrði sagt, að alspora hundar væru alltaf skyggnir, og að ekkert óhreint þyrði að þeim. Það voru líka til hundar, sem sagðir voru hálfspora. Það var sagt, að þeir væru ekki alltaf skyggnir og ekki eins öruggir fyrir því óhreina.

Ég held Seppi hafi ekki verið alspora. Ég veit ekki, hvort hann var hálfspora. En ég var búinn að horfa svo oft á háttlag hans á kvöldin, að ég var sannfærður um að hann væri skyggn. Og það var þetta vit hans út fyrir vit fólksins, sem gaf kvöldvökunum á Hala meiri dýpt.

að vera alspora (um dýr): aukakló aftan á fótum dýra

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Lýsið sögusviðinu* vandlega.*
2. *Það er mikið um hjátrú í kaflanum. Finnið dæmi um það. Þekkið þið dæmi um hjátrú í ykkar eigin umhverfi?*
3. *Í tilvitnuninni í Þórberg í upphafi kaflans segir:*

   „Sá sem veitir mannkyninu fegurð er mikill velgerðarmaður þess. Sá sem veitir því speki, er meiri velgerðarmaður þess. En sá sem veitir því hlátur, er mestur velgerðarmaður þess."

   Hvað skoðun hafið þið á þessu orðum? Hvernig tekst Þórbergi til í textabrotinu sem þið voruð að lesa? Rökstyðjið svarið.
4. *Hvað finnst ykkur um umfjöllun Þórbergs um dýrin? Er hún alvörugefin, bölsýn, tregafull, kaldhæðin, fyndin?*
5. *Skrifið stutta sögu þar sem dýr er í aðalhlutverki. Látið hugsanir og langanir dýrsins koma fram og e.t.v. afstöðu þess til mannanna. Þessi saga má gjarnan vera fyndin.*

GUNNAR GUNNARSSON (1889–1975)

„Það er hlutverk mannsins, ef til vill hið einasta, að finna ráð í óráði, gefast ekki upp …“



Stiklur

Gunnar fæddist á Valþjófsstað í Fljótsdal 18. maí árið 1889. Sex ára fluttist hann með fjölskyldu sinni að Ljótsstöðum í Vopnafirði og bjó þar til 18 ára aldurs. Móðir hans lést þegar hann var sjö ára og var dauði hennar Gunnari mikið áfall sem hafði djúp áhrif á hann og síðar á skrif hans. Formleg skólaganga Gunnars var ekki löng, átján ára gamall hélt hann til náms í lýðháskóla í Danmörku og var þar við nám í tvö ár en var búsettur þar í 42 ár.

Á námsárunum í Danmörku segir Gunnar vini sínum frá því í bréfi að hans æðsta takmark sé að verða skáld en sú þrá hafði blundað lengi með honum. Hann fékk fyrstu verk sín birt á Akureyri árið 1906, þá 17 ára gamall. Voru það ljóðakverin *Vorljóð* og *Móðurminning*. Fyrstu árin skrifaði hann jöfnum höndum á íslensku og dönsku en smám saman varð danskan fyrirferðarmeiri og um 1911 semur hann eingöngu á dönsku. Hann var um tíma afar vinsæll rithöfundur í Danmörku og var talinn þar í fremstu röð. Einnig nutu verk hans mikilla vinsælda í Þýskalandi. Gunnar var meðal þeirra sem fremstir voru í hópi íslenskra rithöfunda á 2. og 3. tug tuttugustu aldar, hvort sem horft er til útbreiðslu verka hans, fjölda titla, fjölbreytni yrkisefna eða valds hans á skáldsöguforminu og telst hann til höfuðskálda í norrænum bókmenntum á síðustu öld.

Meðal verka Gunnars má nefna skáldsöguna *Kirkjan á fjallinu* (1923–1928), oft nefnd *Fjallkirkjan*, en sagan er bernskuminninga- og þroskasaga hans sjálfs til tuttugu og fimm ára aldurs. Hann skrifaði fyrstu sálfræðilegu glæpasögu Íslendinga, söguna *Svartfugl* (1929), en *Aðventa* er sú bók hans sem hefur náð mestri útbreiðslu. Gunnar var fjórum sinnum orðaður við Nóbelsverðlaunin í bókmenntum, síðast árið 1955, en þá hlaut Halldór Laxness þau.

Gunnar flutti aftur til Íslands árið 1939 og settist að á Skriðuklaustri, næstu jörð við fæðingarstað sinn. Þar reisti hann stórhýsi og hugðist búa stórbúi. Hann bjó þar í tíu ár en flutti þá til Reykjavíkur og bjó þar til dauðadags. Á Skriðuklaustri er nú rekið menningar- og fræðasetur en Gunnar gaf íslenska ríkinu jörðina árið 1948.

Gunnar Gunnarson. 2007. *Aðventa*. 8. útgáfa með formála eftir Jón Kalman Stefánsson. Bjartur. Reykjavík.

Úr Fjallkirkjunni (Skipum heiðríkjunnar)

í þýðingu Halldórs Laxness

…

Nú tóku við seiglangir dagar. Mér datt ekki í hug að óttast um móður mína framar úr því fæðingin hafði heppnast þannig, en ég saknaði hennar, átti með hverjum degi erfiðara að vera án hennar, sat löngum í loftsstiganum **innantærður** – okkur var tekinn vari fyrir að ónáða hana. Mér þótti gott að læknirinn skyldi vitja hennar daglega og var öryggi í því. En dagarnir ætluðu aldrei að líða. Ég hafði ekki sinnu á að líta til himins eftir skipum, það var eins og þol mitt til draumsjóna og ímyndana væri horfið í veður og vind. Ég kærði mig ekki um að lesa – leiddist það. Og ég nennti ekki heldur að hlýða sögum þeim sem Begga gamla vildi segja til að stytta mér stundir. Duldist einhver válegur grunur í afkimum vitundar minnar? Var það ekki tilviljun að ef ég leit á ský hafði það óðara breyst í ófreskju, að ég varð hræddur og fór um mig hrollur þegar ég sat hjá læknum, að vindurinn hreif á hug minn líkt og á **þvottastag** sem hriktir og syngur í, að ég vaknaði grátandi við vondan draum á hverri nóttu og stundum oft, og að ég var nú, aldrei þessu vant, orðinn hræddur við að vera einn og skynjaði allt í einu sjálfa þögnina, varð lostinn skelfingu og flýði? Ég veit það ekki. En ég veit hitt að dagurinn þegar læknirinn færði mér kverið í mórauðum umbúðapappír – sá dagur er mér minnisstæðari en nokkur annar sem ég hef lifað.

Þetta var ekkert óvenjulegur dagur. Það gerðist ekki heldur neitt. Meira að segja ég gerði mér ekki angist mína ljósa. En dauft sólskinið, mistraður hausthiminninn, hægur en kaldur austanvindurinn, skuggarnir sem dofnuðu og skýrðust og dofnuðu aftur, eyðileg hrynjandi landslagsins, í ætt við veika, fjarræna tónlist, frostheiða og stjörnuskíra, dapur fjallabláminn í felum undir klettabeltum og gilbörmum – allt gerði þetta inn í blóð mitt, setti mót sitt á sál mína: undir himni þessa dags lifi ég lífi mínu.

Bókin var *Brúðkaupslagið* og ég fór strax að reyna að lesa hana en fannst hún svo leiðinleg að ég komst ekkert áfram. Mér hefur aldrei fundist hún skemmtileg síðan. Af einhverjum ástæðum var eins og ég hefði vott af samviskubiti út af því að þykja bókin ekki góð – og viti menn: Þetta er svona enn í dag.

Um kvöldið var sagt við mig að það væri best að ég svæfi í rúmi Beggu gömlu í nótt til þess að ég gerði móður minni ekki ónæði . . . Festi ég trúnað á þessa átyllu eða **kinokaði** ég mér **við** óttanum? Mér er það ekki fullljóst. Ég veit aðeins að í hug mér voru allar raddir hljóðar – hljóðar, hljóðar.

Mér er lofað að koma upp til móður minnar og bjóða henni góða nótt, en mér var sagt að vera „góður drengur“ og láta hana ekki komast í geðshræringu.

Ég fór upp.

Ég stóð lengi hreyfingarlaus fyrir framan rúmið og vissi ekki hvort ég mætti koma við hana. Hún hreyfði sig ekki heldur í rúminu, leit aðeins á mig – leit aðeins á mig … Allt í einu flóðu augu hennar í tárum.


Góða nótt, drengurinn minn, hvíslaði hún svo varla heyrðist, og varir hennar bærðust af gráti, en ég fann að ég mátti kyssa hana – skildi einnig að hún gat ekki lyft örmum sínum.

Ég studdi mig við **sængurstokkinn**, hallaði mér yfir hana og kyssti hana varlega – tárin sem hrundu um leið, þvert gegn vilja mínum, niður á heitar kinnar hennar þerraði ég varlega burt **angráðri** hikunarhendi.

Hún lét aftur augun – og ég bjóst við að ég ætti að fara, og fór.

Það hefur hlotið að vera eitthvert annað fólk í

innantærður: innantómur
þvottastag: snúra
að kinoka sér við e-u: að færast undan e-u
sængurstokkur: rúmstokkur
angráður: hryggur, dapur



„Undir himni þessa dags lifi ég lífi mínu“

baðstofunni, en hvort svo var eða hverjir það voru er mér ekki ljóst.

Ég var ekki fyrr kominn milli rekkjuvoðanna í rúmi Beggu gömlu en ég var steinsofnaður.

Þegar ég vaknaði um morguninn sá ég gegnum vesturgluggann að sól skein í heiði. Ég var einn … Í miklu sólskini er ævinlega mjög kyrrt. En í þessu sólskini ríkti alveg sérstök kyrrð. Það heyrðist ekki hljóð úr nokkurri átt. Ég lagði við hlustirnar í þeirri von að heyra þó ekki væri nema fótatak í göngunum eða óm af mannamáli einhvers staðar, en árangurslaust. Var svona þögult hérna af því **loftslúkan** var aftur? Varla – af því einu.

En heyskaparfólkið hlaut að vera farið á engjar – líklega voru ekki aðrir eftir heima en móðir mín, Begga gamla, Soffía og systir mín? … Einu sinni finnst mér ég heyra rödd Nonna lága en smjúgandi. En það er ómögulegt, það er með öllu ómögulegt – það er ekkert **votaband** heima sem þarf að þurrka … Nú geltir Grýla … Er Grýla þá ekki á engjunum með föður mínum?

Ég reyni að sofna aftur en það tekst ekki.

Loftslúkan sem er aftur dregur augu mín til sín. Það er auðséð á henni að hún er sjaldan höfð aftur – líklega aðeins á næturnar – því hún er ekki nærri eins slitin og gólfið í kringum hana. Feikn er mikið öryggi í góðri lúku af þessu tagi: í rauninni ætti aldrei að opna hana. Hér gæti ég legið ævilangt – tíminn líður, ég held áfram að liggja, það er allt og sumt. Hvaða erindi á maður innan um fólk? Til hvers á maður að vera að fara eitthvað? Ef Drottinn vildi **bregða huliðshjálmi** yfir þessa baðstofu, þá gæti ég haldið áfram að liggja hér til dómsdags og virða fyrir mér sólskinið. Allt það fólk sem nú lifir mundi deyja – og ég held áfram að liggja hérna. Fólk getur komist alla leið að loftslúkunni, lengra ekki – það er sáttmáli milli Guðs og mín. Ég lofa á móti að hreyfa mig aldrei, óska aldrei neins, missa aldrei þolinmæðina – aðeins bíða.

Ég þekkti fótatak Beggu gömlu – hún nálgast utan úr myrkum göngunum, gengur hægt upp stigann eins og hún bæri eitthvað þungt, og þrátt fyrir

loftslúka: hleri
votaband: blautt hey

að bregða huliðshjálmi yfir e-ð: að gera e-ð ósýnilegt

nýgerðan sáttmála okkar Drottins lyftist loftslúkan og hærukollur hennar kemur í ljós.

Það er allt grátt í dag: hár hennar, andlit hennar, augu hennar – og hvers vegna lítur hún þannig á mig?

Guð minn góður! bið ég af sóttkenndum hita og loka augunum svo hún haldi að ég sé ekki alvakandi: Guð minn góður! Enn hefur hún ekki sagt neitt – enn veit ég ekki neitt! Flýttu þér að gera það upp aftur – Flýttu þér að láta móður mína vakna aftur! Það þarf enginn að frétta að það sé kraftaverk. Láttu þá bara halda að þeim hafi missýnst … Guð! – Guð – Guð!

Hjartsláttur minn tryllist, grátþrungin æða bænarorðin gegnum hug mér, hamrandi á þeim Guði sem allt heyrir og sér – og hann svarar engu fremur en hann er vanur.

Begga gamla hefur setið á rúmstokknum nokkra stund og greitt úr hári mínu með stirðum fingrum sínum, strokið hrjúfum lófanum gætilega um vanga minn – hún veit að ég er vakandi. Hún veit meira – í einu vetfangi hafa augu okkar sagt allt. Ég heyri annað veifið lítið hljóð af tári sem fellur bersýnilega af nefbroddi hennar – á **snarpa sirs**svuntu hennar. Hún skilur mig án efa að nokkru leyti – aðeins á hún bágt með að skilja hve mjög mér er mótfallið að hún tali því hún tekur til að muldra í vorkunnarrómi:

Veslings móðurleysinginn – veslings móðurleysinginn …

Og þar með er það sagt.

Ég lýk upp augunum og spyr hásri röddu sem ég þekki ekki sjálfur:

Af hverju kom pabbi minn ekki?

Ég hlýði ekki á skýringar Beggu gömlu. Það er eins og eitthvað hafi slitnað í mér. Nú stend ég mjög einmana uppi í veröldinni.

Seint og um síðir vekja vorkunnarorð og klaufalegar gælur Beggu gömlu grát minn. En það er snöggur og gagnlaus grátur – og kippir engu í lag.

Ég var ákaflega sljór yfir höfðinu.

Það fylgja því einhver eymsl annað kastið – það er eins og ég hafi kýli ofan við hálsliðina sem væri komið að því að springa.

Þegar móðir mín er „sungin út" og ég á að sjá í fyrsta sinn það sem eftir er af því sem í gærkvöldi var ennþá hún, fæ ég ákafan hjartslátt – en óðara en ég sé hvar líkami hennar liggur, á börunum sem Stebbi hefur slegið saman, sé hana liggja þar með ókunnugan og fullkomlega **ótilkvæman** svip á framandi andlitinu, kyrrist hjarta mitt aftur – og slær nú reglulega.

Faðir minn situr í einu horninu með útiteknar hendur fyrir andlitinu. Allt fas hans kemur mér ókunnuglega fyrir sjónir. Þegar hann tekur við sálmabókinni sem einhver stingur í hönd honum og ég virði fyrir mér breiðleitt andlit hans berjast við grátinn meðan hann reynir að taka undir sálminn, verður mér ljóst að ég þekki ekki þennan mann. Ég lít á fólkið í kringum mig: ég þekki hér ekki nokkurn mann. Meira að segja Nonni og Maggi eru ekki lengur málkunnugir mér. Og systur mínar: ég sé allt í einu hve óútsprungnar þær eru, brumhnappar einir – ekki annað en börn! Geðblær þeirra birtist í andlitsdráttunum án þess að skilja meiri spor eftir en léttur vindsveipur í kyrru vatninu. Í þögulum kvíða fel ég mig bak við Beggu gömlu … Til hvers er allur þessi söngur, allur þessi grátur, þetta snökt? Því verður þó ekki breytt að það er hún móðir mín sem er dáin. Hún er dáin.

Móðir mín er lögð í stofu Soffíu og það er tjaldað rekkjuvoðum fyrir gluggana, og dagarnir líða. Fátæk og **fyrirgengin** hvílir hún þar hjúpuð hvítu líni með krosslagða arma og opna sálmabók á brjóstinu. Faðir minn vitjar hennar við og við, Begga gamla slíkt hið sama – og Soffía. Við börnin megum helst ekki stíga þar fæti – samt fæ ég einu sinni að sjá bert andlit hennar í svip: hún virðist stara lokuðum augunum

snarpur: hrjúfur
sirs: þéttofið mislitt bómullarefni
ótilkvæmur: sem ekki er hægt að nálgast
fyrirgenginn: gamallegur, slitinn

á eitthvað sem hún getur ekki náð sér eftir að hafa séð. Það leggur frá henni lykt sem gerir mig veikan á sál og líkama, og þessi lykt er eins og hinsta óp, óp örvæntingarinnar á **náð** – náð!

En hér eru engin grið gefin, hér verður engu um þokað, allt hefur sinn tíma.

Soffía hefur tekið litla drenginn að sér, matar hann með móðursvip og er umhyggjan sjálf, heldur á honum á daginn, hefur hann hjá sér á næturnar. Eitthvað er saman við þetta sem mér fellur ekki.

Ætli ég megi taka af gólfborðunum? spyr Stebbi í lágum sorgarrómi – fær sér í nefið.

Faðir minn kinkar kolli.

Stebbi tekur til að hefla gólfborðin með kappsfullum helgisvip.

Af hverju þykir mér svo mjög fyrir þessu? Eru fjalir ekki fjalir? Enn hefur að minnsta kosti ekki verið gengið á þeim. Það stóð aðeins til að hafa þær í gólf.

Ég er að reyna að tala við hin fábrotnu blóm síðsumarsins, en annaðhvort heyra þau ekki til mín eða þau eru mér reið – horfa aðeins þegjandi á mig. Fuglarnir þykjast ekki heldur eiga neitt vantalað við mig. Meira að segja þeir flýja mig óttaslegnum vængtökum. Ég ætla þó ekki að gera þeim neitt illt … Og skip mín? … Það eru engin skip.

. . .

Ég vildi ég væri orðinn stór, sagði ég við Beggu gömlu.

Hún leit á mig og augu hennar voru þrútin af gráti og hlóðareyk, ætlaði að segja eitthvað en hætti við það – stakk upp í mig kandísmola.

Bragðið af honum var af pokastriga og rúmvelgju en Göltur át hann með bestu lyst.

Ég kenndi mest í brjósti um Magga af öllum á bænum. Aldrei sá ég hann gráta en ég sá oft á honum að hann hafði grátið. Hann reytti lyng í kransa og kross sem þær bundu síðan, Soffía og Begga gamla – hvor út af fyrir sig. Hann gerði sér far um að hafa uppi á öllum lyngtegundum sem kostur var. Ég fann á honum að hann langaði til að trúa mér fyrir einhverju.

Komdu með mér, sagði hann einhverju sinni.

Hann fór með mig upp í gilið þar sem sandsteinninn var, hreinsaði dálítið af möl burt og þá komu þessi orð í ljós, rist í brúna helluna:

Til Sesselju húsmóður minnar. Hvíl í friði. Magnús Jónsson Bachmann.

Ég las það. Hvorugur sagði neitt. Mér **rann** þetta mjög **til rifja**: móðir mín hafði aðeins verið húsmóðir hans.

Finnst þér það gera nokkuð til þó þetta standi þarna? spurði hann lágt.

Ég hristi höfuðið. Síðan faldi hann letrið aftur varlega.

Af alls konar lyngi, blöðum og stráum gerð ég fugl með marglitum vængjum, rauðu brjósti, grænu stéli og gulum strábrúsk upp úr höfðinu. Ég hafði hugsað mér að leggja hann meðal sveiganna á gröf móður minnar til þess að eitthvað væri þar einnig sem minnti á líf. Mér fannst ég gæti ekki sýnt Magga þennan fugl. Ég hafði samvisku af því. En ég gat það ekki!

… Mér var lofað að fylgja móður minni til grafar – en ég tók ekki fuglinn minn með mér.

Stebbi hafði svert kistu móður minnar vandlega aftur og aftur með **kinroki** og hún vaggaði á tveim plönkum sem lagðir voru milli Grána hennar og Brúnku gömlu. Gráni var hafður á undan, hann var stoltur að venju og eftirtakanlega stöðugur í spori – vissi hann hvað hann bar?

Líkmenn voru þeir Bjarni í Fögruvík, Þóroddur hreppstjóri nábúi okkar, Valdór og Karl gullsmiður frá Végeirsstöðum og Grímur á Úlfsstöðum, ásamt Nonna og Magga. Mér var sagt að móðir mín hefði sjálf tiltekið þá Nonna og Magga. Þeir rökuðu sig báðir um morguninn, Maggi í fyrsta skipti. Það

náð: miskunnsemi

að renna e-ð til rifja: e-ð fær á einhvern, veldur e-m hryggð
kinrok: svart fíngert efni sem notað var til að sverta líkkistur

blæddi úr nokkrum skrámum. Ég sá hvernig hann stalst til þess að ýfa skrámurnar upp jafnóðum og blóðið storknaði á þeim.

Áttundi líkmaðurinn var Ketilbjörn á Knerri. Hann kom kvöldið á undan, þögull og aðeins einhesta. Hann kastaði varla kveðju á fólkið en gekk þegar inn í stofu þar sem móðir mín lá nú í kistu sinni. Ég læddist inn með honum. Hann lyfti blæjunni varlega frá andliti móður minnar, stóð síðan kyrr um stund, laut að henni og lagði enni sitt að enni hennar, lagði síðan **sveitadúkinn** yfir aftur, ansaði engu boði um að taka sér bita, spurði aðeins – án þess honum hlægi framar hugur í brjósti:

Hvar á ég að sofa – sofa?

Fór að hátta, sofnaði, ef til vill.

Í dag var hann einnig þögull. Það örlaði ekki á brosi í hinu stórbrotna öldurmannsandliti hans. Nefið á honum hékk vandræðalega niður fyrir munninn. Ef einhver töf varð á missti hann strax þolinmæðina, fararstjórnin hafði líkt og af sjálfu sér komist í hans hendur.

Hér færi ég þér barnið mitt, barnið mitt, sagði hann við séra Björn sem tók út í **sáluhliðstötrið** báðum megin í hempunni sinni: Er rúm fyrir hana hjá þér?

Séra Björn roðnaði, ræskti sig, heilsaði af virðuleik og hluttekningu til beggja handa og gekk síðan á undan upp að kirkjudyrunum.

Nújá – þangað eigum við víst að fara, rumdi Ketilbjörn.

Enginn virtist heyra til hans. Honum var þolað allt og allir voru reiðubúnir að sinna hverju boði hans.

Systir okkar í Fögruvík hafði tekið í hönd mér og leiddi mig en mér var engin huggun í því. Skildi hún ekki að hér varð engu breytt? Þarna, í svörtu kistunni, lá móðir mín.

Á lokið yfir kistu hennar var festur skínandi silfurkross og á hann hafði Karl gullsmiður letrað nafn hennar, fæðingarár og dánardægur. Þessi kross leiftraði í sólskininu. Það voru einnig flugur á sveimi kringum kistuna – kirkjuflugur.

Það voru sungnir sálmar og séra Björn hélt ræðu … Þarna stóð Eiki, Halla – hún var ekki viðstödd. Hún hafði víst ekki átt heimangengt. Þegar mér datt hún í hug varð ég var við sviða í augunum líkt og undan tárum en meira varð ekki úr því.

Við gengum að gröfinni. Í moldarhaugnum sá í leifar af mannabeinum og einhverja gráleita flyksu sem ég vissi ekki hvað var. Þegar ég rak í þetta fótinn sá ég að það var gulleitt að innan. Þá rann upp fyrir mér að þetta mundi vera kvenmannshár.

Um leið og kistan var látin síga niður tók afi á Knerri upp hnífinn sinn og ætlaði að losa um silfurkrossinn – en faðir minn kom í veg fyrir það.

Ég hélt þú mundir vilja hafa hann á veggnum þínum! sagði Ketilbjörn í þrjóskri afsökun.

Ég tók um höfuð Systur okkar í Fögruvík, svo hún lyti mér, og hvíslaði:

Er þetta fyrir vestan kirkjuna?

Systir okkar í Fögruvík horfði í augu mér, kinkaði kolli án þess að skilja hvað ég væri að fara, undrandi eins og þetta kæmi illa við hana.

Mér vöknaði ekki um augu þótt allir aðrir flóðu í tárum: Það er af því allir hinir eru gott fólk, hugsaði ég með sjálfum mér.

Hvað mér þótti leiðinlegt að geta ekki grátið! Ég fór upp í augun á mér með þeirri hendinni sem ég hafði lausa og reyndi að þrýsta fram tári á hvarmana. Hér var verið að jarða móður mína og mér vöknaði ekki einu sinni um augu. Ég bæði blygðaðist mín og iðraðist. Í vandræðum mínum bar ég munnvatn í augun á mér og kinnarnar til þess að geta verið blautur í framan eins og hinir.

Ketilbjörn horfði á gröfina eftir að búið var að moka ofan í og hafði stungið höndunum ofan í **lokubuxurnar**.

---

sveitadúkur: klútur sem breiddur er yfir andlit á líki

sáluhlið: hlið inn í kirkjugarð

tötur: e-ð sem er illa farið

lokubuxur: buxur með loku í stað klaufar

Sofðu nú, muldraði hann snöggt og gekk leiðar sinnar frjálsari – það var eins og leyst hefði verið **ok** af lotnum herðum hans.

Við stigum á bak … Nú höfðum við ekki einu sinni kistu meðferðis.

Hér lá leið okkar eftir **keldóttum** mýrartroðningunum – í áttina til Grímsstaða – eins og einn liðinn dag. Aftur þræddum við okkur eftir götunni upp hálsinn, aftur fórum við fram hjá litlu tjörninni: En í dag lagði blæ haustsins á móti okkur en ekki ilm vorsins, tjörnin var eyðileg og það var enginn fugl, vindurinn um eyru okkar kvað ljóð hins fölnaða. Þarna var **núpurinn** – þangað komumst við reyndar aldrei, móðir mín og ég. Það er mýri á milli – hafði faðir minn sagt – mýri á milli … Og þarna voru Grímsstaðir.

Ég reið samsíða afa mínum á Knerri.

Allir hér misskilja Guð – vita ekki hvað hann er að fara, sagði hann við mig. Nú – reyndar skil ég hann ekki heldur. Þarna tók hann hana Selju mína – og lætur ykkur börnin standa uppi móðurlaus – á að þakka honum fyrir það, þakka honum fyrir það? Hann reiðist *mér*, ég reiðist *honum* – það er vonandi kaup kaups. Hann hefur gefið – látum hann hirða aftur! Allir hafa sínar hugmyndir um Guð – heimskulegar hugmyndir. Sjáðu til, Guð er eins og fjallvegur. Maður álpast áfram, heldur götunni eða styttir sér leið, alla leið upp. Og þegar upp er komið liggur hann niður af fjallinu hinum megin, greinist í marga slóða sem liggja í ýmsar áttir, hver um sig til ókunnugra staða – hverfa, hverfa … Það getur enginn farið allar leiðir, enginn klifið öll fjöll, enginn orðið Guði yfirsterkari!

Afi á Knerri þagnar.

Þá man ég allt í einu eftir ofurlítilli bók í slitnu, svörtu sirtingsbandi: Passíusálmarnir – framan á þeim stendur skrifað: Sesselja Ketilbjarnardóttir á Knerri. – Það er skrifað með skrautskrift – nafn ungrar stúlku.

… Heim frá kirkju reið Soffía Gríma móður minnar.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvert er sjónarhorn* sögumannsins?*
2. *Hvers vegna ætli Uggi hafi kennt mest í brjóst um Magga?*
3. *Af hverju ætli Ugga finnist hann ekki þekkja föður sinn, systkini og annað fólk á bænum eftir dauða móður sinnar.*
4. *Hver eru viðbrögð Ugga þegar móðir hans er jörðuð? Hvernig skýrir hann þetta og hvernig teljið þið að skýra megi viðbrögð hans?*
5. *Lesið aðra efnisgrein á bls. 124, sérstaklega lok hennar þar sem sagt er: „Allt gerði þetta inn í blóð mitt, setti mót sitt á sál mína: **undir himni þessa dags lifi ég lífi mínu**." Við hvað er átt?*
6. *Hvaða hugsanir og tilfinningar vöknuðu við lestur textans?*

ok: farg, þungi
kelda: dý, pyttur, fen
núpur: bratt fjall sem gengur stakt fram úr fjallaklasa



HULDA
(1881–1946)

„Daggir falla, dagsól alla kveður,
en mig kallar einhver þrá
yfir fjallaveldin blá.“

Stiklur

Unnur Benediktsdóttir notaði ávallt skáldanafnið Hulda. Hún fæddist og ólst upp á miklu menningarheimili að Auðnum í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu. Hún var næst yngst fimm systra sem allar hlutu góða menntun þótt engir framhaldsskólar fyrir stúlkur væru hér á landi á þessum tíma. Unnur hlaut grunnmenntun heima í Laxárdal en hélt síðan til framhaldsnáms til Akureyrar og síðar til Reykjavíkur. Hjá einkakennurum lagði hún m.a. stund á hannyrðir og tungumál, sem hún hafði mikinn áhuga á og þannig öðlaðist hún menntun sem fáar íslenskar konur höfðu í upphafi 20. aldar.

Ljóð eftir Huldu birtust fyrst í kvennablaðinu *Framsókn* árið 1901. Viðtökurnar voru upp-örvandi fyrir hina ungu skáldkonu og örfáum árum síðar birtust fleiri ljóð eftir hana í dag-blaðinu Ingólfi sem gefið var út í Reykjavík en árið 1909 kom út fyrsta ljóðabók hennar, *Kvæði.* Kveðskap Huldu var vel tekið og hefur hún verið talin einn af forgöngumönnum nýrómantísku stefnunnar hér á landi. Hún endurlífgaði gömlu íslensku þulurnar sem áður voru aðallega barnagælur og þóttu ekki vandaður kveðskapur en Hulda samdi einnig smásögur, ævintýri og skáldsögur. Einna þekktust er hún líklega fyrir ættjarðarljóðið *Hver á sér fegra föðurland* sem hún samdi í tilefni lýðveldisstofnunarinnar árið1944 en Hulda vann þá samkeppni um lýðveldisljóð ásamt Jóhannesi úr Kötlum.

Hulda.1990. *Ljóð og laust mál.* Úrval. Guðrún Bjartmarsdóttir valdi efnið. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Menningarsjóður. Reykjavík.

„Ljáðu mér vængi“


„Grágæsa móðir!
ljáðu mér vængi“,
svo ég geti svifið
suður yfir höf.
Bliknuð hallast blóm í gröf,
byrgja ljósið skugga **tröf**;
ein ég hlýt að eiga töf
eftir á köldum ströndum,
ein ég stend á auðum sumarströndum.
Langt í burt ég líða vil,
ljá mér samfylgd þína!
Enga vængi á ég til
utan löngun mína,
utan þrá og æskulöngun mína.
Lof mér við þitt létta **fley**
lítið **far** að binda;
brimhvít höf ég óttast ei
eða stóra vinda.
Okkar bíður blómleg ey
bak við sund og tinda,
bak við sæ og silfurhvíta tinda.
Eftir mér hún ekki beið, –
yst við drangann háa
sá ég hvar hún leið og leið
langt í geiminn bláa,
langt í geiminn vegalausa, bláa.

Kvæði 1909

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hverjar eru óskir og langanir ljóðmælandans*? Rökstyðjið svarið með tilvísun í þuluna.*
2. *Hvað gæti* ***hin blómlega ey*** *táknað?*
3. *Hér notar höfundur stílbragð sem kallað er endurtekning*. Hvaða áhrif finnst ykkur endurtekningarnar hafa í þessari þulu?*

traf/tröf: klútur, léreftsbútur, lín
fley: skip
far: farartæki, bátur, skip




Hver á sér fegra föðurland

Hver á sér fegra föðurland,
með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa **bjarmaband**
og **björk** og **lind** í hlíð?
Með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins **vígaslóð**.
Geym, drottinn, okkar dýra land
er duna jarðarstríð.

Hver á sér meðal þjóða þjóð
er þekkir hvorki sverð né blóð
en lifir sæl við ást og **óð**
og auð sem friðsæld gaf?
Við heita brunna, hreinan blæ
og hátign jökla, bláan sæ,
hún unir **grandvör**, farsæl, fróð
og frjáls – við ysta haf.

norðurljósa **bjarmaband**: birta, ljós
björk: birkitré
lind: vatnsuppspretta, lækur
vígaslóð: orustuvöllur

óður: kveðskapur
grandvar: samviskusamur, siðprúður, varkár



Ó, Ísland, fagra ættarbyggð,
um eilífð sé þín gæfa tryggð,
öll grimmd frá þinni ströndu **styggð**
og **stöðugt allt þitt ráð**.
Hver dagur líti **dáð** á ný.
Hver draumur rætist verkum í
svo verði Íslands ástkær byggð
ei öðrum þjóðum háð.
Svo aldrei framar Íslands byggð
sé öðrum þjóðum háð.

„Svo líða tregar –“ síðustu ljóð 1951

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvers konar mynd er dregin upp af landi og þjóð í ljóðinu.*
2. *Hvaða tilgang og áhrif geta ljóð sem þessi haft? Hafið í huga jákvæð og neikvæð áhrif.*
3. *Eruð þið sammála þeim hugmyndum um land og þjóðerni sem fram koma í ljóðinu. Rökstyðjið skoðanir ykkar.*

styggð, að styggja: fæla í burtu, ýta frá
stöðugt allt þitt ráð: að þú hegðir þér skynsamlega
dáð: afrek



GESTUR PÁLSSON (1852–1891)

„Það er lífsskoðun vor, að mannúðin sé sá grundvöllur, er allt satt, rétt og gott byggist á, og ekkert sé satt, rétt og gott, nema það hvíli á þessum grundvelli.“

Stiklur

Gestur fæddist 25. september 1852 að Miðhúsum á Reykjanesi í Barðastrandarsýslu. Hann missti móður sína 9 ára gamall og fluttist þá með föður sínum að Mýrartungu í Króksfirði þar sem hann bjó þar til hann hélt til náms í Lærða skólanum í Reykjavík árið 1868. Eftir stúdentspróf hélt Gestur til Kaupmannahafnar og hóf nám í guðfræði við háskólann þar. Hann lauk ekki námi og 1882 settist hann að í Reykjavík og starfaði ýmist við ritstjórn, kennslu eða skrifstofustörf. Árið 1890 fluttist Gestur aftur frá Íslandi, í þetta skiptið til Winnipeg í Kanada þar sem hann tók við ritstjórn vestur-íslenska blaðsins *Heimskringlu* en því ritstýrði hann til æviloka. Gestur lést í Winnipeg 19. ágúst 1891 og er grafinn þar.

Þegar á skólaárunum í Lærða skólanum var Gestur farinn að fást við skáldskap. Framan af fékkst hann fyrst og fremst við að yrkja kvæði í rómantískum stíl en er frá leið sneri hann sér nær eingöngu að lausamálsbókmenntum og samdi smásögur í anda raunsæisstefnunnar. Gestur er, ásamt Einari H. Kvaran, Bertel E.Ó. Þorleifssyni og Hannesi Hafstein, talinn forkólfur raunsæisstefnunnar hér á landi en tímarit þeirra, *Verðandi*, sem kom út árið 1882 markaði upphaf stefnunnar á Íslandi.

Skjóni

Þegar Skjóni var **trippi**, var hann bara kallaður litli Skjóni, því hann var fremur lítill, en þegar búið var að temja hann og það kom í ljós, að hann var efalaust bezti hesturinn í sýslunni og þó víðar væri leitað, þá skírði eigandinn, Jón hreppstjóri á Brú, hann um og kallaði fræga Skjóna, og því nafni hélt hann.

Jón á Brú var nýorðinn hreppstjóri, þegar búið var að temja Skjóna, og þess vegna kom Skjóni vel í gagnið að bera hreppstjórann á embættisferðunum aftur og fram um allan hreppinn. En embættisferðirnar voru margar, fjarskalega margar. Brúarhreppur var langstærsti hreppurinn í sýslunni og Jón á Brú var lang-umsvifamesti hreppstjórinn, sem sögur fóru af þar í hrepp. Hann var líka alltaf á ferðinni. Hann þurfti að koma niður **sveitarómögum**, líta eftir **tíundar**svikum, gefa gætur að birgðum bænda, og alltaf var

Gestur Pálsson. 1883. *Suðri*, 1.tbl.

trippi: ungt hross
sveitarómagi: persóna sem getur ekki unnið fyrir sér sjálf, t.d. barn eða gamalmenni. Sá sem er á framfæri hins opinbera, t.d. sveitarinnar.
tíund: skattur greiddur til kirkju, tíundi hluti af skuldlausri eign

hann á Skjóna, á öllum þessum ferðum. **Gárungarnir** í sveitinni sögðu, að hann væri að hringla þetta hreppstjóragarmurinn til að sýna sig á Skjóna. Það var líka auðséð á öllu, að Jóni var engan veginn leitt að láta sjá til ferða sinna á Skjóna, og hvar sem til þeirra sást, voru þeir alltaf í loftinu.

Jón lagði mikla alúð á að sitja tígulega á hesti; hann hallaði sér töluvert aftur, teygði fæturna þráðbeina eins og spýtur fram með bógunum, sló þeim með hægð út í loftið og lagði þeim svo í síður Skjóna, einum og einum í senn, alltaf á víxl. Það var gamall siður með öllum heldri mönnum þar í sveitinni að ríða svona. Sumir yngri menn fóru að taka upp á því að halla sér heldur fram og slá báðum fótum í senn í síður hestsins, en öllum eldri og heldri mönnum þótti það bæði tilgerð og **spjátrungsskapur**.

Jóni þótti vænt um Skjóna. Það var líka von, því auk þess sem Skjóni tók öllum hestum þar í grennd fram að flýti, þá var hann hesta fallegastur. Hann var gráskjóttur að lit. Og svo sögðu að minnsta kosti Jón hreppstjóri og kona hans, að engin skepna á jörðinni væri vitugri en Skjóni. Það var líka furðulegt, hvað Skjóni virti allt skarplega fyrir sér, sem hann sá, og margir tóku til þess, hvað hann hugði grandgæfilega að mönnum, þegar hann bar hreppstjórann til mannfunda. Hann gat lengi einblínt ljósgráu augunum sínum á sama manninn, um leið og hann reisti upp gráu eyrun. Jón hreppstjóri tók fljótt eftir því, að Skjóna leizt vel á þá menn, sem hann hugði svo vandlega að. Og aldrei var Skjóni ánægðari á svipinn en þegar þeir menn gengu að honum, fóru að klappa honum á **makkann** og láta vel að honum.

En Skjóni gerði sér mannamun.

Það voru margir, sem Skjóni leit ekki á nema allra snöggvast og það ekki nema með hálfopnum augum og svo kreisti hann þau undir eins aftur og leit svo á eitthvað annað. Það var ekki til neins fyrir þá menn að láta vel að Skjóna; hann skók hausinn úr höndum þeim, hristi sig allan og krafsaði upp jörðina með hægri framfætinum, svo þeir stukku sem skjótast burtu.

Jón var enginn sérlegur skarpleikamaður, og það var almannarómur, að hann treysti betur mannþekkingu Skjóna en sinni eigin. Víst var um það, að honum var lítið um alla þá gefið, sem Skjóna geðjaðist ekki að.

Það mátti Jón eiga, að hann fór vel með Skjóna að öðru leyti en því, hvað hann reið honum mikið. Hann stríðól hann á veturna, og þegar hann á vorin kom heim á honum dauðþreyttum og kófsveittum eftir einhverja embættisferðina, þá sleppti hann honum í túnið og lét hann bíta sig saddan, þar sem loðnast var og Skjóna þótti bezt.

Jón sagði það oft og mörgum sinnum, bæði **kenndur** og ókenndur, að Skjóna skyldi hann aldrei **farga**, en það heit var nærri því komið út um þúfur einu sinni. Eins og góðum og gömlum hreppstjóra sómir og ber, þótti Jóni hreppstjóra mjög vænt um sýslumanninn sinn, og það var jafnan viðkvæði hans, að „eins og velferð hreppsins væri komin undir því, að hreppstjórinn væri nýtt yfirvald, eins væri velferð sýslunnar komin undir því, að sýslumaðurinn væri duglegur." „Og," því bætti hann við, „við vitum allir, hve ágætt yfirvald við hér í sýslu eigum." Hann gat ekkert um, hvernig yfirvaldið í hreppnum væri, en það var almennt álitið, að honum þætti það ekki síður en sýslumaðurinn.

Svo var það eitt vor, þegar sýslumaðurinn kom að þinga og gisti hjá hreppstjóranum, að þeir sátu um kvöldið að púnsdrykkju bæði yfirvöldin. Þeir urðu báðir nokkuð mikið kenndir, einkum þó sveitaryfirvaldið. Jón hreppstjóri varð ofboð blíður og óvenjuklökkur og ástríkur, þegar hann var búinn að **fá mikið í kollinn**. Svo varð líka í þetta sinn, og seinast um kvöldið gaf hann sýslumanninum Skjóna sinn. Sýslumaðurinn þáði gjöfina um kvöldið, en

---

gárungi: háðfugl, gasprari
spjátrungur/spjátrungsskapur: yfirlætisfullur maður, monthani
makki á hesti: ofanvert á hálsi hestsins
að vera kenndur: dálítið ölvaður
að farga: að drepa
að fá mikið í kollinn: að drekka mikið áfengi

um morguninn eftir var ekki takandi í mál að hann færi með Skjóna, enda lét hreppstjóri sér vel líka, að sýslumaður þóttist ekkert muna eftir gjöfinni um kvöldið.

En eftir það gaf Jón hreppstjóri engum manni Skjóna, þó hann yrði kenndur og klökkur.

Hann varð reyndar oft góðglaður; já, meira en það; sá sem vissi bezt um það allt, var frægi Skjóni. Hann varð oft og tíðum að hafa vit fyrir þá báða, sig og hreppstjórann, og fór allt vel.

Þegar hreppstjórinn var ekki nema lítið eitt kenndur, þá var eins og Skjóni dillaði undir honum; hann var hjólliðugur og bráðviljugur og fór ýmist á **renniskeiði** eða harðasta stökki, allt eftir því sem hreppstjóranum bauð við að horfa. Væri hreppstjórinn í meira lagi kenndur, þá fór Skjóni aldrei nema á skeiði og það ofurþýðu skeiði. En væri hreppstjórinn dauðadrukkinn, þá fór Skjóni aldrei nema **hóftölt** og hagaði ferð sinni öldungis eins og hann hefði tvennt fyrir augum, að halda hreppstjóranum vakandi og láta hann ekki detta af baki.

Það var einkum í kaupstaðarferðum, að hreppstjóranum hætti við að taka sér heldur mikið í staupinu, enda var honum einu sinni nærri því orðið hált á því.

Það var eitt kvöld um haustið í niðamyrkri og húðarrigningu, að von var á Jóni úr kaupstað. Hann reið Skjóna, eins og vant var. Kvöldið leið, og Jón kom ekki. Kona hans var orðin sárhrædd um hann. Hún vakti alla nóttina og lét kveikja ljós í efstu gluggum til að beina honum leið, ef hann kynni að vera orðinn villtur. Þegar komið var yfir **afturelding**u, kom Jón loksins heim. Hann var gangandi og holdvotur frá hvirfli til ilja, og þegar kona hans spurði hann, hvað hefði tafið ferð hans og hvað væri orðið um Skjóna, þá svaraði hann engu öðru en því, að Skjóni hefði bjargað lífi sínu um nóttina og nú lægi hann við Brúará, sem var alllangan veg burt frá bænum, en taldi mjög óvíst að menn fyndu hann lifandi.

Meira var ekki hægt að toga úr hreppstjóranum; svo gekk hann til rekkju og lá rúmfastur hálfan mánuð.

Skjóni fannst liggjandi á árbakkanum; hann var lifandi, en svo var hann þrekaður, að hann gat nær því í engan fótinn stigið, þegar hann ætlaði að standa upp.

Mönnum varð harla tíðrætt um þennan atburð í sveitinni. Sumir héldu, að hreppstjórinn hefði átt við sjóskrímsl um nóttina, en þeir voru fleiri, sem héldu, að draugarnir á Brúarsandi mundu hafa viljað draga hann í sjóinn. Fyrir Brúarsandi hafði farið hákarlaskip með 12 mönnum fyrir eitthvað 20 árum, og það var alþýðutrú, að þar væri í meira lagi reimt síðan.

Aftur héldu aðrir, að þetta áfall Skjóna og hreppstjórans hefði atvikazt miklu náttúrlegra. Þeir töldu víst, að hreppstjórinn hefði verið í meira lagi kenndur og flengt út í Brúará í náttmyrkrinu beint á móti Brúarbænum, en þar er Brúará svo straumhörð og breið, að það er ekki fyrir færustu hesta að synda þar yfir, enda eru háir bakkar þar að ánni beggja megin.

Hvað sem þessu leið, þá var hreppstjórinn orðinn albata eftir hálfan mánuð og sagði hverjum manni frá því, að Skjóni hefði bjargað lífi sínu um nóttina, en ekkert vildi hann frekara segja frá ferðum sínum.

En Skjóni náði sér aldrei eftir þetta. – Svo leið og beið. Jón hreppstjóri fór að eldast og Skjóni ekki síður.

Þegar Jón var búinn að vera hreppstjóri í 15 ár, varð hann **dannebrogsmaður** fyrir dugnað sinn í þeirri stöðu. Gárungarnir létu reyndar í veðri vaka, að Skjóni hefði fullt eins vel átt krossinn skilið og hann, og eftir það var Skjóni kallaður Dannebrogs-Skjóni.

Jón hreppstjóri bar dannebrogskrossinn á brjóstinu á öllum helztu mannfundum. Hann var í meira lagi virðingagjarn og hvergi nærri laus við að vera dálítið hégómagjarn. Hann var nú líka kominn á

renniskeið: hratt hlaup
hóftölt: hægur gangur

afturelding: morgunsár, dagrenning
dannebrogsmaður: sá sem hefur fengið heiðursmerkið dannebrog, sem veitt var dönskum þegnum

þann aldur, að hann með réttu gat krafizt þess eftir guðs og manna lögum, að menn sýndu elli sinni fulla virðingu. Hann fann vel til þess, að hann hafði varið miklum hluta ævi sinnar til þess að stýra sveitinni með ráðum og dáð, og það var engin furða, þó hann ætlaðist til þess, að sveitungar sínir fyndu það líka.

En það var eins og gárungum sveitarinnar yrði meira og meira uppsigað við hreppstjórann, eftir því sem hann eltist og virðing hans og álit óx. Það bætti heldur ekki um, að það var almennt álit, að hreppstjórinn væri fjarskalega spéhræddur; en það er eins og öllum sé uppsigað við slíka menn.

Hreppstjóranum duldist ekkert af þessu, og hann tók það mjög sárt. En ekkert gramdist honum þó meira en sú frétt, að Skjóni væri kallaður Dannebrogs-Skjóni. Honum fannst sem Skjóni kastaði einhvernveginn skugga á virðingu sína; og þó undarlegt væri, þá var ekki trútt um, að dálæti hans á Skjóna færi að smáminnka. Hann fór nú að sjá, að Skjóna var mikið farið að förla, og honum fór stöku sinnum að detta í hug, að sljákka mundi í háðfuglunum, ef hann hætti að ríða Skjóna.

Skjóni var enginn maður, því síður hreppstjóri. Hann gat hvorki eftir guðs eða manna lögum heimtað virðingu fyrir sinni elli.

Einn góðan veðurdag, sunnudag um sumarið, reið Jón hreppstjóri til kirkju á Skjóna sínum.

Margt fólk var komið á undan honum til kirkjunnar; það stóð á hlaðinu á kirkjustaðnum og hjá kirkjugarðsveggnum og horfði á ferðir manna.

Heim að kirkjustaðnum lágu rennsléttar melgötur, og var það vani manna að spreyta klárana þar á melunum. Jón hreppstjóri tók þar sprett að vanda sínum, en hann fann vel, að Skjóna tókst ekki spretturinn í það sinn, og hann sá glöggt, að flokkur af unglingum, sem stóðu á hlaðinu, leit undan, þegar hann kom á Skjóna kófsveittum og másandi; hann gat ekki betur heyrt en sumir háðfuglarnir færu að flissa.

Hreppstjórinn tók ekki vel eftir ræðunni í það sinn; hann var að hugsa um **spottið** í gárungunum, og hann hét því með sjálfum sér að láta Skjóna sýna, hvað hann gæti, þegar riðið væri frá kirkjunni.

Svo riðu menn heim frá kirkjunni. Ungur bóndi reið fimm vetra gömlum fola, sem var sagður afbragð annarra hesta. Hreppstjórinn bauð honum að reyna folann við klárinn sinn.

Þeir voru skammt komnir, þegar folinn fór fram úr Skjóna, og dró Skjóni þó ekki af sér. En hreppstjóranum sárnaði þetta svo, að hann sló Skjóna með afturhólknum á stóru, koparbúnu svipunni sinni eins fast og hann gat á milli eyrnanna.

Skjóna svimaði strax við höggið; hann datt, og hreppstjórinn hraut á höfuðið fram af honum.

Mestur hluti kirkjufólksins reið rétt á eftir; allir sáu ófarir hreppstjórans, og þegar hann var að standa upp, heyrði hann hláturinn í unglingunum og sá hvernig kvenfólkið veltist um á hestunum.

Skjóni var strax staðinn upp og var grafkyrr, meðan hreppstjórinn var að komast á fæturna. Hann hengdi hausinn niður og horfði einhvernveginn svo raunalega á húsbónda sinn, alveg eins og hann sárskammaðist sín yfir því, hvernig til hefði tekizt.

En nú var hreppstjórinn reiður; hann stökk á bak Skjóna og lamdi hann hvað eftir annað miskunnarlaust á báða bóga, en í þetta sinn beitti hann þó ólinni.

Þegar hann kom heim, var Skjóni í einu svitalöðri og másaði, eins og hann ætlaði að springa á hverri stundu.

Hreppstjórinn var alltaf vanur að sleppa Skjóna í túnið, þegar hann kom heim á honum. En í þetta sinn spretti hann af honum í snatri, teymdi hann sjálfur út traðirnar út á móana, tók fram úr honum beizlið og skildi hann þar eftir; svo lokaði hann vand-

spott: háð, illkvittnislegt grín, skop

lega traðahliðinu á eftir sér og gekk heim án þess að líta aftur til Skjóna.

Það var eins og Skjóni væri öldungis hissa; hann stóð grafkyrr og horfði á eftir húsbónda sínum, þangað til hann hvarf inn í bæinn. Svo einblíndi hann heim á túnið, en beit ekki nokkurt strá þarna úti í móunum. Hann gerði ýmist **að leggja kollhúfur** eða reisa eyrun, undir eins og hann heyrði eitthvað heima við bæinn.

Svo gekk hann að traðahliðinu, nuggaði hausnum við hliðlokið og hneggjaði hvað eftir annað, eins og hann vonaðist eftir, að húsbóndinn kæmi og lyki upp fyrir sér.

En hann kom ekki, og Jón hreppstjóri kom Skjóna sínum aldrei á bak eftir þetta. Hann fór daginn eftir og keypti sér folann góða, sem farið hafði fram úr Skjóna, og hann lagði nú sama ástfóstur við folann eins og hann hafði lagt við Skjóna á frægðardögum hans.

Skjóni varð nú reiðhestur Sveins litla, sonar hreppstjórans. En nú var honum aldrei sleppt í túnið, og á veturna átti hann miklu verra en áður. Hann var nú kominn yfir tvítugt og fór að verða fjarskalega **rösull**, enda reið Sveinn illa, eins og unglingum hættir við.

Þegar Sveinn var búinn að ríða honum í tvö sumur, þorði faðir hans ekki að láta hann ríða honum lengur.

Svo varð Skjóni áburðarhestur; en í raun og veru átti hann miklu verra en áburðarhestarnir, því þegar ekki var borið á honum, þá var vinnufólkið látið ríða honum. Allir vildu líka ríða Skjóna, því alltaf var hann viljugur og alltaf var hann þýður, þó hann væri farinn að eldast. Og þegar ekki var borið á honum og vinnufólkið reið honum ekki, þá stal smalinn honum og smalaði á honum.

Eitt haust, skömmu eftir réttirnar, segir Jón hreppstjóri, að það sé bezt að skjóta Skjóna á morgun.

Um nóttina gerði versta veður, norðanhríð með stórviðri. Skjóni var einn sér í gamla hesthúsinu sínu, því fyrir nýja reiðhestinn var búið að búa til nýtt hesthús. Hús Skjóna var orðið harla fornfálegt. Það hafði ekkert verið við það átt í mörg ár, því vinnumennirnir á Brú höfðu annað að gera, en að dytta að húsi fyrir **húðarklár**, og hreppstjórinn hafði annað að hugsa en að hlynna að Skjóna. Það fennti líka inn um báðar hurðargættirnar, hvenær sem hríð kom, þakið var götótt, og af hurðinni var önnur hjörin brotin. Dyrnar á húsinu sneru mót norðri, og áður langt var liðið á nótt, var stormurinn búinn að brjóta hurðina frá húsinu, fleygja henni út á völlinn, taka hana svo í háa loft aftur og einhenda henni á fjósdyrnar, svo kýrnar fóru að baula inni fyrir af hræðslu. Það var eins og bylurinn hefði ekkert að leika sér að á Brú nema hurðina frá húsi Skjóna, enda var nú Skjóni gamli alveg hlífðarlaus fyrir, og **kafaldsstrokan** stóð beint inn á hann.

Jón hreppstjóri vaknaði um nóttina við storminn og hríðina og vakti vinnumenn sína til að líta eftir húsum og heyjum.

Þeir fóru út, en engum datt í hug að líta eftir Skjóna eða húsinu hans.

Hann skalf af kulda; þegar hann var orðinn þreyttur að standa, lagðist hann niður og lá, þangað til fennt var yfir hann. Svo stóð hann upp jafnnötrandi og hann lagðist niður og reyndi til að hrista af sér snjóinn. Stundum þefaði hann í **stallinn**, sem var orðinn fullur af snjó, og rótaði þar upp öllum snjónum, en þar var ekkert að finna nema gamla **moðið** frá kúnum. Svo fleygði hann sér niður aftur, sneri hausnum undan bylnum, kreisti aftur augun og lét svo fenna yfir sig.

Morguninn eftir var komið bærilegt veður, og Jón hreppstjóri kom með vinnumanni sínum að sækja Skjóna.

---

að leggja kollhúfur: (um hesta) að leggja eyrun aftur og gera sig líklegan til að bíta
rösull: hrösull, hættir til að hrasa
húðarklár: kraftlítill, latur eða magur hestur
kafald/kafaldsstroka: snjókoma, fannburður, snjóbylur
stallur (hestsins): hesthúsjata
moð: heyúrgangur

Skjóni var svo stirður eftir nóttina, að þegar þeir leiddu hann út, datt hann um þröskuldinn og stóð ekki upp aftur.

Jón ýtti hægt við honum með fætinum og sagði: „Stattu upp, klárgrey."

En Skjóni stóð ekki upp.

Þá varð hreppstjórinn reiður og sparkaði í hausinn á honum svo fast sem hann gat:

„Stattu upp, klárfjandi."

Og Skjóni staulaðist á fætur, en svo var hann stirður, að það var eins og hann væri haltur á öllum fótum.

Svo fóru þeir með Skjóna út á völlinn. Hreppstjórinn fór nú að láta vel að honum, klóra honum undir eyrunum, klappa honum á makkann og strjúka honum um hausinn - til þess hann stæði kyrr, meðan vinnumaðurinn var að miða á hann.

Hreppstjórinn hafði ekki sýnt Skjóna nein velvildaratlot í mörg ár, og Skjóni varð eins og utan við sig af ánægju af þessu öllu. Hann einblíndi ljósgráu augunum sínum á Jón, eins og til að ganga úr skugga um, að þetta væri gamli húsbóndinn, sem hann hafði marga bratta borið.

Svo lagði hann **flipann** sinn ofur hægt í hönd hans, ánægður og öruggur.


Og hreppstjórinn strauk honum mjúklega og hlýlega eins og í gamla daga, og Skjóni stóð grafkyrr.

En svo reið kúlan af, og Skjóni féll.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hver er flétta* sögunnar?*
2. *Hver er aðalpersóna sögunnar? Rökstyðjið svarið.*
3. *Hvaða tilfinningar vakti lestur sögunnar með ykkur?*
4. *Hver er boðskapurinn* og/eða ádeilan í sögunni?*
5. *Sagan tilheyrir raunsæisstefnunni. Hvernig kemur það fram?*

flipi: vör á hesti.



MATTHÍAS JOCHUMSSON (1835–1920)

„Tungan geymir í tímans straumi

trú og vonir landsins sona …“

Stiklur

Matthías fæddist að Skógum í Þorskafirði 11. nóvember 1835. Ellefu ára var hann sendur að heiman vegna fátæktar fjölskyldunnar og kom ekki aftur heim nema sem gestur. Hann vann við ýmis sveitastörf, sjómennsku og verslunarstörf. Hann þótti efnilegur og var því studdur til veturdvalar í Kaupmannahöfn til að læra verslunarfræði. Kaupmannahafnardvölin kveikti í honum þrá eftir að afla sér meiri skólamenntunar. Tuttugu og fjögurra ára var hann tekinn inn í Lærða skólann, áfram studdur af fólki sem hafði trú á honum, og lauk þaðan stúdentsprófi. Eftir það fór hann í prestaskóla og útskrifaðist þaðan þrítugur. Hann var prestur á nokkrum stöðum, síðast á Akureyri. Þar byggði hann sér hús sem hann nefndi Sigurhæðir og hýsir það nú m.a. minningarsafn um hann.

Matthías er talinn eitthvert afkastamesta ljóðskáld íslenskrar bókmenntasögu en fékkst þó einnig við aðrar greinar skáldskapar. Hann samdi t.d. leikritið *Útilegumennirnir* meðan hann var í Lærða skólanum en leikritið fékk síðar heitið *Skugga-Sveinn*. Ekkert leikrit er talið hafa haft jafnmikil áhrif á íslenska leikhúsmennt og ekkert leikrit hefur verið sýnt jafnoft. Þekktastur er þó Matthías fyrir sálma sína enda talinn annað helsta sálmaskáld þjóðarinnar á eftir Hallgrími Péturssyni. Hér á eftir fer eitt frægasta kvæði Matthíasar, lofsöngurinn „Ó guð vors lands“ sem síðar varð þjóðsöngur Íslendinga.

Matthías Jochumsson. Útgáfuárs ekki getið. *Ljóðmæli*. Fyrri hluti, frumort ljóð. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.

Lofsöngur

Ó, guð vors lands! Ó, lands vors guð!
Vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn.
Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans
þínir **herskarar, tímanna safn.**
Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár
og þúsund ár dagur, ei meir,
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár
sem tilbiður guð sinn og deyr.
Íslands þúsund ár –
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár
sem tilbiður guð sinn og deyr.

Ó, guð! Ó, guð, vér föllum fram
og fórnum þér brennandi, brennandi sál,
guð faðir, vor drottinn frá kyni til kyns,
og vér kvökum vort helgasta mál.
Vér kvökum og þökkum í þúsund ár
því þú ert vort einasta skjól;
vér kvökum og þökkum með titrandi tár,
því þú tilbjóst vort forlagahjól.
Íslands þúsund ár –
voru morgunsins húmköldu, hrynjandi tár,
sem hitna við skínandi sól.

Ó, guð vors lands! Ó, lands vors guð!
Vér lifum sem blaktandi, blaktandi strá;
vér deyjum, ef þú ert ei ljós það og líf
sem að lyftir oss **duftinu** frá;
ó, vert þú hvern morgun vort ljúfasta líf,
vor leiðtogi í daganna þraut
og á kvöldin vor himneska hvíld og vor hlíf
og vor hertogi á þjóðlífsins braut.
Íslands þúsund ár –
verði gróandi þjóðlíf með **þverrandi** tár
sem þroskast á guðríkis braut.

Ljóðmæli, fyrri hluti, 1956

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Finnið viðlíkingar* í ljóðinu.*
2. *Hvert er megininntak ljóðsins? Gefið sérstaklega gaum að upphafserindinu og síðustu braglínunum í 3. erindi.*
3. *Við hvaða tækifæri er þjóðsöngurinn fluttur?*
4. *Hvaða tilfinning vaknar innra með ykkur þegar þið heyrið þjóðsönginn?*
5. *Hvaða þýðingu teljið þið að þjóðsöngurinn og þjóðsöngvar almennt hafi? Hefur þjóðsöngurinn okkar einhverja þýðingu fyrir ykkur? Getur verið að þetta fari eftir aðstæðum hverju sinni?*
6. *Finnst ykkur að þið ættuð að kunna þjóðsönginn utan að? Af hverju? Af hverju ekki?*
7. *Kynnið ykkur lögin um þjóðsönginn.*

herskarar, tímanna safn: mannkynið frá örófi alda

duftið (hér): hið veraldlega (andstætt andanum þ.e hinu andlega lífi)
þverrandi: minnkandi



Eitt eilífðar smáblóm, málverk eftir Þorvald Þorsteinsson

Þjóðsöngurinn

Matthías samdi fyrsta erindi Lofsöngsins Ó, guð vors lands í Edinborg árið 1873 en hin erindin í London.

Þegar ljóð og lag birtist fyrst á prenti nefndist það „Lofsöngur í minningu Íslands þúsund ára“ en lagið við Lofsönginn samdi Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld og vinur Matthíasar.

Lofsöngurinn var ortur í tilefni þess að minnast átti þúsund ára byggðar á Íslandi árið 1874 í öllum kirkjum landsins.

Lofsöngurinn var frumfluttur við hátíðarmessu í dómkirkjunni í Reykjavík 2. ágúst 1874 að viðstöddum Kristjáni IX. Konungi Íslands og Danmerkur.

Ljóðið varð smám saman að þjóðsöng með því að hópar og samtök völdu að flytja það við sérstök tækifæri. Það var t.d. flutt við fullveldistökuna 1918.

Árið 1944 keypti ríkisstjórn Íslands lagið og fimm árum seinna keypti menntamálaráðuneytið öll réttindi að textanum af erfingjum Matthíasar. Þá var ljóðið orðið eign þjóðarinnar.

Sérstök lög gilda um flutning þjóðsöngsins.

JÓNAS HALLGRÍMSSON (1807–1845)

„Ástkjæra, ylhýra málið
og allri rödd fegra!
blíð sem að barni kvað móðir
á brjósti svanhvítu;
móðurmálið mitt góða,
hið mjúka og ríka,
orð áttu enn eins og forðum
mjer indið að veita. “

Ásta, 1. erindi



Stiklur

Jónas fæddist að Hrauni í Öxnadal en fluttist ársgamall með foreldrum sínum að Steinsstöðum þar skammt frá. Hann var næstyngstur fjögurra systkina en faðir hans var aðstoðarprestur að Bakka í Öxnadal. Þegar Jónas var níu ára missti hann föður sinn og var þá sendur í fóstur til móðursystur sinnar þar sem hann bjó fram að fermingu en þá flutti hann aftur heim að Steinsstöðum. Hann fór í Bessastaðaskóla tæplega 16 ára gamall og útskrifaðist þaðan sex árum síðar. Hann hafði hug á að fara til Kaupmannahafnar og halda þar áfram námi en sökum fjárskorts varð ekki af því að sinni. Það varð loks þremur árum síðar eftir að ein af yngismeyjum bæjarins, Kristjana Knudsen, hafði hryggbrotið Jónas að hann ákvað að sigla.

Jónas er almennt talinn með fyrstu boðberum rómantísku stefnunnar hér á landi og hann var einn af forkólfunum í sjálfstæðisbaráttunni. Árið 1834–35 stofnaði hann tímaritið *Fjölni* ásamt Brynjólfi Péturssyni, Konráði Gíslasyni og Tómasi Sæmundssyni. Höfuðmarkmið tímaritsins var að fræða og skemmta íslenskum almenningi en áköf þjóðerniskennd og ást á þjóð og tungu einkenndu það. Í þessu tímariti birtust nokkur þekktustu kvæða Jónasar í fyrsta sinn en hann skrifaði einnig greinar og þýddi aðrar til birtingar í ritinu.

Á árunum 1839–40 ferðaðist Jónas um Ísland á sumrin og stundaði rannsóknir á náttúru landsins en dvaldist í Reykjavík yfir vetrartímann. Þegar hann kom aftur til Kaupmannahafnar vann hann úr rannsóknum sínum. Á þessum árum orti hann nokkur sinna fegurstu kvæða, m.a. ljóðið Ferðalok. Hann starfaði einnig innan Fjölnisfélagsins og tók virkan þátt í þjóðfrelsisbaráttunni en á þessum tíma stóð til að Íslendingar fengju eigið ráðgjafarþing sem starfa skyldi á Íslandi. Þann 21. maí 1845 var Jónas á heimleið en féll í dimmum stiganum heima hjá sér og fótbrotnaði illa. Hann komst inn til sín en var ekki fluttur á sjúkrahús fyrr en morguninn eftir. Drep komst í sárið og nokkrum dögum síðar, 26. maí, var Jónas allur. Langvarandi veikindi og slæmur aðbúnaður gerðu að verkum að hann hafði ekki þrótt til að berjast fyrir lífi sínu.

Jónas Hallgrímsson.1989. Ritverk Jónasar Hallgrímssonar 1.bindi. *Ljóð og lausamál.* Ritstjórar: Haukur Hannesson, Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson. Svart á hvítu. Reykjavík.

Ísland

Ísland, farsælda **frón**
og hagsælda, hrímhvíta móðir!
Hvar er þín fornaldarfrægð,
frelsið og manndáðin bezt?

Allt er í heiminum **hverfult**,
og stund þíns fegursta frama
lýsir sem **leiftur** um nótt
langt fram á horfinni öld.

Landið var fagurt og frítt
og fannhvítir jöklanna tindar,
himninn heiður og blár,
hafið var skínandi bjart.

Þá komu feðurnir frægu
og frjálsræðishetjurnar góðu
austan um hyldýpishaf,
hingað í sælunnar reit.

Reistu sér byggðir og bú
í blómguðu dalanna skauti,
ukust að íþrótt og frægð,
undu svo glaðir við sitt.

Hátt á eldhrauni upp,
þar sem ennþá Öxará rennur
ofan í Almannagjá,
alþingið feðranna stóð.

Þar stóð hann Þorgeir á þingi,
er við trúnni var tekið af lýði.
Þar komu Gissur og Geir,
Gunnar og Héðinn og Njáll.

Þá riðu hetjur um héruð
og skrautbúin skip fyrir landi
flutu með fríðasta lið,
færandi varninginn heim.

Það er svo bágt að standa í stað
og **mönnunum munar**
annaðhvort aftur á bak
ellegar nokkuð á leið.

Hvað er þá orðið okkar starf
í sex hundruð sumur?
Höfum við gengið til góðs
götuna fram eftir veg?

Landið er fagurt og frítt
og fannhvítir jöklanna tindar,
himninn heiður og blár,
hafið er skínandi bjart.

En á eldhrauni upp,
þar sem ennþá Öxará rennur
ofan í Almannagjá,
alþing er horfið á braut.

Nú er hún **Snorrabúð stekkur,**
og lyngið á Lögbergi helga
blánar af berjum hvert ár,
börnum og hröfnum að leik.

Ó, þér unglinga fjöld
og Íslands fullorðnu synir,
svona er feðranna frægð
fallin í gleymsku og dá.

Ljóð og lausamál, 1989

frón: land. Hér merkir það Ísland
hverfult: breytilegt
leiftur: ljósbjarmi
mönnunum munar: menn berast, færast
Snorrabúð, búð: Tjaldbúð Snorra goða á Alþingi
stekkur: fjárrétt (teikning)



Stekkur

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvernig lýsir skáldið fornum tíma? En þeim nýrri? Í hverju er munurinn fólginn?*
2. *Hvað er skáldið að segja þjóðinni? Hafið í huga að ljóðið var fyrst birt sem forystugrein í 1. tbl. Fjölnis.*
3. *Ljóðið tengist rómantík, á hverju má sjá það?*
4. *Í ljóðinu spyr Jónas: „Hvað er þá orðið okkart starf í sex hundruð sumur?“ og miðar við árið 1262 þegar Íslendingar sóru Noregskonungi hollustueið. Og enn spyr hann: „Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?“ Hvernig teljið þið að Jónas sjálfur hafi svarað þessum spurningum? Hvernig svarið þið þessum sömu spurningum í dag?*

Orðasmiðurinn Jónas

Jónas Hallgrímsson var öflugur þýðandi og þýddi bæði skáldskap og fræðirit. Oft og tíðum komst hann þó að því að íslensk orð og heiti voru ekki til yfir hin ýmsu fyrirbæri. En þar sem hann unni móðurmálinu og vildi veg þess sem mestan var aðeins ein leið fær en það var að smíða ný orð úr þeim orðaforða sem þá tilheyrði íslenskunni eða fá eldri orðum nýja merkingu. Hér á eftir fara nokkur orð sem Jónas smíðaði. Takið eftir hve einföld og skýr þau eru. Stjörnuþoka, svarthol, sporbaugur, tunglmyrkvi, aðdráttarafl, skipstjóri, staðvindur, líkindareikningur, áttfætla, efnafræði, háðskur, fluggáfaður, jarðfræðingur, líffæri, einstaklingur.

Ferðalok

Ástarstjörnu
yfir Hraundranga
skýla næturský;
hló hún á himni,
hryggur þráir
sveinn í djúpum dali.

Veit ég, hvar von öll
og veröld mín
glædd er guðs loga.
Hlekki brýt ég hugar
og heilum mér
fleygi faðm þinn í.

Sökkvi ég mér og sé ég
í sálu þér
og lífi þínu lifi;
andartak sérhvert,
sem ann þér guð,
finn ég í heitu hjarta.

Tíndum við á fjalli,
tvö vorum saman,
blóm í hárri hlíð;
knýtti ég **kerfi**
og í kjöltu þér
lagði ljúfar gjafir.

Hlóðstu mér að höfði
hringum ilmandi
bjartra blágrasa,
einn af öðrum,
og að öllu dáðist,
og greipst þá aftur af.

Hlógum við á heiði,
himinn glaðnaði
fagur á fjallabrún;
alls yndi
þótti mér **ekki** vera
utan voru lífi lifa.

Grétu þá í lautu
góðir blómálfar,
skilnað okkarn skildu;
dögg það við hugðum,
og dropa kalda
kysstum úr krossgrasi.

Hélt ég þér á hesti
í hörðum straumi,
og fann til fullnustu,
blómknapp þann gæti
ég borið og varið
öll yfir æviskeið.

Greiddi ég þér lokka
við Galtará
vel og vandlega;
brosa blómvarir,
blika sjónstjörnur,
roðnar heitur **hlýr**.

Fjær er nú fagurri
fylgd þinni
sveinn í djúpum dali;
ástarstjarna
yfir Hraundranga
skín á bak við ský.


Háa skilur hnetti
himingeimur,
blað skilur **bakka** og **egg**;
en anda, sem unnast,
fær aldregi
eilífð að skilið.

Ljóð og lausamál, 1989

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Skoðið myndmál í ljóðinu. Finnið myndhverfingar*, persónugervingar* og beinar myndir* og skýrið.*
2. *Veltið fyrir ykkur efni ljóðsins. Um hvaða tilfinningar fjallar það? Vísið í textann.*
3. *Hvaða tilfinningar vekur ljóðið hjá ykkur?*
4. *Um þetta ljóð hefur verið sagt að það sé eitt fallegasta ástarljóð sem hefur verið ort á íslensku. Eruð þið sammála/ósammála? Rökstyðjið svarið.*

að knýta kerfi: að vefja blómsveig
ekki: (hér) ekkert
dögg: væta, áfall á gróðri
hlýr: vangi
bakki á hníf: efri brún á hnífsblaði (óbeitt)
egg á hnífsblaði: neðri brún á hnífsblaði, skurðbrún



Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16. nóvember ár hvert á afmælisdegi Jónasar og það var einmitt á þeim degi árið 2008 sem Íslensk málnefnd kynnti drög að íslenskri málstefnu sem varð að lögum 12. mars 2009. Við það eignuðust Íslendingar fyrstu opinberu málstefnuna. Í kynningu á íslenskri málstefnu segir m.a.: „Aðalmarkmið stefnunnar er að tryggja að íslenska verði áfram notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Íslenska er sameign okkar sem tölum hana og því er framtíð hennar í okkar höndum. … Ábyrgðin á íslenskri tungu hvílir á okkur sem tölum hana. Við þurfum sífellt að vera á varðbergi, hugsa um stöðu hennar í samfélaginu og ræða þau viðfangsefni sem fjallað er um í íslenskri málstefnu, við börnin okkar og fjölskyldu, vini og samstarfsfólk. Því verkefni lýkur aldrei og það snýst meðal annars um að styrkja trú okkar á tungunni og því að hægt sé að nota íslensku til alls.“

Úr íslenskri málstefnu



Úr bréfi Jónasar til Konráðs Gíslasonar, skrifað að Saurum í mars 1844.

Saurum, (15?) marz 1844.

Elskan mín góð!

Guð laun fyrir tilskrifin. – Það er langt síðan ég hef haft 3 bréf í einu frá einum manni að svara. Það er eins og hver sjái sjálfan sig ***rekinn upp í hrútshorn****, – og eiga nú að* ***udvikla*** *sig upp á einn* ***soddan*** *máta.*

. . .

Bráðum verður sett ***gymnasium*** *heima, segir þú, og ég muni geta farið úr görmunum!; ertu að gjöra gabb að mér?* ***Þú mátt úr flokki tala****, sem hefur að vísu embætti að ganga; guð láti aldrei drambsemis-djöfulinn snúa þér frá því, sem við höfum báðir álitið sóma vorn og heiður hingað til, að kenna ungum Íslendingum, – þú hefur, segi ég, að embætti að ganga og* ***efar þig*** *– og ég vildi heldur geta orðið kennari við góðan skóla á Íslandi en allt annað. Þar get ég enn unnið skamma eða langa stund, hver veit nema 20 ár, ef guð vildi lofa, og hvað mætti þá ekki vera létt upp koldimmunni úr Íslandi, – helvízkri holtaþokunni, sem felur bæði líkama og anda. – Höfum við ekki sagt, að landið er fagurt og frítt, hefur þú ekki sagt það sjálfur? En hver skilur fegurðina, nema hann geti notið náttúrunnar jafnframt með viti og þekkingu; því eintóm mannleg tilfinning, sem hefur lifað í okkar unglingum, deyr út aftur með líkamanum, ef hún er ekki studd við þekkingu og djúpa ást á* útborði andans*. Þú átt að komast í skólann, hvað sem mér líður, en þú átt líka að koma mér þangað, ef þú getur. – þú átt, til að mynda, ekki að láta sleppa úr hendi þér annað eins tækifæri og þegar Engelstoft spurði um Fuglepræ til að koma mér inn og fyrst og fremst að ná embættinu. Settu allt á stað til að koma því í lag. – Ég skal koma á eftir og sprengja öll púðurgöngin, – en kem nú, sem stendur, ekki við að grafa þau. Segðu Bryn. og séra Pétri og hverjum, sem gagn er að, allt þetta sama. Ég get kennt náttúrusögu og náttúrufræði (Naturhist. og Fysik), jarðfræði og hvað sem vill af mælingu og reikningi. Ég hef grann-kynnt mér hér einhvern bezta skólann í Danmörku meir en hálft ár og hef enn heilt ár eða meira til að kynna mér skólana í Höfn, sem ég á nú tækifæri til að umgangast beztu kennarana við. Tefðu ekki við að fara* ***að grafa undir fyrir*** *mig,*

---

að reka einhvern upp í hrútshorn: að kveða einhvern í kútinn, vera settur í slæma stöðu
að udvikla sig: (dönskuskotið mál) að betrumbæta sig (nú þarf hann að svara öllum bréfunum)
soddan, svoddan: þess konar, þannig
gymnasium: framhaldsskóli, menntaskóli
þú mátt úr flokki tala: þú getur talað djarflega
að efa sig: að vera í vafa
útborð andans: náttúran
að grafa undir fyrir einhvern: að undirbúa


*ef það er meira en **hégilja**, að þú vildir eiga mig í verki með þér. Hér ríður á að reisa embættið, þá er ég sem sten(dur) maðurinn. Gáðu að því, að ég, meðal annars, þekki allt Ísland og flesta menn á Íslandi og er vinsæll, og eini maðurinn sem stendur, sem gæti komið í lag náttúrusafni heima, ef ég fengi tóm og húsrúm. Hér ríður mest á, að láta ekki loka fyrr en ég kemst að. Ógæfan er, að verkið okkar Steinstrúps, sem ég fyrir mitt leyti er næstum búinn að fullgera, er enn of langt undan landi, til þess ég geti stutt mig við það. Hann situr nú í öðru, og verður ekki rifinn úr því þennan né næsta mánuð. Hvað líður þér og **grammatica** og orðabókunum, og **Antibarbarus**, og ætlar þú að duga mér nokkuð og svara mér?*

***Ad urnam**,*
J. Hallgrímsson.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvers eðlis er þetta bréf? Er það formlegt eða persónulegt? Til ókunnugs aðila, yfirvalda, fjölskyldu eða vinar? Á hverju má sjá það? Nefnið nokkur dæmi.*
2. *Hvers vegna hefur Jónas svona mikinn áhuga á að fá kennarastöðuna við hinn nýja menntaskóla?*
3. *Sagt hefur verið um Jónas að hann hafi í raun bæði tilheyrt upplýsingarstefnunni og rómantíkinni. Getið þið fundið eitthvað í bréfi hans til Konráðs sem styður þetta?*
4. *Lýsið Jónasi eins og hann kemur ykkur fyrir sjónir í þessu bréfi.*
5. *Skrifið bréf til vinar eða ímyndaðs vinar og segið frá sjálfum ykkur, aðstæðum ykkar, vonum og væntingum. Þetta bréf á að vera handritað og sett upp samkvæmt hefð. Bréfið getur jafnvel verið í svipuðum stíl og bréf Jónasar.*

hégilja: hégómi, smáræði, eitthvað sem litlu máli skiptir
grammatica: málfræði
Antibarbarus: barbarus þýðir villimaður. Antibarbarus er því andstæðan, siðmenntaður maður
ad urnam: (lat.) þar til ég dey, þar til ég verð að ösku og settur í ker.



HALLGRÍMUR PÉTURSSON (1614–1674)

„Lítillátur, ljúfur og kátur,
leik þér ei úr máta.
Varast spjátur, hæðni, hlátur.
Heimskir menn sig státa.“

Úr Heilræðavísum

Stiklur

Hallgrímur fæddist árið 1614. Hann var alinn upp á Hólum í Hjaltadal þar sem faðir hans var hringjari og frændi hans Guðbrandur Þorlaksson biskup. Hallgrímur settist í Hólaskóla, mennta- og prestaskóla, en hvarf frá námi og segja munnmæli að hann hafi verið rekinn úr skólanum af því hann hafi ort níðvísu um rektor skólans. Hallgrímur fór í prestaskóla í Kaupmannahöfn. Þegar hann var á fjórða ári í skólanum var hann fenginn til að rifja upp kristin fræði með hópi Íslendinga sem hafði verið seldur í þrældóm til Alsír. Í hópnum var Guðríður Símonardóttir (Tyrkja-Gudda) og varð hún ófrísk af völdum Hallgríms. Þau urðu þar með sek um **hórdómsbrot** þar sem Guðríður hafði verið gift áður en henni var rænt. Hallgrímur hélt því próflaus með henni til Íslands vorið 1637. Þau sluppu þó við harða refsingu þar sem maður Guðríðar var látinn þegar þau komu til landsins. Hallgrímur og Guðríður bjuggu á Suðurnesjum í nokkurn tíma og var Hallgrímur vígður til prests þar, nánar tiltekið á Hvalsnesi en þar lést dóttir þeirra. Árið 1651 varð hann prestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og gegndi því embætti þar til að hann varð að láta af störfum vegna holdsveiki. Hann lést árið 1674.

Í turni Hallgrímskirkju eru þrjár stórar kirkjuklukkur og klukknaspil með 29 bjöllum. Stóru klukkurnar heita Hallgrímur, Guðríður og Steinunn eftir séra Hallgrími, eiginkonu hans og dóttur þeirra sem dó ung.

Hallgrímur Pétursson er helsta sálmaskáld Íslendinga. Þekktustu verk hans eru *Passíusálmarnir* og sálmurinn Um dauðans óvissan tíma (Allt eins og blómstrið eina). Þessi verk hafa fylgt þjóðinni frá útkomu þeirra, þ.e. yfir 300 ár. *Passíusálmarnir*, sem fjalla um pínu og dauða Krists, birtust fyrst á prenti árið 1666 og hafa þeir verið gefnir oftar út en nokkurt annað íslenskt rit. Sálmarnir hafa verið lesnir á föstunni um aldir. Það sama má segja um sálminn Um dauðans óvissan tíma, hann hefur verið og er enn sunginn yfir moldum margra Íslendinga. Hallgrímur orti einnig rímur og önnur veraldleg kvæði.

Þrjár kirkjur hafa verið reistar til minningar um Hallgrím Pétursson; Hallgrímskirkja í Reykjavík, Hallgrímskirkja í Vindáshlíð og Hallgrímskirkja í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.

Hallgrímur Pétursson. 1989. *Sálmar og kvæði.* Hörpuútgáfan. Akranes.

Hórdómur – kynferðismök gifts fólks framhjá maka. **Hórdómsbrot** – skírlífisbrot hjóna, einfalt hórdómsbrot þ.e. annar sakaraðili er giftur/tvöfalt hórdómsbrot þ.e. báðir aðilar eru giftir

Úr Passíusálmunum

Úr fyrsta sálmi

– 1. erindi

Upp, upp, mín sál og allt mitt geð,
upp mitt hjarta og rómur með.
Hugur og tunga hjálpi til.
Herrans pínu ég minnast vil.

Úr sextánda sálmi

– 8. erindi


Undirrót allra lasta
ágirndin kölluð er.
Frómleika frá sér kasta
fjárplógsmenn ágjarnir,
sem freklega elska féð,
auði með **okri** safna,
andlegri blessun hafna,
en setja sál í veð.

Úr 44. sálmi

– 19. erindi

Vertu, guð faðir, faðir minn
í frelsarans Jesú nafni.
Hönd þín leiði mig út og inn,
svo allri synd ég hafni.

Fimmtíu Passíusálmar, 1973



UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Ræðið um ágirndina og afleiðingar hennar.*
2. *Skrifið stutta hugleiðingu um sama efni.*

frómleiki, að vera frómur: að vera heiðarlegur, réttlátur, góður
fjárplógsmaður : okrari, maður sem er ágengur í fjármálum

okur: að hagnast á öðrum á óhæfilegan hátt,verslun með háu verði og vöxtum

Steinunn dóttir Hallgríms og Guðríðar lést á fjórða ári. Um hana orti hann áhrifarík eftirmæli sem skiptast í tvo hluta. Hér á eftir fer eitt erindi úr hvorum þeirra.


Steinunn

Næm, skynsöm, ljúf í lyndi
lífs meðan varstu hér,
eftirlæti og yndi
ætíð hafði' eg af þér,
í minni muntu mér;
því mun ég þig með tárum
þreyja af huga sárum,
heim til þess héðan fer.

- - -

Nú ertu leidd, mín ljúfa,
lystigarð drottins í,
þar áttu hvíld að hafa
hörmunga og rauna frí;
við guð þú mátt nú mæla,
miklu fegri en sól
unan og eilíf sæla
er þín hjá **lambsins stól.**

Sautjánda öld til upphafs nítjándu aldar, 1975



Eins og fram hefur komið var Hallgrímur ekki aðeins sálmaskáld því hann orti einnig veraldleg kvæði sem sést m.a. á Leppalúðakvæði sem er 53 erindi og hefur verið eignað honum. Í kvæðinu nafngreinir hann börnin sín þrjú, Eyjólf, Guðmund og Steinunni litlu, og eins og oft í slíkum kvæðum er Leppalúði að leita að óþægum börnum í soðið. Þar eru m.a. þessi erindi:

Sagt er mér hún Steinunn
hríni so hátt,
hún banni henni móður sinni
svefninn um nátt.

Hún banni henni móður sinni
vinnuna og værð,
oft er hún fyrir ærslin
og óvandann kærð.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Endursegið efni erindanna með eigin orðum.*
2. *Hvaða hughrif/tilfinningar vekja þau?*

að þreyja: að þrauka
lambsins stóll: vísun í Biblíuna, lambið eða guðslambið er Kristur

STURLA ÞÓRÐARSON (1214–1284)

„Nú tók að batna með þeim Snorra (Sturlusyni) og Sturlu (Sighvatssyni) og var Sturla löngum þá í Reykjaholti og lagði mikinn hug á að láta rita sögubækur eftir bókum þeim er Snorri setti saman.“



Stiklur

Sturla fæddist 29. júlí 1214, í byrjun Sturlungaaldar, á mesta ófriðartímabili sem þjóðin hefur lifað. Hann virðist hafa tilheyrt friðsamari armi fjölskyldunnar en þó var hann þátttakandi í þeim óeirðum og valdabrölti sem átti sér stað hér á landi allt til 1262 er Íslendingar sóru Noregskonungi hollustueið. Sturla gerðist hirðmaður Magnúsar lagabætis Noregskonungs. Hann skrifaði sögu Magnúsar og föður hans, Hákonar gamla Hákonarsonar, en einnig orti hann mörg kvæði um Magnús konung. Honum hefur einnig verið eignuð *Grettis saga* og *Njáls saga*.

Eitt þekktasta rit Sturlu er þó *Íslendinga saga*, frásögn af höfðingjum Sturlungaaldarinnar og átökum þeirra. *Íslendinga saga* tilheyrir safnritinu *Sturlungu* sem líklega var sett saman um aldamótin 1300 en efnislega nær hún yfir atburði sem gerðust frá 1183 til 1264.

Eins og nafnið ber með sér fer mikið fyrir ættingjum Sturlu í frásögninni enda miklir áhrifavaldar. Þar fór fremstur Sturla Sighvatsson sem einna fyrstur manna leitaðist við að ná völdum yfir öllu landinu fyrir hönd Noregskonungs. Sturla þessi og Sighvatur faðir hans féllu báðir í Örlygsstaðabardaga 1238, mestu orrustu sem háð hefur verið á Íslandi. Þá náði höfuðandstæðingur Sturlunga, Gissur Þorvaldsson, undirtökunum í valdabaráttunni og tók til við að vinna landið undir Noregskonung sem gerði hann að jarli sínum. Sturla Þórðarson lifði þá atburði sem greint er frá í *Íslendinga sögu* og var vitni að mörgum stórviðburðum hennar.

Árið 1253 sættist Sturla við Gissur jarl og var sáttin innsigluð með brúðkaupi Halls Gissurarsonar og Ingibjargar dóttur Sturlu sem þá var aðeins 13 ára gömul. Veislan var haldin að Flugumýri í Skagafirði þar sem Gissur bjó. Ekki voru allir stuðningsmenn Sturlunga sáttir við þessa ráðagerð því þremur nóttum síðar var bærinn umkringdur af óvinum Gissurar og bardagi braust út. Gissur og hans menn vörðust frækilega en þá kveikti óvinaliðið í bænum og aðeins örfáir sluppu lifandi úr eldinum. Hér á eftir fara þeir kaflar *Sturlungu* sem greina frá þessum atburði þ.e. Flugumýrarbrennu.

Íslendinga saga Sturlu Þórðarsonar, kafli 228. 1988. *Sturlunga saga.* Svart á hvítu. Reykjavík.


Úr Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar

kafli 411

Nú urðu margir atburðir **senn** og má **frá** þó **einum senn segja.**

Gissur Þorvaldsson lá og þau Gróa hinum vestra megin í skála innar við þili það er næst var **kvennaskála**. En Hallur son hans og þau Ingibjörg lágu þar fyrir utan þilið næst í **stafnrekkju** og var gluggur kringlóttur á þilinu milli rúmanna. Í þann

göngu að Eyjólfur gekk að syðrum durum en Hrani að nyrðrum durum með tuttugu menn hvor. Kolbeinn grön og Ari Ingimundarson, Þorsteinn grenja gengu að syðrum durum með Eyjólfi en með Hrana sveitungar hans, Jón af Bakka, Einar af Öxnahóli. En tveir héldu **logum**, Skraf-Oddur og Þórarinn Ljótsungi.



glugg hljóp Gissur um nóttina og **utar á** þau Hall son sinn og bað hann vaka skjótt. Gissur komst í brynju og fékk stálhúfu sett á höfuð sér. Gróa tók sverðið Brynjubít og spretti **friðböndum** og fékk Gissuri. Brá hann þá sverðinu. Hallur Gissurarson hljóp upp skjótt og fékk öll vopn sín og engi klæða þá fyrst nema línklæði. Hann **eggjaði** menn þegar að duga vel, kvað ekki mundu til saka.

Þeir Eyjólfur og Hrani höfðu svo skipt liði til at-

Þessir menn fengu vopn sín í skálanum og snerust allir til varnar: Gissur sjálfur Þorvaldsson og synir hans þrír, Gissur glaði, Björn Ólafsson, Beinir Steinsson, Þorsteinn Skeggjason, Guðmundur ofsi frændi Gissurar, Þórður Djákni, og eru nú tíu. Þorbjörn nef, Svartur Þórisson, Grímur lömbungur, hann hljóp upp einn hver manna skjótast og þreif **húðfat** úr setinu og rak fyrir skáladyrin nyrðri svo að hurðin gekk aldrei upp með vörn Halls Gissurarsonar og þeirra

margir atburðir senn: margir atburðir samtímis
frá einum senn segja: segja frá einum í einu
kvennaskáli: vinnustaður kvenna í skálum til forna
stafnrekkja: (hér)rúm með göflum
að uta á e-n: að ýta við e-m
friðbönd: bönd sem halda sverði í slíðrum
að eggja e-n: að hvetja e-n
logar: (hér) kyndlar
húðfat: svefnpoki úr skinni

fimm er þar vörðu með honum. Gátu þeir Hrani aldrei komist í skálann. Dugði þeim því lengi drengileg vörn svo að einum megin væri að þeim gengið svo að þeir kæmust í skálann. Ásgrímur hét maður er enn fékk vopn, norðan frá Þverá, hann var með Þórólfi munk ölgerðarmanni, og Halldór Ögmundarson er síðan var kallaður hálshögg. Þessir fimmtán veittu vörn allir drengilega. Jón prestur Halldórsson hafði eigi vopn en hann dugði þó drengilega til, eggjaði alla menn að duga sem best og **bar klæði á vopn** þeirra Eyjólfs jafnan er hann mátti. Skafti Dálksson, hann einn var svo manna fyrir í skálanum að ekki **fullting** var að. Steinn smiður fékk bolöxi. Hann var lítt í vörn en þó var hann hjá félögum sínum. Guðmundur Fálkason og Sokki Ormsson höfðu sofið í litlustofu. Ketill sútari og Kormákur bryti, Guðlaugur piltur voru í klefa og Kolbjörn veljungur. Þeir komust engir í skálann.

Nú veittu þeir Eyjólfur atsókn harða í skálanum. Tókst nú harður bardagi og snörp atganga því að viðnámið varð hið drengilegasta. Þeir börðust lengi nætur og höfðu svo harðan atgang að því er þeir menn hafa sagt er þar voru að eldur þótti af hrjóta er vopnin mættust. Og svo sagði Þorsteinn Guðmundarson síðan að hann kvaðst þess hvergi komið hafa að menn hefðu jafnfræknlega varist. Og allir hafa vörn þá ágætt er varð á Flugumýri, bæði vinir og óvinir.

Kolbeinn grön var fremstur Eyjólfs manna og Ari Ingimundarson, Kvistungar, Þorsteinn Guðmundarson, Eiríkur Brandsson. Hjuggu þeir bæði hart og tíðum. Þeir Björn Ólafsson og Gissur glaði, Guðmundur ofsi, Þórður djákni, Þorbjörn nef gerðu slíkt í móti. Reiddi þá Kolbein grön stundum utar í skálann en stundum viku hinir undan meir norður í skálann. Þeir börðust lengi nætur og tóku hvíldir sem við **skinnleik**.

Og er þeir Hrani komust eigi í skálann þá fór Jón af Bakka upp á húsin og þeir þrír með honum og voru á verði. Fótar-Örn var lengstum á hesti og skyggndist. Þeir Hrani gátu upp komið svo hurðunni að leggja mátti sverðum en þó urðu fáir menn af því sárir.

Þorbjörn Ólafsson og Gissur glaði höfðu brotið fengið nokkur spjót úr krókum er stóðu fyrir framan stafnrekkju í kvennaskáladurum og varð þeim það gott til varnar. Margir menn höfðu og skjöldu af Gissurar mönnum.

Þorsteinn Skeggjason varði stafnrekkju gegnt rúmi því er Hallur hafði legið í. Hann hafði skjöld og sverð og varðist vel. Ísleifur Gissurarson varðist þar og með honum. Þorsteinn gekk fram fyrir Ísleif og bárust sár á hann. Björn Ólafsson lagði spjóti til Eyjólfs Þorsteinssonar og féll hann á bak aftur um kistu og varð ekki sár. Björn eggjaði jafnan um nóttina félaga sína og bað þá Eyjólf reka af sér, kvað þeirra eigi óvænna en fyrir voru og hans vörn brá Gissur jafnan við síðan að hann kvaðst aldrei röskvara mann séð hafa.

Gissur Þorvaldsson hljóp þá upp í stafnrekkjuna er sár bárust á Þorstein. Og þá sóttu þeir Eyjólfur norður um kvennaskáladyrin og var Eyjólfur þá framarlega. Það sá Gissur er hann var í stafnrekkjunni og ætlaði að höggva tveim höndum á handlegg Eyjólfi með Brynjubít en **blóðrefillinn** sverðsins kom uppi í **tjaldsprotann** og kom það högg ekki á Eyjólf. Aldrei sáu þeir Eyjólfur Gissur um nóttina og eggjuðu að hann skyldi láta sjá sig en hann svaraði engu.

Þá bað Kolbeinn grön að honum skyldi hrinda á fylking þeirra Gissurar manna og það var gert. Varð þá í **hröngl** mikið og í þeirri svipan hjó Ari Ingimundarson hönd af Ketilbirni Gissurarsyni.

Hann mælti við sveininn er hann lét höndina svo að af tók: **„Skall þar einum** og skyldi brátt meir."

Skildir margir héngu í skálanum og bað Gissur menn taka skjölduna og skjóta skjaldborg í þeim durum er skálar mættust og svo var gert. Sóttu þeir Hrani og Kolbeinn fast að og gátu ekki að gert

að bera klæði á vopn: að stöðva bardaga með því að varpa klæðum á vopnin
fullting: hjálp, aðstoð, liðveisla
skinnleikur: aflraunaleikur fornmanna, skinndráttur (líkt og reiptog)
blóðrefill: sverðsoddur
tjaldsproti: stöng til að hengja sængurföt á
hröngl: ringulreið
Skall þar einum: (fornt mál) e-r fær högg

skjaldborginni. Þrífur Kolbeinn þá til og ætlaði að rífa af þeim skjölduna en Gissur hjó á höndina. Og þá börðust þeir enn lengi.

Og þá er Eyjólfur sá að þeim sóttist seint en **uggði** að héraðsmenn mundu að koma þá báru þeir eld að. Jón af Bakka hafði haft tjörupinn með sér og þá tóku þeir gærur af **þönum** er þar voru úti og báru þar í eld og tjöruna. Sumir tóku töðu og tróðu í gluggana og lögðu þar eld í og varð þá reykur mikill brátt í húsunum og svælumikið.

Gissur lagðist niður í skálanum með setstokkinum öðrum megin og lagði nasirnar og höfuðið við gólfið og þar Gróa kona hans hjá honum. Þorbjörn nef lá þar hjá þeim og horfðust þeir Gissur að höfðunum. Þorbjörn heyrði að Gissur bað fyrir sér á marga vega háleitlega til guðs, svo að eigi kvaðst hann slíkan formála heyrt hafa, en hann þóttist eigi sinn munn mega í sundur hefja fyrir reyk. Og eftir það stóð Gissur upp og **hélt Gróa á honum**. Gissur gekk í anddyrið syðra og var honum þá erfitt mjög bæði af reyk og hita og var það þá í hug að leita út heldur en vera lengur inni svældur.



Gissur glaði stóð við dyrin og talaði við Kolbein grön og bauð Kolbeinn honum grið því að þeir höfðu fyrr það við mælst að hvor skyldi öðrum grið gefa hvor sem vald hefði til. Gissur Þorvaldsson stóð að baki nafna sínum meðan þeir töluðu þetta og svalaði honum heldur meðan. Gissur glaði beiddist að hann myndi kjósa mann með sér til griða. Kolbeinn játaði því þegar frá væru Gissur og synir hans.

Þá kom þar til Gró í anddyrið Ingibjörg Sturludóttir og var í náttserk einum og berfætt. Hún var þá þrettán vetra gömul og var bæði mikil vexti og sköruleg að sjá. Silfurbelti hafði vafist um fætur henni er hún komst úr hvílunni fram. Var þar á pungur og þar í **gull** hennar mörg. Hafði hún það þar með sér. Gróa varð fegin henni mjög og segir að eitt skyldi yfir þær ganga báðar.

Og er Gissuri hafði heldur svalað þá var honum það í hug að hlaupa eigi út. Hann var í línklæðum og í brynju, stálhúfu á höfði, sverðið Brynjubít í hendi. Gróa var og í náttserk einum. Gissur gekk að henni Gró og tók fingurgull tvö úr brókabeltispungi sínum og fékk henni í hönd því að hann ætlaði henni líf en sér dauða. Annað fingurgullið hafði átt Magnús biskup föðurbróðir hans en annað Þorvaldur faðir hans. Kvaðst hann vilja að þeirra gripa nytu vinir hans ef svo færi sem hann vildi. Gissur fann þá á Gró að henni fannst mikið um skilnaðinn þeirra. Leitaði Gissur þá innar eftir húsunum og með honum Guðmundur frændi hans. Hann vildi aldrei við hann skilja. Þeir komu að litlustofu og ætluðu þar út að leita. Þá heyrði hann þar mannamál úti og bölvan. Brott hvarf hann þaðan. Nú verður þar frá að hverfa.

að ugga: að óttast
þön: grind eða rammi til að strekkja eitthvað á
hélt Gróa á honum: Gróa studdi sig við hann, hélt í hann
gull: (hér)leikföng eða aðrir persónulegir munir

Íslendinga saga kafli 412

Þær Gróa og Ingibjörg gengu nú út að durunum. Gróa bað Ingibjörgu útgöngu. Það heyrði Kolbeinn grön frændi hennar og bað hana út ganga til sín. Hún kvaðst eigi það vilja nema hún kjöri mann með sér. Kolbeinn kvað eigi það mundu.

Gróa bað hana út ganga „en eg verð að leita sveinsins Þorláks systursonar míns," segir hún.

Þorleifur hreimur var faðir hans. Sveinninn hafði út hlaupið áður og loguðu um hann línklæðin er hann kom ofan á völlinn. Hann var tíu vetra gamall. Komst hann til kirkju.

Það er sumra manna sögn að Þorsteinn grenja hryndi Gró inn í eldinn og þar fannst hún í anddyrinu. Kolbeinn grön hljóp inn í eldinn eftir Ingibjörgu og bar hana út til kirkju. Tóku þá húsin mjög að loga.

Hallur Gissurarson kom litlu síðar að þeim hinum syðrum durunum og Árni beiskur með honum, fylgdarmaður hans. Þeir voru báðir mjög þreyttir og móðir af hita. Borði var skotið um þverar dyrnar. Hallur horfði lítt á og hljóp þegar út yfir borðið. Hann hafði sverð í hendi og ekki fleira vopna. Einar Þorgrímsson var nær staddur er Hallur hljóp út og hjó í höfuð honum með sverði og var það banasár. Og er hann féll hjó annar á fótinn hægra fyrir neðan kné svo að nær tók af. Þórólfur munkur frá Þverá ölgerðarmaður var nýgenginn áður út og var þar í túninu. Hann tók gæru er þar lá og skaut undir Hall þá er þeir Einar gengu frá honum. Hann kippti öllu saman Halli og gærunni á leið til kirkjunnar þá er þeir hugðu eigi að. En Hallur var fáklæddur og kom kuldi í sár hans.

Munkurinn var og berfættur og kól hann og. Gat hann þó komið þeim báðum í kirkju of síðir.

Árni beiskur hljóp þegar út eftir Halli. Hann drap fótum í borðið, var þá við aldur og féll er hann kom út. Þeir spurðu hver færi þar svo hrapallega.

„Árni beiskur er hér," segir hann, „og mun eg ekki griða biðja. Sé eg og að sá liggur hér skammt frá mér er mér líkar eigi illa að eg hafi slíka för og hann."

Kolbeinn mælti þá: „Man engi nú Snorra Sturluson ef þú færð grið."

Báðir unnu þeir Kolbeinn á honum og Ari Ingimundarson og fleiri huggu þeir hann og lét hann þegar líf sitt.

Þá féll ofan skálinn, fyrst norðan af skálanum suður um loftið er í var skálanum. Þessir menn urðu þar undir: Ísleifur Gissurarson, Ketilbjörn bróðir hans, Björn Ólafsson, Steinn smiður, Kolbjörn, Ásgrímur. Guðlaugur piltur, Ketill sútari, Kormákur bryti létust í klefanum. Sokki Ormsson lést í litlustofu. Páll hét lausamaður einn er fannst dauður í borðhúsi í stofunni. Snauðir menn köfnuðu níu í gestahúsi og hét maður Þorfinnur faðir Þórólfs tinsmiðs. Hálfur þriðji tugur manna lést í brennunni.

Halldór Ögmundarson gekk út suðurdyr af búrinu og var þar fyrir Eyjólfur Þorsteinsson og gaf honum grið. Og er hann kom mjög að kirkjunni var þar fyrir sá maður er Þorkell smiður hét er síðan var veginn á Möðruvöllum. Hann tók til hans og kvað eigi svo ótt í kirkjuna en annar hjó til hans með sverði við forkirkjuna og kom framan á hálsinn hinum hægra megin og hraut blóðið allt á kirkjuna. Var það mikill áverki. Komst hann við það í kirkju.

Nú tóku öll húsin að loga nema eldhús brann eigi og litlastofa og skyrbúr.

Íslendinga saga kafli 413

Nú er það að segja frá Gissuri Þorvaldssyni að hann kom að skyrbúri og hann Guðmundur frændi hans fylgdi honum. Gissur bað hann fara frá sér, kvað heldur mega einn fá nokkuð undanbragð ef þess vildi auðna þar sem þeir fengju eigi báðir. Þar kom þá og Jón prestur Halldórsson og kvað Gissur þá báða skyldu brott fara frá sér að sinni. Gissur steypti þá af sér brynjunni og stálhúfunni en hafði sverðið í

hendi. Þeir Jón prestur leituðu til suðurdura af búrinu og fengu báðir grið. Gissur Þorvaldsson gekk í búrið. Hann sá hvar skyrker stóð á stokknum í búrinu. Þar hleypti hann sverðinu Brynjubít ofan í skyrið svo að það sökk upp um **hjöltin**. Gissur sá að þar var ker í jörðu hjá lítið og var í sýra en skyrkerið stóð þar yfir ofan og huldi mjög sýrukerið það er í jörðinni var. Þar var rúm það er maður mátti komast í kerið og fór Gissur þar í kerið það er í jörðunni var og settist niður í sýruna í línklæðum einum og tók honum sýran í geirvörtur. Kalt var í sýrunni.

Skamma hríð hafði hann þar setið áður hann heyrði mannamál og heyrði að um var talað ef hann fyndist að þrír menn voru til ætlaðir til áverka við hann og skyldi sitt högg höggva hver og fara ekki ótt að og vita hvernig hann yrði við. Hrani var til ætlaður og Kolbeinn grön og Ari Ingimundarson. Nú komu þeir í búrið með ljósi og leituðu allt. Þeir komu að kerinu er Gissur sat í kerinu og lögðu í kerið þrír menn með spjótum eða fjórir. Þeir þrættu um. Sögðu sumir að fyrir yrði en sumir ekki. Gissur hafði lófana fyrir kviði sér sem **hóglegast** að þeir skyldu sem síst kenna að fyrir yrði. Hann **skeindist** á lófunum og svo framan á beinum á **sköfnungunum**. Voru það lítil sár og mörg. Svo hefir Gissur sagt sjálfur áður en þeir kæmu í búrið að hann skalf af kulda svo að **svaglaði** í kerinu en er þeir komu í búrið þá skalf hann ekki. Tvisvar leituðu þeir um búrið og fór svo í hvorttveggja sinn.

Eftir það gengu þeir í brott og út og bjuggust í brott. **Gengu** menn þá til **griða** þeir er lífs voru, Guðmundur Fálkason, Þórður djákni, Ólafur er síðan var kallaður gestur og hafði Einar Þorgrímsson unnið á honum. Þá var í **dagan**.

Stigu brennumenn þá á bak og riðu út úr garði. Fótar-Örn reið síðast og segir Eyjólfi að hann sá mann ganga til kirkju og var leiddur og kvaðst hyggja að Gissur væri, kvað það eitt ráð að snúa aftur. Þeir svöruðu margir, kváðu það ekki vera mega. Varð og ekki af að þeir sneru aftur.

Gissur hafði þá gengið til kirkju sem Örn ætlaði því að svo var honum kalt orðið að hann þoldi eigi lengur þar að vera. Og er Gissur kom í kirkju voru klæði borin að honum og vermdi sú kona hann á lærum sér er Hallfríður hét og var kölluð **garðafylja** er síðan var **heimakona** með Kálfi Brandssyni á Víðimýri. **Ornaði** honum brátt. Hann var hás orðinn mjög af reyk og kulda. Gissur hresstist brátt og bar sig vel og drengilega eftir slíka mannraun og harma. Hallur son hans andaðist þá er nær var hálfljóst.

Þá er brenna var á Flugumýri var liðið frá Önundarbrennu fjórum vetrum fátt í sex tigi vetra en frá Þorvaldsbrennu hálfur þriðji tugur vetra.

Þessi tíðindi spurðust brátt og þótti öllum vitrum mönnum þessi tíðindi einhver mest hafa orðið hér á Íslandi sem guð fyrirgefi þeim er gerðu með sinni mikilli miskunn og mildi.

Gissur reið þá upp í Tungu fyrst um morguninn og fátt manna með honum. Gerði hann það til varúðar ef óvini hans hefði að borið. Var hann þá aftur kominn á Flugumýri og nokkurir Tungubændur með honum er Páll Kolbeinsson frá Stað kom þar til móts við hann og mart manna með honum. Þá var borinn út á skildi Ísleifur Gissurarson og var hans ekki eftir nema búkurinn steiktur innan í brynjunni. Þá fundust og brjóstin af Gró og var það borið út á skildi að Gissuri.

Þá mælti Gissur: „Páll frændi," segir hann, „hér máttu nú sjá Ísleif son minn og Gró konu mína."

Og þá fann Páll að hann leit frá og stökk úr andlitinu sem haglkorn væri.

Á Flugumýri brann mikið fé er margir menn áttu

---


hjöltu: þverstykki sem hlífir hendinni þegar haldið er á sverði
hóglega: gætilega
að skeinast: að særast lítillega
sköfnungur: fótleggur fyrir neðan hné
að svagla: sulla, gutla
að ganga til griða: að semja um frið
dagan: dögun
garðafylja: viðurnefni Hallfríðar, merking ókunn.
heimakona: vinnukona, vinnuhjú
að orna: að hlýja

þeir er þar voru og margir menn höfðu þangað léð gripa sinna, dúnklæða og annarra gripa og brann það allt. En það brann þó mest í fémunum er Gissur átti, fyrst bærinn á Flugumýri er engi var jafnvirðulegur í Skagafirði fyrir utan staðinn að Hólum. Þar voru öll hús mjög vönduð að smíð, forskálar allir aþildir til stofu að ganga, skáli altjaldaður og stofa. Þar brunnu og margir gripir er átti Ingibjörg Sturludóttir.

Ingibjörgu bauð til sín eftir brennuna Halldóra dóttir Snorra Bárðarsonar frændkona hennar er þá bjó í Odda. Fór hún þangað og förunautar hennar með henni. Var hún mjög þrekuð, barn að aldri.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvenær er þessi frásögn rituð og í hvaða bók er hún?*
2. *Hver er innri tími* frásagnarinnar? Vísið í textann máli ykkar til stuðnings.*
3. *Er frásögnin hlutlæg* eða huglæg*? Nefnið dæmi máli ykkar til stuðnings.*
4. *Sturla nefnir dóttur sína þrisvar á nafn, sjá bls. 157. Hvaða mynd dregur hann upp af henni.*
5. *Lesið kaflann úr Ofsa um Hallfríði garðafylju þar sem hún segir frá Ingibjörgu Sturludóttur, sjá bls. 54. Hvaða mynd er dregin upp af henni þar? Finnst ykkur lýsingin á viðbrögðum hennar í samræmi við þá mynd sem faðir hennar dregur upp af henni í frásögn sinni?*
6. *Berið saman frásögn Einars Kárasonar og Sturlu Þórðarsonar á drápi Árna beisks. Hvað er líkt og hvað er ólíkt? Hvor frásögnin finnst ykkur eftirminnilegri? Hvers vegna?*
7. *Lýsið brennunni frá sjónarhóli Ingibjargar Sturludóttur.*
8. *Lesið kaflann úr Ofsa eftir Einar Kárason og tilgreinið síðan hvað það er sem hann nýtir sér úr frásögn Sturlu.*



SNORRI STURLUSON
(1178/1179–1241)

„En þetta er nú að segja ungum skáldum, þeim er girnast að nema mál skáldskapar og heyja sér orðfjölda með fornum heitum eða girnast þeir að kunna skilja það er hulið er kveðið, þá skilji hann þessa bók til fróðleiks og skemmtunar. “

Úr Snorra-Eddu

Stiklur

Snorri fæddist að Hvammi í Dölum árið 1178 eða 1179 en faðir hans Sturla Þórðarson, Hvamm-Sturla, var ættfaðir Sturlunganna. Snorri fór ungur í fóstur til Jóns Loftssonar að Odda á Rangárvöllum og bjó þar til ársins 1201 en þá kvæntist hann og flutti að Borg á Mýrum. Hann varð fljótt valdamikill og auðugur höfðingi sem naut mikillar virðingar. Snorri var **lögsögumaður** í tvígang og gerðist hirðmaður Noregskonungs og dvaldi um tíma við hirð Hákonar Hákonarsonar og Skúla jarls.

Í Odda komst Snorri í kynni við íslenska hámenningu og ætla má að uppeldið í Odda hafi stuðlað að því að hann lagði stund á ritstörf. Hann skrifaði m.a. *Snorra Eddu* og *Heimskringlu*. *Snorra Edda* var aðalkennslubók ungra skálda öldum saman en hún fjallar um skáldskapar- og goðafræði. Hún er í fjórum hlutum; prologus, Gylfaginning, Skáldskaparmál og Háttatal. *Heimskringla*, fjallar um sögu Noregskonunga frá upphafi til seinni hluta 12. aldar og hún er mikilvægt rit í þjóðarvitund Norðmanna. Efni bókarinnar varð þeim mikil hvatning í frelsisbaráttunni á 19. og 20. öld þegar þeir losuðu sig úr ríkjasambandi við Svía. Margir fræðimenn hallast að því að Snorri sé höfundur Egils sögu Skalla-Grímssonar en hann bjó um tíma á Borg á Mýrum þar sem Egill bjó lengst af nokkrum öldum fyrr.

Snorri bjó í Reykholti í Borgarfirði frá 1206 til dauðadags og var veginn þar 23. september 1241. Þar má skoða fornminjar frá dögum hans s.s. laug, göng og bæjarrústir. Þar er Snorrastofa; menningar- og miðaldasetur sem var reist til minningar um hann.

Hér á eftir fer kafli úr Skáldskaparmálum *Snorra Eddu*. Í þessum kafla segir Bragi skáldskaparguð ásatrúarmanna Ægi/Óðni frá því hvernig skáldskapurinn varð til.

Edda Snorra Sturlusonar. 1984. Heimir Pálsson bjó til prentunar. Mál og menning. Reykjavík.

Lögsögumaður var kosinn af lögréttu til þriggja ára í senn. Hann átti að varðveita lögin í minni sér og þylja þau upp, þriðjung á hverju þingi en þingsköp á hverju ári. Þetta var eina opinbera embættið á þjóðveldistímanum. Eftir að lögin voru skráð var þetta embætti lagt niður að einhverju leyti.

Úr Skáldskaparmálum

V

Og enn mælti Ægir: „Hvaðan af hefur hafist sú íþrótt er þér kallið skáldskap?“

Bragi svarar: „Það voru upphöf til þess að guðin höfðu ósætt við það fólk er **vanir** heita, en þeir lögðu með sér friðstefnu og **settu grið** á þá lund, að þeir gengu hvorirtveggju til eins kers og spýttu í hráka sínum. En að skilnaði þá tóku goðin og vildu eigi láta týnast það **griðamark** og sköpuðu þar úr mann. Sá heitir Kvasir. Hann er svo vitur að enginn spyr hann þeirra hluta er eigi kann hann úrlausn. Hann fór víða um heim að kenna mönnum fræði og þá er hann kom að heimboði til dverga nokkurra, Fjalars og Galars, þá kölluðu þeir hann með sér á einmæli og drápu hann, létu renna blóð hans í tvö ker og einn ketil, og heitir sá Óðrerir, en kerin heita Són og Boðn. Þeir blendu hunangi við blóðið og varð þar af mjöður sá er hver er af drekkur verður skáld eða fræðamaður. Dvergarnir sögðu ásum að Kvasir hefði kafnað í manviti fyrir því að enginn var þar svo fróður að spyrja kynni hann fróðleiks.



Þá buðu þessir dvergar til sín Jötni þeim er Gillingur heitir og konu hans. Þá buðu dvergarnir Gillingi að róa á sæ með sér. En er þeir fóru fyrir land fram reru dvergarnir á **boða** og hvolfdi skipinu. Gillingur var ósyndur og týndist hann en dvergarnir réttu skip sitt og reru til lands. Þeir sögðu konu hans þennan atburð en hún kunni illa og grét hátt. Þá spurði Fjalar hana ef henni mundi hugléttara ef hún sæi út á sæinn þar er hann hafði týnst. En hún vildi það. Þá mælti hann við Galar, bróður sinn, að hann skal fara upp yfir dyrnar er hún gengi út og láta **kvernstein** falla í höfuð henni og taldi sér leiðast óp hennar. Og svo gerði hann.

Þá er þetta spurði Suttungur jötunn, son Gillings, fer hann til og tók dvergana og flytur á sæ út og setur þá í **flæðarsker**. Þeir biðja Suttung sér lífsgriða og bjóða honum til sættar í föðurgjöld mjöðinn dýra, og það verður að sætt með þeim. Flytur Suttungur mjöðinn heim og **hirðir þar** sem heita Hnitbjörg. Setur þar til gæslu dóttur sína Gunnlöðu. Af þessu köllum vér skáldskap Kvasis blóð eða dverga drekku eða fylli eða nokkurskonar lög Óðreris eða Boðnar eða Sónar, eða farkost dverga, fyrir því að sá mjöður flutti þeim **fjörlausn** úr skerinu, eða Suttungamjöð eða Hnitbjargalögur.“

Þá mælti Ægir: „Myrkt þykir mér það mælt að kalla skáldskap með þessum heitum. En hvernig komust þér æsir að Suttungamiði?“

VI

Bragi svarar: „Sú saga er til þess, að Óðinn fór heiman og kom þar er þrælar níu slógu hey. Hann spyr ef þeir vilji að hann brýni ljái þeirra. Þeir játa því. Þá tekur hann **hein** af belti sér og brýndi, en þeim þótti bíta ljáirnir miklu betur og **föluðu** heinina. En hann mat svo að sá er kaupa vildi skyldi gefa við hóf. En allir kváðust vilja og báðu hann sér selja, en hann

---

vanir: goðverur af ætt sem æsir áttu upphaflega í höggi við, kyn jarðar og Freys og Freyju
að setja grið: að semja um frið, vopnahlé
griðamark: táknar umsaminn frið, sáttargjörð
boði: blindsker/brotsjór
kvernsteinn: kvarnarsteinn, myllusteinn, steinn í kvörn sem malar korn
flæðarsker: sker sem flæðir yfir á flóði
hirðir þar: (hér) geymir þar
fjör: líf
hein: fíngert brýni
að fala: falast eftir, vilja kaupa, eignast

kastaði heininni í loft upp. En er allir vildu henda þá **skiptust** þeir svo **við** að hver brá ljánum á háls öðrum.

Óðinn sótti til náttstaðar til jötuns þess er Baugi hét, bróðir Suttungs. Baugi kallaði illt fjárhald sitt og sagði að þrælar hans níu höfðu drepist, en taldist eigi vita sér von verkmanna. En Óðinn nefndist fyrir honum Bölverkur. Hann bauð að taka upp níu manna verk fyrir Bauga, en mælti sér til kaups einn drykk af Suttungamiði. Baugi kvaðst einskis ráð eiga af miðinum, sagði að Suttungur vildi einn hafa. En fara kveðst hann mundu með Bölverki og freista ef þeir fengju mjöðinn.

Bölverkur vann um sumarið níu manna verk fyrir Bauga, en að vetri beiddi hann Bauga leigu sinnar. Þá fara þeir báðir til Suttungs. Baugi segir Suttungi bróður sínum kaup þeirra Bölverks, en Suttungur synjar þverlega hvers dropa af miðinum. Þá mælti Bölverkur til Bauga að þeir skyldu freista **véla** nokkurra, ef þeir megi ná miðinum, en Baugi lætur það vel vera. Þá dregur Bölverkur fram **nafar** þann er Rati heitir og mælti að Baugi skal bora bjargið ef nafarinn bítur. Hann gerir svo. Þá segir Baugi að gegnum er borað bjargið. En Bölverkur blæs í nafarsraufina og hrjóta spænirnir upp í móti honum. Þá fann hann að Baugi vildi svíkja hann og bað bora gegnum bjargið. Baugi boraði enn, en er Bölverkur blés annað sinn þá fuku inn spænirnir. Þá brást Bölverkur í orms líki og skreið í nafarsraufina, en Baugi stakk eftir honum nafrinum og missti hans.

Fór Bölverkur þar til sem Gunnlöð var og lá hjá henni þrjár nætur, og þá lofaði hún honum að drekka af miðinum þrjá drykki. Í hinum fyrsta drykk drakk hann allt úr Óðreri en í öðrum úr Boðn, í hinum þriðja úr Són, og hafði hann þá allan mjöðinn.

Þá brást hann í arnarham og flaug sem ákafast. En er Suttungur sá flug arnarins tók hann sér arnarham og flaug eftir honum. En er æsir sáu hvar Óðinn flaug þá settu þeir út í garðinn ker sín, en er Óðinn kom inn of Ásgarð þá spýtti hann upp miðinum í kerin. En honum var þá svo nær komið að Suttungur mundi ná honum að hann sendi aftur suman mjöðinn, og var þess ekki gætt. Hafði það hver er vildi og köllum vér það skáldfíflahlut. En Suttungamjöð gaf Óðinn ásunum og þeim mönnum er yrkja kunna. Því köllum vér skáldskapinn feng Óðins og fund og drykk hans og gjöf hans og drykk ásanna."

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvernig varð skáldamjöðurinn til og hvernig var hann varðveittur?*
2. *Hvernig náðu æsir valdi yfir Suttungamiði?*
3. *Hvernig er skáldgáfa útskýrð?*
4. *Skiptið með ykkur verkum og gerið myndasögu, veggspjald eða leikþátt úr hverjum þætti frásagnarinnar.*
   - *Friðstefnan – Kvasir og örlög hans*
   - *Gillingur og frú – Fjalar, Galar og Suttungur/Suttungamjöður (sátt þeirra)*
   - *Óðinn og þrælarnir – Bölverkur og Baugi*
   - *Komið til Suttungs – borað í bergið – Bölverkur skríður í nafarsraufina*
   - *Bölverkur og Gunnlöð – flótti Óðins – skáldfíflahlutur/fengur Óðins*

skipast við: (hér) bregðast við
vélar: (hér) svik
nafar: bor

Íslendingaþættir

Íslendingaþættir fjalla aðallega um samskipti Íslendinga og Noregskonunga. Flestir þeirra eru varðveittir í handritum frá 13. og 14. öld en segja frá atburðum sem gerðust í lok 10. aldar og á 11. og 12. öld. Í upphafi er yfirleitt greint frá því að Íslendingur fer að heiman til að afla sér viðurkenningar við hirð konungs en upp kemur ágreiningur af einhverju tagi. Íslendingurinn leysir vandann og fær að launum einhverjar gersemar frá konungi. Þættirnir varpa ekki síður ljósi á höfðingjann en Íslendinginn og sýna gæsku hans og stjórnkænsku. Því má allt eins ætla að þeir hafi verið skrifaðir til þess að lýsa höfðingjanum.

Ívars þáttur Ingimundarsonar

Í þeima hlut má marka, er nú mun eg segja, hver dýrðarmaður Eysteinn konungur var eða hve mjög hann var vinhollur og hugkvæmur eftir að leita við sína **ástmenn** hvað þeim væri að harmi.

Sá maður var með Eysteini konungi er Ívar hét og var Ingimundarson, íslenskur að ætt og stórættaður að kyni, vitur maður og skáld gott. Konungur virti hann mikils og var til hans ástsamlega sem sýnist í þessum hlut.

Þorfinnur hét bróðir Ívars. Hann fór og utan á fund Eysteins konungs og **naut** þar mjög frá mörgum mönnum bróður síns. En honum þótti það mikið er hann skyldi eigi þykja jafnmenni bróður síns og þurfa hans að njóta og undi af því eigi með konungi og bjóst út til Íslands.

Og áður en þeir bræður skildust mælti Ívar að Þorfinnur skyldi þau orð bera Oddnýju Jóansdóttur að hún biði hans og giftist eigi, lét sér um hana mest vera allra kvenna.

Síðan fer Þorfinnur út og varð vel reiðfari og tók það ráð að hann bað Oddnýjar sér til handa og fékk hennar.

Og litlu síðar kom Ívar út og **frá** þetta og þótti Þorfinnur illa hafa úr haft við sig og unir hann öngu og fer aftur síðan til konungs og er með honum í góðu yfirlæti sem fyrr.

Ívar tekur nú ógleði mikla og er konungur fann það heimti hann Ívar til máls við sig og spurði hví hann væri svo ókátur „og fyrr er þér voruð með oss var margs konar skemmtan að yðrum orðum. Og eigi leita eg fyrir því eftir þessu að eigi viti eg að **vér höfum ekki af gert við þig**. Ertu og svo vitur maður að **eigi muntu grun** draga af því er eigi er og seg mér hvað er."

Ívar svaraði: „Það sem er, herra, má eg ekki frá segja."

Konungur mælti: „Eg mun þá geta til. Eru nokkurir menn þeir er þér **getist eigi að**?"

„Eigi er það, herra," segir Ívar.

Konungur mælti: „Þykist þú af mér hafa minna sóma en þú vildir?"

„Eigi er það, herra," segir hann.

„Hefir þú séð nokkura hluti," segir konungur, „þá er þér hafa svo mikið um fundist hér í landinu?"

Hann kveður eigi það vera.

„Vandast oss nú getan," segir konungur. „Viltu hafa forræði nokkur yfir eignum nokkurum?"

Hann neitti því.

ástmenn konungs: (hér) menn sem hann metur mikils
að njóta einhvers: (hér) að einhver sé öðrum til góðs
að frá: að frétta
að vér höfum ekki af gert við þig: að ég hef ekki komið illa fram við þig
að eigi muntu grun … er eigi er: (hér) af einhverjum ástæðum ertu leiður og niðurdreginn
að getast eigi að: að líka ekki við

„Eru nokkurar konur þær á yðru landi," segir konungur, „er þér sé eftirsjá að?"

Hann svaraði: „Svo er, herra."

Konungur mælti: „Ver eigi þar um hugsjúkur. Þegar er vorar far þú út. Mun eg fá þér fé og bréf mitt með innsigli til þeirra manna er ráða eiga og veit eg eigi þeirra manna vonir að eigi **víkja eftir** vorum vinmælum eða ógnarorðum að gifta konuna."

Ívar svaraði: „Eigi má svo vera."

Konungur mælti: „Engi veg má þess vera," segir konungur. „Því mun eg mæla framar þó að annar maður eigi hana þá mun eg þó ná ef eg vil þér til handa."

Ívar svaraði: „Þunglegar er farið málinu, herra. Bróðir minn á nú konuna. "

Þá mælti konungur: „Hverfum þar frá," segir hann. „Sé eg þá ráð til. Eftir jólin mun eg **fara á veislur** og far þú með mér og muntu þar sjá margar **kurteisar konur** og ef eigi eru konungbornar þá mun eg fá þér einhverja."

Ívar svaraði: „Herra, því þunglegar er komið mínu máli að jafnan er eg sé fagrar konur þá minnir mig þessar konu og er æ því meiri minn harmur."

Konungur mælti: „Þá mun eg gefa þér nokkur forræði og eigur sem eg bauð þér fyrr og skemmtir þú þér við það."

Hann svaraði: „Ekki uni eg því."

Konungur mælti: „Þá fæ eg þér lausafé og ferð þú kaupferðir þangað til landa sem þú vilt."

Hann lést eigi það vildu.

Þá mælti konungur: „Vandast mér nú heldur því að eftir hefi eg nú leitað sem eg kann. Og er nú einn eftir hluturinn og er sá alllítils verður hjá þessum er eg hefi boðið þér en þó kann eigi geta hvað helst hlýðir. Far þú nú hvern dag þá er **borð eru uppi** á fund minn og eg sit eigi um nauðsynjamálum og mun eg hjala við þig. Skulum við ræða um konu þessa alla vega þess er þú vilt og má í hug koma og mun eg gefa mér tóm til þessa því að það verður stundum að mönnum verður harms síns að léttara er um er rætt. Og það skal og þessu fylgja að aldrei skaltu gjaflaust í brott fara frá mínum fundi."

Ívar svaraði: „Þetta vil eg herra og **haf þökk fyrir eftirleituna."**

Og nú gera þeir svo að jafnan er konungur situr eigi yfir vandamálum þá talar hann oft um þessa konu við Ívar. Og þetta **hlýddi bragðið** og bættist nú Ívari harms síns vonum bráðara. Gladdist hann eftir þetta og kemur í samt lag sem fyrr hafði verið um skemmtun hans og gleði. Og er hann með Eysteini.

UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Hvaða stöðu hafði Ívar hjá Eysteini konungi?*
2. *Hvers vegna var Ívar hugsjúkur?*
3. *Hvað finnst ykkur um gjörðir Þorfinns? Hvað gæti búið að baki gjörðum hans?*
4. *Er hægt að fyrirgefa svona framkomu? Rökstyðjið svör ykkar.*
5. *Konungur segir að stundum verði mönnum harmar þeirra léttari ef þeir ræða um þá. Hvernig kemur þetta fram í sögunni? Eruð þið sammála konungi? Rökstyðjið svarið.*

að víkja eftir: að fara eftir
að fara á veislur (um konunga og aðra höfðingja): láta veita sér og föruneyti sínu mat og húsnæði í ákveðinn tíma
kurteisar konur: (hér)hirðmeyjar, ásjálegar konur, vænar konur
þegar borð eru uppi: þegar málsverði er lokið
haf þökk fyrir eftirleituna: þökk fyrir að spyrjast fyrir um vandann
hlýddi bragðið: ráðið dugði



HÁVAMÁL

Fyrir u.þ.b. 300 árum gaf Brynjólfur Sveinsson biskup í Skálholti Friðriki III. Danakonungi eina merkustu bók sem skrifuð hefur verið á Íslandi. Þetta var *Konungsbók eddukvæða* en hún er lítil, mórauð skinnbók sem hefur að geyma safn goða- og hetjukvæða og auk þess kvæðin Völuspá og Hávamál. Konungsbók er talin rituð á árunum 1265–1280 en kvæðin sjálf eru mun eldri; margir fræðimenn telja að þau hafi varðveist í munnlegri geymd allt frá 9. öld þar til þau voru fyrst skrásett á 13. öldinni. Flestir fræðimenn eru sammála um að Hávamál séu heiðinn kveðskapur og að þau hafi upphaflega orðið til í Noregi snemma á 9. öld en að þau hafi fyrst verið skráð og þeim steypt saman í eina heild á Íslandi. Hávamálum er skipt í fimm til sex þætti en þekktustu kvæðin eru úr fyrsta þætti, svokölluðum Gestaþætti en þar talar Óðinn sjálfur til mannanna og gefur þeim ýmis holl ráð. Hér á eftir fara nokkur erindi úr Gestaþætti Hávamála.

ÚR HÁVAMÁLUM

Vits er þörf
þeim er víða ratar,
dælt er heima **hvað**.
Að **augabragði** verður
sá er **ekki** kann
og með **snotrum** situr.

Er-a svo gott
sem gott kveða
öl **alda sonum.**
Því að færra veit
er fleira drekkur
síns til geðs **gumi**.

Hjarðir það vitu
nær þær heim skulu
og ganga þá af grasi,
en **ósviður** maður
kann **ævagi**
síns **um máls maga.**

Ósnotur maður
hyggur sér alla vera
viðhlæjendur vini.
Þá það finnur
er **að þingi kemur**
að hann á **formælendur fá**.

Ganga skal,
skal-a gestur vera
ey í einum stað.
Ljúfur verður leiður
ef lengi situr
annars fletjum á.

Veistu ef þú vin átt
þann er þú vel trúir
og vill þú af honum gott geta.
Geði skaltu við þann blanda
og gjöfum skipta,
fara að finna oft.

dæll: auðveldur
hvað – sérhvað, allt
að verða að augabragði: verða fyrir háði
ekki: ekkert
snotur: vitur
er-a: er ekki
svo gott sem gott kveða: eins gott og sagt er
alda synir: menn
gumi: maður
nær: hvenær
ósviður: óvitur
ævagi: aldrei
um máls maga: magamál
ósnotur: óvitur
koma að þingi: koma á mannamót
formælendur: málsvarar
fá: fáa
skal -a: skal ekki
ey: alltaf

Ungur var eg forðum,
fór eg einn saman,
þá varð eg villur vega,
auðigur þóttumst
er eg annan fann.
Maður er manns gaman.

Hrörnar **þöll**
sú er stendur **þorpi** á,
hlýr-at henni börkur né barr.
Svo er maður
sá er **manngi** ann,
hvað skal hann lengi lifa?

Haltur ríður hrossi,
hjörð rekur **handarvanur**,
Daufur vegur og dugir.
Blindur er betri
en brenndur sé,
nýtur manngi nás.

Deyr fé,
deyja frændur,
deyr sjálfur ið sama
en orðstír
deyr aldregi
hveim er sér góðan getur.



UMRÆÐUR/VERKEFNI

1. *Veljið a.m.k. 3 erindi og skráið hjá ykkur hvað ráðlagt er í hverju þeirra. Eiga þessar ráðleggingar erindi til okkar í dag? Rökstyðjið svarið.*

þöll: tré
þorp: (hér) bersvæði
hlýr - at … barr: hvorki börkur né barr skýla henni
manngi: enginn maður
hvað: til hvers

handarvanur: einhentur
daufur: heyrnarlaus
nýtur … nás: enginn hefur gagn af dauðum manni
deyr …ið sama: maður sjálfur deyr sömuleiðis
hveim: sérhverjum

BÓKMENNTAHUGTÖK

Rómantík

Rómantík er stefna í bókmenntum og listum sem kom fram í Evrópu undir lok 18. aldar en barst ekki til Íslands fyrr en nokkrum áratugum síðar með Bjarna Thorarensen og Jónasi Hallgrímssyni. Verk rómantískra skálda einkennast m.a. af tilfinningahita, hrifnæmi, dulúð og fortíðarþrá en einnig er lögð áhersla á ímyndunaraflið og samband mannsins og náttúrunnar. Mikilvægi einstaklings og þjóðernis er mjög áberandi og hófst söfnun þjóðsagna og annars þjóðlegs efnis á þessum tíma.

Raunsæi

Þessi stefna kemur fyrst fram á fyrri helmingi 19. aldar og rís gegn inntaki rómantísku stefnunnar. Raunsæismönnum þótti nóg komið af draumkenndum sögnum, ævintýrum og fortíðarþrá. Hlutverk skálda var nú að fjalla um samtíð sína og lýsa raunveruleikanum sem blasti við allt í kring; fátækt, mismunun og réttleysi almúgans. Skáldin reyndu í skrifum sínum að benda á hvað betur mætti fara og berjast fyrir betra lífi almennings.

Nýrómantík

Undir lok 19. aldar kemur enn fram ný stefna, nýrómantík. Þessi stefna var undir sterkum áhrifum rómantíkur eins og heitið gefur til kynna. Skáldin voru þó öllu djarfari, bölsýnni og verk þeirra torræðari en áður. Nú voguðu þau sér að fjalla um persónuleg málefni, ástríður og tilfinningar, sem ekki höfðu verið orðaðar áður í kveðskap. Þessi skáld notuðu gjarnan sín eigin tákn sem lesandinn varð að lesa úr enda hefur stefnan stundum verið kölluð táknsæisstefna eða symbolismi.

Hefðbundin ljóð og óbundin

Hefðbundin ljóð (bundin ljóð) eru ljóð sem hafa reglubundna ljóðstafi, reglulega hrynjandi (takt) og ríma oft. Óbundin ljóð (fríljóð) hafa hins vegar óreglulega hrynjandi og ljóðstafir eru engir eða óreglulegir.

Stílbrögð og myndmál

Það kallast stílbrögð þegar höfundar nota endurtekningar, andstæður, ýkjur, úrdrátt og þversagnir í texta sínum. Þegar höfundar nota beina mynd, viðlíkingu, persónugervingu, myndhverfingu og tákn til að gera mál sitt áhrifameira kallast það myndmál.

Viðlíkingar og myndhverfingar

Hér er átt við samanburð tveggja hugtaka þar sem annað skýrir hitt. Í viðlíkingu eru alltaf samanburðarorð t.d. ***eins og, líkt og, sem***. Í myndhverfingum er samanburðarorðunum sleppt.

Dæmi: Þú ert eins og engill – viðlíking. Þú ert engill – myndhverfing.
Gott er að hugsa: Hverju er lýst og eins og hvað er það?

Persónugerving

Það er kallað persónugerving þegar dauðir hlutir, dýr og hugtök fá mannleg einkenni. Persónugerving náttúrufyrirbæra var mjög algeng hjá rómantískum og nýrómantískum skáldum.

Dæmi: Dvergliljan þurrkar af sér tárin … sjá Vilborg Dagbjartsdóttir, Við garðstíginn.

Bein mynd

Dregin er upp mynd sem lesandinn sér fyrir hugskotssjónum sínum án líkinga. *Dæmi: Ég var lítið barn/og lék mér við ströndina. /Tvær ljóshærðar stúlkur gengu fram hjá/ … sjá Steinn Steinarr, Barn.*

Endurtekning

Þegar talað er um endurtekningu sem stílbragð eru orð eða setningar endurteknar en þetta á einnig við þegar merking er endurtekin með breyttu orðavali. Endurtekning er helst notuð til að undirstrika ákveðnar tilfinningar sem fram koma í texta t.d. ógn, sorg, kvíða, ást.

Vísun

Það er kallað vísun þegar höfundur vitnar í eða skírskotar til annarra verka eða atburða í bókmennta- og menningarsögunni. Einnig er hægt að vísa í velþekkta atburði í sögu þjóðarinnar. Slík vísun stendur og fellur með því að lesandinn þekki til þess verks, atburðar eða menningarheims sem vísað er til. Vísun getur víkkað út og/eða dýpkað skilning lesandans á umfjöllun höfundar.

Tákn

Tákn koma oft fyrir í bókmenntum, jafnt í bundnu máli sem óbundnu. Stundum er um að ræða almenn tákn sem notuð eru af rithöfundum á ákveðnu menningarsvæði s.s. haustið fyrir ævikvöldið, hjarta og rauður litur fyrir ást og tilfinningahita, lamb fyrir sakleysi, hreinleika og Krist sjálfan og fyrir kristna trú. En skáld smíða einnig sín eigin tákn sem þau nota e.t.v. aðeins í einu verki og treysta þá lesandanum til að ráða fram úr merkingunni.

Ljóðmælandi

Þegar talað er um ljóðmælanda er átt við röddina í ljóðinu, þann eða það sem talar í ljóðinu sbr. sögumann í óbundnu máli.

Hugblær

Hugblær er sú tilfinning eða þær tilfinningar sem vakna þegar ljóð er lesið og getur t.d. komið fram í orðavali, hljómi orða og stílbrögðum.

Persónur og persónusköpun

Persónur skiptast í aðal- og aukapersónur. Aðalpersónur gegna þá lykilhlutverki í frásögninni sem aukapersónur gera ekki. Persónum er lýst beint og/eða óbeint. Þegar lýsingin er bein er lesandanum sagt hvernig persóna er gerð og hvernig hún lítur út en ef lýsingin er óbein kynnist lesandinn sögupersónum smátt og smátt eftir því sem frásögninni vindur fram. Þá er það framkoma persónanna, orð þeirra og athafnir sem m.a. skapa mynd okkar af þeim en orð annarra sögupersóna og afstaða er einnig lýsandi. Hugsanir sögupersóna segja lesandanum einnig mikið um innræti og afstöðu einstakra persóna.

Sögumaður og sjónarhorn

Sögumaður er sá sem segir okkur söguna, röddin sem við skynjum í textanum. Sögumaður er almennt ekki rithöfundurinn sjálfur. Stundum er sögumaðurinn ein af persónum sögunnar, oft ein af aðalpersónunum, en hann getur einnig verið eins konar áhorfandi sem greinir frá því sem fyrir augu ber og jafnvel sagt frá hugsunum persónanna. Sögumaður segir oftast frá í **1. persónu et.**, einhver ég segir söguna, eða í **3. persónu.** Í 3. persónu frásögn tekur sögumaður sér oft stöðu við hlið einnar persónu og víkur ekki þaðan. Þá er sagan sögð frá þessu ákveðna sjónarhorni. Talað er um **alvitran sögumann** þegar lesandinn fær að vita um hugsanir, skoðanir og gerðir allra persóna í sögunni. Þá er sögumaður eins og andi sem svífur yfir og getur verið á mörgum stöðum í einu. Hann veit allt. Ef sögumaður sér hins vegar aðeins í huga einnar eða fárra persóna er talað um **takmarkað sjónarhorn.** Þetta er algengast í 1. persónu frásögnum; þá veit lesandinn eingöngu hvað fer um huga sögumannsins og e.t.v. örfárra annarra persóna, annað verður að ráða í eftir öðrum leiðum. Þegar sögumaður lýsir aðeins því sem augað nemur, sér ekki í huga neinnar persónu, er frásögnin **hlutlæg**. Þessi frásagnarmáti einkennir Íslendingasögurnar þó að höfundar þeirra sjái stöku sinnum í huga persónanna.

Umhverfi og sögusvið

Þegar fjallað er um umhverfi og sögusvið í skáldskap er átt við náttúrulegar, félagslegar- og menningarlegar aðstæður. Það nægir ekki að lýsa landslagi og nánasta umhverfi þegar fjallað er um þessa þætti, huga þarf að atvinnuháttum, trú, fjölskylduhögum, félagslegri stöðu, almennum viðhorfum í samfélaginu og öðru slíku sem skiptir máli í lífi fólks.

Tími

Þegar fjallað er um **tíma** í sögum er fyrst og fremst átt við hvenær sagan gerist og á hve löngum tíma. **Innri tími** er sá tími sem líður innan sögunnar frá því hún hefst og þar til henni lýkur. Langar ævisögulegar skáldsögur ná jafnvel yfir nokkra mannsaldra en skáldsaga getur einnig gerst á örstuttum tíma.

Ytri tími sögu er almanakstíminn, þ.e. öldin, áratugurinn, árið, dagurinn eða stundin sem sagan gerist á. Oft er ytri tími sögu ekki tilgreindur sérstaklega heldur er hann gefinn til kynna í lýsingum á umhverfi, staðháttum eða með vísun í sögulega atburði eða persónur.

Flétta/sögu-þráður (plott)

Hér er átt við atburðarás sögunnar í tengslum við aðalpersónur, innri tíma og sögusvið. Stundum er talað um ytri og innri fléttu og á ytri flétta þá við um skiptingu sögunnar í kafla og/eða þætti en innri fléttan um byggingu sögunnar þ.e. skiptingu hennar í kynningu aðstæðna, ris/hápunkt og lausn.

Boðskapur

Koma skoðanir höfundar eða svör við grundvallarspurningum fram í textanum? Virðist höfundur vilja vekja lesendur til umhugsunar um eitthvað ákveðið málefni eða benda þeim á og skýra fyrir þeim ákveðna þætti mannlífsins? Ef svo er að þínu mati er um boðskap að ræða.

TEXTASKRÁ

Auður Jónsdóttir. 2008. ***Vetrarsól***. Mál og menning, Reykjavík.

Auður Ava Ólafsdóttir. 2007. ***Afleggjarinn***. Salka, Reykjavík.

Dagur Sigurðarson. 1958. ***Hlutabréf í sólarlaginu***. Helgafell, Reykjavík.

Dagur Sigurðarson. 1989. ***Glímuskjálfti: (ljóð 1958–1988)***. Mál og menning, Reykjavík.

Davíð Stefánsson.1919. ***Svartar fjaðrir***. Bókaverslun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.

Davíð Stefánsson. 1924. ***Kveðjur.*** Prentsmiðjan Acta H.F., Reykjavík.

Davíð Stefánsson. 1947. ***Ný kvæðabók***. Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri.

Didda. 1995. ***Lastafans og lausar skrúfur***. Forlagið, Reykjavík.

Eddukvæði. 2001. Formáli eftir Ármann Jakobsson. Íslensku bókaklúbbarnir, Reykjavík.

Edda Snorra Sturlusonar. 1984. Heimir Pálsson bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík.

Einar Már Guðmundsson. 1997. ***Fótspor á himnum Skáldsaga***. Mál og menning, Reykjavík.

Einar Már Guðmundsson. 2000. ***Draumar á jörðu Skáldsaga***. Mál og menning, Reykjavík.

Einar Kárason. 2008. ***Ofsi***. Mál og menning, Reykjavík.

Gerður Kristný. 2007. ***Höggstaður***. Mál og menning, Reykjavík.

Gestur Pálsson. 1970. ***Sögur***. Sveinn Skorri Höskuldsson sá um útgáfuna. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Guðmundur Böðvarsson. 1939. ***Hin hvítu skip***. Bókaútgáfa Heimskringlu, Reykjavík.

Guðrún Eva Mínervudóttir. 2002. ***Sagan af sjóreknu píanóunum***. Bjartur, Reykjavík.

Gunnar Gunnarsson. 1997. ***Fjallkirkjan***. Halldór Laxness íslenskaði. Mál og menning, Reykjavík.

Gyrðir Elíasson. 2000. ***Gula húsið***. Mál og menning og Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Halldór Laxness. 1969. ***Íslandsklukkan***. Þriðja útgáfa. Helgafell, Reykjavík.

Hallgrímur Pétursson. 1973. ***Fimmtíu passíusálmar***. Prentsmiðjan Leiftur, Reykjavík.

Hannes Pétursson. 1955. ***Kvæðabók.*** Heimskringla, Reykjavík.

Hannes Pétursson. 1962. ***Stund og staðir.*** Helgafell, Reykjavík.

Hannes Pétursson. 1968. ***Innlönd.*** Helgafell, Reykjavík.

Hulda. 1909. ***Kvæði***. Kostnaðarmaður: Sigurður Pétursson, Reykjavík.

Hulda. 1951. ***Svo líða tregar – síðustu kvæði***. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Íslendingaþættir. 1999. Úrval þrettán þátta með inngangi og skýringum. Bragi Halldórsson og Knútur S. Hafsteinsson önnuðust útgáfuna. ***Sígildar sögur 8***. Mál og menning, Reykjavík.

Íslenzkt ljóðasafn II bindi. 1975. Sautjánda öld til upphafs nítjándu aldar. Hannes Pétursson og Kristján Karlsson völdu ljóðin. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Jón Kalmann Stefánsson. 2009. ***Harmur englanna***. Bjartur, Reykjavík.

Jónas Hallgrímsson. 1989. Ritverk Jónasar Hallgrímssonar 1. bindi. ***Ljóð og lausamál***. Ritstjórar: Haukur Hannesson, Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson. Svart á hvítu, Reykjavík.

Kristín Marja Baldursdóttir. 2004. ***Karitas án titils***. Mál og menning, Reykjavík.

Kristín Ómarsdóttir. 1991. ***Einu sinni sögur***. Mál og menning, Reykjavík.

Kristín Svava Tómasdóttir. 2007. ***Blótgælur***. Bjartur, Reykjavík.

Matthías Jochumsson.1956. ***Ljóðmæli.*** Fyrri hluti frumort ljóð. Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík.

Megas. 1991. ***Megas textar.*** Almenna bókafélagið h.f., Reykjavík.

Óskar Árni Óskarsson. 2008. ***Skuggamyndir úr ferðalagi***. Bjartur, Reykjavík.

Sigurbjörg Þrastardóttir. 2000. ***Hnattflug.*** JPV forlag, Reykjavík.

Sigurbjörg Þrastardóttir. 2003. ***Túlípanafallhlífar***. JPV útgáfa, Reykjavík.

Sigurður Pálsson. 2007. ***Minnisbók.*** JPV útgáfa, Reykjavík.

Sjón. 2005. ***Skugga – Baldur þjóðsaga***. Bjartur, Reykjavík.

Snorri Hjartarson.1966. ***Lauf og stjörnur***. Heimskringla, Reykjavík.

Snorri Hjartarson.1979. ***Hauströkkrið yfir mér***. Mál og menning, Reykjavík.

Steinn Steinarr. 1938. ***Ljóð***. Heimskringla H.F., Reykjavík.

Steinn Steinarr. 1956. ***Ferð án fyrirheits***: ***ljóð 1934–1954***. F.F.A., Reykjavík.

Sturla Þórðarson. 1988. ***Sturlunga saga II***. Ritstjóri Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík.

Svava Jakobsdóttir. 1987. ***Smásögur Tólf konur og Veisla undir grjótvegg***. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Vilborg Dagbjartsdóttir. ***1968. Dvergliljur.*** Helgafell, Reykjavík.

Vilborg Dagbjartsdóttir. 2004. ***Fiskar hafa enga rödd***. JPV útgáfa, Reykjavík.

Þorsteinn frá Hamri. 1967. ***Jórvík***. Heimskringla, Reykjavík.

Þorsteinn frá Hamri. 1992. ***Sæfarinn sofandi***. Iðunn, Reykjavík.

Þorsteinn frá Hamri. 2002. ***Meira en mynd og grunur.*** Mál og menning, Reykjavík.

Þórbergur Þórðarson. 2006. ***Þegar ég varð óléttur***. Úrval úr ritum Þórbergs Þórðarsonar 2. útgáfa. Árni Óskarsson og Árni Sigurjónsson sáu um útgáfuna. Mál og menning/Edda útgáfa, Reykjavík.

LJÓSMYNDIR

Auður Ava Ólafsdóttir:	Ljósmyndari: Einar Falur.
Auður Jónsdóttir:	Ljósmyndari: Jóhann Páll Valdimarsson.
Dagur Sigurðarson:	Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Ljósmyndari: Jens Alexandersson.
Davíð Stefánsson:	Úr safni Íslendings, Minjasafnið á Akureyri. Ljósmyndari: óþekktur.
Einar Már Guðmundsson:	Ljósmyndari: Hörður Ásbjörnsson.
Einar Kárason:	Forlagið. Ljósmyndari: óþekktur.
Gerður Kristný:	Forlagið. Ljósmyndari: Jónatan Grétarsson.
Gestur Pálsson:	Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson.
Guðmundur Böðvarsson:	Ljósmynd í einkaeigu. Ljósmyndari: óþekktur.
Guðrún Eva Mínervudóttir:	Ljósmyndari: Jóhann Páll Valdimarsson.
Gunnar Gunnarsson:	Ljósmyndasafn Gunnarsstofnunar. Ljósmyndari: óþekktur.
Gyrðir Elíasson :	Uppheimar. Ljósmyndari: Kristján Kristjánsson.
Halldór Laxness:	Forlagið. Ljósmyndari: óþekktur.
Hallgrímur Pétursson:	Þjóðminjasafnið.
Hannes Pétursson:	Ljósmyndari: Einar Falur (mbl)
Hulda:	Þjóðminjasafnið.
Jón Kalmann:	Ljósmyndari: Rax.
Jónas Hallgrímsson:	Þjóðminjasafnið.
Kristín Marja:	Forlagið. Ljósmyndari: Einar Falur.
Kristín Ómarsdóttir:	Ljósmyndari: Sveinbjörg Bjarnadóttir.
Kristín Svava Tómasdóttir:	Bjartur. Ljósmyndari: Sigfús Már Pétursson.
Matthías Jochumsson:	Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.
Megas:	Ljósmyndari: Kristinn Ingvarsson (mbl).
Óskar Árni:	Ljósmyndari: Nína Óskarsdóttir.
Sigurbjörg Þrastardóttir:	Ljósmyndari: Nökkvi Elíasson.
Sigurður Pálsson:	Ljósmyndari: Jóhann Páll Valdimarsson.
Sjón:	Ljósmyndari: Johannes Jansson/norden.org
Snorri Hjartarson:	Ljósmyndari: Svipmyndir.
Steinn Steinarr:	Ljósmynd í einkaeigu. Ljósmyndari: Jón Kaldal.
Svava Jakobsdóttir:	Ljósmyndari: óþekktur.
Vilborg Dagbjartsdóttir:	Ljósmyndari: Árni Sæberg (mbl).
Þorsteinn frá Hamri:	Ljósmyndari: óþekktur.
Þórbergur Þórðarson:	Þórbergssetrið. Ljósmyndari: Skarphéðinn Gíslason.

HELSTU STUÐNINGSRIT OG VEFSLÓÐIR:

Ármann Jakobsson. 2001. *Sturla Þórðarson.* Skoðað 01.03.2011 á vef Háskóla Íslands, Vísindavefnum: ***http://visindavefur.is/svar.php?id=1818***

Árni Ibsen, Dagný Kristjánsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Jón Yngvi Jóhannsson, Magnús Þór Þórbergsson, Margrét Tryggvadóttir, Matthías Viðar Sæmundsson, Silja Aðalsteinsdóttir. 2006. *Íslensk bókmenntasaga.* 5. Guðmundur Andri Thorsson ritstjóri. Mál og menning. Reykjavík.

Árni Ibsen, Gísli Sigurðsson, Matthías Viðar Sæmundsson, Páll Valsson, Silja Aðalsteinsdóttir, Viðar Hreinsson. 1996. *Íslensk bókmenntasaga* 3. Halldór Guðmundsson ritstjóri ; Mál og menning. Reykjavík.

Árni Sigurjónsson, Dagný Kristjánsdóttir, Halldór Guðmundsson, Jón Yngvi Jóhannsson, Magnús Hauksson, Silja Aðalsteinsdóttir. 2006. *Íslensk bókmenntasaga.* 4. Ritstjórn: Guðmundur Andri Thorsson. Mál og menning. Reykjavík.

Beck, Richard. 1941. *Ættland og erfðir.* Hulda skáldkona bls. 180–200. Forlags og útgáfustaðar ekki getið.

Brynja Baldursdóttir og Hallfríður Ingimundardóttir. 2007. *Tíminn er eins og vatnið.* Íslensk bókmenntasaga 20. aldar. Iðnú, Reykjavík.

Böðvar Guðmundsson, Sverrir Tómasson, Torfi H. Tulinius, Vésteinn Ólason. 1993. *Íslensk bókmenntasaga 2.* Ritstjórn: Vésteinn Ólason. Mál og menning. Reykjavík.

Friðrik G. Olgeirsson. 2007. *Snert hörpu mína – ævisaga Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi.* JPV útgáfa, Reykjavík.

Guðmundur Böðvarsson. 2004. *Ljóðöld – 100 ljóð á aldarafmæli.* Hörpuútgáfan, Akranesi.

Guðrún Bjartmarsdóttir og Ragnhildur Richter. 1990. *Hulda – Ljóð og laust mál.* Bókmenntafræðistofnun Háskóla íslands og Menningarsjóður, Reykjavík.

Guðrún Eva Mínervudóttir. 2007. „Með Hilmar Jón bónda á öxlinni."(Viðtal.) *Sköpunarsögur.* Mál og menning, Reykjavík.

Guðrún Nordal, Sverrir Tómasson. 2006. *Íslensk Bókmenntasaga* I. Ritstjóri Vésteinn Ólason. Mál og menning. Reykjavík.

Halldór Guðmundsson. 2006. *Skáldalíf.* Ofvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri. JPV útgáfa, Reykjavík.

Heimir Pálsson. 2002. *Sögur, ljóð og líf – íslenskar bókmenntir á 20.öld.* Vaka – Helgafell, Reykjavík.

Hugtök og heiti í bókmenntafræði. 1998. Jakob Benediktsson ritstýrði. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Mál og menning, Reykjavík.

Íslenska Alfræðiorðabókin H–O. 1990. Bókaútgáfan Örn og Örlygur, Reykjavík.

Íslenskur sögu *atlas – frá öndverðu til 18.aldar.* 1996. Ritstjórn: Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg, Helgi Skúli Kjartansson. Iðunn, Reykjavík.

Kristín Svava Tómasdóttir. 2007. „Blótgælur og feminismi. (Viðtal.) *Morgunblaðið* 21.10

Margrét Eggertsdóttir. 1998. „Um Hallgrím Pétursson og Passíusálmana." **Vefslóð: http://servefir.ruv.is/passiusalmar/hhallgrim.htm**

Matthías Viðar Sæmundsson. 1985. *Stríð og söngur.* Forlagið, Reykjavík.

Níels Rúnar Gíslason. 2008. *Gott á pakkið.* Ævisaga Dags Sigurðarsonar. Skrudda, Reykjavík.

Páll Valsson. *Listaskáldið góða, Jónas Hallgrímsson.* Mál og menning. 2000.

Páll Valsson. 1990. Þögnin er eins og þaninn strengur. Þróun og samfella í skáldskap Snorra Hjartarsonar. Studia Islandica, 48. hefti. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Saga Íslands 1. 1974. Ritstj. Sigurður Líndal. Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélagið, Reykjavík.

Saga Íslands II. 1975. Samin að tilhlutan Þjóðhátíðarnefndar. Ritstjóri Sigurður Líndal. Hið íslenska bókmenntafélag. Sögufélagið, Reykjavík.

Sigríður Halldórsdóttir. 2008. „Stundum svolítið græn og utan við sig." *Morgunblaðið,* 16. nóvember.

Sigurbjörg Þrastardóttir 2002. „Ég lít bara á mig sem lesanda." (Viðtal.) *Menningarblað/ Lesbók,* 9. nóvember.

Silja Aðalsteinsdóttir. 1993. *Bók af bók.* Bókmenntasaga og sýnisbók frá 1550–1918. Mál og menning, Reykjavík.

Silja Aðalsteinsdóttir. 2002. *Orð af orði.* Sýnisbók íslenskra bókmennta á miðöldum. 2. útgáfa. Mál og menning, Reykjavík.

Soffía Auður Birgisdóttir. 1994. *Svava Jakobsdóttir – stórbók*, æviágrip. Forlagið, Reykjavík.

Svava Jakobsdóttir. 2005. *Kona með spegil.* Ritstjóri Ármann Jakobsson. JPV útgáfa, Reykjavík.

Vilborg Dagbjartsdóttir. 2000. *Mynd af konu.* Kristín Marja Baldursdóttir skráði. Salka, Reykjavík.

Þórunn Erla Valdimarsdóttir. 2006. *Upp á Sigurhæðir Saga Matthíasar Jochumssonar.* JPV útgáfa, Reykjavík.

Öldin fjórtánda – minnisverð tíðindi 1301–1400. 2003. Óskar Guðmundsson tók saman. Iðunn, Reykjavík.

www.bokmenntir.is



MÉR ER Í MUN

– Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla

ISBN: 978-9979-0-1539-0

© 2011 Höfundar og rétthafar texta
© 2011 Anna Steinunn Valdimarsdóttir,
Ingibjörg Sigtryggsdóttir

© 2011 Teikningar: Margrét Laxness
© 2011 Teikningar bls. 153 og 160: Karl Jónsson

Málverk á bls. 142 í einkaeigu

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Yfirlestur: Ármann Jakobsson, Davíð Stefánsson, Eysteinn Þorvaldsson, Ingólfur Steinsson, Jóhanna Lára Eyjólfsdóttir, Sigrún Valdimarsdóttir, Þórdís Guðjónsdóttir

1. útgáfa 2011
Námsgagnastofnun Kópavogi
Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun
Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – Umhverfisvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.